



NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA

Fornleifadeild



## Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi á Eyrarbakka



**Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir**

Máí 2015  
NV nr. 6-16

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Aðferðafræði .....	4
Saga jarðana .....	5
SKÚMSSTAÐIR - 165871-130.....	6
Saga.....	6
Einarshöfn.....	14
Náttúrufar og jarðabætur.....	16
Fornleifaskráning .....	27
Skúmsstaðir.....	27
Stóra-Háeyri – 165875-133.....	345
Saga.....	345
Náttúrufar og jarðabætur.....	350
Munnmæli.....	357
Fornleifaskráning Háeyri .....	359
Heimildaskrá .....	428
Vefheimildir.....	435
Heimildarmenn .....	441
Ljósmyndir.....	441
Kort .....	442

## Inngangur

Í þessari skýrslu eru skráðar minjar á nokkuð stóru deiliskipulagsvæði sem nær yfir miðhluta þorpsins á Eyrarbakka. Árið 2004 hófst vinna við að skrá fornleifar í sveitarfélaginu Árborg. Sveitafélagið var með þeim fyrstu stóru sveitarfélögum sem hóf aðalskráningu fornleifa. Byggðasafn Árnesinga tók að sér að skrá fornleifar í sveitarfélaginu. Við safnið störfuðu þegar best var, þrír fornleifafræðingar við þessa vinnu. Þegar fjármálakreppa skall á Íslandi (árið 2008) þurfti Árborg snögglega að draga saman segl sín og var þessari vinnu hætt fljótlega eftir hrun og fornleifafræðingum sagt upp störfum hjá Byggðasafni Árnesinga. Hluti þessarar skýrslu er vinna sem var unnin í tengslum við þessa aðalskráningu en náðist aldrei að gefa út eða klára þar sem verkefnið endaði snögglega.

Haustið 2014 fór Sveitafélagið Árborg fór þess á leit við fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða að hún tæki að sér skráningu fornleifa vegna deiliskipulags breytinga á Eyrarbakka. Margrét Hallmundsdóttir deildarstjóri fornleifadeildar Náttúrustofunnar var áður verkefnastjóri í fornleifaskráningu hjá Byggðasafni Árnesinga og þekkti verkið því vel. Skýrsla þessi er því unnin að hluta á árunum 2002-2008 af Byggðasafni Árnesinga og komu fornleifafræðingarnir Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, Guðlaug Vilbogadóttir, Edda Linn Rise, og Kristín Traustadóttir að því verki. Hluti rannsókna í þessari skýrslu var unnin af þessum hópi. Margrét Hrönn Hallmundsdóttir lauk svo við rannsóknir og mælingar og vann skýrsluna til útgáfu. Skýrslan er gefin út af Náttúrustofu Vestfjarða og Byggðarsafni Árnesinga í sameiningu þar sem vinnan var unnin hjá báðum stofnunum.

Svæðið sem um ræðir er 9,5 ha að stærð og nær yfir miðhluta þorpsins á Eyrarbakka. Eyrarbakki byggðist upp vegna verslunar sem hefur verið stunduð þar frá upphafi byggðar á Íslandi. Þorpið nær yfir land þriggja jarða en það eru jarðirnar Einarshöfn, Skúmsstaðir og Háeyri. Svæðið sem skráð er hér nær yfir hluta af jörðunum Skúmsstöðum og Háeyri.

Eyrarbakki var eitt sinn eitt að stæðustu þorpum á landinu og lengi vel stærra en Reykjavík. Hafa margir gert að því skóna að Eyrarbakki hefði orðið höfuðborg Íslendinga ef ekki hefði verið fyrir erfiða hafnaraðstöðu. Í lok 19. aldar er talið að um 1000 manns hafi búið á Eyrarbakka. Það skal þá engan undra að gríðarlegt magn minja er að finna á Eyrarbakka þar sem búseta hefur verið á svæðinu frá landnámi og þarna var rekin ein umfangsmesta verslun á öllu Suðurlandi um margra alda skeið.

Þar sem Eyrarbakki nær yfir lönd þriggja jarða er fjallað um sögu þessara jarða á undan skráningu minja. Mesti hluti minjanna sem skráður er í þessari skýrslu er í

landi Skúmsstaða þar sem verslunarhúsin voru og umsvif verslunarinnar. Mikil verslun var jafnframt í landi Háeyrar í lok 19 aldar. Mikið af heimildum um mannvirki fundust í óútgefinni minnisblokk sem Eiríkur Gíslason [1869-1942] gerði og nefnist *Húsvirðingabók á Eyrarbakka 1916-1918*. Eiríkur var húsasmiður á Eyrarbakka og rissaði upp öll hús, stór og smá á Eyrarbakka og skráði stærð þeirra og virði.


Mikið er til að heimildum um Eyrarbakka þar sem hann var umsvifamikill verslunarstaður og eitt af allrar stæðustu kaupstöðum landsins um langan tíma. Allar þessar heimildir auk mikils magns ljósmynda verða til þess að skýrsla þessi er mjög umfangsmikil og eru skráðar tæplega 500 minjanúmer í skýrslunni.

Árið 1765 voru send fimm tilsníðin íbúðarhús á ýmsa kaupstaði á Íslandi vegna þess að þá var kaupmönnum fyrst gefið leyfi til vetursetu á landinu. Eitt þessara húsa var sett niður í landi Skúmsstaða þar sem það stendur enn. Kaupmannshúsið var í daglegur tali kallað *Húsið* enda var það eitt af fáum timburhúsum á Eyrarbakka en allir aðrir bjuggu í torfhúsum. Í lok 19. aldar, sérstaklega eftir Suðlandsskjálftana 1886, fór bygging timburhúsa að aukast og risu fjöldi húsa á Eyrarbakka í lok 19. og byrjun 20. aldar. Mikið af þessum húsum sendur enn í dag á Eyrarbakka og er ástæða þess að þau voru ekki rifin fyrir nýjum byggingum sú að veldi Eyrarbakka sem þorps féll á milli 1920-30. Það var því ekki þörf á að rýma fyrir nýjum húsum og fengu þessi gömlu timburhús að standa. Eyrarbakki státar því í dag af miklum fjölda bygginga frá lok 19. aldar og fyrstu áratugum þeirra tuttugustu. Þau hús sem standa í dag er gerð skil í þessari skýrslu og jafnframt öll þau hús sem vitað er að stóðu áður á Eyrarbakka.

Í þessari skýrslu er fjallað um þær minjar sem eru innan umrædds deiliskipulagsreits en til eru drög í skýrsluformi af öllum minjum í þorpinu sem bíða þess að vera kláruð og gefin út. Sumar minjar, sem ekki eru innan umrædds reits fengu að vera með í þessari skýrslu og eru þá merkt að þær séu utan deiliskipulagsreits.

## Aðferðafræði

Þegar vinna hófst við aðalskráningu minja á Eyrarbakka var byrjað á því að skrifa sögu þeirra jarða sem kaupstaðurinn er staðsettur á. Er þessi saga nokkuð ítarleg í þessari skýrslu enda skýrir sagan tilkomu þeirra minja sem skráðar eru. Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár,



**Mynd 1.** Dæmi um mynd úr minnisbók Eiríks sem notuð er í fornminjaskrá.

túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Allar minjar sem sjást á yfirborði voru mældar inn með Trimble pro uppmælitæki. Aðrar minjar voru hnitsettar með punkti með handtæki. Minjar sem vitað er hvar voru, en sjást ekki á yfirborði í dag eða eru undir húsum, voru hnitsettar. Hinsvegar er nokkuð af minjum sem heimildir eru til um en enginn veit hvar voru. Í skýrslunni er mikið vitnað í minnisbók Eiríks Gíslasonar smiðs enda er í henni að finna allar upplýsingar um hvert einasta hús, kofa og skúr sem var á Eyrarbakka 1916-1918. Mikið af þessum byggingum eru horfnar og því voru teknar ljósmyndir af minnisbók Eiríks sem sýna riss hans af húsum, kofum og skúrum og afstöðu húsa. Einnig voru ritaðar upp þær upplýsingar sem hann skrifaði um hverja byggingu í minnisbók sína.

Eyrarbakki er þorp sem hefur mikið af varðveittum húsum en mikið af minjum hefur einnig horfið við framkvæmdir í þorpinu; við gatnagerð, húsbyggingar og við ræktun garða við húsa. Tiltölulega lítið er af minjum sem sjást á yfirborði vegna þessa en á móti er mikill fjöldi húsa sem teljast til fornleifa. Mikið af heimildum er til um minjar sem eru horfnar.

Ljóst er á hverjum einasta fermetra á Eyrarbakka geymir jörðin minjar. Mikilvægt er að við allar framkvæmdir á svæðinu sem fela í sér jarðrask verður að hafa samband við Minjastofnun Íslands og minjavörð Suðurlands.

### **Saga jarðana**

Þorpið Eyrarbakki byggðist upp í landi þriggja jarða: Einarshafnar, Skúmsstaða og Háeyrar. Hér á eftir er saga jarðana en deiliskipulagsreiturinn nær ekki yfir land Einarshafnar en saga þeirrar jarðar fylgir hér með engu að síður.

## SKÚMSSTAÐIR - 165871-130

### Saga

Í *Landnámu* segir að Hásteinn Atlason hafi numið land það þar sem þorpinn Stokkseyri og Eyrarbakki mynduðust er fram liðu stundir. Hann gaf síðan Hallsteini mági sínum ytra hluta Eyrarbakka, en hann bjó í Framnesi.<sup>1</sup> Brynjúlfur Jónsson segir að „[j]arðirnar Háeyri [165875-133], Skúmsstaðir [165871-130], Einarshöfn [165858-129], Drepstokkur [182302-128] og Nes hafa allar legið á því svæði, sem Hásteinn gaf Hallsteini.“<sup>2</sup> Og Brynjúlfur heldur áfram: „Þó eru þær óefað landnámsjarðir, byggðar með ráði Hallsteins. Er ekki að marka þó Landnáma geti ekki um þau landnám. Hún sleppir svo mörgum landnámsbæjum, sem engin furða er. Hitt er öllu heldur furða, hve marga hún hefir náð að taka.“<sup>3</sup> Því má segja að landnám Hallsteins hafi verið það land sem síðar varð Eyrarbakkahreppur. „Fyrsta landnámsjörðin þar var því Framnes, er seinna var flutt frá sjó og nefndist þá Hraun. Stóð bærinn fram á 17. öld þar, sem nú er Gamla-Hraun. Úr landi Framness byggðust síðan aðrar jarðir á þessu svæði: Háeyri, Skúmsstaðir, Einarshöfn, Drepstokkur og Nes.“<sup>4</sup>

Ritsaga Skúmsstaða nær aftur til 16. aldar en fyrst kemur jörðin fyrir í heimildum árið 1560<sup>5</sup> þegar Oddur Grímsson, ábúandi á Skúmsstöðum í fimm ár, vitnaði um landamerki milli Stokkseyrar og Hrauns.<sup>6</sup> Með elstu heimildum sem á Skúmsstaði minnst er gömul sögn um skrímsli sem sást meðal annars á Skúmsstöðum 1594-5, sem birtist í *Annálum*: „Í þessum sömu stormum var brimgangur ógurlegur. Sást þá á Eyrarbakka, á Háeyri og Skúmsstöðum skrímsli; það var ferfætt og hábeinótt, selhært, hafði annaðhvort svo sem hundshöfuð eður hérahöfuð, en eyru svo stór sem fleppar, lágu þau á hrygginn aptur; bolurinn var svo sem folaldskroppur og nokkuð styttri; hvít gjörð var yfir um það hjá bógunum, en var grátt eða svo sem mólótt aptur frá; rófa var löng og stór, kleppur sem á leónshala á endanum, frátt sem hundur; sást á kveldin.“<sup>7</sup> Jörðin birtist oftár á næstu öldum í heimildum, en um ábúendur jarðarinnar er lítið vitað.<sup>8</sup> *Ábúendatal* Skúmsstaða hefst ekki fyrr en árið 1703.<sup>9</sup> Í *Sögu Eyrarbakka* eru ábúendur taldir

<sup>1</sup> *Landnámabók*. 1968, bls. 371-372.

<sup>2</sup> Brynjúlfur Jónsson. 1981, bls. 12.

<sup>3</sup> Brynjúlfur Jónsson. 1981, bls. 12.

<sup>4</sup> Guðni Jónsson. 1960, bls. 41.

<sup>5</sup> Guðrún Alda Gísladóttir. 2002, bls. 19.

<sup>6</sup> *Diplomatarium islandicum*. 1933-1939, bls. 562.

<sup>7</sup> *Annales islandici posteriorum sæculorum. Annálar 1400-1800*. Fyrsta bindi. 1922-1927, bls. 177.

<sup>8</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 115.

<sup>9</sup> Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. [Ártal vantar, bls.tal vantar.]

upp og byrjar sú upptalning á Oddi Grímssyni sem áður frá segir.<sup>10</sup> Um þá sem næstir eru taldir er lítið vitað uns kemur að Sveinbirni Geirmundssyni sem á jörðinni bjó á árunum 1620-35. Það var hann sem „ ... leyfði að setja Einarshafnarbæinn á Skúmsstaðaland ...“<sup>11</sup> Gísli Oddsson biskup sagði Sveinbirni síðar upp jörðinni vegna vanhirðu og vanskila.<sup>12</sup> Eftir að Einarshöfn var flutt á land Skúmsstaða tvinnast sögur þeirra saman. En í því samhengi má benda á að Ormur Jónsson, sem á jörðinni bjó á árunum 1633-65, hafði eftir 1654 umráð yfir Einarshöfn ásamt því að búa á hálfum Skúmsstöðum.<sup>13</sup> Eftir Ormi bjó þar Árni Pálsson en hann hafði sömuleiðis ábúðarrétt eða ráðstöfunarrétt á Einarshöfn.<sup>14</sup> En ábúðar- og eignarréttur fór ekki alltaf saman. D. C. Petersen Eyrarbakkakaupmaður keypti báðar jarðirnar af Skálholtsstóli við upphaf fríhöndlunar árið 1787 eða 1788. Árið 1795 keypti J. C. Sünckenberg jarðirnar af Petersen. Verslunarstjóri hans og síðar meðeigandi var Niels Lambertsen. Eftir lát Sünckenbergs árið 1806 keypti Lambertsen verslunina og báðar jarðirnar.<sup>15</sup> Síðan er ekki talað um að ábúendur Skúmsstaða hafi einhvern rétt á Einarshöfn fyrr en Guðmundur Thorgrímssen kaupmaður flytur á Skúmsstaði (1879-97) en hann er sagður hafa haldið Skúmsstaði alla.<sup>16</sup> Peter Nielsen verslunarstjóri tók við af Guðmundi tengdaföður sínum og hélt alla jörðina en þar bjó hann á árunum 1897-1910. J. A. Lefolii greiddi af Skúmsstöðum og Einarshöfn tíund árið 1911.<sup>17</sup> Þá var stofnað hlutafélagið Einarshöfn um eignir Lefoliifjölskyldunnar, en árið 1919 eignaðist Verslunarfélagið Hekla allar fasteignir félagsins. Hekla lagði upp laupana árið 1925 og fékk Landsbanki Íslands þá allar eigur félagsins upp í skuldir.<sup>18</sup> Bankinn seldi Ríkissjóði Íslands jarðirnar árið 1935.<sup>19</sup> Árið 1958 var samþykkt á Alþingi að selja Eyrarbakkahreppi jarðirnar. Þegar Eyrarbakkahreppur sameinaðist öðrum sveitarfélögum og úr varð sveitarfélagið Árborg, eignaðist það sveitarfélag jarðirnar: Einarshöfn, Skúmsstaði og Háeyri og á enn.<sup>20</sup>

Enn (2008) er búið á jörðunum Skúmsstöðum og Einarshöfn en þar er nær enginn búskapur stundaður. Þess má þó geta að eina nýbýli Eyrarbakkahrepps, Sólvangur, er byggt í landi Skúmsstaða en það var stofnað árið 1932.<sup>21</sup>

---

<sup>10</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 115.

<sup>11</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 116.

<sup>12</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 116.

<sup>13</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 117.

<sup>14</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 117.

<sup>15</sup> Sigfús Haukur Andrésson. 1988, bls. 453-458.

<sup>16</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 130.

<sup>17</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 130.

<sup>18</sup> Lýður Pálsson. 1992, bls. 25-26.

<sup>19</sup> Minnisblað frá Lögmönnum Suðurlands til bæjarstjóra Árborgar, 26. maí 2008.

<sup>20</sup> Inga Lára Baldvinsdóttir. [1998], bls. 48 og 64; *ÁRBORG aðalskipulag 2005-2025 – skipulagsgreinargerð ásamt umhverfisskýrslu*. [2006], bls. 64.

<sup>21</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 278.

Elsta lýsing jarðarinnar er frá árinu 1708 og kemur úr *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. Um skuldir, kvaðir, stærð og ábúendur jarðarinnar og Einarshafnar segir þar: „Jarðardýrleiki óviss, því jörðin tíundast öngvum. Jarðareyrir hefur hjer goldist sem á öðrum stólsins jörðum supra. Eigandi biskupsstóllinn Skálholt. Ábúandinn ekkjan Valgerður Eyjólfsdóttir. Landskuld i c x álnir, en fyrir hjer um 60 árum segja menn landskuld hafi verið i c xxx álnir og þá aftur færð, þegar bærinn Einarshöfn var settur á Skúmstaðaland. Betalaðist inn til næstu 6 ára í landaurum, síðan hefur landskuld niður fallið fyrir kost og camers, sem Skálholtsstaðar ráðsmaður hefur haft af ábúandanum vetur og sumar, þá hann hefur með þurft til aðskiljanlegra erinda hjer að dvelja. Leigukúgildi iii. Leigur betalast í smjöri í Eyrarbakkakaupstað eður fiski eður peníngum, ef smjör skortir. Kvaðir mannlán um vertíð í Þorlákshöfn, geldst in natura, hestlán og dagsláttur, kvittast með aðskiljanlegum smákvöðum, sem ráðsmaðurinn með þarf hjer í kaupstaðnum, og þetta eftir góðri forlíkun á báðar síður.“<sup>22</sup> Mikið hefur verið ritað um dýrleika Skúmsstaða en elstu heimildir þess efnis eru frá árinu 1665, en það ár fékk Árni Pálsson ábúandi Skúmsstaða byggingarbréf frá Brynjólfi biskupi þar sem landskuldin er rituð ásamt ýmsum skilyrðum, þar segir: „Landskuld 6 ½ ærgildi, kvígildi 4 og „landnaut“ (vetrarfóðrun), beitarkvöð fyrir ferðamannahesta, að líkindum allra þeirra ferðamanna, er á Eyrarbakka verzlúðu og bíða þurftu afgreiðslu. Kvaðir venjulegar, mannlán, hestlán og dagsláttur. Ef í einu flóði ræki fleiri en 5 fiska, skyldi leiguliði hirða þá og verka að öllu leyti til helminga skipta. Árni fékk þá líka ábúðarrétt eða ráðstöfunarrétt á Einarshöfn með 60 álna landskuld, tveimur kvígildum, landnauti og kvöðum. Þá var einnig ákveðið eftir beiðni Gottskálks Oddssonar prests í Miðdal, að hann fengi hússtæði á Skúmsstöðum, en kýrvöll líka vildi Árni ekki gefa eftir.“<sup>23</sup> Árið 1686 var dýrleiki Skúmsstaða 21 hundruð.<sup>24</sup> Tíu árum síðar er dýrleika jarðarinnar lýst nákvæmlega: „Í jarðabók 1696 er afgjaldið á Skúmsstöðum talið 130 álnir og leigur eftir 4 kvígildi 8 fjórðungar smjörs. En mat jarðarinnar er að fornu fari 32 ½ (líka 30) hundr. Þar á móti er jarðarmatið 1803 ekki nema 9 hundr. 69 ½ alin og landsskuldin 57 ½ alin. Er þetta undarlega lágt eftir hlunnindum þeim, sem þá eru þó talin: Útræði eins og í Einarshöfn virt 23 1/3 áln., sölvatekja 60 vættir árlega 5 hundr. (600 áln.), trjáreki á 1 hest 15 áln. og leiga af verzlunarlóð hefur að fornu fari verið goldin með 1 hundr. 80 fiskum. Sagður er þar líka útigangur og engjar, en túnið víst alveg eyðilaggt, bæði af sandágangi og örtröð.“<sup>25</sup> Árið 1708 var dýrleiki jarðarinnar óviss.<sup>26</sup> Árið 1847 var dýrleiki jarðarinnar 32 1/3, landskuld 1,10 og kúgildin 3<sup>27</sup> og ári síðar tíundaði Guðmundur Thorgrímsen eitt hundrað, tveimur árum síðar tíundaði hann 6 hundruð og fjórum árum síðar tíundaði hann 20

<sup>22</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981, bls. 78-80.

<sup>23</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 118.

<sup>24</sup> Guðrún Alda Gísladóttir. 2002, bls. 17.

<sup>25</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 49-50.

<sup>26</sup> Guðrún Alda Gísladóttir. 2002, bls. 17.

<sup>27</sup> Johnsen, J. 1847, bls. 59.



hundrað lausafjár.<sup>28</sup> Ný hundraðatala Skúmsstaða er sögð 41,7 árið 1848 en að til forna hafi hún verið 32  $\frac{1}{3}$ .<sup>29</sup>

Á Skúmsstöðum var fjöldi hjáleigna og tómthúsa á árum áður. Í *Jarðabókinni*, árið 1708, voru skráðar á jörðinni tvær hjáleigur; Gvendarkot á Garði [3] og eyðihjáleigan Garður [182304-132]. Á Garði var þó eitt tómthús í byggð, önnur tómthús jarðarinnar voru: Gottskálkshús [5], síðar kölluð Ormshús, Jónshús [8], Philippushús [9], Magnúsarhús [10], Friderickshús [11] og Lauguhús [12], sem öll stóðu heima við bæinn. Auk þess Vatakot [6][129][130][131], Skúmsstaðaheygarður [7], Hölltkuhús [13], Ketelshús [14], Pálshús [15] og Þorsteinshús [16].<sup>30</sup> Í *Jarðatali á Íslandi* eru skráðar tvær hjáleigur á Skúmsstöðum; Norðurkot ([182368-131]) [327] og Garðurinn ([182304-132]) [4].<sup>31</sup> Ekki er vitað hvar þessar hjáleigur stóðu og mjög óljóst er í heimildum hvaða fornminjar tilheyrðu þeim, sérstaklega á það þó við um Garð. Því var tekin sú ákvörðun á skrá hjáleigurnar og það sem þeim tilheyrði í fornleifaskrá Skúmsstaða þó vissulega hafi þær sérstakt númer í *Jarðatali á Íslandi* (Johnsen, J. 1847:59) og fá þær því einnig sérstakt númer í gagnasafninu Sarpi [182368-131] [182304-132], en þar er einungis vísað til fornleifaskráningar jarðarinnar Skúmsstaða [165871-130].

Á Skúmsstöðum virðist hafa verið kirkja í margar aldir. Nú stendur þar Eyrarbakkakirkja [2], sem vígð var 14. desember árið 1890.<sup>32</sup> Hún stendur rétt vestan við Húsið [19], eða Garð eins og það heitir líka. Einn af merkustu gripum kirkjunnar er altaristafla sem Lovísa Danadrottning, kona Kristjáns IX, málaði árið 1891 og gaf kirkjunni.<sup>33</sup> Í dag (2007) er kirkjugarður Eyrbekkinga [165875-133-003] í landi Háeyrar. Heimildir gefa þó í skyn að áður fyrr hafi verið kirkjugarður [302] á Skúmsstöðum. Austan og norðan við kirkjuna standa og hafa staðið mörg hús sem heita nöfnum sem öll eru dregin af orðinu Garður. En í *Örnefnaskrá Eyrarbakka* segir: „Þá er það Garðbæjarnafnið, en hóllinn [Gónhóll [300]] stendur fremst í Garðbæjarlóðinni. Elstu manntöl nefna byggð í „Garðinum“ og hjá „Garðinum“ og Gvendarkot á Garði [3], ekki er ólíklegt að þessi nöfn, og eins Garðklettur framan við Gónhól [300], bendi til forns minnis um kirkjugarðinn ....“<sup>34</sup> Í *Stokkseyringa sögu* er fjallað um kirkjugarðinn á Skúmsstöðum en þar segir: „Á Skúmsstöðum er getið um kirkju í Nýjaannál árið 1412 með svofelldum hætti: „Víg Einars Herjólfssonar; var hann stunginn í hel með knífi upp á uppstigningardag í kirkjugarðinum á Skúmsstöðum.“ Ekkert er frekara kunnugt um tildrög þessa voveiflega atburðar, en þessi sami Einar

<sup>28</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 130.

<sup>29</sup> *Ný jarðabók fyrir Ísland*. 1861, bls. 30.

<sup>30</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981, bls. 82-83.

<sup>31</sup> Johnsen, J. 1847, bls. 59.

<sup>32</sup> Jón Pálsson. 1946, bls. 112

<sup>33</sup> Þór Magnússon. 2003, bls. 30.

<sup>34</sup> Guðmundur Þórarinsson. 1997, bls. 54.

Herjólfsson var einum áratug áður viðriðinn mikla ógæfu, því að með skipi hans, sem kom út í Hvalfirði 1402, barst svartidauði hingað til lands.<sup>35</sup>

Heimildir eru til um kirkju [301] á Skúmsstöðum á öldum áður en í *Örnefnaskrá Eyrarbakka* er minnst á að hún hafi sennilega staðið á Gónhól [300].<sup>36</sup> „... vegna þess, að á hólum, sem hefur verið afgirtur svo lengi sem ég man, hefur verið einskonar bannhelgi, þar hefur engu mátt raska og tæpast ganga þar um, ella átti illt af að hljóta.“<sup>37</sup> „Kirkjan á Skúmsstöðum er hvergi nefnd í máldögum. Eru allar líkur til þess, að hún hafi fyrst og fremst verið útlendingakirkja. Hún var enn til á dögum Ögmundar biskups Pálssonar (1521-1541) að sögn síra Jóns Egilssonar í Hrepphólum, en frásögn hans er á þessa leið: „Þar var og kapella, stór nokkuð, hvar inni að bæði var sungið og messað, og þar sér enn merki til hennar, lítið hólkorn til austurs undan húsunum, þar í sandinum, svo sem af veggnum eða gafhláðinu.“<sup>38</sup> Gónhóll [300] var friðlýstur árið 1927 en í skrá um friðlýstar fornleifar er honum lýst þannig: „*Forn samfelld bæjartóft með grastorfu að ofan, þar sem nú kallast Gónhóll. Liggur sjógarðurinn um hólinn framanverðan, framundan Garðbæjarhúsinu.*“<sup>39</sup> Um hólinn skrifaði Brynjúlfur Jónsson minjalýsingu: „Rétt fyrir vestan landamerkin milli Háeyrar og Skúmsstaða stóð til skamms tíma grjóthóll við sjóinn, er kallaður var Gónhóll, því þangað gengu formenn oft, til að horfa („góna“) á sjóinn, er við ræði lá. Fyrir fám árum lét P. Nielsen verzlunarstjóri á Eyrarbakka grafa hólinn út, og var eg þar við. Kom þar í ljós eldstó og fleira, sem sýndi, að þar hafði á sínum tíma verið manna híbýli, lík[li]ega kot. En engar sagnir eru um það, og er víst langt síðan. Og þar hlýtur mikið að hafa breyzt síðan óhætt var að hafa þar aðsetur, því nú liggur sjógarðurinn um hólinn framanverðan.“<sup>40</sup> Um Gónhól segja gömul munnmæli að þar sé heygður Skúmur, sá sem fyrstur byggði Skúmsstaði.<sup>41</sup> Í *Örnefnaskrá Eyrarbakka* segir jafnframt að „Mikil álög eiga að vera um, að hann megi ekki hreyfa. Þykir mörgum Eyrbekkingum sem mikið óhöpp hafi af því staðið ef hann hefur verið hreyfður, skiptöp og fleira þvílíkt.“<sup>42</sup> Heimildum ber augljóslega ekki saman um hvað hafi verið á eða í Gónhól [300] og um staðsetningu kirkjunnar og kirkjugarðsins er allt fremur óljóst.

Heilmikið er til ritað um fólksfjölda Skúmsstaða en misjafnt hvort talið sé fólk á Skúmsstaðabýlinu eingöngu eða allri jörðinni. Í *Sögu Eyrarbakka* er birt

<sup>35</sup> Guðni Jónsson. 1961, bls. 83.

<sup>36</sup> Guðmundur Þórarinsson. 1997, bls. 54.

<sup>37</sup> Guðmundur Þórarinsson. 1997, bls. 54.

<sup>38</sup> Guðni Jónsson. 1961, bls. 83.

<sup>39</sup> *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.* 1990, bls. 72.

<sup>40</sup> Brynjúlfur Jónsson. 1981, bls. 13.

<sup>41</sup> Guðmundur Þórarinsson. 1997, bls. 20.

<sup>42</sup> Guðmundur Þórarinsson. 1997, bls. 20.

eftirfarandi tafla þar sem fjöldi heimila og fólksfjöldinn er skráður á nokkrum árum frá 18. til 20. aldar.<sup>43</sup>

Tafla 1. *Fjöldi heimila og heimilismanna á Skúmsstöðum á árunum 1703 til 1940.*

Skúmsstaðir		
Ár	Heimili	Fólksfjöldi
1703	19	67
1801	14	58
1850	13	66
1870	15	84
1890	32	299
1900	50	272
1910	62	269
1920	54	307
1930	46	188
1940	53	198

Í töflu þessa vantar upplýsingar sem þó eru gefnar annars staðar í sömu bók en þar segir að á árunum 1678-1704 virðist hafa verið 15 fjölskyldur á Skúmsstöðum og 66 manns.<sup>44</sup> Annars staðar segir að árið 1747-81 hafi búið á Skúmsstöðum Magnús Bjarnason og að heimilismenn hans hafi verið tíu, hjáleigumenn 11 og húsmenn 13, eða samtals 59 á Skúmsstöðum, og að auki hafa verið átta í Einarshöfn. Árið 1784 voru sex búendur (með húsmönnum) á Skúmsstöðum og árið 1798 tíunduðu tíu heimilisfeður á Skúmsstöðum, en þar bjuggu 49 manns og einn ábúandi í Einarshöfn.<sup>45</sup> Árið 1788 voru sjö hjábýli á jörðinni og 20 manns bjó á þeim.<sup>46</sup> Árið 1803 „... telur [hreppstjóri] átta leiguliða á Skúmsstöðum, prestur 11 ábúendur á þeim og kotunum.“<sup>47</sup> Ári síðar tíunduðu 13 manns á Skúmsstöðum.<sup>48</sup> upplýsingarnar úr *Manntölunum* eru að einhverju leyti frábrugnar þeim lýsingum sem fram koma í *Sögu Eyrarbakka*, en þar eru lýsingarnar sundurgreindar í hjáleigur og býli. Á Skúmsstöðum sjálfum voru skráðir 11 til heimilis árið 1703,<sup>49</sup> árið 1801 bjuggu þar jafnmargir en jörðinni skipt í fjórbýli.<sup>50</sup> Árið 1816 bjuggu þar átta fjölskyldur og samtals 31<sup>51</sup> og loks árið 1845 var þar fjórbýli með samtals 19 manns.<sup>52</sup> Taflan hér að ofanverðu gefur þó skýrari mynd þar sem öll hús og ábúendur eru þar talin með.

<sup>43</sup> Vigfús Guðmundsson. 1949, Tafla: Fólkstal [bls. 209].

<sup>44</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 119-120.

<sup>45</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 123.

<sup>46</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 115.

<sup>47</sup> Johnsen, J. 1847, bls. 59.

<sup>48</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 125.

<sup>49</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 510-511.

<sup>50</sup> *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978, bls. 209.

<sup>51</sup> *Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974, bls. 295-296.

<sup>52</sup> *Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt*. 1982, bls. 215.

Barnaskóli var settur í fyrsta sinn á Eyrarbakka 25. október 1852. Í um tuttugu ár starfaði skólinn í húsi á landi Háeyrar en var þá fluttur í „... annað timburhús í Skúmstaðalandi, norður frá „Vesturbúðinni“. Nefnt var það Kræsishús [255], af því að verzlunarþjónninn, Hinrik O. J. Kreisir hafði byggt það. ... Hús þetta var notað fyrir skólann nokkur ár, en þegar átti að gera við það að miklum mun, 1880, þá reyndist það svo fúíð, að það var rifið til grunna ....“<sup>53</sup> Þá „... var byggt veglegt hús á Skúmsstöðum sérstaklega fyrir skólann [257].“<sup>54</sup> Það hús var notað fyrir skólann til ársins 1913, þegar ráðist var í byggingu skólahúss úr steinsteypu á Háeyrarflötum Upp úr gamla barnaskólahúsinu var byggt annað hús sama ár, Gunnarshús (Gistihúsið), svolítið neðar í lóðinni.<sup>55</sup>

Þekktasta hús Skúmsstaða er án efa Garður eða Húsið [19] eins og það kallast helst í dag (2015), en það er elsta hús Eyrarbakka og eitt af elstu húsum Íslands.<sup>56</sup> Húsið þekktist undir nafninu Kaupmannshúsið þar til Guðmundur Guðmundsson kaupfélagsstjóri fluttist þangað 1920, og breytti nafninu í Garð.<sup>57</sup> Húsið stendur mjög austarlega á jörðu Skúmsstaða en það lét Jens Lassen kaupmaður byggja árið 1765 sama ár og kaupmenn fengu leyfi til að dvelja hérlandis veturlangt.<sup>58</sup> Í Húsinu bjuggu verslunarstjórar og kaupmenn Eyrarbakka verslunarinnar<sup>59</sup> og aðrir mestu virðingarmenn Bakkans.<sup>60</sup> Húsið „... er bjálkahús með standþiljum að utan og með mjög háu risi.“<sup>61</sup> „Garður er byggður í dönskum stórbændastíl eins og hann gerðist í Danmörku fyrir 200 árum, mað háu risi og bikuðum timburveggjum.“<sup>62</sup> Assistentahúsið [39], hús verslunarþjóna, var fyrst byggt eftir árið 1766 og þá norðan við Húsið. Árið 1865 lét Guðmundur Thorgrímson faktor endurbyggja það samfast vestan við Húsið og var það þá oftast kallað Vesturskemman.<sup>63</sup> Eða Assistentahúsið.

Á Húsið var horft með óttablandinni lotningu<sup>64</sup> enda annar húsakostur á Bakkanum þá nær eingöngu gerður úr torfi og grjóti.<sup>65</sup> Eggert Ólafsson segir í *Ferðabók* sinni að „[h]úsakynni manna við sjávarsíðuna eru yfirleitt lélegri en í meðallagi, en langlélegust og sóðalegust eru þó húsakynnin í Vestmannaeyjum, á Eyrarbakka og í verstöðvunum á Suðurnesjum ....“<sup>66</sup>

<sup>53</sup> Vigfús Guðmundsson. 1949, bls. 159.

<sup>54</sup> Inga Lára Baldvinsdóttir. [1998], bls. 22.

<sup>55</sup> Lilja Árnadóttir. 1989, bls. 36.

<sup>56</sup> Guðmundur Þórarinsson. 1997, bls. 20.

<sup>57</sup> Guðmundur Þórarinsson. 1997, bls. 54.

<sup>58</sup> Lilja Árnadóttir. 1989, bls. 6.

<sup>59</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 130.

<sup>60</sup> Guðmundur Þórarinsson. 1997, bls. 20.

<sup>61</sup> Gísli Gestsson. 1956, bls. 60.

<sup>62</sup> Guðmundur Þórarinsson. 1997, bls. 20.

<sup>63</sup> Guðmundur Þórarinsson. 1997, bls. 20.

<sup>64</sup> Gísli Gestsson. 1956, bls. 60.

<sup>65</sup> Lilja Árnadóttir. 1989, bls. 6.

<sup>66</sup> Eggert Ólafsson. 1978, bls. 219.

Þekktustu kaupmennirnir sem í Húsinu bjuggu eru án efa Guðmundur Thorgrímsson og tengdasonur hans Peter Nielsen, sem tók við af honum.<sup>67</sup> Þeir eigendur Hússins sem eiga heiðurinn á því að það stendur enn í dag eru þau Halldór K. Þorsteinsson og Ragnhildur Pétursdóttir en húsið keyptu þau árið 1932 þegar átti að selja það til niðurrifs.<sup>68</sup>

Verslunarhús dönsku verslunarinnar eða Vesturbúiðin [274] var reisulegasta bygging Eyrarbakka,<sup>69</sup> en hún var meðal þeirra húsa er stóðu á landi Skúmsstaða. Vesturbúiðin stóð á Vesturbúðahólum, grasbala rétt vestan við samkomuhúsið Stað, þétt norðan við Sjóvarnargarðinn, sunnan við Barnaskólann (Gunnarshús/Gistihúsið) [257], Brauðgerðarhús (Bakaríð) [264] og Hof (Hjörtþórshús). „Í Vesturbúðunum var um langan aldur ein mesta verslun á Íslandi, þangað voru sótt viðskipti af næstum öllu Suðurlandsundirlendi eða úr Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum. Þessi verslun var lengi sterkasta líftaug þorpsins. Bygging verslunarinnar var rifin árið 1950 og er þar nú auðnarlegur sand- og grjótbali, einu leifarnar af mannvirkjum þar er bryggjan, en hún er nú mjög farin að hrörna, nefnd Vesturbúðabryggja [282] og lá beint frá verslunarhúsunum.“<sup>70</sup> Verslunarhúsin urðu fyrir miklum skemmdum í flóðinu 9. janúar 1799 en þannig er því lýst: „Til viðbótar um flóðið 1799 verð eg að grípa hér í skýrslu Lambertsens kaupmanns til stiftamtmanns 28. febr. 1799. Skýrslan er hvorki löng né merkileg, en lýsir helzt fáfræði, þröngsýni og úrræðaleysi kaupmanns, og fer hún hér á eftir í ágripi: Flóðið hræðilega 9. jan. gerði á svipstundu mikinn skaða hér á Eyrarbakka verzlunarstað. Eystra vöruhúsið jafnaðist við jörðu í briminu. Talsvert af rúgi, baunum og ýmsum öðrum verzlunarvörum sópaðist burt og eyðilagðist samstundis. Trjáviður og annað, sem flotið gat, komst langt upp um mýri, og fannst mikið af þessu upp við Kallaðarnes og umhverfis Flóagafli. Þetta mikla flóð og ofsaveður skemmdi líka mikið önnur hús verzlunarinnar, þó að ekki hryndu fleiri. Landið (sjócampurinn að sjálfsögðu) hefur lækkað svo mikið og skólpazt af verzlunarstaðnum, að eg hygg ekki þorandi að verzla hér fleiri vetur en orðið er, þó að sjórin kynni að hlífa manni við aldurtila í vetur.“<sup>71</sup> Í *Eyrarbakki. Húsakönnun* er Vesturbúð lýst: „Var það þyrping timburhúsa, sem stóðu á landi Skúmsstaða. Í ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn er til úttekt og mat Steindórs sýslumanns Finnssonar á húsum verslunarinnar á Eyrarbakka ds. 18. ágúst 1774 ... Sum þeirra áttu rætur sínar að rekja aftur á 18. öld. Þá þegar er getið um fjögur stór timburhús en seinna voru þau stækkuð og endurbætt til muna allt fram á 20. öldina. ... Húsin stóðu í þyrpingu þannig að á milli þeirra myndaðist ferhyrndur garður eða port. ... Síðar varð Vesturbúðin eign Kaupfélags Árnesinga, sem að lokum lét rífa þessi merku

<sup>67</sup> Guðmundur Þórarinsson. 1997, bls. 20.

<sup>68</sup> Guðmundur Þórarinsson. 1997, bls. 20.

<sup>69</sup> Guðmundur Þórarinsson. 1997, bls. 20-21.

<sup>70</sup> Guðmundur Þórarinsson. 1997, bls. 20-21.

<sup>71</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 44.

hús árið 1950 og var hluti af viðum þeirra fluttur til Þorlákshafnar þar sem þeir voru notaðir í salthús, sem brunnu til kaldra kola árið 1987.“<sup>72</sup> Þess skal getið að í heimildum er heiti húsanna ýmist skrifað í eintölu eða fleirtölu.

Ekki hefur verið mikið ritað um bústofn á Skúmsstöðum. Þó kemur fram að árið 1703 voru samtals 30 kýr á Skúmsstöðum.<sup>73</sup> Fimm árum síðar segir í *Jarðabókinni*: „Kvikfje vii kýr, xxx ær, x sauðir veturgamlir, xxx lömb, iiii hestar, i hross með fyli. Fóðrast kann i kýr, i hestur. Það sem meira er af kvikfje fóðrast af tilfengnum heyjum, nema hvað sauðfje og hestar kunna að fá af fjöru, sem þó er mjög svipul um vetur.“<sup>74</sup>

Um uppruna nafns Skúmsstaða er lítið vitað. „Gæti hafa verið Skúmastaðir upphaflega. Í rakinni sunnanátt, helst fyrri hluta sumars, gerist það stundum, að með aðfalli sjávar koma rekandi inn á Skúmsstaðafjöru breiður af froðu, oft í svo miklum mæli að stingur í augu. Er þá engu líkara en að ísbreiðu sé að reka að landi, og getur mönnum brugðið í brún, er þeir sjá þetta fyrsta sinni, ef froðan er mikil. Vegna legu skerjanna útifyrir landinu, virðist froðurekinn einskorðast við fjöru Skúmsstaða. Skúmi-a, merkti til forna m.a. froða.“<sup>75</sup> Eins og áður segir eru einnig til gömlum munnmælum um að Skúmur, landnámsmaður Skúmsstaða liggj í Gónhól [300]<sup>76</sup> en ekki er fráleitt að halda að nafnið sé frá honum komið.

## Einarshöfn

Jörðin Einarshöfn liggur vestan við jörðu Skúmsstaða en þorp Eyrarbakka hefur á síðustu árum náð að færa sig örlítið inn á Einarshöfn. Þess má þó geta að þorpið liggur að mestu á jörðum Skúmsstaða og Háeyrar, en þegar þorpið byggðist upp var það aðallega frá landi Skúmsstaða.<sup>77</sup> Einarshöfn var verslunarstaður en talið er að verslun hafi hafist þar eftir að Hekla gaus árið 1104 og vikur í Ölfusánni gerði það að verkum að áin var ekki lengur skipgeng.<sup>78</sup>

Á Stokkseyrarþingi 8. maí 1626 var ákveðið að flytja bæi af Einarshafnarlandi yfir á land Skúmsstaða.<sup>79</sup> Það virðist þó ekki hafa gerst fyrr en um 30 árum síðar.<sup>80</sup> Árið 1653 olli stórt flóð (Háeyrarflóðið) miklum skemmdum á þessu umrædda svæði en það var „[e]itt hið mesta flóð, sem sögur fara af ....“<sup>81</sup> Vigfús Guðmundsson telur að þá hafi heimabýlið sjálft enn staðið á Einarshöfn en „[á]lit

<sup>72</sup> Lilja Árnadóttir. 1989, bls. 14.

<sup>73</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 121.

<sup>74</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981, bls. 78-80.

<sup>75</sup> Guðmundur Þórarinnsson. 1997, bls. 56.

<sup>76</sup> Guðmundur Þórarinnsson. 1997, bls. 19-20.

<sup>77</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 278.

<sup>78</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 277.

<sup>79</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 32.

<sup>80</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 32-33.

<sup>81</sup> Guðni Jónsson. 1960, bls. 22.

Þetta styðst við það fyrst og fremst, að annálar fullyrða, að í nefndu flóði hafi maður druknað í „gömlu“ Einarshöfn. Og þar næst við það, að Brynjólfur biskup dagsetur bréf 8. júlí 1657 í „Nýju Einarshöfn“. Einnig getur Brynjólfur biskup þess 17. maí 1665 í byggingarbréfi Árna Pálssonar fyrir Skúmsstöðum, að byggð Einarshafnar sé að öllu leyti á Skúmsstöðum.<sup>82</sup> Í þessu samhengi segir Vigfús Guðmundsson nánar: „Eiður er þá tekinn af Erlendi Halldórssyni á „Jstre“ Einarshöfn [árið 1667] um peninga og kaupmála konu hans, Margrétar Sigurðardóttur, sem var gerður í Arnarbæli í vetur, 1666. (Þingbók Árness.). Orðið Jstre - eystri, bendir máskæ til þess, að byggðin hafi ekki verið flutt öll í einu, heldur hafi einhverri byggð verið haldið uppi á gömlu (vestri) Einarshöfn nokkur ár eftir flóðið mikla 1653. Nema orðið sé aðeins notað í staðinn fyrir *Nýju Einarshöfn*, er Brynjólfur biskup notaði á sama tíma, eða *eystri bæ* þar.“<sup>83</sup>

Ásamt býlinu sjálfu voru vöruskemmur verslunarinnar einnig fluttar að Skúmsstöðum<sup>84</sup> sem og hjáleigur Einarshafnar.<sup>85</sup> Hjáleigurnar voru á fyrri hluta 17. aldar taldar vera fjórar, en tvær þeirra [345][346] stóðu líklega fyrir framan dælurnar nær sjó og lægra en hinar. Þær voru fluttar þá þegar að Skúmsstöðum „En orðalag þessa ákvæðis er þó nokkuð ónákvæmt: „Játaðist og gjörðist það fullkomlega, að sögð jörð, Einarshöfn, skyldi í guðs trausti flytjast á Skúmsstaðalóð og land, þær tóttir og takmark, sem fyrir vestan dæluna er og Jón Guðnýjarsen og Magnús Þorkelsson hafa húsnæði á haft“. Hér eru nefndar „tóttir“, og sýnir það, að annaðhvort hafa kofar þessir hrúnið alveg í flóðinu eða þá svo nærri því, að þeir hafa verið rofnir vegna flóðahættunnar. Óvíst er um afdrif og flutning hinna hjáleiganna. Heimabýlið sjálft, Einarshöfn, virðist ekki hafa verið flutt fyrr en rúmum 30 árum síðar, upp úr flóðinu mikla 1653.“<sup>86</sup> Brynjólfur Jónsson segir að Einarshöfn hafi verið sett á vestanvert tún Skúmsstaða og þar sé bærinn enn. Hann bætir því við að ekkert tún sé á þeim bæjum, þar séu sums staðar tómtúsbæir, hús eða kálgarðar og sums staðar sandur. „Aðeins lítill grasblettur er enn bak við bæina upp við flóðin.“<sup>87</sup> Fyrir jarðskjálftana árið 1896 stóðu á Einarshöfn 15 bæjarhús og 20 peningshús [268] Áhrif skjálftanna urðu þau að þrjú bæjarhúsin skemmdust mjög mikið og tíu lítið. Þrjú peningshúsanna gjörféllu, fjögur skemmdust mjög mikið og þrettán lítið. Tvö timburhús stóðu uppi óskemmd.<sup>88</sup>

Fljótlega eftir að Einarshöfn var flutt á Skúmsstaði var henni skipt upp í fleiri en eina ábúð og með flutningi húsmanna og þurrabúðarmanna sem þangað fluttu með auknum vexti verslunarinnar, varð byggð á Einarshöfn og Skúmsstöðum að

<sup>82</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 32-33.

<sup>83</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 105.

<sup>84</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 248.

<sup>85</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 277.

<sup>86</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 32.

<sup>87</sup> Brynjólfur Jónsson. 1981, bls. 14.

<sup>88</sup> Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905, bls. 183.

heilu þorpi.<sup>89</sup> Árið 1681-1684 var Einarshöfn þrískipt og það var hún allt til ársins 1703.<sup>90</sup> Ábúendur Einarshafnar voru orðnir fjórir árið 1784.<sup>91</sup> Í dag (2006) eru fjögur hús sem bera nafn Einarshafnar, þar að auki eru skráðar þar þrjár geymslur og eitt fasteignanúmer þar sem hvorki er land né húsnæði að neinu tagi.<sup>92</sup> Í bókinni *Eyrarbakki. Húsakönnun* eru húsin fimm talsins sem bera heiti Einarshafnar en það eru Einarshöfn II (Prestshús), Einarshöfn III (Mið-Einarshöfn/Vestri-Einarshöfn) Einarshöfn IV (byggt 1913 og því ekki í fornleifaskránni hér á eftir), Einarshöfn V (Dísuhús/Dísuhús) og Einarshöfn VI (Norðurbær/ Torfabær/Torfahús).<sup>93</sup> Litlar upplýsingar eru til um þær byggingar sem á svæðinu stóðu forðum utan að kaupmenn nýttu sel, sem Jens Lassen kaupmaður byggði sennilega á árunum 1765-69.<sup>94</sup> Diðrik Kristján Petersen hélt báðar jarðinar Einarshöfn og Skúmsstaði á árunum 1788-93, hann nýtti sömuleiðis selið.<sup>95</sup> Í *Jarðatali á Íslandi* kemur fram að árið 1803 hafi Skúmsstaðasel verið eyðihjáleiga.<sup>96</sup> Ekki fylgir sögunni hvar selið stóð.

### Náttúrufar og jarðabætur

Landamerki Skúmsstaða voru skráð í sýslubækur árið 1884-6 en þar segir: „Milli Skúmsstaða og Stóru-Háeyrar eru þessi landamerki: „Úr Efri-Einbúa, sem er hornmark jarðanna, ræður bein stefna í Klofaklettinn, sem liggur vestarlega að sjá fyrir framan Markasker fram í sjónum, hvar svokallaðir Markósar framganga eða í upptök þess innri að innan verðu og útfall þess syðri, austan miðju Hrafnskera og austan miðju Þvottaskera [326]. Milli Einarshafnar og Skúmsstaða ræður sjónhending úr ósnum sem er milli Bóndaskera og Einarshafnaskera um vörðu í Skúmsstaðaseli upp að Flóagaflsmörkum og er það hornmark milli Einarshafnar og Skúmsstaða.“<sup>97</sup> Þegar þessi lýsing var skráð tilheyrði jörðin Skúmsstaðir Stokkseyrarhreppi en landamerki hreppsins voru þessi: „Stokkseyrarhreppur liggur neðst með sjávarsíðunni (þeim svonefnda Eyrarbakka) og svo vestur með Ölvesárósi, frá því hún fer að beygjast til suðurs. Hreppur þessi er lagaður sem þríhyrningur, og takmarkast hann af sjónum og Ölvesárósi að neðanverðu, að norðvestanverðu af Sandvíkurhrepp, og að suðaustan af Gaulverjabæjarhrepp.“<sup>98</sup>

Elsta heimild um hlunnindi Skúmsstaða er úr Byggingarbréfi Árna Pálssonar frá árinu 1665 en þar segir „Ef í einu flóði ræki fleiri en 5 fiska, skyldi leiguliði hirða

<sup>89</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 105.

<sup>90</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 105-106.

<sup>91</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 108.

<sup>92</sup> Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Einarshöfn, Sveitarfélagið Árborg*.

<sup>93</sup> Lilja Árnadóttir. 1989, bls. 27-31.

<sup>94</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 107.

<sup>95</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 108-109.

<sup>96</sup> Johnsen, J. 1847, bls. 59.

<sup>97</sup> Guðmundur Þórarinnsson. 1997, bls. 19.

<sup>98</sup> *Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfván Jónsson*. 1979, bls. 26.



þá og verka að öllu leyti til helminga skipta. ... Sjö árin næstu áður hafði Árni Pálsson umboð yfir öllum reka stólsins á Eyrarbakka, svo og Hamraumboð í Grímsnesi a. m. k. frá 1665. Hafði hann þá hálfan rekann að umboðlaunum, en áður þriðjung.<sup>99</sup> Um hlunnindi jarðarinnar við upphaf 18. aldar segir í *Jarðabókinni*: „Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga verri en lök og nærri engin, og er torf tilfengið annarstaðar að, oftast frá Refstokki. Elt er taði undan kvikfje, en þó mestan part þáangi. Rekavon lítil, og hefur leiguliði það eina af rekanum, sem lög leyfa, en ekki fremur. Sölvafjara næg fyrir heimamenn, og stundum hefur bóndinn selt söl sjer til gagnsmuna, mikið eður lítið eftir því sem árað hefur. Fjörugrös ut supra um Háeyri. Bjöllur, ætíþönglar, kjarnar og kellíngareyru eru hjer í fjörunni að finna, en brúkast ei nema í stórhallæri. Engjatak á jörðin í Ferjunesslandi, þar sem heitir Skúmstaðaengi, og áfast er við Ferjunessengjar og spillst mjög af Ölvessá með grjóti og sandi og því að mjög litlu gagni. Skógarhögg hefur jörðin brúkað frí í Flóamannaafrijet fyrir ofan Eystri Hrepp. Sá skógur er nú að mestu eyddur og brúkast því sjaldan.“<sup>100</sup> Um hlunnindin og hvernig þau nýttust tómthúsmönnum segir jafnframt í *Jarðabókinni*: „Elt er þáangi, og taka það húsmenn ókeypís af fjörunni, so mikið sem hvör þarf. Vatnsból sama og á heimajörðunni. Sölvafjöru kaupa húsmenn af heimabóndanum þeir sem hana brúka og gefa x álnir fyrir fjörufar eins manns, xx álnir fyrir tveggja, xxx fyrir þriggja etc. Rekans njóta húsmennirnir að öngvu, en að nokkru leyti leggur heimabóndinn við til sumra húsanna eftir samkomulagi hans og húsmannanna.“<sup>101</sup> Í *Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi* segir að hlunnindi Skúmsstaða séu reki og útræði.<sup>102</sup> Í *Sunnlenskum byggðum* er sölvatekju bætt við og þeim uppMinjalýsingum að reki hafi verið mjög mikill á Eyrarbakka áður fyrr en að hann hafi farið minnkandi með árunum.<sup>103</sup>

Náttúruhamfarir hafa í gegnum aldirnar valdið Sunnlendingum miklum erfiðleikum en við ströndina eru það flóðin sem eru atkvæðamest. Í *Jarðabókinni* er m. a. fjallað um þá hættu sem tómthúsunum stendur af flóðum en þar segir: „Öllum þeim tómthúsum, sem ekki standa heima við bæinn Skúmstaði, er hætt fyrir sjáfangangi og stórflæðum, einkanlega í rosaveðráttu um vetur, og skeður oft að sjórinn gengur inn í húsinn, so fólki er ekki hættulaust þar inni að vera, og fer það oft út þessum húsum, þegar von er á stórflæðum.“<sup>104</sup> Í *Sögu Eyrarbakka* eru mörg flóðanna talin upp og Lýsingar um skemmdir sem þau hafa valdið. Ekki er alltaf ljóst af Minjalýsingum þessum hvort þær eigi við um Skúmsstaði frekar en aðrar jarðir Eyrarbakka. Árið 1630 var þó flóð sem augljóslega olli skemmdum á Skúmsstöðum en sagt er að öll tún á Eyrarbakka hafi skemmst af

<sup>99</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 118.

<sup>100</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981, bls. 78-80.

<sup>101</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981, bls. 83.

<sup>102</sup> Lárus Ág. Gíslason. 1982, bls. 292.

<sup>103</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 253 og 278.

<sup>104</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981, bls. 83.

ágangi sjávar, sandi og grjóti.<sup>105</sup> Háeyrarflóðið árið 1653 olli sennilega afdrifaríkustu skemmdunum á Einarshöfn en í kjölfar þess flóðs voru hús jarðarinnar flutt yfir á jörðu Skúmsstaða, eins og áður er frá greint. Sagt er að í flóði þessu hafi danskt timburhús tekið upp og flotið upp á Breiðumýri, en ekki er ljóst hvort hús þetta hafi staðið á Einarshöfn, Skúmsstöðum, Háeyri eða annars staðar.<sup>106</sup> Tvö stór flóð komu á Eyrarbakka árið 1787. D. Petersen kaupmaður skrifaði á þeim lýsingu og hvaða áhrif flóð hafa á verslunarsvæðið: „Segir, að þá um veturinn, bæði 18. jan. og 10. marz, hafði komið svo mikið flóð á Eyrarbakka, að flotið hafi kringum verzlunarhúsin, og næstum því inn í íbúðarhúsið. Flóðin hafi skolað burtu mestöllum bakkanum, sem eftir var til hlífðar í háflóðum. Verzlunarhúsin séu í hættu og geti bráðlega skolað burt, ef ekkert sé að gert. Nú verði því annaðhvort að byggja (Bolverk) sjógarð úr grjóti og timbri húsunum til varnar, ellegar flytja verzlunarhúsin burt af Bakkanum,„<sup>107</sup> Ekkert varð þó úr sjógarðsbyggingum fyrst um sinn og ekki voru verslunarhúsin flutt í burtu.

Þekktasta og mesta flóðið sem skolið hefur á Eyrarbakka er án efa Básendaflóðið sem olli miklum skemmdum á suður- og vesturströndinni þann 9. janúar árið 1799.<sup>108</sup> Í Stokkseyrarhreppi urðu tjón á 52 býlum og 29 menn urðu að flýja heimili sín<sup>109</sup> en á þessum tíma tilheyrði allur Eyrarbakki Stokkseyrarhreppi. Í *Sögu Eyrarbakka* er flóðinu lýst og áhrifum þess á Skúmsstaði: „Flóðið hræðilega 9. jan. gerði á svipstundu mikinn skaða hér á Eyrarbakka verzlunarstað. Eystra vöruhúsið jafnaðist við jörðu í briminu. Talsvert af rúgi, baunum og ýmsum öðrum verzlunarvörum sópaðist burt og eyðilagðist samstundis. Trjáviður og annað, sem flotið gat, komst langt upp um mýri, og fannst mikið af þessu upp við Kallaðarnes og umhverfis Flóagafl. Þetta mikla flóð og ofsaveður skemmdi líka mikið önnur hús verzlunarinnar, þó að ekki hryndu fleiri. Landið (sjókampurinn að sjálfsögðu) hefur lækkað svo mikið og skólpazt af verzlunarstaðnum, að eg [Lambertsen kaupmaður] hygg ekki þorandi að verzla hér fleiri vetur en orðið er, þó að sjórin kynni að hlífa manni við aldurtila í vetur.“<sup>110</sup> Ennfremur segir í *Sögu Eyrarbakka*: „Grundvöllinn gróf hann undan flestöllum höndlunarhúsunum á Eyrarbakka, skemmdi margslags vörur, svo sem salt og annað, gekk upp um gólf í húsunum og inn um læstar dyr, braut glugga og mölvaði þil.“<sup>111</sup> Vegna afleiðinga þessa flóðs var hafist handa við að hlaða sjóvarnargarða á Eyrarbakka.<sup>112</sup>

<sup>105</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 33.

<sup>106</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 34.

<sup>107</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 39-40.

<sup>108</sup> Lýður Björnsson. 2006, bls. 1.

<sup>109</sup> Lýður Björnsson. 2006, bls. 5.

<sup>110</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 44.

<sup>111</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 40.

<sup>112</sup> Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórssón. 1984, bls. 181.

Lambertsen kaupmaður lét hlaða sjóvarnargarð [42] með trjávirkri fyrir íbúðarhús sitt, Húsið [19], og verslunarhúsin eftir Básendaflóðið.<sup>113</sup> En það voru einmitt fyrstu sjóvarnargarðar Eyrarbakka.<sup>114</sup> „Garðurinn [324] fyrir framan búðirnar var endurbættur nokkrum árum síðar og gjörður úr grjóti eingöngu og allur efldur og hækkaður. Mun hann standa svo enn í því formi sem frá honum var gengið í tíð Lambertsens.“<sup>115</sup> „Var því garður sá sem Lambertsen lét hlaða látinn nægja í nokkra áratugi.“<sup>116</sup> „Seinna lét Guðm. Thorgrímsen, verzlunarstjóri, lengja garðinn bæði út og austur, og eftirmaður hans, P. Nielsen, hefir lengt garðinn alt austur að landamerkjum Skúmsstaða og Háeyrar [165875-133].“<sup>117</sup> Sagt er að á tímum Guðmundar Thorgrímsens hafi garðurinn sömuleiðis verið styrktur og hækkaður.<sup>118</sup> Í *Sunnlenskum byggðum* er sagt að ekki séu til heimildir um það hvenær sjóvarnargarðurinn var lengdur að Gónhól [300] en að árið 1840 hafi hann þó náð þangað.<sup>119</sup> Í *Örnefnaskrá Eyrarbakka* er sagt að garður Lambertsens hafi verið lengdur um 150 m til austurs árið 1840, ekki stendur þar að garðurinn hafi þá náð að Gónhól.<sup>120</sup> Vigfús Guðmundsson segir að heimildir vanti um það hver lengdi sjógarðinn um 150 faðma en að árið 1840 hafi garðurinn verði kominn austur á Gónhól.<sup>121</sup> Hér er ýmist talað um metra og faðma. Peter Nielsen var verslunarstjóri á árunum 1887 til 1909 þannig að hafi hann látið lengja sjóvarnargarðinn austur að landamerkjum Skúmsstaða og Háeyrar líkt og stendur í *Sunnlenskum byggðum*, þá hefur það gerst áður en hann tók við sem kaupfélagsstjóri og áður en tengdafaðir hans Guðmundur Thorgrímsen var verslunarstjóri (1847 til 1886),<sup>122</sup> svo hér stangast heimildir á.

Einar borgari Jónsson rak verslun syðst og vestast á landi Háeyrar við landamerki Skúmsstaða.<sup>123</sup> Hann setti sjóvarnargarð fyrir verslunarlóð sína<sup>124</sup> en verslunarrekstur hóf hann um 1868.<sup>125</sup> Í kjölfar þess hefur sjóvarnargarður [324] legið samfleytt frá landi Skúmsstaða yfir á land Háeyrar. Að endingu lá sjóvarnargarður eftir allri strandlengju Eyrarbakkahepps.<sup>126</sup> Í *Örnefnaskrá Eyrarbakka* er garðinum lýst: „Sjóvarnargarðurinn er víðast 5-10 feta hár og þykkur að því skapi, að honum hefur hlaðist mikið af sandi sem er honum til styrktar. Enginn veit nú hve miklu Sjóvarnargarðurinn hefur bjargað, en öryggi íbúanna á ströndinni er allt annað síðan hann kom, tekið hefur fyrir landbrotið,

<sup>113</sup> Guðmundur Þórarinsson. 1997, bls. 19-20.

<sup>114</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 278.

<sup>115</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 254.

<sup>116</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 254.

<sup>117</sup> Brynjúlfur Jónsson. 1981, bls. 15.

<sup>118</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 254.

<sup>119</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 254.

<sup>120</sup> Guðmundur Þórarinsson. 1997, bls. 19.

<sup>121</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 78-79.

<sup>122</sup> Húsið á Eyrarbakka. Engin dags.

<sup>123</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 366.

<sup>124</sup> Brynjúlfur Jónsson. 1981, bls. 15.

<sup>125</sup> Jón Pálsson. 1945, bls. 52.

<sup>126</sup> Guðmundur Þórarinsson. 1997, bls. 19-20.

nú grær það upp er áður var í auðn og sandi.“<sup>127</sup> „Hefir eigi sjávangangur spilt Eyrarbakka síðan þeir garðar voru settir.“<sup>128</sup> Í *Sunnlenskum byggðum* segir að við gerð sjóvarnargarðanna hafi orðið „... algjör þáttaskil í uppgræðslu landsins og öryggi byggðarinnar.“<sup>129</sup> Í *Sögu Eyrarbakka* er Minjalýsing á garðinum, en hún er frá því um 1840 að því er virðist og áfram: „En af því að þar er nefnt Stengærde, en ekki Bolværk, Dæmning eða Fortefication, eins og áður, er ekki ólíklegt að þetta hafi verið lægri garður og þynnri en hann er nú, og víst er, að Lefoliisverzlun lét endurbyggja hann eftir miðja 19. öld. Getið er um það í flóðinu 1865, að brotið hafi sjógarð á Eyrarbakka, varla þó nema skarð eða skörð einungis. Og hefur þá vafalaust á sama árið verið byggt þar upp aftur, betur en áður. ... Garðurinn þar er hlaðinn úr stóru hraungrýti, allt að 4 álnir á hæð yfir jafnsléttu, og að sama skapi þykkur og vandaður, 9-12 fet neðst, en 3 fet efst. Hlið eitt mikið [316] er á garðinum niðurfrá hliði milli búða. Er þar svo umbúið að loka má því með trjám, þegar stórflóð er í aðsigi. Hliðið er nú 3 faðma á breidd með steinsteyptum kömpum og hallandi skorum fyrir enda trjánna. Áður var hliði þessu lokað með grjóthleðslu á hverju hausti, og grjóti því svo hlaðið á hverju vori í stöpul, utan við sjógarðinn. Annað hlið minna, austar og á nokkru hærri stað, er á yngri kafla garðsins. Austur frá Gónhól [300] tók við eftir miðja 19. öld verzlunarland Einars borgara, rúmir 30 faðmar á breidd, og lét hann byggja sjógarð á þeim spotta. Hann stendur heldur hærra og er því nokkru lægri, byrjar líka 10 föðmum fjær sjó en hinn endar. Þar á milli var svo lestaferða- og almenningsvegurinn til Vesturbúða, áður en gerður var upphlaðni vegurinn frá Ölfusárbrú ... Sandur mikill hefur borizt að garði þessum, svo að nú (1943) er óvíða meira en 1-3 fet upp úr, sízt að utanverðu. ... Að vísu lét J. R. B. Lefolii nokkru síðar lengja sjógarðinn á sama hátt vestur frá búðunum, líklega þá um 40-50 faðma, og kostaði hver faðmur 30 kr. – Miklu minni sandur liggur við þennan garðspotta og þann elzta, móts við búðirnar. Blæs nokkuð frá honum, af því að hann stendur fari sínu neðar en eystri hlutinn. Sjór og veður hafa hlaðið að, en hvergi rótað frá undirstöðu sjógarðsins.“<sup>130</sup>

Túngarðar voru víða á Skúmsstöðum og víða má sjá leifar þeirra enn í dag (2007). Niels Lambertsen, frumkvöðull í sjóvarnargarðsbyggingum, virðist sömuleiðis hafa verið sá fyrsti á Eyrarbakka til að gera sér kálgarð, en hann var með tvo [353 og 354] á Skúmsstöðum árið 1798, en ekki voru þá tíundaðir aðrir kálgarðar í þorpínu. Árið 1817 hafði hann einn kálgarð en þá tíunduðu flestir í þorpínu einn kálgarð sömuleiðis.<sup>131</sup>

<sup>127</sup> Guðmundur Þórarinnsson. 1997, bls. 19-20.

<sup>128</sup> Brynjúlfur Jónsson. 1981, bls. 15.

<sup>129</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 278.

<sup>130</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 78-79.

<sup>131</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 125-126.

Um 1870 var lítið eða ekkert ræktað af kartöflum á Eyrarbakka nema í einum eða tveimur görðum í Einarshöfn hjá Gísla Jónssyni [351] og á Skúmsstöðum hjá Teiti Teitssyni [352].<sup>132</sup> „En þó ekki meira en nægja mundi til jóla eða nýárs, fyrir heimili þeirra.“<sup>133</sup> Gísli Jónsson er talinn vera brautryðjandinn í kartöfluræktuninni og jafnvel hinn „... sjálfkjörni foringi Eyrbekkinga, Guðmundur Thorgrímssen, hafi þá keypt eða fengið sendar kartöflur frá Danmörku.“<sup>134</sup> Um 1870 þegar kartöfluræktun var að hefjast á Eyrarbakka var rófnaðæktun þar orðin nokkuð almenn.<sup>135</sup> Um 1900 urðu miklar framfarir í garðyrkju í þorpinu en framförin var nær eingöngu í kartöflurækt, því rófnaðæktin fór minnkandi.<sup>136</sup> Árið 1901 hafði húsmáðurinn Sveinn Sveinsson í Hausthúsum garð en hann varð fyrstur til þess að nýta þara sem áburð en það reyndist mjög vel. Ekki eru heimildir um einstaka garða aðra í þorpinu.<sup>137</sup> Umhverfis garðana á 20. öld voru girðingar en þeim er lýst í *Sögu Eyrarbakka*: „Girðingar um alla nýlegu garðana, eru nú við þá eða umhverfis fleiri sameiginlega, úr vír (helzt gaddavír eða neti) og timbri, óvíða þó nema í stuðlum einungis. Svona er líka búið um suma gömlu garðana. Þó eru nokkuð margir þeirra í báðum þorpunum ennþá umgirtir grjóti og torfi að nokkru eða öllu leyti. Eigi sízt er það svo í Skúmsstaðarþorpinu, og þá helzt að húsabaki, þar sem eigi er alveg búið að „byggja út“ öllum kálgörðum. Sjógarðurinn og sandgræðslugirðingin sparar mörgum girðingarkostnað, að nokkru eða öllu leyti.“<sup>138</sup>

Fáar heimildir gefa upplýsingar um tún og túnastærð Skúmsstaða þar til kemur fram á 20. öld. Elsta lýsing á Skúmsstaðajörðinni er þó frá því um 1600 en þar kemur fram að á dögum Ögmundar biskups (1521-41) hafi þá verið „... þar svo fagurt, að enginn steinn sást frá Skúmsstöðum og út að Einarshöfn, heldur voru það allt sléttar flatir og harða grund, og allt vaxið með sóleyju, svo sem sæi á gull...“<sup>139</sup> Um þessa Minjalýsingu Skúmsstaða segir í *Sögu Eyrarbakka*: „Ræð eg af þeirri umsögn, að báðar þessar jarðir hafi átt mikil og fögur tún á fyrri öldum.“<sup>140</sup> Um 1920 var tún Skúmsstaða 1,5 ha að stærð og var það allt slétt, matjurtagarðar Skúmsstaða og Einarshafnarlóð voru samtals 29065 m<sup>2</sup>.<sup>141</sup> Árið 1932 voru tún Skúmsstaða og Einarshafnar saman 1,5 ha og matjurtagarðar 1000 m<sup>2</sup>.<sup>142</sup> Brynjúlfur Jónsson staðsetti túnin: „Bærinn Skúmsstaðir er sagt að altaf hafi staðið þar, sem hann stendur enn; þar er dálítil hæð. Er sagt, að túnið hafi náð

<sup>132</sup> Vigfús Guðmundsson. 1949, bls. 138.

<sup>133</sup> Vigfús Guðmundsson. 1949, bls. 138.

<sup>134</sup> Vigfús Guðmundsson. 1949, bls. 138.

<sup>135</sup> Vigfús Guðmundsson. 1949, bls. 138.

<sup>136</sup> Vigfús Guðmundsson. 1949, bls. 138-139.

<sup>137</sup> Vigfús Guðmundsson. 1949, bls. 139.

<sup>138</sup> Vigfús Guðmundsson. 1949, bls. 139-140.

<sup>139</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 29.

<sup>140</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 49.

<sup>141</sup> Túnakort. [1920.] *Skúmsstaðir. Eyrarbyggðahreppur, Árnessýsla.*

<sup>142</sup> *Fasteignabók*. 1932, bls. 12.

jafnlangt út frá bænum á alla vegu. Leifar af túngarðinum að norðanverðu hafa sést til skamms tíma. Er hann nærfelt jafnlangt norður frá bænum, eins og sjógarðurinn er nú suður frá honum.<sup>143</sup> Í *Sögu Eyrarbakka* eru túnin staðsett nánar: „Verzlunarhúsin öll standa nú á Skúmsstaðalandi nálægt túninu. Fyrir það fær ábúandi hjá kaupmanni 80 álnir árlega. Af þessum orðum: „nálægt túninu“, sjá kunnugir það, að þá hefur túnið á Skúmsstöðum verið næsta lítið orðið, máske lítill kragi kring um bæinn, en þó helzt austur og suðaustur frá bænum. Örskammt hefur verið að sjókampi að sunnanverðu, búðum að suðvestan, sandi að vestan og fenjum eða tjörnum að norðan. Af austurtúninu hefur tekið blett upp dálítinn hjáleigan „Gvendarkot á Garði“ [3], sem þá var byggt með grasnyt, svo og eyðihjáleigan Garður [182304-132] ásamt 11 þurrabúðum og bænum Einarshöfn. ... Nú hefur um langt skeið ekki verið eftir annað af gamla túninu en sandur, húsastæði og kálgarðar fyrir utan túnblettinn Garð við „Húsið“ [19]. Nýlega er þó búið að græða túnbletti nokkra á sandinum vestan við byggðina og enn þá meira úr mýrunum norður frá þorpinu.“<sup>144</sup> Fleiri tún eða túnblettir hafa verið víða á Eyrarbakka en staðsetning þeirra ekki þekkt í heimildum en sagt er að allt svæði þorpsins, innan sjógarðsins hafi verið sundurgirt í túnbletti og kálgarða og að ný tún hafi legið ofar.<sup>145</sup> Í *Örnefnaskrá Eyrarbakka* er lítillaga fjallað um tún Skúmsstaða: „Fremst í Skúmsstaðalandi sem á Háeyri er sandbakkinn, þá taka við nokkur tún að austanverðu, en sandar, sem gerðir hafa verið að kálgörðum að vestanverðu, en upp af þeim er flóðræma og síðan mýra- og móadrög, sem að nokkru hefur verið breytt í tún upp að Móscurði.“<sup>146</sup> Um túnin er fjallað nánar í *Sögu Eyrarbakka*: „En þar til á síðustu áratugum hefur Einarshöfn verið túnlaus um hálfu 3. öld og Skúmsstaðir sömuleiðis hátt á aðra öld. Þó að undanskildum *Garðinum* eða Kaupmannstúninu svo nefnda. Blettur sá er úr Skúmsstaðatúninu og hefur verið með mjög öflugum garði og girðingum varizt fyrir sjávarflóðum, sandfoki og örtröð fólks og hesta í verzlunarferðum.“<sup>147</sup>

Land Skúmsstaða býr yfir ýmsum kostum og göllum, en staðsetning jarðarinnar, þ.e. nálægð við sjó olli ábúendum oft miklum vandræðum en tún Skúmsstaða og vatnsból hafa oft spillst af völdum flóða svo jörðin varð túnlaus.<sup>148</sup> Í *Jarðabókinni* er fjallað ítarlega um áhrif sjávar, árinna og verslunar á landið: „Túninu grandar sjóargangur með landbroti, grjóti og sandi til stórskaða, og hefur bæði grjóti og sandi burt verið komið með stórerfiði af til keyptu fólki og heimamönnum. Engjar öngvar fyrir utan áðurgreint ítak í Ferjunessengi. Sjáfar stórflæður ganga hjer yfir alt í kríngum bæinn yfir túnið, og hefur þó ekki bænum að þessu grand orðið hingað til, en úthýsi hafa niður fallið fyrir þessum flæðum. Vatnsból bregst til stórskaða á vetur bæði í stórfrostum og stórflæðum, sem bera sand og seltu í

<sup>143</sup> Brynjúlfur Jónsson. 1981, bls. 13.

<sup>144</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 51.

<sup>145</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 53.

<sup>146</sup> Guðmundur Þórarinsson. 1997, bls. 19.

<sup>147</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 49.

<sup>148</sup> Guðmundur Þórarinsson. 1997, bls. 19.

vatnið, og verður þá yfir máta langt til að sækja með stórerfiði. Hætt er kvikfje á vetur fyrir sjáfarflæðum, þegar ís úr Ölvessá ber á fjöruna, sem segir um Háeyri. Brúa verður með stórerfiði fyrir fjenað til hagans, og er honum því ei óhætt ella. Átroðningur er á þessari jörðu af því fólki, sem kaupstaðinn sækir, til stórskaða bæði á túni og högum. Eyrarbakka kaupstaðar krambúð stendur á Skúmsstaðalandi með tilliggjandi húsum, nálægt túninu, og fyrir það uppber ábúandi af kaupmanni lxxx álnir í fiskatali, og hefur þetta varað um 20 ár eður lengur, síðan kaupstaðurinn var færður fyrir sjóargangi þangað sem nú er hann.<sup>149</sup>

Flóaáveitan átti svo bara eftir að auka á vandræðin þannig að brugðið var á það ráð að byggja lokræsi eða holræsi [303] í gegnum þorpið. Á aðalfundi Búnaðarfélags Eyrarbakkahepps í febrúar 1927 var eftirfarandi tillaga samþykkt: „Með því að öll nýrækt á landi ofan við Eyrarbakkaþorp er með öllu ómöguleg vegna vatnságangs og ræktuð tún og matjurtagarðar verða árlega fyrir spjöllum vegna vatnsins auk þess sem það heftir mjög fyrir gróðri í sandgræðslunni og fyrirsjáanlegt er, að Flóaáveitan auki mjög þann vatnságang – þá samþykkir Búnaðarfélag Eyrarbakkahepps að ráðist sé í að byggja lokræsi í gegnum þorpið, ef nægilegt fé fæst til þess ...“ Stjórn félagsins sendi síðan styrkbeiðni til Alþingis upp á helming kostnaðar en málið hafði ekki framgang þótt Búnaðarþing mælti með því. Landsbanki Íslands átti á þessum árum þrjár meginjarðir Eyrarbakkahepps: Skúmsstaða-, Einarshafnar- og Háeyrartorfunnar. Því leitaði aðalfundur félagsins 1929 aftur eftir styrk frá landssjóði og einnig tillagi frá Landsbanka.<sup>150</sup> Nú hlutu styrkbeiðnirnar hljómgrunn svo unnt varð að hefjast handa þá um haustið við að leggja 186 m holræsi frá Skúmsstaðadælum, sem lá með fram kórnum í kirkjunni og þaðan niður í sjó.<sup>151</sup>

Nú er bryggja og höfn á Skúmsstöðum, sem þó ekki er lengur nýtt sem slík að neinu ráði. Árið 2002 var báti síðast siglt inn í höfnina<sup>152</sup> og lagt við bryggjuna en nú er höfnin óðum að fyllast af sandi og því ekki hættulaust að sigla inn í hana. Kálund skrifaði lýsingu á eldri höfninni en hún birtist svo í bók hans *Íslenzkir sögustaðir*: „Fast vestan við verzlunarhúsin er hin einkennilega höfn [311], og þar er aðeins rúm fyrir eitt skip í senn. Er hún hættuleg, einkum þó innsiglingin, og er því illræmd. Ströndin er á aðra hönd með lága hraunkletta í fjöru, en hinum megin röð af blindskerjum, sem verður að greina af óslitnum brimsköflum.“<sup>153</sup> „Innsiglingin er talsvert vestar en höfnin, og verður aðeins komizt þar inn í ákveðinni vindátt. Þegar skipalægið við Eyrarbakka er þannig á þrjár hliðar innilokað af skerjum, getur það samkvæmt íslenzkri málvenju kallast „lón“, og

<sup>149</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981, bls. 78-80.

<sup>150</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 264-265.

<sup>151</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 265.

<sup>152</sup> Ómar Vignir Helgason.

<sup>153</sup> Kálund, P. E. Kristian. 1984, bls. 125.

bæði þessar aðstæður og gerð hafnarinnar sýna ótvírætt, að það er einmitt þessi höfn sem í Flateyjarbók III 560 er talað um sem pollinn á Eyrum (frásögn annálsins er frá 1342: Braut Lysubussuna í pollinum á Eyrum). Frásögn er í Sturlungu um hafnaraðstöðu á Eyrum, og kemur hún nokkuð á óvart. Þar var verið að hlaða skip, en bryggja [310] lá í land. Var manni hrundið af bryggjunni í sjóinn og urðu aðrir að bjarga honum. Þessi höfn á Eyrum er áreiðanlega hin sama og Eyrarbakkahöfn. Þar var fyrrum mjög fjölfarin hafskipahöfn. Er hún einkum nefnd mjög oft í heimildum eins og Biskupasögum, Sturlungu og annálum. Sjá má einnig af annálum, að þar voru búðir [336], sem kaupmenn notuðu á sumrin, en á veturna hafa sennilega aðeins tóftirnar staðið. Þannig hefur það einnig verið við aðrar hafnir sem þá voru notaðar.- Það er sem sé sagt í íslenskum annálum, að 1316 var svo mikið flóð, að sjór féll inn í allar fremri búðir á Eyrum, einnig 1343 svo mikið flóð, að sjór gekk langt upp fyrir allar búðir á Eyrum (á Eyrum var smíðað að tali annála 1334 verzlunarskip, sem sigldi til Noregs).<sup>154</sup> Við upphaf 18. aldar var stundað heimræði frá Skúmsstöðum og var því lýst í *Jarðabókinni*: „Heimræði er hjer sæmilegt og lendíng fyrir heimalandi. Brimgarður hættusamur úti fyrir ut supra um Háeyri, og er það sama leið, þó lendíngin sje önnur, þá inn fyrir brimgarðinn að landi kemur. Vertíð byrjast um kyndilmessu og varir til Hallvarðsmessu annan tíma ársins er ei venja að halda skipum til fiskifengjar, því ei hefur aflast, þótt tilreynt hafi verið. Skip heimabóndans gengur hjer eitt, tekur hann af því tvo hluti en öngva skipleigu, og leggur ei til þess nema nauðsynlegan farvið. Inntökuskip vita menn ekki hjer hafi verið.“<sup>155</sup> Ljóst er af Minjalýsingum þessum að höfn Skúmsstaða hefur ávallt verið mjög varasöm og ekki hefur hún skánað með árunum.

Þorp Eyrarbakka stendur í dag að mestu á jörðu Háeyrar [165875-133] og Skúmsstaða [165871-130]. Því hefur í nokkrar aldir staðið fjöldi húsa á landi Skúmsstaða. Meðal þeirra húsa sem þar stóðu, og standa sum enn, má nefna kirkjuna [2], verslunarhúsin [274], hús Einarshafnar [3], Kaupmannshúsið [19], verbúðir, tómthús og að sjálfsgöðu Skúmsstaðabæirnina sjálfa. Í dag (2007) eru á vef *Fasteignamats ríkisins* skráð þrjú hús og eitt land sem ber nafn Skúmsstaða. Húsið Skúmsstaðir 2 er sagt byggt árið 1937, Skúmsstaðir 4 [140] byggt 1907 og Skúmsstaðir 5 árið 1912 [143].<sup>156</sup> Í bókinni *Eyrarbakki. Húsakönnun* eru húsin þrjú talsins sem bera nafn Skúmsstaða. Það eru húsin; Skúmsstaðir I (Kristbjargarbær/Pálsbær) eða Bakarísstígur 4 [132] en það var byggt árið 1900, Skúmsstaðir IV (Hallandi) [140] byggt árið 1907 og loks Skúmsstaðir V (Guðjónsbær) [143] byggt um 1899.<sup>157</sup> Hér ber heimildum ekki saman um byggingarár Skúmsstaða V. Á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1901 sést að

<sup>154</sup> Kálund, P. E. Kristian. 1984, bls. 126.

<sup>155</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981, bls. 83.

<sup>156</sup> Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Landskrá fasteigna. Skúmsstaðir 2, Sveitarfélagið Árborg*; Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Landskrá fasteigna. Skúmsstaðir 4, Sveitarfélagið Árborg*; Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Landskrá fasteigna. Skúmsstaðir 5, Sveitarfélagið Árborg*.

<sup>157</sup> Lilja Árnadóttir. 1989, bls. 55-57.



Þau hús sem þá stóðu á landi Skúmsstaða voru 40 talsins. Þessi hús heita: Vesturbúð [274], Ólafshús (Byggðarendi) Hof Einarshöfn I (Steinsbær) [267], Einarshöfn III (Mið-Einarshöfn/Vestri-Einarshöfn) Einarshöfn II (Prestshús) Einarshöfn IV, Einarshöfn Ólafs Snorrasonar Einarshöfn V (Dísuhús) Norðurbær Traðarhús [238], Brenna [223], Brenna [228], Norðurkot [327], Skúmsstaðir V (Guðjónsbær) [143], Skúmsstaðir [157], Skúmsstaðir (Hólsbær/Hólmsbær) [283], Kaldbakur [205], Zephyr [213], Barnaskóli (Gunnarshús/Gistihúsið) [257], Brauðgerðarhús [264], Búðarstígur [254], Búðarstígur [252], Tindastóll [242], Hraungerði [243], Götuhús [116], Kirkjan [2], Melshús [127], Húsið [19] og Assistentahúsið [39], Kirkjuhús [102], Ísaksbær (Ísakshús) [108], Garðbær Ingvars Friðrikssonar (Ingvarsbær) [85], Fjölnir [110], Káragerði [100], Garðbær [48], Garðbær (Garðhús/Jónasarhús) [81], Garðbær (Garðhús II/Frímannshús/Guðmundarhús) [79], Garðbær (Pétursbær/Halldórsbær) [82] og Garðbær (Sjónarhóll) [84].<sup>158</sup> Á töflu sem birtist í *Sögu Eyrarbakka* segir að heimilin hafi verið 50 talsins árið 1900 en af kortinu að dæma voru húsini ekki nema 40 ári síðar. Skýringin gæti legið í því að í sumum húsunum bjuggu fleiri en ein fjölskylda og gætu því nokkur heimili verið í sama húsi. Á töflu þessari sést að árið 1703 voru heimili Skúmsstaða 19 talsins, árið 1801 voru þau 14, árið 1850 voru þau 13, árið 1870 voru þau 15, árið 1890 32 talsins, árið 1900 voru þau 50 eins og áður segir, árið 1910 voru þau 62 talsins, 1920 54 talsins, 1930 46 og loks árið 1940 voru þau 53 talsins. Flest voru heimilin samkvæmt þessu árið 1910.<sup>159</sup> Í *Sögu Eyrarbakka* eru þær Lýsingar skráðar að árið 1835 hafi verið níu grashús á Skúmsstöðum [184] [185] [186] [187] [188] [189] [190] [191] [192], en þeim er ekki lýst nánar né húsafjölda á Skúmsstöðum.<sup>160</sup>

Stórir jarðskjálftar ollu miklum skemmdum víða á Suðurlandi árið 1896. Á þeim býlum sem telja má víst að stóðu á Skúmsstaðajörðinni á þeim tíma töldust þá samtals 87 bæjarhús og 37 peningshús til býlanna. Í Einarshöfn voru 15 bæjarhús [267]] og 20 peningshús [268] sem er hest- og fjárhús], í Norðurbæ 3 bæjarhús [og 1 peningshús tvö bæjarhús í Traðarhúsum [238] [239] og Vorhúsum [292] [293], sex bæjarhús [228] [231] [219] [220] [221] [222] og 2 peningshús [224] [225 töldust til Brennu 1 og 2, á Skúmsstöðum voru alls 29 bæjarhús (með 14 búendum) [133] [138] [145] [147] [148] [149] [153] [155] [157] [158] [160] [165] [166] [168] [169] [170] [171] [172] [173] [174] [175] [176] [177] [178] [179] [180] [181] [182] [183] og 5 peningshús [137] [154] [161] [162] [163], eitt bæjarhús á Götuhúsum [116] og 24 bæjarhús [81][82][84][85][86] [50][51][52][53][54][55][56][57][58][59] [60][61] [62] [70][64] [65] [66] [67] [68] og 9 peningshús [69] [70] [83] [87] [71] [72] [73] [74] [75] tilheyrðu Garðbæ. Auk þess töldust 5 bæjarhús til hjáleiganna

<sup>158</sup> Lilja Árnadóttir. 1989: Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901.

<sup>159</sup> Vigfús Guðmundsson. 1949, Tafla: Fólkestal [bls. 209].

<sup>160</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 126.

Norðurkots [327] [330] [331] og Garða [296] [297]. Þrátt fyrir að áhrif skjálftanna væru mikil féll ekkert bæjarhúsanna til grunna, en 13 bæjarhús á Skúmsstöðum skemmdust mjög mikið. Fjórtán bæjarhús stóðu óskemmd eftir hamfarirnar, þar af voru 13 þeirra timburhús. Hins vegar gjörféllu þrjú peningshús og tilheyrðu þau öll Einarshöfn. Í viðbótar upplýsingum segir að á Vorhúsum hafi húsin staðið uppi óskemmd, á Skúmsstöðum stóðu 3 timburhús og ábúendurnir voru 14, á Götuhúsum var eitt óskemmt timburhús og í Garðbæ voru sjö óskemmd timburhús.<sup>161</sup>

Víða í heimildum er unnt að finna lýsingar einstakra húsa. upplýsingar fengnar úr dánarbúi Tómasar Þorsteinssonar frá árinu 1754 lýsa bæ hans sem stóð á Skúmsstöðum: „Bæjarhúsin [199] voru hin sömu og á stóru sveitaheimili (dyr, göng, baðstofa, búr, eldhús – ekki skáli – skemma [200], smiðja [201], fjós [202] og hesthús [203]).“<sup>162</sup>

Árið 1811 átti að selja íveruhús assistents Vigfúsar Gunnarssonar [198]. Staðsetning þess er ekki kunn, en það stóð á jörðu Skúmsstaða. Húsið þótti óvenjuveglegt, alþiljað að innan, þó það væri ekki nema tvö stafgólf innan torfveggja. Því var svo lýst: „... 2 stafgólf á lengd undir súð, alþiljuð með timburgólfi ....“<sup>163</sup>

Í *Sögu Eyrarbakka* er nokkrum húsum Skúmsstaða svo lýst: „Kirkjuhúsið [102] hefur það verið kallað, húsið sem Guðmundur bóksali byggði [1878], til íbúðar og verzlunar. Var það einlyft í fyrstu, en síðar bætt hæð ofan á, og er það enn á sama stað, suður frá kirkjunni. Um líkt leyti eða litlu síðar hefur verið byggt íbúðar og veitingahúsið Ingólfur [90]. Líklega kostað helzt af Jacobsen veitingamanni. En hvorugt varð langlíft, húsið eða eigandi þess. Jóhann Fr. Jónsson, trésmiður, byggði vandað hús á Eyrarbakka, 1883, eða um það bil, og var nefnt Jóhannshús [91]. En það varð skammlíft, eins og Ingólfur, og urðu bæði eldinum að bráð. Hús það stóð nærri sjógarði og rétt við landamerki Háeyrar. Hús Hjörþórs verzlunarm. var eitt af elztu timburhúsum, og taldist til Einarshafnar. Stóð það rétt fyrir vestan bökunarhúsið [264], og sést á myndum. Er þar enn hús á sama stað, og talið vera gert upp eða breytt og viðaukið úr sama húsi. Hvort Hjörþór byggði það, eða hvenær, vitnast nú ekki. En eftir fráfall hans (d. 1896) keypti Jón Pálsson húsið og bjó í því unz hann flutti til Reykjav. 1902. Var húsið á meðan kennt við hann. Árið 1895, voru talin til Einarshafnar 10 heimili og að auki Traðarkot [241] og Traðarhús [238] [239]. En á Skúmsstöðum 16 heimili og að auki Norðurkot, Vorhús [292], Brenna 3 heimili, Garður og Kaupm.hús, og munu býlin vera litlu fleiri á jörðum þessum síðan.“<sup>164</sup>

<sup>161</sup> Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905, bls. 183-184.

<sup>162</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 121-122.

<sup>163</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 125.

<sup>164</sup> Vigfús Guðmundsson. 1949, bls. 199-200.

# Fornleifaskráning

## Skúmsstaðir

### 1

**Sérheiti:** Skúmsstaðir.

**Hlutverk:** Bústaður - býli.

**Tegund:** Bæjarhóll.

**Staðsetning:** A393998,  
N375287.

**Staðhættir:** „Skammt vestur af Eyrarbakkakirkju [2] er hæsti hæðarbali Skúmsstaðahverfis, þar sem nú er hús Guðmundar Andréssonar stóð Skúmsstaðabærinn.“

(Guðmundur Þórarinsson.

1997:20). Hús Guðmundar er Skúmsstaðir IV (Hallandi) [140], sem stendur enn (2007).



**Mynd 2.** Skúmsstaðarbæirnir. Ljósmynd bygg Árn.

Mjög lengi, ef ekki frá upphafi, hafa mörg hús borið nafnið Skúmsstaðir. Í bókinni *Landskjálftar á Íslandi* kemur til dæmis fram að 29 [133] [138] [145] [147] [148] [149] [153] [155] [157] [158] [160] [165] [166] [168] [169] [170] [171] [172] [173] [174] [175] [176] [177] [178] [179] [180] [181] [182] [183] bæjarhús hafi staðið á landi Skúmsstaða árið 1896, árin 1801 og 1845 báru fjögur hús þetta nafn og í dag nefnast þrjú hús Skúmsstaðir (Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905:184; *Manntal á Íslandi 1801*. 1978:209; *Manntal á Íslandi 1845*. 1982:215; Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí). Af þeim 29 bæjarhúsum og 9 peningshúsum sem teljast til Skúmsstaða árið 1896 skemmdust tvö bæjarhús mjög mikið og 15 lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905:184). En fleira hefur grandað húsum á jörðinni eins og sjá má í *Jarðabók* þeirra Árna og Páls: „Sjáfar stórflæður ganga hjer yfir alt í kríngum bæinn yfir túnið, og hefur þó ekki bænum að þessu grand orðið hingað til, en úthýsi hafa niður fallið fyrir þessum flæðum.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:80).

Á ljósmynd sem tekin var af Skúmsstöðum um 1895-1900 má sjá 7 timburstafna með grjóthlöðnum veggjum á milli. Húsin eru sögð vera bær Jóns Stefánssonar [160], Andrésarbær [197], Skúmsstaðir Ebenesers Guðmundssonar (Ebenesarbær) [147] og Gíslabær [165] (Vigfús Guðmundsson. 1945:[49]; *Ljósmyndir gamla tímans. Eyrarbakki*. 1989). Hallandi er nú þar sem Andrésarbær stóð áður og lág bæjarröðin til vesturs frá honum.

**Minjalýsing:** Erfitt er að gera sér nákvæma grein fyrir því í dag hversu umfangsmikill eða hár bæjarhóllinn hefur verið því á honum standa eflaust mörg þeirra húsa sem teljast til Skúmsstaðahverfisins í dag t.d. Hreggviður, Kaldbakur [205], Skúmsstaðir II, IV (Hallandi) [140] og V [143]. Einnig hefur vegur verið lagður heim að húsunum og austast á svæðinu hefur talsvert svæði verið sléttað og þar er nú sléttur grasvöllur. GPS-hnitið var tekið þar sem húsið Skúmsstaðir IV (Hallandi) [140] stendur nú. Á korti af vesturhluta Eyrarbakka frá árinu 1930 eru teiknaðar hæðarlínur. Þar sést að hæsti hluti bæjarhólsins hefur verið um 41 m í þvermál frá austri til vestur, en um 3 m lengri frá norðri til suðurs. Svólítið vestan við miðju hólsins sést töluvert umfangsmikið torfhús, sem sagt er vera Skúmsstaðir alveg við vesturhlið þess húss sem í dag er þekkt sem Skúmsstaðir IV (Hallandi) [140] (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931).

### Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbakkaheppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. [Eyrarbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Landskrá fasteigna. Skúmsstaðir 2, Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 3. júní 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1077175&landnr=166121&streetname=Sk%C3%B>

[Amssta%C3%B0ir%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg;](http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1077175&landnr=166121&streetname=Sk%C3%B) *Landskrá fasteigna. Skúmsstaðir 4, Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 3. júní 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1077176&landnr=166122&streetname=>

[Sk%C3%B](http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1077176&landnr=166122&streetname=) [Amssta%C3%B0ir%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20](http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1077176&landnr=166122&streetname=)  
[%20&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg;](http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1077176&landnr=166122&streetname=)  
*Landskrá fasteigna. Skúmsstaðir 5, Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 3. júní 2007 af [http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1077177&landnr=166123&](http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1077177&landnr=166123&streetname=Sk%C3%B)

[streetname=Sk%C3%B](http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1077177&landnr=166123&streetname=Sk%C3%B) [Amssta%C3%B0ir%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20](http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1077177&landnr=166123&streetname=Sk%C3%B)  
[%20%20%20%20&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81](http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1077177&landnr=166123&streetname=Sk%C3%B)  
[rborg.](http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1077177&landnr=166123&streetname=Sk%C3%B)

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

*Ljósmyndir gamla tímans. Eyrarbakki*. 1989. Texti Inga Lára Baldvinsdóttir Mappa með ljósmyndum. [Engin staðsetning:] Bókaforlagið Líf og saga.

*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið.

*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið.

Vigfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrarbakka*. Fyrra bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

## 2

**Sérheiti:** Eyrarbyggjakirkja.

**Hlutverk:** Kirkja.

**Tegund:** Hús.

**Staðsetning:** A394042, N375231.

**Staðhættir:** Eyrarbyggjakirkja, sem vígð var 14. desember 1890 (Guðmundur L. Hafsteinsson. 2003:14), stendur um 26 m SV af Húsinu [19] og um 32 m SA af Hraungerði [243]. Til að standa straum af kostnaði við byggingu hennar var m.a. efnt til happdrættis um hest og tombólu (Vigfús Guðmundsson. 1949:236).

„Vestan Garðsins [Hússins [19]] hinum megin

vegarins, er Eyrarbyggjakirkja, hún er byggð 1890.“ (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:20).

„Við upphaf Eyrarbyggjakirkju fylgdi Hraunshverfið Stokkseyri, en Kaldaðarneshverfi og Flóagafsbær [í Sandvíkurhreppi] lögðust til hinnar nýju kirkju ásamt öllu Eyrarbyggjaþorpi. Árið 1920 var Hraunshverfið flutt yfir í Eyrarbyggjasókn og urðu þá sóknarskilin við Hraunsá.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:274).



**Mynd 3.** Eyrarbyggjakirkja frá 1890. *Ljósm. GV.*

Fullvíst er talið að Jóhann Friðrik Jónsson (1849-90) smiður á Eyrarbakka hafi teiknað kirkjuna, enda einn af helstu fylgismönnum kirkjubyggingarinnar, og Páll Jónsson (1849-1922) smiður á Gamla-Hrauni hafi smíðað hana, en heimildum ber ekki saman um hvort Sigurður Ólafsson (1860-1903) eða Halldór Gíslason (1853-1921), báðir smiðir á Eyrarbakka, hafi annast innansmíði.“ (Guðmundur L. Hafsteinsson. 2003:14). „Þegar Eyrarbyggjakirkja var nýbyggð 1890 gat að líta óvenju stórt kirkjuhús og sérstakt fyrir þær sakir að gluggar voru á hliðarveggjum inn á setsvalir.“ (Guðmundur L. Hafsteinsson. 2003:26). Kirkjan var önnur tvílofta timburkirkjan sem byggð var hér á landi (Guðmundur L. Hafsteinsson. 2003:26). Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989, en þar segir að allar

kirkjur sem reistar eru fyrir 1918 skuli friðaðar (*Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna*. 2000:51; *Þjóðminjalög* nr. 88/1989).

**Minjalýsing:** Árið eftir að kirkjan var byggð var henni lýst þannig: „Aðalkirkjan er 16 álnir á lengd og 12 álnir á vídd, forkirkja er 3 álnir á lengd og 6 álnir á vídd; kór er 7 álnir á lengd og 7 álnir á vídd. Veggir aðalkirkjunnar eru á hæð 9 álnir, en hæð upp á kjöl er 15 álnir, veggir á kórnum eru 7 álna háir, en hæð uppí kjöl á kórnum öllum er 10½ álnir; forkirkjan er á hæð 15½ álnir, en hæð úr turntoppnum og niður úr er 24 álnir. Í kirkjunni eru 11 setubekkir þversum inn frá veggjum hvorum megin, og er hver stóll 4 álnir á lengd. Gangrúmið milli stólanna er 4 álnir á vídd; tveir setubekkir eru langs eftir loftpöllum hvorum megin; þeir sem eru nær veggjum eru upphækkaðir, en grindar verk úr renndum rimlum meðfram þeim neðri. Þverpallur er fremst á millum loftpallanna, sem er afmarkaður með grindar verki og ætlaður handa söngvurum og hljóðfæri. Tvennir stigar liggja upp á loftin og hurðir fyrir báðum inngöngum. Vængjahurðir sem falla inn, eru fyrir aðalkirkjunni, en vængjahurðir, sem falla út eru fyrir forkirkjudyrum. Kirkjan er klædd innan með norskum panel, en tíglahvelfing er í allri aðalkirkjunni og kórnum. Kirkjan er bundin saman með fimm járnbitum yfir þvera kirkju. Að utan er kirkjan öll klædd á veggjum með liggjandi klæðningu af timbri, en rifflað járn er í þaki, bæði á kirkjunni og kórnum, einnig er húfan á turninum járnklædd. Upp af turntoppnum stendur fimm álna hár járnkross með áttavita, veðurvita og ýmsum krönsum úr járn. Á kirkjunni er alls 21 gluggi, þar af 16 á aðalkirkjunni, tveir í kórnum og þrír í forkirkju og turni.“ (Guðmundur L. Hafsteinsson. 2003:14-15).

Ýmsar endurbætur og viðbætur hafa verið gerðar á kirkjunni síðan hún var byggð. Til dæmis má nefna að reykháfur var hlaðinn árið 1908, hún klædd bárujárnri að utan, raflýst árið 1920 og skróðhús byggt við norðurhlið kórsins árið 1962. Á áttunda áratug síðustu aldar má segja að kirkjan hafi verið endurbyggð frá grunni. Þá var bárujárnsklæðningin m.a. fjarlægð og hún klædd láréttri borðaklæðningu svipaðri upphaflegu klæðningunni. Ýmislegt annað var þá fært nær upprunalegu formi, t.d. predikunarstóllinn. Einnig var turni kirkjunnar breytt, steipt gólf sett í stað timburgólfs og smíðaðir nýir kirkjubekkir (Guðmundur L. Hafsteinsson. 2003:16-18).

Árið 2003 var ytri gerð kirkjunnar lýst þannig: „Eyrarbyggakirkja er timburhús, 11,78 m að lengd og 7,76 m á breidd, með kórútbýggingu við austurstafn, 4,36 m að lengd og 4,55 m á breidd, og skróðhús við norðurhlið kórs, 6,37 m að lengd og 3,27 m á breidd. Áttstrendur turn stendur á ferstrendum turnstalli við vesturstafn en meginturninn er 3,85 m á breidd og gengur 0,30 m fram úr stafninum. Kirkjan stendur á steinsteyptum múrhúðum sökklí og steinsteyptar tröppur með þremur þrepum eru fram undan kirkjudyrum. Kirkjuveggir eru klæddir láréttum strikuðum borðum ... Á hvorri hlið kirkju eru fimm stórir gluggar og aðrir fimm minni yfir þeim uppi undir þakskeggi. Í gluggum er T-laga

póstur, ... Einn gluggi er á hvorri kórhlíð með sandblásnum rúðum, skreyttum krossum og stjörnum. Kórglugginn að norðanverðu snýr að skróðhúsi kirkjunnar. Á austurhlíð skróðhúss eru fjórir gluggar eins og efri gluggar kirkju og tveir gluggar sömu gerðar eru á framhlíð turns yfir kirkjudyrum og bjór yfir þeim. Fyrir kirkjudyrum eru vængjahurðir með fjórum spjöldum hvor. Yfir þeim er þvergluggi og bjór efst. ... Turn stendur á breiðum stalli, klæddum strikuðum borðum ... Lágrest þak er á stallinum og á því miðju áttstrendur turn, lágur og lítill um sig og á honum áttstrend turnspíra sem gengur út undan sér neðst en efst á henni situr ljósakross. ... Úrskífa er ofarlega á framhlíð turns og klukka yfir en lítill gluggi neðst. Á austurhlíð er önnur úrskífa. Turnveggir eru klæddir sléttu jární sem og turnspíran. Veggir kirkjunnar eru dökkbrúnir, gluggar og umbúnaður þeirra, hornborð, þakbrúnir og þakskegg hvít en þök mosagræn.“ (Guðmundur L. Hafsteinsson. 2003:19-22).

Einn af merkustu gripum kirkjunnar er altaristafla sem Lovísa Danadrottning, kona Kristjáns IX, málaði árið 1891 og gaf kirkjunni (Þór Magnússon. 2003:30).

#### Heimildir:

Guðmundur L. Hafsteinsson. 2003. Eyrarbyggarkirkja. Byggingarsaga kirkjunnar. Minjalýsing kirkjunnar. Byggingarlist kirkjunnar. Í Árne Björnsson og Þorsteinn Gunnarsson (ritstjórar), *Kirkjur Íslands. 4. bindi. Friðaðar kirkjur í Árnesprófastdæmi. Eyrarbyggarkirkja. Gaulverjabæjarkirkja, Kotstrandarkirkja, Stokkseyrarkirkja, Strandarkirkja, Úlfjótvatnskirkja, Þingvallakirkja* (bls. 13-30). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd ríkisins og Biskupsstofa.

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbyggarkirkja. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. [Eyrarbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

*Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna. Lög, reglugerðir og samþykktir. Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu 1750-1970*. 2000. Ritstjórn: Magnús Skúlason og Þorsteinn Gunnarsson. Texti: Guðmundur L. Hafsteinsson. Ritroð Húsafriðunarnefndar ríkisins. [Reykjavík:] Húsafriðunarnefnd ríkisins.

*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. [Selfossi] Búnaðarsamband Suðurlands.

Vigfús Guðmundsson. 1949. *Saga Eyrarbakka*. Síðara bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

*Þjóðminjalög* nr. 88/1989.

Þór Magnússon. 2003. Eyrarbyggarkirkja. Gripir og áhöld. Í Árne Björnsson og Þorsteinn Gunnarsson (ritstjórar), *Kirkjur Íslands. 4. bindi. Friðaðar kirkjur í Árnesprófastdæmi. Eyrarbyggarkirkja. Gaulverjabæjarkirkja, Kotstrandarkirkja, Stokkseyrarkirkja, Strandarkirkja, Úlfjótvatnskirkja,*

*Þingvallakirkja* (bls. 30-36). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd ríkisins og Biskupsstofa.

### 3

**Sérheiti:** Gvendarkot á Garði.

**Hlutverk:** Bústaður - býli.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Jarðabókinni* frá 1708 er getið um tvær hjáleigur Skúmsstaða, Gvendarkot á Garði og eyðihjáleigan Garður [182304-132] (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81).

**Minjalýsing:** Staðsetning hjáleigunnar er óviss en um hana segir í *Jarðabókinni*: „Dýrleikinn reiknast í heimajörðinni. ... Landskuld xx álnir. Betalast í fiski eða prjónlesi til heimabóndans. Kúgildi 0. Kvaðir mannlán um vertíð hjer heima, og hefur þó ábúandi á næstliðnum vetri hjáleigumanninum nokkra þóknun hjer fyrir gjört. Kvikfje iii kýr, iii ær, i sauður tvævetur, iiii lömb, i hestur, i foli veturgamall. Fóðrast kann i kýr í 6 vikur. Það sem meira er fóðrast á tilkeyptum heyjum, og það sem sauðir og hestar kunna að ná af fjöru.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81). Ljóst er að ábúandi hefur þurft peningshús fyrir skepnur sínar en þeirra er ekki getið sérstaklega í heimildum. Þau gætu þó verið hluti þeirra 17 peningshúsa, sem sögð eru hafa verið á landi Skúmsstaða þegar stóri jarðskálftinn reið þar yfir árið 1896 (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184).

#### Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

### 4

**Sérheiti:** Garður.

**Hlutverk:** Bústaður - býli.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Jarðatali* á Íslandi eru hjáleigur Skúmsstaða nefndar og er önnur þeirra kölluð Garðurinn (Garðbær) (Johnsen, J. 1847:59). Á Eyrarbakka, í landi Skúmsstaða eru og voru mörg hús sem bera nafnið Garðbær og önnur lík nöfn, þau nöfn sem fundist hafa í heimildum og gætu tengst þessu býli eru: Garður, Garðbær, Í Garðinum, Hjá Garðinum, Garðurinn, Hjáleiga Garðinum, Garðar, Á Garðinum og Garðhús (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:54; Árni Magnússon og



Páll Vídalín. 1981:80-81; Johnsen, J. 1847:59; *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:511; Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184; Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. [Ártal vantar]:[bls.tal vantar]; Lilja Árnadóttir. 1989:34). Kaupmannshúsið, sem í dag þekktist helst undir nafninu „Húsið“ [19], fékk nafnið Garður eftir að Guðmundur Guðmundsson kaupfélagsstjóri Heklu flutti í Húsið um 1920 (Guðmundur Þórarinsson. 1997:54). Þar sem húsið fékk ekki nafn þetta fyrr en á tuttugustu öld er ljóst að það er ekki hjáleigan sem nefnd er í *Jarðatali á Íslandi*, þar sem sú bók kom út árið 1847 (Johnsen, J. 1847:59. Enda segir Vigfús Guðmundsson í *Sögu Eyrarbakka*: „Nöfn bæja og húsa eru þar í svo miklum ruglingi og einatt tölunúmer aðeins fyrir nöfn. Þannig er t. d. nýnefndu húsi iðulega ruglað saman við aðalhúsið, en það er ýmist nefnt Kaupmannshús, Garðurinn eða Garðbær (oftast milli 1840 og 1860, og svo er þá líka annar bær með öðru fólki nefndur Garðbær.“ (Vigfús Guðmundsson. 1949:198). Vigfús segir sömuleiðis að Garðurinn sé hluti af Skúmsstöðum (Vigfús Guðmundsson. 1945:130) og á hann þar við um Kaupmannshúsið, sennilega er það ástæða þess að það var ekki talið sérstaklega með í *Jarðatali á Íslandi*, heldur hafi það bara verið hluti af jörðinni. Enda þykir fólki, sem til þekkir, hálf kynleg tilhugsun að Húsið hafi verið flokkað með hjáleigum jarðarinnar. Niðurstaða heimildarvinnu er sú að í *Jarðatali á Íslandi* sé átt við bæinn Garðbæ sem til var samtímis Húsinu og sem stóð þar sem Fjölnir [110] stóð árið 1946 (Jón Pálsson. 1946:38).

Ekki er ljóst hvort Garður og Garðurinn sé sama hjáleigan en þó er það mjög sennilegt, þar sem eini munurinn á nöfnunum er viðskeyttur greinir. Garðurinn (Garðbær) er ekki nefndur í *Jarðabókinni* er þar er fjallað um Garð, sem talin er önnur hjáleiga Skúmsstaða (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:80-81) en það er einmitt sagt um Garðinn (Garðbær) í *Jarðatali á Íslandi* (Johnsen, J. 1847:59). Í *Jarðabókinni* segir: „Garður, önnur hjáleiga, í eyði nema eitt tómthús er bygt. Húsmaðurinn Jón Jónsson. Hússleiga xx álnir í fiskatali. Kvöð engin. Áður mannlán hjer heima um vertíð ut supra. Kvikfje i hross fóðurlaust. Á grasnautn, sem nefndri hjáleigu Garði fylgdi, kunní að fóðrast kýr að helmíngi, og var þá goldið í landskuld xl álnir í fiskatali, meðan gras fylgdi, og hefur þetta tún til slægna ábúandinn á Gvendarkoti, og geldur fyrir það xv álnir í fiskatali til heimabóndans.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:80-81). Um Garð þennan í *Jarðatalinu* segir Vigfús Guðmundsson: „Önnur hjáleiga var þá í eyði og nefnd *Garður*, - og mun þó annað eða fyrr a.m.k. en kaupmanna Garðurinn, sem síðar varð til.“ (Vigfús Guðmundsson 1945, bls. 115).

Nöfnin Garður og Garðbær eru að sögn Vigfúsar Guðmundssonar ekki gömul, en hann segir þau vera „ ... kennd við túngarða, en ekki akurgarða, eins og sumir hafa haldið.“ (Vigfús Guðmundsson. 1949:116). Bjarni Harðarson segir nöfnin dregin af hinum forna kirkjugarði [302] er tilheyrði kirkju [301] sem stóð við Gónhól [300] á Eyrarbakka, en hennar er getið í miðaldaheimildum (Bjarni

Harðarson. 2001:83). Guðmundur Þórarinnsson tekur í sama streng (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:54).

Í *Manntali 1703* sem sennilega er elsta heimild um ábúð á hjáleigu þessari, er hjáleigan skráð fjórbýli og eru Guðmundur Lafransson, Valgerður Þorláksdóttir, Ólafur Sverrisson og Sigurður Bárðarson sagðir ábúendur í Hjáleigu á Garðinum (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:511). Til er ábúendatal yfir Garðbæ eða á Garðinum og nær það ekki lengra aftur en til ársins 1746 en þá bjuggu þar Tómas Þorsteinsson, Hallur Ólafsson, Hallur Guðmundsson og Bárður Friðriksson (Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. [Ártal vantar]:[bls.tal vantar]. Garður þessi var skráður í *Manntölin*, bæði árið 1801 og 1816. Árið 1801 var Garður þrúbýli en þar bjuggu samtals á öllum býlunum 18 manns (*Manntal á Íslandi 1801*. *Suðuramt*. 1978:209-210). Árið 1816 var Garður enn þrúbýli og bjuggu þar samtals 11 manns (*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974:296-297). Enn eru ábúendurnir fjórir talsins árið 1847 (Johnsen, J. 1847:59).

Árið 1895 voru skráð á Skúmsstöðum 16 heimili „...og að auki Norðurkot [327], Vorhús [292], Brenna 3 heimili [219], Garður [4] og Kaupm.hús [19], og munu býlin vera litlu fleiri á jörðum þessum síðan.“ (Vigfús Guðmundsson 1949:199-200). Árið 1896 urðu miklir jarðskjálftar á Íslandi sem ollu miklum skemmdum á Suðurlandi. Til er skrá yfir þær húsaskemmdir sem jarðskjálftarnir ollu og má af henni sjá að bæjarhús Garðbæjar voru 24 talsins [85] [81] [82] [84] [86] [50][51][52][53][54] [55] [56] [57] [58] [59] [60][61] [62] [70][64] [65] [66] [67] [68] og peningshúsin 9 [69] [70] [71] [72] [73] [74] [75] [83] [87] fyrir skjálftana. Áhrif skjálftanna urðu þau að tvö bæjarhúsin skemmdust mjög mikið og 15 lítið. Sjö timburhús stóðu uppi óskemmd. Garðar [296] [297] var annað býli í sömu skrá, við Skúmsstaði, ekki er þó ljóst hvort það sé tengt því býli sem nefnt er í *Jarðatali á Íslandi* eða ekki. En húsin þar voru tvö fyrir skjálftana og skemmdist annað þeirra mjög mikið en hitt lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184). Hús Garðbæjar voru skráð í *Manntal* árið 1910 en þá var þrúbýli á Garðbæ. Garðbær I var timburhús og þar bjuggu samtals fimm manneskjur. Byggingarefni Garðbæjar II var ekki skráð en þar bjuggu samtals fimm manneskjur, Garðbær III var timburhús en þar bjuggu fjórar manneskjur (*Manntal á Íslandi 1910*. 1997:108-111).

Vegna þeirrar óvissu um hvaða býli er átt við þegar talað er um hjáleiguna Garð var tekin sú ákvörðun að skrá hana í fornleifaskrá Skúmsstaða, þó vissulega hafi hjáleigan sérstakt númer í *Jarðatali á Íslandi* (Johnsen, J. 1847:59) og fær því einnig sérstakt númer í gagnasafninu Sarpi [182304-132], en þar er einungis vísað til fornleifaskráningar jarðarinnar Skúmsstaða [165871-130]. Það sama á við um hjáleiguna Norðurkot [182368-131] [327]. Ekki er vitað um staðsetningu Garðs.

## Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin*. Selfossi: Sunnlenska bókaútgáfan.

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrbakkahreppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. [Eyrbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrbakka.

Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. [Ártal vantar.] *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*. Handrit í eigu höfunda.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Höfundur.

Jón Pálsson. 1946. *Austantórir II*. Guðni Jónsson bjó undir prentun. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

*Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978. Reykjavík: Ættfræðifélagið.

*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974. Akureyri og Reykjavík: Ættfræðifélagið.

*Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla*. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

## 5

**Sérheiti:** Gottskálkshús (Ormshús).

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Jarðabókinni* frá 1708 er getið um tólf tómhús [5] [6] [7] [8] [9] [10] [11] [12][13][14][15][16] á Skúmsstöðum. Eitt þeirra var Gottskálkshús, síðar kölluð Ormshús, sem stóðu heima við bæinn Skúmsstaði (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81-83).

**Minjalýsing:** „Hússleigan xx álnir í fiskatali til heimabóndans. Kvöð mannlán um vertíð hjer heima eða í Þorlákshöfn.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81).

Ekki er vitað um staðsetningu tómhússins, en á landi Skúmsstaða eru sögð vera 77 bæjarhús árið 1896 þegar stóri jarðskjálftinn reið yfir Suðurland og gæti þetta

tómthús verið eitt þeirra, en 13 þeirra skemmdust mjög mikið í skjálftanum (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184).

**Heimildir:**

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

**6**

**Sérheiti:** Vatakot.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Jarðabókinni* frá 1708 er getið um tólf tómthús [5] [6] [7] [8] [9] [10] [11] [12][13][14][15][16] á Skúmsstöðum. Eitt þeirra var Vatakot, en þar virðast hafa staðið fjögur hús [6][129][130][131] (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81-83).

**Minjalýsing:** „Hússleigan xx álnir í fiskatali ut supra. Kvöð engin.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81). „Öllum þeim tómthúsum, sem ekki standa heima við bæinn Skúmstaði, er hætt fyrir sjáfangangi og stórflæðum, einkarlega í rosaveðráttu um vetur, og skeður oft að sjórinngengur inn í húsin, so að fólki er ekki hættulaust þar inni að vera, og fer það oft úr þessum húsum, þegar von er á stórflæðum.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:83). Ekki er vitað um staðsetningu tómthússins.

**Heimildir:**

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

**7**

**Sérheiti:** Tómthús í heygarði Skúmsstaða.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Jarðabókinni* frá 1708 er getið um tólf tómhús [5] [6] [7] [8] [9] [10] [11] [12][13][14][15][16] á Skúmsstöðum. Eitt þeirra var í heygarði Skúmsstaða [344] (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81-83).

**Minjalýsing:** „Hússleiga xx álnir í fiskatali ut supra. Kvöð engin.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81). „Öllum þeim tómhúsum, sem ekki standa heima við bæinn Skúmstaði, er hætt fyrir sjáfangangi og stórflæðum, einkarlega í rosaveðráttu um vetur, og skeður oft að sjórinn gengur inn í húsin, so að fólki er ekki hættulaust þar inni að vera, og fer það oft úr þessum húsum, þegar von er á stórflæðum.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:83).

Ekki er vitað um staðsetningu tómhússins, en á landi Skúmsstaða eru sögð vera 77 bæjarhús árið 1896 þegar stóri jarðskjálftinn reið yfir Suðurland og gæti þetta hús verið eitt þeirra, en 13 þeirra skemmdust mjög mikið í skjálftanum (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184).

#### **Heimildir:**

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

## **8**

**Sérheiti:** Jónshús.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Jarðabókinni* frá 1708 er getið um tólf tómhús [5] [6] [7] [8] [9] [10] [11] [12][13][14][15][16] á Skúmsstöðum. Eitt þeirra var Jónshús, sem stóð heima við bæinn (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81-83).

**Minjalýsing:** „Hússleiga xx álnir ut supra. Kvöð mannslán ut supra.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81).

Ekki er vitað um staðsetningu tómhússins, en á landi Skúmsstaða eru sögð vera 77 bæjarhús árið 1896 þegar stóri jarðskjálftinn reið yfir Suðurland og gæti þetta hús verið eitt þeirra, en 13 þeirra skemmdust mjög mikið í skjálftanum (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184).

#### **Heimildir:**

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu

bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

## 9

**Sérheiti:** Philippushús.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Jarðabókinni* frá 1708 er getið um tólf tómtús [5] [6] [7] [8] [9] [10] [11] [12][13][14][15][16] á Skúmsstöðum. Eitt þeirra var Philippushús, sem stóð heima við bæinn (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81-83). Í *Manntali árið 1703* er ábúandi sagður Filippus Pjetursson og hefur húsið væntanlega dregið nafn sitt af honum, enda er það nefnt Filippushús í *Ábúendatali Árnessýslu (Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:511; Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. [Ártal vantar.]:[Blst. tal vantar]).

**Minjalýsing:** „Hússleiga ut supra. Kvöð engin, áður mannlán ut supra. Kvikfje i hross fóðurlaust.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:82).

Ekki er vitað um staðsetningu tómtússins, en á landi Skúmsstaða eru sögð vera 77 bæjarhús árið 1896 þegar stóri jarðskjálftinn reið yfir Suðurland og gæti þetta hús verið eitt þeirra, en 13 þeirra skemmdust mjög mikið í skjálftanum (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184).

### Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. [Ártal vantar.] *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*. Handrit í eigu höfunda.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

## 10

**Sérheiti:** Magnúsarhús.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Jarðabókinni* frá 1708 er getið um tólf tómhús [5] [6] [7] [8] [9] [10] [11] [12][13][14][15][16] á Skúmsstöðum. Eitt þeirra var Magnúsarhús, sem stóð heima við bæinn (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81-83). Í *Manntali árið 1703* er ábúandi sagður vera Oddur Lafransson (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:511).

**Minjalýsing:** „Hússleiga xx álnir ut supra. Kvöð engin, áður mannlán ut supra. Kvikje i hestur, i hross fóðurlaust.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:82).

Ekki er vitað um staðsetningu tómhússins, en á landi Skúmsstaða eru sögð vera 77 bæjarhús árið 1896 þegar stóri jarðskjálftinn reið yfir Suðurland og gæti þetta hús verið eitt þeirra, en 13 þeirra skemmdust mjög mikið í skjálftanum (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184).

**Heimildir:**

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

11

**Sérheiti:** Friderickshús (Friðrikshús).

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Jarðabókinni* frá 1708 er getið um tólf tómhús [5] [6] [7] [8] [9] [10] [11] [12][13][14][15][16] á Skúmsstöðum. Eitt þeirra var Friderickshús, sem stóð heima við bæinn (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81-83). Í *Manntali árið 1703* er ábúandi sagður Friðrik Jónsson og hefur húsið væntanlega dregið nafn sitt af honum, enda er það nefnt Friðrikshús í *Ábúendatali Árnessýslu* (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:511; Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. [Ártal vantar.]:[Bls.tal vantar]).

**Minjalýsing:** „Hússleiga xx álnir ut supra. Kvöð mannlán ut supra.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:82).

Ekki er vitað um staðsetningu tómhússins, en á landi Skúmsstaða eru sögð vera 77 bæjarhús árið 1896 þegar stóri jarðskjálftinn reið yfir Suðurland og gæti þetta

hús verið eitt þeirra, en 13 þeirra skemmdust mjög mikið í skjálftanum (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184).

**Heimildir:**

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. [Ártal vantar.] *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*. Handrit í eigu höfunda.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

**12**

**Sérheiti:** Lauguhús.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Jarðabókinni* frá 1708 er getið um tólf tómhús [5] [6] [7] [8] [9] [10] [11] [12][13][14][15][16] á Skúmsstöðum. Eitt þeirra var Lauguhús, sem stóð heima við bæinn (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81-83).

**Minjalýsing:** „Hússleiga xx álnir ut supra. Kvöð engin.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:82).

Ekki er vitað um staðsetningu tómhússins, en á landi Skúmsstaða eru sögð vera 77 bæjarhús árið 1896 þegar stóri jarðskjálftinn reið yfir Suðurland og gæti þetta hús verið eitt þeirra, en 13 þeirra skemmdust mjög mikið í skjálftanum (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184).

**Heimildir:**

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.



## 13

**Sérheiti:** Holltkuhús.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Jarðabókinni* frá 1708 er getið um tólf tómhús [5] [6] [7] [8] [9] [10] [11] [12][13][14][15][16] á Skúmsstöðum. Eitt þeirra var Holltkuhús (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81-83).

**Minjalýsing:** „Hússleiga xx álnir ut supra. Kvöð engin.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:82). „Öllum þeim tómhúsum, sem ekki standa heima við bæinn Skúmstaði, er hætt fyrir sjáfargangi og stórflæðum, einkarlega í rosaveðráttu um vetur, og skeður oft að sjórinn gengur inn í húsin, so að fólki er ekki hættulaust þar inni að vera, og fer það oft úr þessum húsum, þegar von re á stórflæðum.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:83).

Ekki er vitað um staðsetningu tómhússins, en á landi Skúmsstaða eru sögð vera 77 bæjarhús árið 1896 þegar stóri jarðskjálftinn reið yfir Suðurland og gæti þetta hús verið eitt þeirra, en 13 þeirra skemmdust mjög mikið í skjálftanum (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184).

### Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

## 14

**Sérheiti:** Ketilshús.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Jarðabókinni* frá 1708 er getið um tólf tómhús [5] [6] [7] [8] [9] [10] [11] [12][13][14][15][16] á Skúmsstöðum. Eitt þeirra var „Ketelshús“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81-83).

**Minjalýsing:** „Hússleiga xx álnir ut supra. Kvöð engin.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:82). „Öllum þeim tómhúsum, sem ekki standa heima við bæinn Skúmstaði, er hætt fyrir sjáfargangi og stórflæðum, einkarlega í rosaveðráttu um vetur, og skeður oft að sjórinn gengur inn í húsin, so að fólki er ekki hættulaust þar inni að vera, og fer það oft úr þessum húsum, þegar von re á stórflæðum.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:83).

Ekki er vitað um staðsetningu tómtússins, en á landi Skúmsstaða eru sögð vera 77 bæjarhús árið 1896 þegar stóri jarðskjálftinn reið yfir Suðurland og gæti þetta hús verið eitt þeirra, en 13 þeirra skemmdust mjög mikið í skjálftanum (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184).

**Heimildir:**

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

**15**

**Sérheiti:** Pálshús.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Jarðabókinni* frá 1708 er getið um tólf tómtúss [5] [6] [7] [8] [9] [10] [11] [12][13][14][15][16] á Skúmsstöðum. Eitt þeirra var „Paalshús“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81-83).

**Minjalýsing:** „Hússleiga xx álnir ut supra. Kvöð manslán ut supra.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:82). „Öllum þeim tómtúsum, sem ekki standa heima við bæinn Skúmstaði, er hætt fyrir sjáfangangi og stórflæðum, einkarlega í rosaveðráttu um vetur, og skeður oft að sjórinngengur inn í húsin, so að fólki er ekki hættulaust þar inni að vera, og fer það oft úr þessum húsum, þegar von re á stórflæðum.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:83).

Ekki er vitað um staðsetningu tómtússins, en á landi Skúmsstaða eru sögð vera 77 bæjarhús árið 1896 þegar stóri jarðskjálftinn reið yfir Suðurland og gæti þetta hús verið eitt þeirra, en 13 þeirra skemmdust mjög mikið í skjálftanum (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184).

**Heimildir:**

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

## 16

**Sérheiti:** Þorsteinshús.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Jarðabókinni* frá 1708 er getið um tólf tómhús [5] [6] [7] [8] [9] [10] [11] [12][13][14][15][16] á Skúmsstöðum. Eitt þeirra var Þorsteinshús (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81-83).

**Minjalýsing:** „Hússleiga xx álnir ut supra. Kvöð engin. Kvikfje iii kýr, ii ær, ii sauðir tvævetrir, ii veturgamlir, i naut tvævett, i veturgamalt, iii hestar, i hross. Fóðrast þetta kvikfje á tilkeyptum heyjum úr nærliggjandi sveitum, nema hvað sauðir og hestar ná til fjöru um vetur til ljettis.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:83). „Öllum þeim tómhúsum, sem ekki standa heima við bæinn Skúmstaði, er hætt fyrir sjáfargangi og stórflæðum, einkarlega í rosaveðráttu um vetur, og skeður oft að sjórinn gengur inn í húsin, so að fólki er ekki hættulaust þar inni að vera, og fer það oft úr þessum húsum, þegar von re á stórflæðum.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:83).

Ekki er vitað um staðsetningu tómhússins, en á landi Skúmsstaða eru sögð vera 77 bæjarhús árið 1896 þegar stóri jarðskjálftinn reið yfir Suðurland og gæti þetta hús verið eitt þeirra, en 13 þeirra skemmdust mjög mikið í skjálftanum (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184).

Ljóst er að ábúandi hefur þurft peningshús fyrir skepnur sínar en þeirra er ekki getið sérstaklega í heimildum. Þau gætu þó verið hluti þeirra 17 peningshúsa, sem sögð eru hafa verið á landi Skúmsstaða þegar stóri jarðskálftinn reið þar yfir árið 1896 (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184).

### Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

### Utan svæðis

## 17

**Sérheiti:** Malir.

**Hlutverk:** Fiskreitir.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393991, N375415

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** „Malir: Svo voru fiskreitirnir nefndir sem voru austan við Íshúsið norður af Einarshöfn (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:65). Reitir þessir hafa að öllum líkindum verið notaðir til að þurrka fisk, en orðið „malir“ er í raun fleirtala af orðinu „möl“ og notað um svæði sem þakið er mól (Sigfús Blöndal. 1980:565).

**Minjalýsing:** Engin merki eru lengur um reitina, því á svæðinu austan við Íshúsið er nú (2007) rennislétt grasflöt og steinsteyptur lítill skúr.

Á korti af vesturhluta Eyrarbakka frá árinu 1930 eru teiknaðir fiskreitir á stóru svæði austan við Íshúsið. Mestur hluti þeirra er þó vestan Bakarísstígs, þó einn reitur sé austan hans (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931).

**Heimildir:**

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. *Eyrarbyggðarefni. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen.* [Eyrarbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Sigfús Blöndal. 1980. *Íslensk-dönsk orðabók.* Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar, sem gefin var út í Reykjavík á árunum 1920-1924 af danska og íslenska ríkissjóðnum. Reykjavík: Íslensk-danskur orðabókarsjóður.

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka,* gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

18

**Hlutverk:** Bústaður – býli/óþekkt.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Árið 1546 er getið um timburhús á Eyrarbakka. Í vitnisburðarbréfi það ár er sagt frá því að Gizur biskup leyfði Erlendi lögmanni að hafa fjögurra til fimm álna löng tré af rekanum á Skeiði. Í bréfinu segir svo: „Þat giorum uid Simon prestur jonsson og liotr þorulldzson godum monnum uiturligt med þessu ockru brefi at uid uourm þar uidstaddir i timburhusino [á] eyrarbacka og heyrðum [á] at herra gizur Einarsson leyfdi Erlindi þorvardzsyni laugmanne at hafa iiii eda fimm alna laung tre af rekanum [á] skeidi er liggr fyrir utan aulues[á]. Og til sanninda hier vm.“ (*Diplomatarium Islandicum.* 1915-1925:526). Ekki er ljóst hvar hús þetta hefur staðið né til hvers það var notað og verið getur að það hafi ekki verið á landi Skúmsstaða. Af bréfinu má draga þá ályktun að ekki hafi verið mörg timburhús á Eyrarbakka á þessum tíma og hugsanlega einungis þetta eina.

**Heimildir:**

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða*

Íslenska menn. Ellefta bindi 1310-1550. 1915-1925. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

## 19

**Sérheiti:** Húsið.

**Hlutverk:** Bústaður - býli.

**Tegund:** Hús.

**Staðsetning:** A394095, N375226.

**Staðhættir:** „Skammt norður af Gónhól [300], næsta hús austan Eyrarbakka og Suðurlands alls, er það gamla kaupmannshúsið og heitir Garður. Þetta hús er byggt 1765 af Jens Lassen ... Garður er




Mynd 4. Húsið á Eyrarbakka byggt 1765. Ljósmynd. GV.

byggður í dönskum stórbændastíl eins og hann gerðist í Danmörku fyrir 200 árum, með háu risi og bikuðum timburveggjum ... Hús verslunarþjóna, Assistentahúsið [38] [39], var fyrst byggt eftir 1766, fyrir norðan aðalbygginguna, en Guðmundur Thorgrímssen mun hafa látið byggja það sambyggt við aðalhúsið 1865 eða réttum 100 árum seinna og var það oftast nefnt Vesturskemman, [39].“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:20). Húsið og Assistentahúsið eru nr. 50 við Eyrargötu. Þar er nú sýningaraðstaða Byggðasafns Árnesinga.

**Minjalýsing:** „[Húsið] má teljast merkasta bygging þorpsins. Jens Lassen kaupmaður lét byggja það sumarið 1765, og hefur það lítið breytt frá upphafi. Það er bjálkahús með standþiljum að utan og með mjög háu risi. Verzlunarstjórnarnir bjuggu í því, og var löngum horft þangað heim með óttablandinni lotningu. Að þetta litla timburhús skuli heita Húsið að eigin nafni, segir nokkuð um íbúðir almennings á síðustu öld.“ (Gísli Gestsson. 1956:60). „Húsið“ var ekki einungis miðstöð allrar menningar þar um slóðir, heldur og einnig eitt hið mesta höfðingjasetur landsins að minnsta kosti um 70 ára skeið eða frá þeim tíma, að verzlunarstjórinn alkunni, Guðmundur Thorgrímssen, og kona hans, frú Sylvía, f. Nielsen, fluttist þangað árið 1847 ... “ (Jón Pálsson. 1952:74).

Í Eyrarbakki. Húsakönnun er byggingum Hússins og Assistentahússins [39] lýst eins og þær voru árið 1989: „Húsið er stórt stokkbyggt timburhús. ... Húsið er 20 ¼ alin x 14 1/3 alin að flatarmáli. Loft er undir súð og háaloft á hanabjálka. Að utan er húsið klætt lóðréttri klæðningu og bárujárni er á þaki. Litlir kvistir eru bæði að norðan og sunnan. Stórir níurúðugluggar eru á suður- og vesturhlíð, en sexrúðna eru á austurstafni. Norðan við húsið er nýlega viðbyggður skúr þar sem er inngangur, en að vestan er tengibygging við Assistentahúsið og því er

inngangur í Húsið einnig þeim megin. Á hæðinni eru þrjár stofur og eldhús með hlöðnu eldstæði. Á loftinu eru fimm herbergi en hanabjálkaloftið er eitt rými. ... Ekki er vitað um nöfn þeirra, er smíðuðu húsið, en danskir hafa þar vafalítið verið að verki. Íslenskur múrari að nafn[i] Þorgrímur Þorláksson múraði og hlóð það sem þurfti í kringum eldavél, bökunarofn og reykháf. Húsið hefur frá fyrstu tíð haldið sér vel. Fyrstu árin var einungis skarsúðin á þekjunni en 1771 var sett listaklæðning þar yfir, því eigendur hafa fljótt komist að raun um, að skarsúðin dugði skammt við íslenskar aðstæður. Eftir það kom pappi á þakið, sem haldið var við með biki, en bárujárn lét J.D. Nielsen setja á það árið 1909. Í fyrstu voru dyr á miðri suðurhlið



Mynd 5. Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

og gluggar báðum megin og gangur fyrir innan með stofur til beggja handa. Þannig bar Húsið helstu einkenni danskrar húsagerðar. Árið 1868 var þessi inngangur aflagður en aðalinngangur færður á vesturstafninn í þá viðbyggingu, sem reist var og talin hefur verið tengibygging við Assistentahúsið. Mjög gömul ljósmynd sýnir hins vegar, að í fyrstu hafa húsin ekki verið samtengd. ... Við breytingar á inngangi var stiginn færður úr miðju húsinu í vesturenda þess. Stofurnar að sunnan voru færðar saman og stækkaðar og lítið herbergi gert í austurenda hússins. Þá var og fyrst loftið þiljað niður í herbergi, en fram undir þennan tíma hafði það lítið verð notað til íbúðar. Allar þessar breytingar voru gerðar, þegar J. R. B. Lefolii átti húsið og Guðmundur Thorgrímson, hinn vinsæli faktor, bjó í því ásamt fjölskyldu sinni. ... Kaupmenn og starfsfólk verslunarinnar bjuggu í húsinu allt til ársins 1926.“ (Lilja Árnadóttir. 1989:39-41).

Árið 1916 lýsti Eiríkur Gíslason Húsinu. Hann greinir frá því að eftirfarandi hús tilheyri eigninni: tvö einlyft íbúðarhús með risi (Húsið [19] og Assistentahúsið [39]), timburhús með flötu þaki (Eggjaskúrinn [40]), gamall timburskúr (mjólkurskúr [28]), timburskúr (vagnskúr [29]), geymsluhús, fjós og hesthús sem voru sambyggð [20], tvö sambyggð hesthús [25], þvottahús [30] og heyhlaða [47] (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:4).

Eins og áður segir var aðalinngurinn í Húsið áður á suðurhlið þess. Þar sem hann var má nú sjá leifar gólfsins, sem talið er að hafi verið í þessum inngönguskúr [35]. Við fornleifauppgröft árið 1995 fannst steinhleðsla með fram suðurhlið hússins, sem líklegt er að hafi verið renna til að veita þakvatni frá húsinu [34]. Þá fundust einnig hleðslur sunnan við austurstafn Assistentahússins, sem talið er að séu leifar af undirstöðum fyrir timburstétt sem þar var [36] (Lýður Pálsson. 2001:3).

Á grunnmynd neðri hæðar Hússins [33] frá 1978-1993 má sjá að hluti af bakdyraskúr (þar sem nú (2007) er afgreiðsla Byggðasafnsins) var rifinn árið 1982 og var því áður stærri. Einnig voru skúrar aftan við tengibyggingu (þar sem nú er starfsmannainngangur í Húsið) rifnir árið 1980 (Hjörleifur Stefánsson.1993:12).

Húsið var friðað í B-flokki 7. febrúar 1974 samkvæmt 1. mgr. 26. og 27. gr. *Þjóðminjalaga* nr. 52/1969, en sú friðun nær til ytra borðs hússins. Sú friðun náði einnig til vestari stofu að sunnan, háalofts og hlaðins stein- og torfgarðs umhverfis lóðina að framanverðu. Í janúar 1990 var það síðan friðað samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. *Þjóðminjalaga* nr. 88/1989, þar sem segir að öll hús sem reist eru fyrir 1850 skulu friðuð (*Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna*. 2000:51; *Þjóðminjalög* nr. 52/1969; *Þjóðminjalög* nr. 88/1989).

#### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Gísli Gestsson. 1956. *Árnessýsla milli Hvítár og Þjórsár*. Árbók Ferðafélags Íslands MSMLVI. [Reykjavík:] Ferðafélag Íslands.

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbyggðahreppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. [Eyrarbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Hjörleifur Stefánsson. 1993. *Húsið Á Eyrarbakka. Frumáætlun um endurbætur*. Unnið fyrir Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.

Jón Pálsson. 1952. *Austantóru III*. Guðni Jónsson bjó undir prentun. Reykjavík: Helgafell.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Lýður Pálsson. 2001, síðast breytt. *Húsið*. Óútgefið handrit.  
*Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna. Lög, reglugerðir og samþykktir. Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu 1750-1970*. 2000. Ritstjórn: Magnús Skúlason og Þorsteinn Gunnarsson. Texti: Guðmundur L. Hafsteinsson. Ritroð Húsafriðunarnefndar ríkisins. [Reykjavík:] Húsafriðunarnefnd ríkisins.

*Þjóðminjalög* nr. 52/1969.

*Þjóðminjalög* nr. 88.

## 20

**Sérheiti:** Húsið – fiskhjallur (geymsluhús), fjós og hesthús.

**Hlutverk:** Útihús.

**Tegund:** Hús.

**Staðsetning:** A394111, N375241.

**Staðhættir:** „Guðmundur Guðmundsson kaupstjóri Kaupfélagsins Heklu, sem keypti eign Eyrarbakaverslunarinnar 1919, lét smíða núverandi útihús.“ (Lýður Pálsson. 2001:5). Þessi hús standa enn norðaustan við Húsið [19]. „Austast þeirra er fjós með steinsteiptum veggjum og steiptum flór. Í miðið er fjárhús, grindarhús úr timbri með bárujárnri á veggjum og þaki. Vestast er skemma með afpiljuðu dúfnalofti.

Hún er einnig grindarhús klætt bárujárnri.“ (Hjörleifur Stefánsson.

1993:43). Í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar sést að á þeim stað sem vestasta skemman er nú hafa staðið aðrar eldri byggingar, þó verið geti að einhver hluti þeirra sé hinn sami, því Eiríkur segir að vestasti hluti byggingarinnar (fiskhjallurinn) sé nýviðgerður árið 1918. Í bókinni sést að sambyggt austurhlið fiskhjallsins, sem Eiríkur nefnir geymsluskúr, hafi verið fjós, sem var samsíða geymsluskúrnum á norðurhlið, og hesthús sunnan við það, sem bæði var sambyggt skúr og fjósi (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:4). Á uppdrætti af eignum Hússins frá 1915 sést að kol og eldiviður hefur verið geymdur í geymslunni sem var vestast (Sveinbjörn Ólafsson. 1915). Húsið var endurgert árið 2014.


**Minjalýsing:** Þessum sambyggðu húsum er lýst þannig í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar árið 1916:

F. Geimsluhús 10 x 5, hæð 3,50, með torf og grjótveggjum og timburþaki, mjög lítilfjörlegt [þetta hús virðist hafa verið endurbyggt árið 1918.] ...

G. Fjós 7 x 6,50. V.hæð 1,50, ris 1,50. Steinsteipu veggir. Járnpak á borðaklæðningu. Gólf úr steinsteipu. ...

H. Hesthús 3 x 5, veggh. 1,50, ris 1 m. járn á rimlum, steinsteipugólf ...

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:4).



**Mynd 6.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.



**Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Hjörleifur Stefánsson. 1993. *Húsið Á Eyrarbakka. Frumáætlun um endurbætur*. Unnið fyrir Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.

Lýður Pálsson. 2001, síðast breytt. *Húsið*. Óútgefið handrit.

Sveinbjörn Ólafsson. 1915. *Plan af Faktorbolig m/tilligg. Huse*. Uppdráttur í eigu Byggðasafns Árnesinga.

**21**

**Sérheiti:** Húsið – fjós.

**Hlutverk:** Fjós.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394111, N375241.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í úttekt frá árinu 1774 er lýst fjósi í lélegu ástandi, sem að öllum líkindum hefur staðið nálægt Húsinu [19] og tilheyrt því. Því er lýst þannig: „Een Stald af Tømmer Steen og Torv sammensadt Hvor udi Kand rømmes 8 Kiøe Her til rommelig Høe gaard með steen vegge [22]. Huset er aldeles unyttigt og staaer forfald saa at samme ikke Kand vurderes som bygning; dog anstaaes det for ... 2 rd.“ (*Taxations og Vurderingsforretningar over Handelhuse og Inventaries i Islands havne 1774*).

Ekki er vitað nákvæmlega hvar fjós þetta stóð, en á gamalli ljósmynd má sjá hús austur af Húsinu í sömu línu og Garðbær, hugsanlega eru þetta gömul útihús frá Húsinu.

**Heimildarmaður:** Inga Lára Baldvinsdóttir 2015

**Heimildir:**

*Taxations og Vurderingsforretningar over Handelhuse og Inventaries i Islands havne 1774*. Skrifað upp af Hrefnu Róbertsdóttur eftir úttekt Steindórs sýslumanns Finnssonar á húsum verslunarinnar á Eyrarbakka, sem varðveitt er í ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn (Rtk. 373.117). Afrit í eigu Byggðasafns Árnesinga.

**22**

**Sérheiti:** Húsið – garður.

**Hlutverk:** Aðhald.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Ekki vitað.

**Staðsetning:** A394132, N375237.

**Staðhættir:** Í úttekt frá árinu 1774 er lýst fjósi [21] í lélegu ástandi, sem að öllum líkindum hefur staðið nálægt Húsinu [19] og tilheyrir því. Því er lýst þannig: „Een Stald af Tømmer Steen og Torv sammensadt Hvor udi Kand rømmes 8 Kiøe Her til rommelig Høe gaard með steen vegge [22]. Huset er aldeles unyttigt og staaer forfald saa at samme ikke Kand vurderes som bygning; dog anstaaes det for ... 2 rd.“ (*Taxations og Vurderingsforretningar over Handelhuse og Inventaries i Islands havne 1774*).



**Mynd 7.** Útihús við Húsið á Eyrarbakka. Hugsanlegt aðhald sést í háu grasi. Ljósm GV.

Ekki er vitað nákvæmlega hvar fjós þetta stóð, en ekki er ólíklegt að það hafi staðið þar sem núverandi útihús standa [20], en þau voru byggð á árunum 1918-1922. Hugsanlegt er að leifar um þetta aðhald sé að finna að baki núverandi útihúsa, þar sem eru óljósar hleðslur af einhverju tagi (Lýður Pálsson).

**Heimildarmaður:** Lýður Pálsson, 300666-2999.

#### **Heimildir:**

*Taxations og Vurderingsforretningar over Handelhuse og Inventaries i Islands havne 1774*. Skrifað upp af Hrefnu Róbertsdóttur eftir úttekt Steindórs sýslumanns Finnssonar á húsum verslunarinnar á Eyrarbakka, sem varðveitt er í ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn (Rtk. 373.117). Afrit í eigu Byggðasafns Árnesinga.

## **23**

**Sérheiti:** Húsið – smiðja.

**Hlutverk:** Smiðja.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í úttekt frá árinu 1774 er lýst smiðju, sem hefur líklega verið byggð árið áður. Hún hefur að öllum líkindum staðið nálægt Húsinu [19] og tilheyrir því. Henni er lýst þannig: „Een Smede opbyggt næst af vise Aar gandske nye af Tømmer og Brede gavl með Steen vegge og Torve Tag. Huuset er 9 ¼ al lang bred inden vegge og 5 ½ al Høy fra Rygaasen til Gulvet. Her udi er en Muuret Esle með Hørende Bulg op. Har efter Kiøbmandens attereret Regning kostet udi alt 14rd men ansettes for ... 10 rd.“ (*Taxations og Vurderingsforretningar over Handelhuse og Inventaries i Islands havne 1774*). Engar heimildir eru um hvar smiðja þessi

hefur staðið en ekki er ólíklegt að hún hafi verið sambyggð útihúsunum frá þessum tíma og hafi því staðið þar sem núverandi útihús standa (Lýður Pálsson).

**Heimildarmaður:** Lýður Pálsson, 300666-2999.

**Heimildir:**

*Taxations og Vurderingsforretningar over Handelhuse og Inventaries i Islands havne 1774.* Skrifað upp af Hrefnu Róbertsdóttur eftir úttekt Steindórs sýslumanns Finnssonar á húsum verslunarinnar á Eyrarbakka, sem varðveitt er í ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn (Rtk. 373.117). Afrit í eigu Byggðasafns Árnesinga.

**24**


**Sérheiti:** Húsið – skúr.

**Hlutverk:** Geymsla.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í úttekt frá árinu 1774 er lýst skúr, sem byggður var tveimur árum áður. Hann hefur að öllum líkindum staðið nálægt Húsinu [19] og tilheyrir því. Honum er lýst þannig: „Eet Skuur ved Vaanings Huset Ende [19] opsadt af Handels breder, hvor udi den Dørste bord gemmes; Samme bleve opsat 1772 og vurderes for ... 6 rd.“ (*Taxations og Vurderingsforretningar over Handelhuse og Inventaries i Islands havne 1774*). Ekki er vitað hvar skúr þessi stóð.



**Mynd 8.** Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

**Heimildir:**

*Taxations og Vurderingsforretningar over Handelhuse og Inventaries i Islands havne 1774.* Skrifað upp af Hrefnu Róbertsdóttur eftir úttekt Steindórs sýslumanns Finnssonar á húsum verslunarinnar á Eyrarbakka, sem varðveitt er í ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn (Rtk. 373.117). Afrit í eigu Byggðasafns Árnesinga.

25

**Sérheiti:** Húsið – tvö hesthús.

**Hlutverk:** Hesthús.

**Tegund:** Hús.

**Staðsetning:** A394118, N375236.

**Staðhættir:** „Guðmundur Guðmundsson kaupstjóri Kaupfélagsins Heklu, sem keypti eitur Eyrarbakka Eyrarbakka 1919, lét smíða nýverandi útihús.“ (Lýður Pálsson. 2001:5). Þessi hús standa enn norðaustan við Húsið [19]. „Austast þeirra er fjós með steinsteiptum veggjum og steiptum flór. Í miðinu er fjárhús, grindarhús úr timbri með bárujárni á veggjum og þaki. Vestast er skemma með afpiluðu dúfnalofti. Hún er einnig grindarhús klætt bárujárni.“ (Hjörleifur Stefánsson. 1993:43). Í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar sést að á þeim stað sem austustu útihúsin eru nú hafa staðið tvö hesthús sem voru sambyggð (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:4).

**Minjalýsing:** Þessum hesthúsum er lýst þannig í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar árið 1916:

I. Hesthús 3 x 10 [m], hæð 3 m með torf og grjóttveggjum, timburþak mjög gallað ...

K. Hesthús 4 x 10 [m], hæð 3 [m] ...

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:4).

**Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Hjörleifur Stefánsson. 1993. *Húsið Á Eyrarbakka. Frumáætlun um endurbætur*. Unnið fyrir Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.

Lýður Pálsson. 2001, síðast breytt. *Húsið*. Óútgefið handrit.

26

**Sérheiti:** Húsið – útihús.

**Hlutverk:** Útihús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:**

**Horfið:** Já.

**Heimildir:**

27

**Sérheiti:** Húsið – reykhus.

**Hlutverk:** Reykhús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394160, N375226.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á uppdrætti sem gerður var 1915 sést að lítið reykhus hefur staðið skammt frá norðausturhorni sambyggðu hesthúsanna, sem segja má að hafi verið




Mynd 9. Grunnur e.t.v. af einhverju útihúsana.

austustu útihúsin á lóðinni [25] (Sveinbjörn Ólafsson. 1915). Ekki er ólíklegt að dæld sem er í túninu um 8 m norðaustur af hlöðnum garði [43] sem er austan við útihúsin [25] sé ummerki um kofa þennan en heimildarmaður telur svo vera (Lýður Pálsson). Dældin er um 1,5 x 1,5 m að stærð og er algróin.

**Heimildarmaður:** Lýður Pálsson, 300666-2999. Ágúst 2008.

**Heimildir:**

Sveinbjörn Ólafsson. 1915. *Plan af Faktorbolig m/tilligg. Huse*. Uppdráttur í eigu Byggðasafns Árnesinga.



**Mynd 10.** Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

**28**

**Sérheiti:** Húsið – mjólkurhús.

**Hlutverk:** Mjólkurhús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394119, N375237.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** „Fleiri útihús voru kringum Húsið [19] fyrr á tímum. Samkvæmt uppdrætti frá 1915 og ljósmyndum teknum af Agnesi Lunn frá fyrsta áratug aldarinnar stóð þvottahús [30] með torfþaki við enda sjóvarnargarðsins austan við Húsið. Þaðan lá afrennsli í norður framhjá kanínugarðinum [41] og út á tún og endaði í dælu sem nú er þornuð. Áfast norðan við Assistentahúsið [39] var kamar. Fyrir norðan Assistentahúsið stóð Eggjaskúrinn [40] svokallaði þar sem Peter Nielsen faktor hafði aðstöðu fyrir áhugamál sitt sem voru rannsóknir á eggjum og fuglshömum. Við eggjaskúrinn var mjólkurhús [28]. Öll hafa þessi hús verið rifin ....“ (Lýður Pálsson. 2001:5).

**Minjalýsing:** Árið 1916 lýsti Eiríkur Gíslason skúr sem með hliðsjón af staðsetningu á uppdrætti í *Húsvirðingabók* hans hlýtur að hafa verið mjólkurhúsið (Lýður Pálsson): „D. Timburskúr gamall. 6 x 2,50 [m], vegg hæð 2 [m], ris 0,20 [m]. Klæðning einföld úr borðum. Notaður til geimslu.“ (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:4).

**Heimildarmaður:** Lýður Pálsson, 300666-2999.

**Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lýður Pálsson. 2001, síðast breytt. *Húsið*. Óútgefið handrit.

29

**Sérheiti:** Húsið – vagnskúr.

**Hlutverk:** Vagnskúr.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394118, N375249.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** „Samkvæmt uppdrætti frá 1915 stóðu vagnskúr, eldiviðargeymsla, fjós og hesthús [20] austan við kanínugarðinn [41] og reykhus [27] nokkru austar og sér enn móta fyrir grunni hans.“ (Lýður Pálsson. 2001:5).

**Minjalýsing:** Árið 1916 lýsti Eiríkur Gíslason skúr sem með hliðsjón af staðsetningu á uppdrætti í *Húsvirðingabók* hans hlýtur að hafa verið vagnskúrinn (Lýður Pálsson): „E. Timburskúr 7 x 2,50 [m]. V.h. [vegghæð] 2 [m], ris 1,50 [m] með borðaklæðningu að utan.“ (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:4). Engin ummerki eru um skúrinn.

**Heimildarmaður:** Lýður Pálsson, 300666-2999.

**Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lýður Pálsson. 2001, síðast breytt. *Húsið*. Óútgefið handrit.

30

**Sérheiti:** Húsið – þvottahús.

**Hlutverk:** Þvottahús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394112,  
N375222.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** „Fleiri útihús voru kringum Húsið [19] fyrr á tímum. Samkvæmt uppdrætti frá 1915 og ljósmyndum teknum af Agnesi Lunn frá fyrsta áratug aldarinnar stóð þvottahús [30] með torfbaki við enda sjóvarnargarðsins [324] austan við Húsið. Þaðan lá afrennsli í norður framhjá kanínugarðinum [41] og út á tún og endaði í dælu sem nú er þornuð.“ (Lýður Pálsson. 2001:5). Hugsanlegt er að hlaðna þróin [37] sem er austan við Húsið sé þetta afrennsli.



**Mynd 11.** Á myndinni sjást útihús að baki Hússins. Líklega þvottahúsið. Ljós. Bygg. Árn(Sjóminjasafnið Eyrarbakka.

**Minjalýsing:** Í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar er þvottahúsinu lýst þannig árið 1916: „L. Þvottahús 3,50 x 2,50 [m]. V.h. [vegghæð] 1,50 [m], ris 1 [m] með torf og grjótveggjum. Þak úr timbri og járn. Í því er þvottaeldstæði 50 kr. í góðu standi ...“ (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:4). Engin ummerki eru nú um þetta þvottahús á gróinni lóð Hússins.

**Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lýður Pálsson. 2001, síðast breytt. *Húsið*. Óútgefið handrit.

**31**

**Sérheiti:** Húsið – fuglahús.

**Hlutverk:** Fuglahús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394110, N375248.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** „Fyrir norðan Húsið er kanínugarðurinn [296] svokallaði, sérkenni-  
legur hlaðinn garður þar sem ræktaðar voru kanínur til manneldis á tíma Sylvíu  
og Guðmundar Thorgrímsens er garðurinn er sennilega hlaðinn á þeirra tíð  
[1847-1886]. Kanínugarðurinn hefur gegnt margþættu hlutverki í gegnum tíðina.  
Um 1890 var miðsvæðis í kanínugarðinum tvílyft hús í garðhúsastíl þar sem örn  
einn, sem Nielsen var að ala upp, hélt til ásamt fálkaungum, dúfum og fleiri  
fuglum.“ (Lýður Pálsson. 2001:4). „Peter Nielsen var verslunarstjóri við Lefolli-  
verslun á Eyrarbakka frá 1887 til 1910 og dvaldist á Eyrarbakka nær samfelld frá  
1872 til 1929.“ (Lýður Pálsson. 2001:11). Hann var þekktur fyrir ýmis konar  
náttúrufræðirannsóknir, sérstaklega þó fuglaathuganir (Lýður Pálsson. 2001:11).

**Minjalýsing:** Ekki sjást nein ummerki um þetta hús í dag

**Heimildir:**

Lýður Pálsson. 2001, síðast breytt. *Húsið*. Óútgefið handrit.

**32**

**Sérheiti:** Húsið – garðhýsi.

**Hlutverk:** Garðhýsi.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394076, N375222.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** „Grjótgarðurinn [42] fyrir framan Húsið [19] er sjóvarnargarður  
sem gerður var í kjölfar Básendaflóðsins árið 1799. Niels Lambertsen reisti þann  
garð. Fyrir aldamótin voru tvö [303] [304] garðhýsi í sitt hvoru horni garðsins  
eins og sjá má á ljósmyndum Oline Lefolli skömmu fyrir aldamót en samkvæmt

ljósmyndum Agnesar Lunn teknum nokkrum árum síðar virðast þau hafa staðið stuttan tíma því þá eru þau horfin.“ (Lýður Pálsson. 2001:4).

**Minjalýsing:** Í báðum hornum lóðarinnar sunnan við Húsið eru svolitlir, aflíðandi hólar. Vera má að þar hafi garðhýsin staðið, en ekki eru sjáanleg önnur ummerki sem benda til að séu leifar þeirra. GPS-hnit var tekið á hólnum í suðvesturhorni lóðarinnar.

**Heimildir:**

Lýður Pálsson. 2001, síðast breytt. *Húsið*. Óútgefið handrit.

**33**

**Sérheiti:** Húsið – garðhýsi.

**Hlutverk:** Garðhýsi.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394094, N375213.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** „Grjótgarðurinn [53] fyrir framan Húsið [19] er sjóvarnargarður sem gerður var í kjölfar Básendaflóðsins árið 1799. Niels Lambertsen reisti þann garð. Fyrir aldamótin voru tvö [303] [304] garðhýsi í sitt hvoru horni garðsins eins og sjá má á ljósmyndum Oline Lefolii skömmu fyrir aldamót en samkvæmt ljósmyndum Agnesar Lunn teknum nokkrum árum síðar virðast þau hafa staðið stuttan tíma því þá eru þau horfin.“ (Lýður Pálsson. 2001:4).

**Minjalýsing:** Í báðum hornum lóðarinnar sunnan við Húsið eru svolitlir, aflíðandi hólar. Vera má að þar hafi garðhýsin staðið, en ekki eru sjáanleg önnur ummerki sem benda til að séu leifar þeirra. GPS-hnit var tekið á hólnum í suðausturhorni lóðarinnar.

**Heimildir:**

Lýður Pálsson. 2001, síðast breytt. *Húsið*. Óútgefið handrit.

**34**

**Sérheiti:** Húsið - steinhleðsla.

**Hlutverk:** Hleðsla.

**Tegund:** Renna.

**Staðsetning:** A394095, N375226.

**Staðhættir:** Með fram suðurhlið Hússins [19] sést móta fyrir stétt. Þessi hleðsla fannst við fornleifauppgröft við Húsið í júlí 1995. „Dr. Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson fornleifafræðingur stjórnaði þá uppgreftri ásamt Ragnari Edvardssyni fornleifafræðingi. Niðurstöður þeirra voru þær að



**Mynd 12.** Pró til að veita vatni frá Húsinu sem grafín var upp árið 1995. Leifar af gólfi frá inngönguskúr sjást líka.



steinhleðslan meðfram suðurhlið Hússins gat verið stétt til að veita þakvatni frá Húsinu ....“ (Lýður Pálsson. 2001:3).

**Minjalýsing:** Stétt þessi er úr hraungrjóti og liggur alveg upp við suðurhlið Hússins. Alls er breidd hennar um 1,5 m, en næst húsinu er um 40 sm breið renna með steinum sitt hvoru megin sem standa ofar en aðrir hlutar stéttarinnar og er þessi hluti stéttarinnar alls um 60 sm

breiður. Við þessa hleðslu, fjær húsinu, er flöt steinhleðsla [34] sem talin er vera gólf inngönguskúrs sem þarna var.



**Mynd 13.** Dr. Vilhjálmur Örn og Ragnar Edvardsson grafa við Húsið.

#### Heimildir:

Lýður Pálsson. 2001, síðast breytt. *Húsið*. Óútgefið handrit.

#### 35

**Sérheiti:** Húsið - gólf.

**Hlutverk:** Gólf.

**Tegund:** Hleðsla.

**Staðsetning:** A394095, N375226.

**Staðhættir:** „Aðalinngangurinn í Húsið [19] var í fyrstu á suðurhlið og bar Húsið helstu einkenni danskrar húsagerðar. Var þá lítil inngönguskúr á suðurhliðinni miðri. Leifar af stétt, hraunhellur fyrir framan Húsið, komu í ljós í júlí 1995 þegar jarðvegur á lóð Hússins var fjarlægður. Einnig fundust steinhleðslur [36] við suðurgafi



**Mynd 14.** Líklegt gólf frá inngönguskúr við Húsið.

Assistentahússins [39] og suðurhlið og austurstafrn Hússins. Dr. Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson fornleifafræðingur stjórnaði þá uppgreftri ásamt Ragnari Edvaldssyni fornleifafræðingi. Niðurstöður þeirra voru þær að steinhleðslan meðfram suðurhlið Hússins gat verið stétt til að veita þakvatni frá Húsinu [34] og hraunhellur við miðja framhlið sennilega leifar gólfs að inngangi sem í upphafi var þar.“ (Lýður Pálsson. 2001:3).

**Minjalýsing:** Hleðsla þessi er um 3,5 m í NS og um 1,5 í AV og er sett saman úr nokkrum stórum hraunhellum, sem standa um 15 sm upp úr sverðinum.

**Heimildir:**

Lýður Pálsson. 2001, síðast breytt. *Húsið*. Óútgefið handrit.

**36**

**Sérheiti:** Húsið – undirstöður.

**Hlutverk:** Undirstöður.

**Tegund:** Hleðsla.

**Staðsetning:** A394092, N375236.

**Staðhættir:** Árið 1995 stjórnaði dr. Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson fornleifafræðingur uppgreftri ásamt Ragnari Edvardssyni fornleifafræðingi við Húsið [19]. Þá fundust steinhleðslur við suðurgafli Assistentahússins [39], sem taldar voru undirstöður timburstéttar sem þarna hefur verið (Lýður Pálsson. 2001:3).



**Mynd 15.** Hugsanlegar undirstöður við Húsið. Ljósmynd G.V.

**Minjalýsing:** Á þessu svæði eru nú timburstétt heim að aðaldyrum Hússins, en undir þeim eru steinhleðslurnar og hluti þeirra sést við vesturvegg hússins, á milli timburpallsins og Hússins. Þar sést að hleðslan er úr hraungrýti og stendur nú um 15 sm upp fyrir yfirborð.

**Heimildir:**

Lýður Pálsson. 2001, síðast breytt. *Húsið*. Óútgefið handrit.

**37**

**Sérheiti:** Húsið – tóft.

**Hlutverk:** Óþekkt/fjós.

**Tegund:** Hleðsla.

**Staðsetning:** A394111, N375230.

**Staðhættir:** Í úttekt frá árinu 1774 er lýst fjósi í lélegu ástandi, sem að öllum líkindum hefur staðið nálægt Húsinu [19] og tilheyrir því. Því er lýst þannig: „Een Stald af Tømmer Steen og Torv sammensadt Hvor udi Kand rømmes 8 Kiøe Her til rommelig Høe gaard með steen vegge [22]. Huset er aldeles unyttigt og staaer forfald saa at samme ikke Kand vurderes som bygning; dog anstaaes det for ... 2 rd.“ (*Taxations og Vurderingsforretningar over Handelhuse og Inventaries i Islands havne 1774*). Um 2 m frá austurvegg Hússins [19] er hleðsla úr hraungrýti sem væntanlega er ummerki um mannvirki sem þarna hefur staðið. Ekki hafa fundist

heimildir um hvað þarna hefur verið (Lýður Pálsson), en af ummerkjunum að dæmi gæti það hafa verið fjós.

**Minjalýsing:** Þróin er alls um 12 m löng og sveigir hún í norður þar sem hún er næst húsveggnum. Mjóst er þróin 25 sm breið næst húsinu en breiðust 80 sm fjærst því. Hún er um 15 sm djúp. Um 1 til 1,5 m norðan við þrónna er hleðsla sem er um 20 sm upp fyrir þróarbrúnina. Þessi hleðsla er um 1,20 m breið og um 8 m löng, en hún gæti verið



eitthvað umfangsmeiri því gróið er yfir hana að hluta. Við austurenda þróarinnar er steinsteyptur klumpur, 103 x 103 sm að stærð og um 10 sm hár. Hann stendur á hringlaga hleðslu úr hraungrýti, sem er um 2,5 m í þvermál. Ólíklegt er að þessi steypuklumpur tilheyri hleðslunni, því hún ber með sér að vera talsvert gömul. Mjög sterkar líkur eru á að þetta sér umrætt fjós sem hefur verið orðið lélegt árið 1774 og lýst er hér að ofan.

**Heimildarmaður:** Lýður Pálsson, 300666-2999.

38

**Sérheiti:** Assistentahúsið eldra.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394077, N375232.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Núverandi Assistentahús [39] var byggt árið 1881, en „[á] ljósmyndum sem teknar voru af Húsinu [19] árið



**Mynd 17.** Á ljósmyndinni sést gamla assistentahúsið. Ljósmynd af Héraðsskjalasafni Árneseinga.

1865 má sjá að á svipuðum stað og Assistentahúsið stendur nú eða aðeins norðar, stóð bygging með svipuðu lagi og Assistentahúsið en með sér inngönguskúr ... Vætanlega hefur þessi bygging vikið fyrir núverandi Assistentahúsi.“ (Lýður Pálsson. 2001:3).

**Minjalýsing:** „Heimildir er um skemmu á þeim stað eða líkum þeim, sem Assistentahúsið stendur nú og var lokið við smíði hennar á svipuðum tíma og Hússins [1765]. Skemman var gerð úr torfi og grjóti og mun hún hafa enst illa.

Var hún notuð sem íveruhús fyrir starfsfólk verslunarinnar auk þess að vera smávörubúð. Skemman var endurnýjuð árið 1787 og var þá sett á hana timburþak. Eftir endurbæturnar var hún nefnd verslunarskemma. Ekki er vitað nákvæmlega hvenær þarna reis timburhús, en á ljósmynd, sem varðveitt er í Héraðsskjalasafni Árnesinga sést Assistentahúsið og er það þá allt öðruvísi en það er nú.“ (Lilja Árnadóttir. 1989:42). Umrætt hús er því líklega fyrirrennari þess húss á sama stað.

Ekki verður betur séð en eftirfarandi lýsing frá árinu 1774 eigi við þessa skemmu: „Den ved Vaanings Huuset [19] værende Skiemme opbyggt 1766 er udi lægden 19 al Breeden inde vegge 5 ½ al og Høyden fra Ryggaasen 6 ½ al með Bræde Tag og der over lag af Torv.- Udi dets Øster Ende er en Kammer 8 al Lang indrettet til Arbeids Karlenes Vinter qvarter med 2de faste Sngestæder, fast Lofft og Bræde Gulv, samt Veggene Panelede og i Gavlen 2de Enkelte Vinduer með Engelske Rammer og Skuuder. Udi dette Kammer er atter en Afdeeling til Drengen með Sænge Stæd og et fag Viduer. Her Fore ere 2de Døre með Laase og Hængsler. Vester Ende er et Kammer 6 al Lang indvending panelet med fast Lofft og Bræde Gulv hvor udi et fag Vinduer med Engelske Rammer og Skudder. Dette Kand bruges til Kramboed om Vinteren. Lofttet er afdeelet i 2de dele, brugs til gjemme Stæder. Midt i Huset er en Skorsten oppmuuret til Taget og over ... en Røg Hatt af Bræder. Paa Husets nordre Siide er en Kielder af Steene, Tømmer og Torv. Hvor udi gemmes Victualier.“ (*Taxations og Vurderingsforretningar over Handelhuse og Inventaries i Islands havne 1774*).

#### **Heimildir:**

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Lýður Pálsson. 2001, síðast breytt. *Húsið. Óútgefið handrit.*

*Taxations og Vurderingsforretningar over Handelhuse og Inventaries i Islands havne 1774.* Skrifað upp af Hrefnu Róbertsdóttur eftir úttekt Steindórs sýslumanns Finnssonar á húsum verslunarinnar á Eyrarbakka, sem varðveitt er í ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn (Rtk. 373.117). Afrit í eigu Byggðasafns Árnesinga.

#### **39**

**Sérheiti:** Assistentahúsið.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Hús.

**Staðsetning:** A394077, N375232.

**Staðhættir:** „Áfast vestan við Húsið [19] er Assistentahúsið. Á milli þeirra er tengibygging sem skiptist í stigahús frá 1868 og tengigang frá 1881. Assistentahúsið var byggt árið 1881 og er 280 rúmmetrar að stærð. Assistentahúsið var

upphaflega aðsetur verslunarþjóna Lefolli-verslunarinnar. Á

ljósmyndum sem teknar voru af Húsinu árið 1865 má sjá að á svipuðum stað og Assistentahúsið stendur nú eða aðeins norðar, stóð bygging með svipuðu lagi og Assistentahúsið en með sér inngönguskúr [38] ... Væntanlega hefur þessi bygging vikið fyrir



núverandi Assistentahúsi.“ (Lýður Pálsson. 2001:3).

**Mynd 18.** Assistentahúsið við Húsið á Eyrarbakka.Ljósm GV.

**Minjalýsing:** „[Assistentahúsið] er timburhús, gert úr bindingsverki með láréttri vatnslæðningu utan á veggjum og er bárujárni á þaki. Húsið er ein hæð og ris. Tvö herbergi og eldhús eru á hæðinni og loft þar yfir með tveimur herbergjum. Á fjórða áratugnum var neðri hæð hússins múrhúðuð að innan.“ (Lilja Árnadóttir. 1989:39-42). Hörður Ágústsson segir húsið vera af yngri dansk-íslenskri gerð (Hörður Ágústsson. 2000:315).

Á uppdrætti frá árinu 1915 sést að kamar hefur verið áfastur við norðurgafli Assistentahússins (Sveinbjörn Ólafsson. 1915). Engin ummerki sjást um hann í dag, þar sem nú er malarborið plan á milli Assistentahússins og Eggjaskúrsins [40].

#### Heimildir:

Hörður Ágústsson. 2000. *Íslensk byggingararfleifð II. Varðveisluannáll 1863-1990. Verndunaróskir.* [Reykjavík:] Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Lýður Pálsson. 2001, síðast breytt. *Húsið.* Óútgefið handrit.

*Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna. Lög, reglugerðir og samþykktir. Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu 1750-1970.* 2000. Ritstjórn: Magnús Skúlason og Þorsteinn Gunnarsson. Texti: Guðmundur L. Hafsteinsson. Ritroð Húsafriðunarnefndar ríkisins. [Reykjavík:] Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Sveinbjörn Ólafsson. 1915. *Plan af Faktorbolig m/tilligg. Huse.* Uppdráttur í eigu Byggðasafns Árnesinga.

*Þjóðminjalög* nr. 52/1969.

#### 40

**Sérheiti:** Eggjaskúrin.

**Hlutverk:** Útihús.

**Tegund:** Hús.

**Staðsetning:** A394082, N375223.

**Staðhættir:** Árið 2001 skrifaði Lýður Pálsson: „Fleiri útihús voru kringum Húsið [19] fyrr á tímum. Samkvæmt uppdrætti frá 1915 og ljósmyndum teknum af Agnesi Lunn frá fyrsta áratug aldarinnar stóð þvottahús [30] með torfpaki við enda sjóvarnargarðsins [324] austan við Húsið. ... Áfast norðan við Assistentahúsið [39] var kamar. Fyrir norðan Assistentahúsið stóð Eggjaskúrinn svokallaði þar sem Peter Nielsen faktor hafði aðstöðu



**Mynd 20.** Eggjaskúrinn endurbyggður á gömlum hleðslum við Húsið. Ljósmynd: Ljósm GV.

fyrir áhugamál sitt sem voru rannsóknir á eggjum og fuglshömum. Við eggjaskúrinn var mjólkurhús [28]. Öll hafa þessi hús verið rifin en grunnur Eggjaskúrsins er þó vel merkjanlegur.“ (Lýður Pálsson. 2001. *Húsið*:5). „Lítið er í sjálfu sér vitað um sögu Eggjaskúrsins þó mikið sé til af ritum, greinum og handritum sem rekja má til rannsókna í skúrnum. Byggingaár er óþekkt. Á ljósmyndum Sigfúsar Eymundssonar sem teknar voru 1884 eða 1886 gefur að líta skúr á einni hæð, þakið er rislaust og skúrinn ekki eins veglegur og sjá má á ljósmyndum teknum síðar. Á myndum teknum eftir aldamótin 1900 er komið annað hús og veglegra sem kallaðist Eggjaskúrinn, e.t.v. sami skúr eftir veglega viðgerð.“



**Mynd 19.** Hinn upprunalegi Eggjaskúr og Peter Nilsen. BÁM 1958:216. Ljósmynd í eigu Byggðasafns Árnesinga. Ljósmyndari: Agnes Lunn.

(Lýður Pálsson. 2001. *Eggjaskúrinn* ...:[3]). Haustið 1926 var Eggjaskúrinn fluttur að Ölfusárbrú þegar Kaupfélagið Hekla fór að byggja upp verslun á Selfossi. Þar fékk Eggjaskúrinn heitið „gæruskúr“. Hann var rifinn til grunna um 1960. Hann stóð þar sem verslunin Krónan á Selfossi var til húsa árið 2006, rétt fyrir vestan Ráðhúsið (Lýður Pálsson. 2001. *Eggjaskúrinn* ...:[4-5]). Árið 2003 var hafist handa við að byggja nýjan Eggjaskúr á sökkinum sem hann hafði upprunalega staðið á. Byrjað var á því að hreinsa ofan af upphaflega sökkinum (Lýður Pálsson. 2004:8). „Í ljós kom vel hlaðinn kjallari og með gólfi hlöðnu tígulsteinum. Töluvert af athyglisverðum gripum fundust í jarðvegi þeim sem fjarlægður var úr sökkinum og kjallaranum. Virðist sem hann hafi á sínum tíma verið fylltur af margvíslegu skrani og þykja þeir nú hinir merkustu gripir.“ (Lýður Pálsson. 2004:8). Árið eftir lauk smíði skúrsins og var hann vígður 17. október 2004 (Lýður Pálsson. 2005:7). Aftur var gerð rannsókn á gólfi Eggjaskúrsins í lok

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

79

**Sérheiti:** Garðbær (Garðhús II/Frímannshús/Guðmundarhús).

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Hús.

**Staðsetning:** A394128, N375202.

**Staðhættir:** Garðbær (Garðhús II/Frímannshús/Guðmundarhús) stendur rétt norðan við Garðbæ (Garðhús/ Jónasarhús) [81], vestan við tún Hússins [19]. Suðaustur af Garðbæ (Garðhúsum II/ Frímannshúsi/Guðmundarhúsi) stendur húsið Garðbær (Sjónarhóll) [84]. Það er nr. 46 B við Eyrargötu. Heimildum ber ekki saman um byggingarár hússins, byggt árið



**Mynd 33.** Garðbær hefur líka verið kallað Garðhús II/ Frímannshús/Guðmundarhús. Ljósmynd. GV.

1898. Upphaflega stóð húsið einni húsbreidd sunnar en nú, því um 1990 var nýr grunnur steypdur undir húsið og það flutt af gamla kartöflukjallaranum [80], sem engin merki eru um. (Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags.; Lilja Árnadóttir. 1989:35). Húsið er notað til íbúðar í dag (2007).

**Minjalýsing:** Garðbær (Garðhús II/Frímannshús/ Guðmundarhús) er timburhús á tveimur hæðum með lágu risi. Nafnabreytingar eru hugsanlega vegna þessa að þetta hættu að vera bæir og urðu timburhús (Inga Lára Baldvinsdóttir 2015) Í dag er það bárujárnsklætt, en á ljósmynd frá 1911 sést að í upphafi hefur það verið klætt pappa og listum (Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags.). Árið 1916 lýsti Eiríkur Gíslason húsinu þannig:

66 Garðbær Haraldur Blöndal Eigandi Ingibjörg Jónsdóttir  
Timburhús tvílyft 7,7 x 4. hæð 3,7  
járn á þaki pappi á veggjum  
grjótveggur að hálfu á 2 kanta gafl og hlið  
klætt undir járn á þaki  
Niðri eldhús og gangur þiljuð  
og geimsla óþiljuð  
Uppi 3 íbúðarherbergi  
1 eldavjel 50 [kr.] 1 ofn 40 kr.  
Leirrör  
114 ten. m. á 13.50. Kr. 1550

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:66).

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Landskrá fasteigna. Eyrargata 46 b, Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 23. júlí 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1077060&landnr=165954&streetname=Eyrargata46b&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg>.

Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Garðhús II – Frímannshús – Guðmundarhús – Eyrargata 46 B*. Sótt 23. júlí 2007 af <http://eyrabakki.is/default2.asp?Docid=384&RevID=359&Tpl=1Template1.asp>.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

### 80

**Sérheiti:** Garðbær (Garðhús II/Frímannshús/Guðmundarhús)

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðsetning** :A394128, N375202.



**Staðhættir:** Garðbær (Garðhús II/ Frímannahús/Guðmundarhús) stendur rétt norðan við Garðbær (Garðhús/Jónasarhús) [81], vestan við tún Hússins [19]. Suðaustur af Garðbæ (Garðhúsum II/Frímannahúsi/Guðmundarhúsi) stendur húsið Garðbær (Sjónarhóll) [84]. Það er nr. 46 B við Eyrargötu. Heimildum ber ekki saman um



byggingarár hússins, það er ýmist sagt byggt árið 1898 eða 1901 (Lilja

**Mynd 34.** Garðbær (Garðhús/Jónasarhús). *Ljóm.GV.*

Árnadóttir. 1989:35; Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí; Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags.). Upphaflega stóð húsið einni húsbreidd sunnar en nú, því um 1990 var nýr grunnur steypdur undir húsið og það flutt af gamla kartöflukjallaranum (Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags.; Lilja Árnadóttir. 1989:35). Húsið er notað til íbúðar í dag (2007).

**Minjalýsing:** Á milli húsanna Garðbæjar (Garðhúsum II/Frímannahús/Guðmundarhúsum) [80] og Garðbæjar (Garðhúsum/Jónasarhúsum) [81] er einungis húsbreidd fyrra hússins. Þar er nú slétt garðflöt og engin merki um húsgrunninn að sjá, en hann var ekki grunnur heldur einföld steinaröð.

#### **Heimildir:**

Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Landskrá fasteigna. Eyrargata 46 b, Sveitarfélagið Árborg.* Sótt 23. júlí 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitnr=1077060&landnr=165954&streetname=>

[Eyrargata46b&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg](http://www.fmr.is/?pageid=313&heitnr=1077060&landnr=165954&streetname=Eyrargata46b&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg).

Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Garðhús II – Frímannahús – Guðmundarhús – Eyrargata 46 B.* Sótt 23. júlí 2007 af <http://eyrarbakki.is/default2.asp?Docid=384&RevID=359&Tpl=1Template1.asp>.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

#### **81**

**Sérheiti:** Garðbær (Garðhús/Jónasarhús).


**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Hús.

**Staðsetning:** A394116, N375190.

### Staðhættir: Garðbær

(Garðhús/Jónasarhús) er hús nr. 46 A við Eyrargötu. Húsið var byggt árið 1895. „Nafn hússins hefur sveiflast á milli þess að vera Garðbær og Garðhús í manntölum og opinberum gögnum. Um tíma var það nefnt Jónasarhús eftir fyrsta eiganda sínum til aðgreiningar frá öðrum Garðbæjum eða Garðhúsum. Fyrir rúmum hundrað árum var



það uppefnt Skakkur vegna þess að húsið þótti standa skakkt við götuna.“ (Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Garðhús - Eyrargata 46 A*). Húsið stendur rétt suður af Garðbæ (Garðhúsum II/ Frímannshúsi/Guðmundarhúsi) [79] og rétt vestur af Garðbæ (Sjónarhóli) [84] þar sem lengi var starfrækt verslun Guðlaugs Pálssonar. Húsið stendur um 5 m austur af tóft Garðshlöðunnar [47]. Garðbær (Garðhús/Jónasarhús) stendur enn og er nýtt sem íbúðarhús.

Mynd 35. Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

Þegar stór jarðskjálfti reið yfir Suðurland 1896 eru 24 bæjarhús [85] [81] [82] [84] [86] [50] [51] [52] [53] [54] [55] [56] [57] [58] [59] [60] [61] [62] [64] [65] [66] [67] [68] og 9 peningshús [69] [70] [71] [72] [73] [74] [75] [83] [87] talin til Garðbæjar. Tvö bæjarhúsanna skemmdust mjög mikið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184). Þá var þetta hús nýbyggt og hugsanlega hefur það verið eitt þeirra húsa sem ekki varð fyrir miklum skemmdum, en þetta hús og Garðbær (Sjónarhóll) [84], sem byggt var árið 1887 (Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags. - *Garðbær - Kirkjustræti 6 - Eyrargata 46*) eru einu húsin sem þekkjast undir þessu nafni í dag sem geta hafa staðið skjálftann af sér.

**Minjalýsing:** Garðbær er timburhús með portbyggðu risi. Nú er húsið bárujárnsklætt, en fyrstu árin var það einungis klætt með pappa og listum (Lilja Árnadóttir. 1989:34-35).

**Minjalýsing:** Garðbær er timburhús með portbyggðu risi. Nú er húsið bárujárnsklætt, en fyrstu árin var það einungis klætt með pappa og listum (Lilja Árnadóttir. 1989:34-35).

Eiríkur Gíslason lýsti húsinu þannig í *Húsvirðingabók sinni*:

65 Garðbær Jónas Einarsson  
A Timburhús 5,7 x 4,5 vegg. 2,5 ris 1,5  
Járnþak járnklæddir veggir nema vesturgafi  
Niðri 1 herbergi og eldhús  
Uppi geimsluoft járn á rimlum  
1 eldavjel 50 kr.  
Leirrör  
81 ten. m. 15 kr.  
B Skúr 5,7 x 3,7. hæð 2,3.  
járn á rimlum á þaki. borðaklætt og pappi veggir


1210

þiljað herbergi í öðrum enda  
óþiljaður partur í hinum

48 ten m á 8 kr. 380  
129 ten m als = 1590

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:65).

Hörður Ágústsson segir húsið vera í íslenskum sveiserstíl og sé ástæða til að varðveita það (Hörður Ágústsson. 2000:359). Því eru þær Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir sammála, sérstaklega með tilliti til þess að Garðbær (Garðhús/Jónasarhús) stendur í næsta nágrenni við Húsið [19] og sé því hluti af mikilvægri heild (Inga Lára



Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Garðhús - Eyrargata 46 A*).

**Mynd 36.** Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Hörður Ágústsson. 2000. *Íslensk byggingararfleifð II. Varðveislunnáall 1863-1990. Verndunaróskir*. [Reykjavík:] Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Garðhús - Eyrargata 46 A*. Sótt 23. júlí 2007 af <http://eyrarbakki.is/default2.asp?Docid=382&RevID=357&Tpl=1Template1.asp>.

Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Sjónarhóll - Garðbær - Kirkjustræti 6 - Eyrargata 46*. Sótt 31. maí af <http://eyrarbakki.is/default2.asp?Docid=235&RevID=226&Tpl=1Template1.asp>.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

82

**Sérheiti:** Garðbær (Pétursbær/Halldórsbær).

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394128, N375202.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1901 sést að þau hús sem þá stóðu á landi Skúmsstaða voru 40 talsins. Meðal þeirra var Garðbær (Pétursbær/Halldórsbær). Húsið stóð á lóð NA við húsið Garðbæ (Garðhús II/Frímannshús/ Guðmundarhús) [79], austan við tún Hússins [19] (Lilja Árnadóttir. 1989:Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901). Á korti af Eyrarbakka frá 1930 sést hús þetta (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931). Húsið sést einnig í bókinni *Margur í sandinn hér markaði slóð*, sem tekin var árið 1899. Þar er húsið kallað Halldórsbær, en auðséð er að um sama hús er um að ræða (Inga Lára Baldvinsdóttir. [1998.]:9 og 112). Á ljósmynd, sem tekin var um 1910, sést að húsið hefur staðið alveg við hlið Garðbæjar (Garðhús II/Frímannshús/ Guðmundarhús) [79], sem þá stóð á sínum upprunalega kjallara [80] og hefur því staðið því sem næst þar sem Garðbær (Garðhús II/Frímannshús/ Guðmundarhús) stendur nú [79] (BÁM 1958:198).

Á þessu svæði er í dag nokkuð ójöfn grasflöt sem gæti gefið til kynna að grunnt sé niður á minjar, engar minjar eru þó sjáanlegar á yfirborði.

Þegar stór jarðskjálfti reið yfir Suðurland 1896 eru 24 bæjarhús [85] [81] [82] [84] [86] [50] [51] [52] [53] [54] [55] [56] [57] [58] [59] [60] [61] [62] [64] [65] [66] [67] [68] og 9 peningshús [69] [70] [71] [72] [73] [74] [75] [83] [87] talin til Garðbæjar. Tvö bæjarhúsanna skemmdust mjög mikið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184). Vísast hefur Garðbær (Pétursbær/Halldórsbær) verið eitt þessara bæjarhúsa.

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsir húsinu þannig í *Húsvirðingabók* sinni árið 1916:

62 Garðbær Pjetur ... kennari	
A Timburhús 7,5 x 4. vegg. 2,7 ris 1	
Járnlætt rimlar á þaki	
borðaklæðning á veggjum ekkert loft.	
2 herbergi og eldhús	
1 eldavjel 50 kr.	
Sementsrör kjallari úr grjóti og steypu	
<u>96 □ m á 21 kr.</u>	2000
B Geimsluskúr 7,5 x 3. hæð 2,5	
Rimlar undir járn á þaki 22 □ m ...	
borðaklæddir veggir með gömlu undirjárn	
þiljaður eftir endilöngu í gang með trjgólfi ...	
og geimslu gólflausu, 5 skilrúm 15 □ m ...	
<u>56 á 8 kr</u>	300
<u>C Kofi á</u>	10
	= 2310

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:62). Samkvæmt teikningu í bók Eiríks var geymsluskúrinn sambyggður íbúðarhúsinu, en kofinn stóð um 14 m norðaustan við húsið [83]. Þar sem húsið hefur staðið á lóðamörkum Garðbæjar (Garðhús II/Frímannshús/Guðmundarhús) og hússins nr. 57 B við Túngötu sjást engar minjar um húsið.

**Heimildir:**

BÁM 1958:198. Ljósmynd í eigu Byggðasafns Árnesinga. Ljósmyndari: Agnes Lunn.

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Inga Lára Baldvinsdóttir. [1998.] *Margur í sandinn hér markaði slóð. Eyrarbyggahreppur 1897-1998*. [Eyrarbakki: Eyrarbyggahreppur.]

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

### 83

**Sérheiti:** Garðbær (Pétursbær/Halldórsbær) - kofi.


**Hlutverk:** Útihús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394147, N375249.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1901 sést að þau hús sem þá stóðu á landi Skúmsstaða voru 40 talsins. Meðal þeirra var Garðbær (Pétursbær/Halldórsbær) [82]. Húsið stóð á lóð NA við húsið Garðbær



Mynd 37. Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

(Garðhús II/Frímannshús/ Guðmundarhús) [79], austan við tún Hússins [19] (Lilja Árnadóttir. 1989:Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901). Á korti sem sýna hús árið 1920 sést að þetta hús er ekki lengur til staðar (Lilja Árnadóttir. 1989: Kort:Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1920).

Þegar stór jarðskjálfti reið yfir Suðurland 1896 eru 24 bæjarhús [85] [81] [82] [84] [86] [50][51][52][53][54] [55] [56] [57] [58] [59] [60] [61] [62] [64] [65] [66] [67] [68] og 9 peningshús [69] [70] [71] [72] [73] [74] [75] [83] [87] talin til Garðbæjar. Tvö bæjarhúsanna skemmdust mjög mikið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184). Vísast hefur Garðbær (Pétursbær/Halldórsbær) [82] verið eitt þessara bæjarhúsa.

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsir húsinu þannig í *Húsvirðingabók* sinni árið 1916:

- 62 Garðbær Pjetur ... kennari
- A Timburhús 7,5 x 4. vegg. 2,7 ris 1
- Járnklætt rimlar á þaki
- borðaklæðning á veggjum ekkert loft.
- 2 herbergi og eldhús
- 1 eldavjel 50 kr.

Sementsrör kjallari úr grjóti og steypu <u>96 □ m á 21 kr.</u>	2000
B Geimsluskúr 7,5 x 3. hæð 2,5 Rimlar undir jární á þaki 22 □ m ... borðaklæddir veggir með gömlu undirjární þiljaður eftir endilöngu í gang með trjgólfi ... og geimslu gólflausu, 5 skilrúm 15 □ m ...	
<u>56 á 8 kr</u>	300
<u>C Kofi á</u>	10
	= 2310

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:62). Samkvæmt teikningu í bók Eiríks var geymsluskúrinn sambyggður íbúðarhúsinu, en kofinn stóð um 14 m norðaustan við húsið. Þar sem kofinn hefur staðið er nú líklega innkeyrsla eða lóð húss nr. 57 B (Garðbæjar 4) við Túngötu og engin ummerki eru um hann.

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

### 84

**Sérheiti:** Garðbær (Sjónarhóll).

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Hús.


**Staðsetning:** A394122, N375176.

**Staðhættir:** Hús þetta stendur við Eyrargötu er skráð nr. 46, þétt vestan við Garðbæ (Garðhús/Jónasarhús) [81] og þétt austan við Ingólf [90]. Í því er ekki búið í dag, en árið 1887 byggði Þórdís Símonardóttir ljósmóðir það sem íbúðarhús auk þess sem hún rak þar saumaverkstæði og kenndi karlmannafatasaum (Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Sjónarhóll - Garðbær - Kirkjustræti 6 - Eyrargata 46*). „... lengst hefur [húsið] gengið undir nafninu Sjónarhóll, það nafn kemur fyrst fram í manntali árið 1904 (Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Sjónarhóll - Garðbær - Kirkjustræti 6 - Eyrargata 46*).



**Mynd 38.** Garðbær eða Sjónarhóll er þekktast undir nafninu *Veslun Guðlaugs Pálssonar*. *Ljósm GV*.

Þegar stór jarðskjálfti reið yfir Suðurland 1896 eru 24 bæjarhús [85] [81] [82] [84] [86] [50] [51][52][53][54] [55] [56] [57][58][59] [60] [61][62] [64] [65] [66][67][68] og 9 peningshús [69] [70] [71] [72] [73] [74] [75] [83] [87] talin til Garðbæjar. Tvö bæjarhúsanna skemmdust mjög mikið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184). Þetta hús og Garðbær (Garðhús/Jónasarhús [81], sem byggt var árið fyrir skjálftann (Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Garðhús - Eyrargata 46 A*), eru einu húsin sem þekkjast undir þessu nafni í dag sem geta hafa staðið skjálftann af sér.



Mynd 39. Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

**Minjalýsing:** Þegar húsið var byggt árið 1887 var það „... einlyft timburhús með liggjandi klæðningu og bárujárnþaki á steinhlöðnum kjallara.“ (Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Sjónarhóll - Garðbær - Kirkjustræti 6 - Eyrargata 46*).

Eiríkur Gíslason lýsir húsinu þannig árið 1916:

70 Sjónarhóll Sigurður Ísleifsson	
A Timburhús 5,8 x 4,5 vegg. 2,7 ris 2	
brotið þak járnklætt	
niðri 2 herbergi og gangur	
Uppi þiljað 2 herbergi	
2 ofnar 25 kr. ...	
borðaklætt alt utan	
<u>104 ten m 20 kr 50</u>	2100
B Skúr við norðurhl. 5,8 x 2,3 hæð 2,5	
þiljaður innan í eldh. og gang	
járnþak á rimlum	
borðaklæðning á veggjum	
1 eldavjel 50	
<u>33 ten m 12 kr.</u>	400
	2500

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:71). Og hann bætir við árið 1919:

178, Sjónarhóll Guðlaugur kaupmaður áður Nr 70  
Húsinu breitt að innan  
Niðri í verslunarbúð og 1 herbergi í skúrnum er áður var eldhús  
Virt nú á Kr. 9000.oo

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:178).

Húsið hefur oft verið breytt í tímans rás, bætt við það og tekið af því, þannig að um miðbik síðustu aldar var það kassalaga tvílyft hús með lágu þaki. Um 1960

var húsið múrhúðað að utan. Líklega er húsið þekktast fyrir að þar rak Guðlaugur Pálsson verslun frá árinu 1919 til dánardags árið 1993. Á árunum 1998 til 1999 var húsið fært í það horf sem það var í þegar Guðlaugur hóf verslunarrekstur í því (Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Sjónarhóll - Garðbær - Kirkjustræti 6 - Eyrargata 46*; Guðlaugur Pálsson. Minning. 1993, 29. desember).

#### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Guðlaugur Pálsson. Minning. 1993, 29. desember. *Morgunblaðið*. Sótt 31. júlí 2007 af [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=119696;minningar=1](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=119696;minningar=1).

Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Garðhús - Eyrargata 46 A*. Sótt 23. júlí 2007 af <http://eyrarbakki.is/default2.asp?Docid=382&RevID=357&Tpl=1Template1.asp>.

Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Sjónarhóll - Garðbær - Kirkjustræti 6 - Eyrargata 46*. Sótt 31. maí af <http://eyrarbakki.is/default2.asp?Docid=235&RevID=226&Tpl=1Template1.asp>.

#### 85

**Sérheiti:** Garðbær Ingvars Friðrikssonar (Ingvarsbær).

**Hlutverk:** Bústaður.


**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394092, N375186.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1901 sést að þau hús sem þá stóðu á landi Skúmsstaða voru 40 talsins. Meðal þeirra var Garðbær Ingvars

Friðrikssonar (Ingvarsbær) og virðist hann enn hafa staðið árið 1920. Vék þegar fólkið flutti yfir í Garðbæ. Bærinn stóð vestan við Fjölni [110] og austan við Ísaksbæ (Ísakshús) [108], sunnan við Eyrargötu gegnt tóftum Garðshlöðunnar [47] (Lilja Árnadóttir. 1989: Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901; Lilja Árnadóttir. 1989: Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1920). Á þessum stað stendur nú húsið Garðbær II, sem byggt var árið 1927 (Lilja Árnadóttir. 1989:34).



**Mynd 40.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.



Þegar stór jarðskjálfti reið yfir Suðurland 1896 eru 24 bæjarhús [85] [81] [82] [84] [86] [50] [51] [52] [53] [54] [55] [56] [57] [58] [59] [60] [61] [62] [64] [65] [66] [67] [68] og 9 peningshús [69] [70] [71] [72] [73] [74] [75] [83] [87] talin til Garðbæjar. Tvö bæjarhúsanna skemmdust mjög mikið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184). Ekki er ósennilegt að Garðbær Ingvars Friðrikssonar (Ingvarsbær) hafi verið eitt þessara bæjarhúsa, þó ekki sé hægt að segja um það með fullri vissu.

**Minjalýsing:** Húsinu er þannig lýst í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar árið 1916:

55 Garðbær Ingvar Friðriksson beikir.  
 Timburhús 7,5 x 4,8 veggh. 1,2 ris 2,8  
 Alt járnlætt þiljað innan.  
 Skipt í 2 herbergi og eldhús  
 uppi geimsla  
 Kjallari hlaðinn úr grjóti.  
 93 ten m á 18 kr. = Kr. 1670.

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:55).

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

86

**Sérheiti:** Garðbær. Tótubær.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.


**Staðsetning:** A394139, N375181.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar er húsi í eigu Ólafs Ólafssonar lýst, sem nefnt er Garðbær eða Tótubær (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:68).

Þegar stór jarðskjálfti reið yfir Suðurland 1896 eru 24 bæjarhús [85] [81] [82] [84] [86] [50] [51] [52] [53] [54] [55] [56] [57] [58] [59] [60] [61] [62] [70] [64] [65] [66] [67] [68] og

9 peningshús [69] [70] [71] [72] [73] [74] [75] [83] [87] talin til Garðbæjar. Tvö bæjarhúsanna skemmdust mjög mikið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184). Ekki er ósennilegt að Garðbær Ólafs Ólafssonar hafi verið eitt þessara bæjarhúsa, þó ekki sé hægt að segja um það með fullri vissu. Ekki verður betur séð en hús þetta sé sýnt á korti af Eyrarbakka árið 1930 (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson.



**Mynd 41.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

1930-1931). Bærinn hefur staðið þar sem húsið nr. 57 B við Túngötu (Garðbær 4) stendur nú. Það hús var byggt árið 1970 (Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí).

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsir húsinu þannig í *Húsvirðingabók* sinni árið 1916:

68 Garðbær Ólafur Ólafsson	
A Timburhús 5,5 veggh 2,5 ris ...	
járnþak á rimlum þappakl. veggir	
1 íbúðarherbergi og eldhús	
1 eldavjel 20 kr.	
Leirrör	
<u>50 [ten.m. x ] 8 kr.</u>	400
B Skúr 3,7 x 2,5. hæð 2.	
járnklæddur allur. rimlar undir	
1 herbergi og gangur þiljaður innan	
<u>18 ten m 16 kr. rúml</u>	300
C. Kofi 2 x 2,5	
Torf og raftur	10
	710

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:68). Á teikningu í bókinni sést að skúrin var sambyggður húsinu, en kofinn ekki [87], en ekki er vitað hvar hann stóð (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:68). Engar minjar eru sjáanlegar um bæinn í dag (2007).

#### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Landskrá fasteigna. Garðbær 4 Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 15. ágúst 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1077057&landnr=165951&street name=>

Gar%C3%B0b%C3%A6r%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%204&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%20%81rborg.

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

87

**Sérheiti:** Garðbær Ólafs Ólafssonar - kofi.


**Hlutverk:** Útihús.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar er húsi í eigu Ólafs Ólafssonar lýst, sem nefnt er Garðbær.

Þegar stór jarðskjálfti reið yfir Suðurland 1896 eru 24 bæjarhús [85] [81] [82] [84] [86] [50] [51] [52] [53] [54] [55] [56] [57] [58] [59] [60] [61] [62] [64] [65] [66] [67] [68] og 9 peningshús [69] [70] [71] [72] [73] [74] [75] [83] [87] talin til Garðbæjar. Tvö bæjarhúsanna skemmdust mjög mikið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184). Ekki er ósennilegt að Garðbær Ólafs Ólafssonar hafi verið eitt þessara bæjarhúsa, þó ekki sé hægt að segja um það með fullri vissu.



**Mynd 42.** Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsir húsinu þannig í *Húsvirðingabók* sinni árið 1916:

68 Garðbær Ólafur Ólafsson	
A Timburhús 5,5 veggh 2,5 ris ...	
járnþak á rimlum pappakl. veggir	
1 íbúðarherbergi og eldhús	
1 eldavjel 20 kr.	
Leirrör	
<u>50 [ten.m. x] 8 kr.</u>	400
B Skúr 3,7 x 2,5. hæð 2.	
járnklæddur allur. rimlar undir	
1 herbergi og gangur þiljaður innan	
<u>18 ten m 16 kr. rúml</u>	300
C. Kofi 2 x 2,5	
<u>Torf og raftur</u>	10
	710

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:68). Á teikningu í bókinni sést að skúrin var sambyggður húsinu, en kofinn ekki [87], en ekki er vitað hvar hann stóð (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:68).

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

88

**Sérheiti:** Ingólfur - íbúðarhús.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Hús.

**Staðsetning:** A394130, N375164.


**Staðhættir:** Íbúðarhúsið Ingólfur var byggt árið 1891. Það er byggt á grunni annars húss sem bar sama nafn, sem brann árið 1887 [90] (Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsa* á Eyrarbakka. Ingólfur –



**Mynd 43.** Húsið Ingólfur. Ljósmynd GV.

Eyrargata 44 A). Hús þetta stendur enn og er nýtt sem íbúðarhús. Það stendur við Eyrargötu og er nr. 44 A.

**Minjalýsing:** „Þorkell Hreinsson fyrsti eigandi Ingólfs var smiður og fullvíst má telja að hann hafi sjálfur byggt húsið. Húsinu er svo lýst nýbyggðu í virðingargjörð til húsaskatts: „Húsið er á lengd: 12 ál, á breidd: 8 ál, byggt af timbri með járnþaki, og jární á austurhlið hússins, að nokkru innrjettað.“



**Mynd 44.** Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

(Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Ingólfur – Eyrargata 44 A*). Eiríkur Gíslason lýsir húsinu þannig í *Húsvirðingabók* sinni árið 1916:

69 Ingólfur Þorkell Þorkelsson.	
A Timburhús 7,6 x 5,6 vegg 2,2 ris 2,5	
Niðri 2 herb. og eldhús	
Uppi 2 íbúðarherbergi	
1 eldavjel 40	
2 ofnar 30 kr.	
<u>165 ten m 18 kr. tæpl.</u>	2900
B. Skúr 7,6 x 2 hæð 2,5	
1 herbergi og gangur þiljað	
óþiljuð geimsla	
<u>38 ten m. 10 kr.</u>	400
C Hlaða 7,5 x 6 vegg 1 ris 2	
102 □ m á 6 kr.	
<u>90 ten m á 5,50...</u>	600
	<b>3900</b>

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:69).

Skúrinn var áfastur íbúðarhúsinu, en ekki sést hvar hlaðan [89] hefur staðið. „Símstöð fyrir Eyrarbakka var rekin í húsinu í tvo áratugi frá 1918 til 1938. Oddur Oddson gullsmiður var með verkstæði í skúrbyggingunni á sama tímabili.“ (Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Ingólfur – Eyrargata 44 A*). Nú er húsið klætt bárujárni, en á sjötta áratug síðustu aldar var húsið forskalað. Forskalningin var tekin af húsinu um 1990 um leið og gluggaskipan var færð til eldra horfs (Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Ingólfur – Eyrargata 44 A*).

#### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Ingólfur – Eyrargata 44 A.* Sótt 2. júlí 2007 af <http://eyrarbakki.is/default2.asp?Docid=393&RevID=368&Tpl=1Template1.asp>.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

89

**Sérheiti:** Ingólfur – íbúðarhús - hlaða.

**Hlutverk:** Hlaða.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Íbúðarhúsið Ingólfur [88] var byggt árið 1891. Það er byggt á grunni annars húss sem bar sama nafn, sem brann árið 1887 [90] (Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Ingólfur – Eyrargata 44 A*). Hús þetta stendur enn og er nýtt sem íbúðarhús. Það stendur við Eyrargötu og er nr. 44 A.

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsir húsinu þannig í *Húsvirðingabók* sinni árið 1916:


69 Ingólfur Þorkell Þorkelsson.	
A Timburhús 7,6 x 5,6 veggh 2,2 ris 2,5	
Niðri 2 herb. og eldhús	
Uppi 2 íbúðarherbergi	
1 eldavjel 40	
2 ofnar 30 kr.	
<u>165 ten m 18 kr. tæpl.</u>	2900
B. Skúr 7,6 x 2 hæð 2,5	
1 herbergi og gangur þiljað	
óþiljuð geimsla	
<u>38 ten m. 10 kr.</u>	400
C Hlaða 7,5 x 6 veggh. 1 ris 2	
102 □ m á 6 kr.	
<u>90 ten m á 5,50 ...</u>	600
	3900

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:69). Skúrin var áfastur íbúðarhúsinu, en ekki sést hvar hlaðan [89] hefur staðið.

**Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Ingólfur – Eyrargata 44 A.* Sótt 2. júlí 2007 af <http://eyrarbakki.is/default2.asp?Docid=393&RevID=368&Tpl=1Template1.asp>.



**Mynd 45.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

90

**Sérheiti:** Ingólfur - veitingahús.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394130, N375164.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Sögu Eyrarbakka* er sagt frá því að um 1878 hafi Jacobsen veitingamaður byggt íbúðar- og veitingahúsið Ingólf, „... [e]n hvorugt varð langlíft, húsið eða eigandi þess.“ (Vigfús Guðmundsson. 1949:199). Hús það sem nú (2007) kallast Ingólfur [88] var reist á grunni þessa húss árið 1891 (Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Ingólfur – Eyrargata 44 A*).

**Minjalýsing:** „[Ingólfur] var veitingahús, portbyggt timburhús með kvisti á suðurhlíð, reist nálægt 1879. Íbúð var í risi. ... það brann til kaldra kola haustið 1887.“ (Lilja Árnadóttir. 1989:44).

**Heimildir:**

Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Ingólfur – Eyrargata 44 A*. Sótt 2. júlí 2007 af <http://eyrarbakki.is/default2.asp?Docid=393&RevID=368&Tpl=1Template1.asp>.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Vigfús Guðmundsson. 1949. *Saga Eyrarbakka*. Síðara bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

91

**Sérheiti:** Jóhannshús.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** „Jóhann Fr. Jónsson, trésmiður, byggði vandað hús á Eyrarbakka, 1883, eða um það bil, og var nefnt Jóhannshús. En það varð skammlíft, eins og Ingólfur [90], og urðu bæði eldinum að bráð. Hús það stóð nærri sjógarði og rétt við landamerki Háeyrar.“ (Vigfús Guðmundsson. 1949:199). Á ljósmynd sem tekin var einhvern tíma á árunum 1890 til 1895 og birt er í ritinu *Eyrarbakki. Húsakönnun* má sjá



**Mynd 46.** Ljósmynd af Eyrarbakka tekin af Oline Lefolii sem sýnir Jóhannshús. Ljós. *Saga Eyrarbakka*.

nokkur hús sem nú eru horfin. Meðal annars er Jóhannshús á myndinni, en það var austan og sunnan við kirkjuna [2]. Einnig sjást óljóst útihús [92] í kringum Jóhannshús. Siglingamerki [161] virðist hafa verið nokkurn veginn framan (norðan) við hús Jóhanns „snikkara“ sem brann árið 1895 (Lilja Árnadóttir. 1989:7). Húsið stóð þar sem Garðbær nr 49 var síðan byggður. Við sama sund til sjávar eins og sjá má á myndum.

**Heimildir:**

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Vigfús Guðmundsson. 1949. *Saga Eyrarbakka.* Síðara bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

**92**

**Sérheiti:** Jóhannshús - útihús.

**Hlutverk:** Útihús.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** „Jóhann Fr. Jónsson, trésmiður, byggði vandað hús á Eyrarbakka, 1883, eða um það bil, og var nefnt Jóhannshús [91]. En það varð skammlíft, eins og Ingólfur [90], og urðu bæði eldinum að bráð. Hús það stóð nærri sjógarði og rétt við landamerki Háeyrar.“ (Vigfús Guðmundsson. 1949:199). Á ljósmynd sem tekin var einhvern tíma á árunum 1890 til 1895 og birt er í ritinu *Eyrarbakki. Húsakönnun* má sjá nokkur hús sem nú eru horfin. Meðal annars er Jóhannshús á myndinni, en það var austan og sunnan við kirkjuna [2]. Einnig sjást óljóst útihús [92] í kringum Jóhannshús [91] (Lilja Árnadóttir. 1989:7). Hvorki er vitað um nákvæma staðsetningu hússins né útihúsanna.

**Heimildir:**

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Vigfús Guðmundsson. 1949. *Saga Eyrarbakka.* Síðara bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

**93**

**Sérheiti:** Hús Valgerðar Þórðardóttur. (Völubær)


**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:**A394137, N375184.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar er lýst húsi árið 1916 sem Valgerður Þórðardóttir er eigandi að. Það hefur staðið um 5 m norðan við Sjónarhól [84], á milli, en þó sunnan við Garðbæ (Pétursbæ) [82] og Garðbæ Ólafs Ólafssonar [86] (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:67). Þetta hús er ekki sýnt á korti sem sýnir húsin á Eyrarbakka 1901 og 1920 (Lilja Árnadóttir. 1989:Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901; (Lilja Árnadóttir. 1989:Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1920). Engin ummerki er um húsið þar sem það hefur staðið þar sem nú eru lóðamörk Garðbæjar (Sjónarhóls) [84] og Túngötu 57 B (Garðbæjar 4).



**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsti húsinu þannig:

67 Valgerður Þórðard.  
 Timburhús 5,5 x 4,5 veggh 2. ris 1,7  
 með innng.skúr 3 x 1,1 – hæð 2.  
 Niðri 2 herbergi  
 Uppi 1 herb. þiljað og geimsla óþiljuð  
 járn á rimlum á þaki  
 borðakl. veggir járnkl. að hálfu pappi að hálfu  
 2 eldavjelar 10 hvor Leirrör  
 74 ten m á 16 kr. rúml. [=] 1200

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:67).

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

94

**Sérheiti:** Einarshús.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Hús.

**Staðsetning:** A394179, N375178.


**Staðhættir:** Einarshús stendur um 20 m norðaustur af Ingólfi [88] og um 60 m suður af Sjóminjasafni Eyrarbakka. Það er númer 57 A við Túngötu. Búið er í



Mynd 48. Einarshús. Ljós. GV.



húsinu í dag (2007). Árið 1997 var húsið sett á nýjan sökkul, en áður stóð það grjóthlöðnum sökkli, sem var alveg upp við vesturhlíð hússins þar sem það stendur í dag. Heimildarmaður og húsráðandi greindi frá því að a.m.k. tvær hliðar gamla sökkulsins væru undir grasinu á lóðinni (Katrín Ósk Þráinsdóttir). Á lóðinni má nú sjá vænar hrúgur af hraungrýti, sem ekki er ólíklegt að eigi uppruna sinn í gamla sökklinum. „Húsið lét Einar Jónsson borgari byggja árið 1888. Þetta er því með elstu húsum í þorpinu.“ (Lilja Árnadóttir. 1989:27). Á vefnum eyrarakki.is er húsið sagt byggt árið 1892 (Eyrarakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarakka*). Brunnur [96] er við lóðarmörk að vestan, um 12 m frá vesturhlíð hússins.



Mynd 49. Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

**Minjalýsing:** Árið 1910 bjuggu tvær fjölskyldur í Einarshúsi, alls 15 manns. Húsið var þá skilgreint sem þurrabúð (*Manntal á Íslandi 1910. III Árnæssýsla*. 1997:104-106). Árið 1916 lýsti Eiríkur Gíslason húsinu þannig í *Húsvirðingabók sinni*:

74. Einarshús Guðm. Jónsson	
A Timburhús 11,4 x 5 ... veggh. 2,5 ris 2,6	
Alt járnlætt utan	
Niðri 5 herbergi og eldhús	
Uppi 2 herbergi og eldhús	
2 eldavjelar 55 [kr.] 2 ofnar 40 kr.	
grjótkjallari ekki steinflímdur	
<u>262 ten m á 15 kr.</u>	3900
B Hjallur 6,4 x 3,8 veggh. 2 ris 2	
Borðaklæddur á veggjum gamall	
Járn á rimlum á þaki trjególf og loft.	
<u>72 ten m.</u>	150
<u>C Kofi 3 x 2 raftur og torf</u>	10
<u>D Kofi 3 x 2 raftur og torf</u>	10
	= 4070

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:74). Á teikningu í bókinni sést að útihúsin þrjú [97] [98] [99], stóðu í röð um 6 m norðan við húsið (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:74). Engar minjar eru sjáanlegar um þessi útihús í dag (2007), en þarna er nú bílastæði Einarshúss.

Húsið er ein hæð og ris og stendur nú (2007) á steinsteyptum sökkli. Það er klætt með láréttri timburklæðningu. Lilja Árnadóttir telur mikilvægt að tryggja varðveislu hússins og gera á því byggingasögulega rannsókn (Lilja Árnadóttir. 1989:27). Því er Hörður Ágústsson sammála, en hann segir húsið vera af eldri dansk-íslenskri gerð (Hörður Ágústsson. 2000:359).

**Heimildarmaður:** Katrín Ósk Þráinsdóttir, 050274-5279.

**Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka*. Sótt 11. júní 2007 af <http://eyrarbakki.is/default2.asp?Docid=229&RevID=220&Tpl=1Template1.asp&M1=160&M2=229>.

Hörður Ágústsson. 2000. *Íslensk byggingararfleifð II. Varðveisluannáll 1863-1990. Verndunaróskir*. [Reykjavík:] Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

*Manntal á Íslandi 1910. III Árnæssýsla*. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið.

95

**Sérheiti:** Einarshús - grunnur.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Frásögn.

**Staðsetning:** A394167, N375169.

**Staðhættir:** Einarshús stendur um 20 m norðaustur af Ingólfi [88] og um 60 m suður af Sjóminjasafni Eyrarbakka. Það er númer 42 A við Eyrargötu. Búið er í húsinu í dag (2007). Árið 1997 var húsið sett á nýjan sökkul, en áður stóð það grjóthlöðnum sökkli, sem var alveg upp við vesturhlið hússins þar sem það stendur í dag. Heimildarmaður og húsráðandi greindi frá því að a.m.k. tvær hliðar gamla sökkulsins væru undir grasinu á lóðinni (Katrín Ósk Þráinsdóttir). Á lóðinni má nú sjá vænar hrúgur af hraungrýti, sem ekki er ólíklegt að eigi uppruna sinn í gamla sökklinum. Brunnur [96] er við lóðarmörk að vestan, um 12 m frá vesturhlið hússins.

**Minjalýsing:** Sléttur grasflötur er nú vestan við húsið og ekki sjást nein merki um húsgrunninn.

**Heimildarmaður:** Katrín Ósk Þráinsdóttir, 050274-5279. Júlí 2007.

96

**Sérheiti:** Einarshús - brunnur.

**Hlutverk:** Brunnur.

**Tegund:** Brunnur.

**Staðsetning:** A394172, N375173.

**Staðhættir:** Íbúar Einarshúss [94] fengu vatn sitt úr brunni sem nú er um 12 m vestan við húsið, alveg við lóðarmörk húss nr. 57 B við Túngötu. Áður en húsið var fært hefur brunnurinn líklega verið við norðvesturhorn hússins (Katrín Ósk Þráinsdóttir).



Mynd 50. Brunnur við Einarshús. Ljós. GV.

**Minjalýsing:** Við brunnopið er ferköntuð hleðsla á yfirborðinu, austur- og vesturhliðar eru 100 sm breiðar, en suður- og norðurhliðar 82 sm. Hún er um 40 sm há með grjóti og steypu á milli. Brunnopið er 64 x 60 sm og hann er steypdur að innanverðu. Að sögn heimildarmanns er brunnurinn sjálfur óhreyfður, en hann er nú (2007) þurr (Katrín Ósk Þráinsdóttir).

**Heimildarmaður:** Katrín Ósk Þráinsdóttir, 050274-5279.

97

**Sérheiti:** Einarshús - hjallur.

**Hlutverk:** Hjallur.

**Tegund:** Heimild.


**Staðsetning:** A394160, N375221

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Einarshús [94] stendur um 20 m norðaustur af Ingólfi [88] og um 60 m suður af Sjóminjasafninu á Eyrarbakka. Það er númer 42 A við Eyrargötu. Búið er í húsinu í dag

**Minjalýsing:** Árið 1916 lýsti Eiríkur Gíslason húsinu þannig í *Húsvirðingabók sinni*:

74. Einarshús Guðm. Jónsson	
A Timburhús 11,4 x 5 ... veggh. 2,5 ris 2,6	
Alt járnklætt utan	
Niðri 5 herbergi og eldhús	
Uppi 2 herbergi og eldhús	
2 eldavjelar 55 [kr.] 2 ofnar 40 kr.	
grjótkjallari ekki steinlímdu	
<u>262 ten m á 15 kr.</u>	3900
B Hjallur 6,4 x 3,8 veggh. 2 ris 2	
Borðaklæddur á veggjum gamall	
Járn á rimlum á þaki trjególf og loft.	
<u>72 ten m.</u>	150
<u>C Kofi 3 x 2 raftur og torf</u>	10
<u>D Kofi 3 x 2 raftur og torf</u>	10



Mynd 51. Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

= 4070

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:74). Á teikningu í bókinni sést að útihúsin þrjú, hjallur [97] og tveir kofar [98] [99], stóðu í röð um 6 m norðan við húsið (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:74). Engar minjar eru sjáanlegar um þessi útihús í dag (2007), en þarna er nú malarborið bílastæði Einarshúss [94].

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

98

**Sérheiti:** Einarshús - kofi.


**Hlutverk:** Útihús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394160, N375221.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Einarshús [94] stendur um 20 m norðaustur af Ingólfi [88] og um 60 m suður af Sjóminjasafninu á Eyrarbakka. Það er númer 42 A við Eyrargötu. Búið er í húsinu í dag.



**Mynd 52.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

**Minjalýsing:** Árið 1916 lýsti Eiríkur Gíslason húsinu þannig í *Húsvirðingabók* sinni:

74. Einarshús Guðm. Jónsson	
A Timburhús 11,4 x 5 ... veggh. 2,5 ris 2,6	
Alt járnklætt utan	
Niðri 5 herbergi og eldhús	
Uppi 2 herbergi og eldhús	
2 eldavjelar 55 [kr.] 2 ofnar 40 kr.	
grjótkjallari ekki steinlímdu	
<u>262 ten m á 15 kr.</u>	3900
B Hjallur 6,4 x 3,8 veggh. 2 ris 2	
Borðaklæddur á veggjum gamall	
Járn á rimlum á þaki trjególf og loft.	
<u>72 ten m.</u>	150
<u>C Kofi 3 x 2 raftur og torf</u>	10
<u>D Kofi 3 x 2 raftur og torf</u>	10
	= 4070

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:74). Á teikningu í bókinni sést að útihúsin þrjú, hjallur [97] og tveir kofar [98][99], stóðu í röð um 6 m norðan við húsið (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:74). Engar minjar eru sjáanlegar um þessi útihús í dag (2007), en þarna er nú malarborið bílastæði Einarshúss [94].

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

99

**Sérheiti:** Einarshús - kofi.

**Hlutverk:** Útihús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394160, N375221.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Einarshús [94] stendur um 20 m norðaustur af Ingólfi [88] og um 60 m suður af Sjóminjasafninu á Eyrarbakka. Það er númer 42 A við Eyrargötu. Búið er í húsinu í dag

**Minjalýsing:** Árið 1916 lýsti Eiríkur Gíslason húsið þannig í *Húsvirðingabók* sinni:

74. Einarshús Guðm. Jónsson	
A Timburhús 11,4 x 5 ... veggh. 2,5 ris 2,6	
Alt járnklætt utan	
Niðri 5 herbergi og eldhús	
Uppi 2 herbergi og eldhús	
2 eldavjelar 55 [kr.] 2 ofnar 40 kr.	
grjótkjallari ekki steinlímdur	
<u>262 ten m á 15 kr.</u>	3900
B Hjallur 6,4 x 3,8 veggh. 2 ris 2	
Borðaklæddur á veggjum gamall	
Járn á rimlum á þaki trjególf og loft.	
<u>72 ten m.</u>	150
<u>C Kofi 3 x 2 raftur og torf</u>	10
<u>D Kofi 3 x 2 raftur og torf</u>	10
	= 4070

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:74). Á teikningu í bókinni sést að útihúsin þrjú, hjallur [97] og tveir kofar [98][99], stóðu í röð um 6 m norðan við húsið (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:74). Engar minjar eru sjáanlegar um þessi útihús í dag, en þarna er nú malarbórið bílastæði Einarshúss [94].

**Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

100


**Sérheiti:** Káragerði.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.


**Staðsetning:** A394120, N375163.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1901 sést að þau hús sem þá stóðu á



**Mynd 53.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

landi Skúmsstaða voru 40 talsins. Meðal þeirra var Káragerði (Lilja Árnadóttir. 1989: Kort:Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901). Árið 1930 er einnig hús með sama nafni á sama stað, gegnt Ingólfi [88] (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931). Húsið Káragerði sem á lóðinni stendur í dag (2007) var byggt árið 1958 (Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí) Austari hluti hússins er gamla húsið. Síðan var byggt við það til vesturs. Gamla Káragerði er hluti af húsinu.



Mynd 54. Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

**Minjalýsing:** Þegar Eiríkur Gíslason lýsti Káragerði var tvíþýli í húsinu og átti annar eigandinn hesthús með torfbaki [100]:

58 Káragerði Friðrika  
 Timburhús 3 x 6. veggh. 3,3 ris 1,7  
 Járnklætt með inngangsskúr 1,5 x 1,5 hæð 2  
 Niðri 2 herbergi og eldhús  
 1 eldavjel á 40 kr.  
 Leirrör  
54 ten m á 13 kr. ... = 700

59 Káragerði Þórður  
 A Timburhús 3 x 6 veggh. 3,3 ris 1,7  
 með inng. skúr. 1,5 x 1,5 hæð 2  
 járnklætt  
 Niðri 2 herbergi og eldhús Leirrör  
 1 eldavjel 60 kr.  
 rimlar á þaki  
 54 ten m. 16 ½ rúml 920  
 B. Hesthús 2 x 4  
með torfbaki 20  
= 940

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:58 og 59).

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Landskrá fasteigna. Eyrargata Káragerði, Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 23. júlí 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitnr=1077080&landnr=165976&streetname=>

[Eyrargata%20K%C3%A1rager%C3%B0i&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg](http://www.fmr.is/?pageid=313&heitnr=1077080&landnr=165976&streetname=Eyrargata%20K%C3%A1rager%C3%B0i&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg).

101

**Sérheiti:** Káragerði - hesthús.


**Hlutverk:** Hesthús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394120, N375163.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1901 sést að þau hús sem þá stóðu á landi Skúmsstaða voru 40 talsins. Meðal þeirra var Káragerði (Lilja Árnadóttir. 1989: Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901). Árið 1920 er einnig hús með sama nafni á sama stað, en ekki virðist um sama húsið að ræða [100] (Lilja



**Mynd 55.** Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

Árnadóttir. 1989: Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1920). Húsið Káragerði sem á lóðinni stendur í dag (2007) var byggt árið 1958 (Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí) svo ljóst er að ekki er um sömu byggingu að ræða en af kortunum að dæma hefur eldra húsið staðið þar sem nú er vesturhluti núverandi Káragerðis, gegnt Ingólfi [88].

**Minjalýsing:** Þegar Eiríkur Gíslason lýsti Káragerði var tvíbýli í húsinu og átti annar eigandinn hesthús með torfbaki, sem stóð suðvestan við húsið:

59 Káragerði Þórður	
A Timburhús 3 x 6 veggh. 3,3 ris 1,7	
með inng. skúr. 1,5 x 1,5 hæð 2	
járnklætt	
Niðri 2 herbergi og eldhús Leirrör	
1 eldavjel 60 kr.	
rimlar á þaki	
54 ten m. 16 ½ rúml	920
B. Hesthús 2 x 4	
með torfbaki	20
	= 940

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:59).

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Eyrargata Káragerði, Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 23. júlí 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1077080&landnr=165976&streetname=Eyrargata%20K%C3%A1rager%C3%B0i&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg>.

102

**Sérheiti:** Kirkjuhús (Guðmundarhús/Breiðablik).

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Hús.

**Staðsetning:** A394064 N375199


**Staðhættir:** Kirkjuhús stendur við Eyrargötu um 26 m suðaustur af Eyrarbakka kirkju [2] og um 50 m vestur af Garðbæ (Garðhúsi) [81]. Það var byggt árið 1879 af Guðmundi Guðmundssyni bóksala (Lilja Árnadóttir. 1989:44-45). Það er enn nýtt sem íbúðarhús. Það var fyrst kennt við húsbyggjandann og eiganda sinn. Í skamman tíma um 1915 var það kallað Breiðablik, en lengst af hefur



Mynd 56. Kirkjuhús. Ljósmynd. GV.

það gengið undir heitinu Kirkjuhús (Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags.). Í bókinni *Margur í sandinn hér markaði slóð* kemur fram að kartöflugarður sem tilheyrði Kirkjuhúsi var sunnan við húsið (Inga Lára Baldvinsdóttir. [1998]:31 og 113).

**Minjalýsing:** „Óhætt mun að segja, að elsti hluti hússins sé frá árinu 1879, en trúlega er fremur lítið eftir af honum. Þá var húsið ein hæð og ris með inngangi á suðurhlíð. Lóðrétt klæðning á veggjum og rennisúð á þaki, ... Einhvern tíma fyrir 1905 var húsið lengt um 6 álnir og ofan á það bætt annarri hæð og risi með bogadregnu þaki.“ (Lilja Árnadóttir. 1989:45). Einhvern tímann á árunum 1913 til 1916 fékk húsið þá lögun sem það hefur í dag (Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags.).



Mynd 57. Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

Eiríkur Gíslason lýsir húsinu þannig í *Húsvirðingabók* sinni árið 1916:

53. Kirkjuhús Sigurður Guðmundsson.

Íbúðarhús tvílyft úr timbri 11,4 x 5,7 hæð 5

járnklætt

4 herbergi niðri

uppi 5 herbergi og eldhús[

2 ofnar 30 [kr.] hvor

1 [ofn] á 30 [kr.] 1 á 20 [kr.]

1 eldvjel 50

324 ten m 17 ½

5600

B Inngangsskúr 2,3 x 1,7 hæð 4

þiljaður innan stigi upp á efri hæð

15 □ m. 12 kr. ...

180

C. Hlaða 5,3 x 6 ca 60 ten m ...

36 □ m járnborðaklæðning ...



(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:53). Eins og þarna má sjá hefur hlaða með steiptum veggjum tilheyrt húsinu [103]. Hún hefur staðið um 10 m sunnan við húsið. Árið 1919 er húsið endurmetið vegna umbóta sem gerðar höfðu verið á því. Þá var búið að byggja aðra hlöðu og setja raflýsingu í húsið (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:179).

Hörður Ágústsson segir húsið vera af dansk-íslenskri yngri gerð og telur að æskilegt sé að varðveita húsið (Hörður Ágústsson. 2000:359).

Á ljósmynd sem talin er að tekin sé á árunum 1913 til 1916 má sjá háan og veglegan grjótagarð vestan við húsið [366] (SEM 1994:77).

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Hörður Ágústsson. 2000. *Íslensk byggingararfleifð II. Varðveisluannáll 1863-1990. Verndunaróskir*. [Reykjavík:] Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Inga Lára Baldvinsdóttir. [1998.] *Margur í sandinn hér markaði slóð. Eyrarbyggahreppur 1897-1998*. [Eyrarbakki: Eyrarbyggahreppur.]

Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Kirkjuhús*. Sótt 31. maí 2007 af <http://eyrarbakki.is/default2.asp?Docid=380&RevID=355&Tpl=1Template1.asp>.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

SEM 1994:77. Ljósmynd í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.

### 103

**Sérheiti:** Kirkjuhús (Guðmundarhús/Breiðablik) - hlaða.


**Hlutverk:** Hlaða.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394048, N375188.

**Horfið:** Já

**Staðhættir:** Kirkjuhús [102] stendur við Eyrargötu um 26 m suðaustur af Eyrarbyggakirkju [2] og um 50 m vestur af Garðbæ (Garðhúsi) [81]. Það var byggt árið 1879 af Guðmundi Guðmundssyni bóksala (Lilja Árnadóttir. 1989:44-45). Það er enn nýtt sem íbúðarhús. Í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar kemur fram að hlaða með



**Mynd 58.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

steiptum veggjum hafi tilheyrt húsinu.

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsir húsinu þannig í *Húsvirðingabók* sinni árið 1916:

53. Kirkjuhús Sigurður Guðmundsson.	
Íbúðarhús tvílyft úr timbri 11,4 x 5,7 hæð 5	
járnklætt	
4 herbergi niðri	
uppi 5 herbergi og eldhús[	
2 ofnar 30 [kr.] hvor	
1 [ofn] á 30 [kr.] 1 á 20 [kr.]	
1 eldvjel 50	
<u>324 ten m 17 ½</u>	5600
B Inngangsskúr 2,3 x 1,7 hæð 4	
þiljaður innan stigi upp á efri hæð	
<u>15 □ m. 12 kr. ...</u>	180
C. Hlaða 5,3 x 6 ca 60 ten m ...	
36 □ m járnborðaklæðning ...	
16 □ þil	
<u>veggir steiptir</u>	320
	6100

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:53). Þar sem hlaðan hefur staðið, um 10 m suðvestur af húsinu er nú sléttur grasflötur og svolíttill kofi. Áður hefur staðið annar kofi á þessum stað, eins og sjá má af ljósmynd sem tekin er árið 1899 [104] (Inga Lára Baldvinsdóttir. [1998]:9 og 112).

#### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Inga Lára Baldvinsdóttir. [1998.] *Margur í sandinn hér markaði slóð. Eyrarbakkahreppur 1897-1998*. [Eyrarbakki: Eyrarbakkahreppur.]

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

#### 104

**Sérheiti:** Kirkjuhús (Guðmundarhús/ Breiðablik) - útihús.

**Hlutverk:** Útihús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394064, N375199.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á mynd sem tekin var austur Búðarstíg árið 1899 sést að norðvestan og sunnan við Kirkjuhús [102] voru tvö lítil hús, sennilega útihús af einhverju tagi, gaflar snúa mót vestri en inngangar sjást ekki, gluggi virðist vera á syðra húsinu (Inga Lára Baldvinsdóttir. [1998]:9 og 112). Þar sem syðra húsið stóð um húsbreidd suður af SV horni Kirkjuhúss [102] er nú sléttur grasflötur og svolíttill kofi. Áður hefur staðið annar kofi á þessum stað, eins og sjá má í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar [103] (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:53).

**Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Inga Lára Baldvinsdóttir. [1998.] *Margur í sandinn hér markaði slóð*. *Eyrarbakkahreppur 1897-1998*. [Eyrarbakki: Eyrarbakkahreppur.]

**105**

**Sérheiti:** Kirkjuhús (Guðmundarhús/ Breiðablik) - útihús.

**Hlutverk:** Útihús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394055, N375184.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á mynd sem tekin var austur Búðarstíg árið 1899 sést að norðvestan og sunnan við Kirkjuhús [102] voru tvö lítil hús, sennilega útihús af einhverju tagi, gaflar snúa mót vestri en inngangar sjást ekki, gluggi virðist vera á syðra húsinu (Inga Lára Baldvinsdóttir. [1998]:9 og 112). Útihúsið sem stóð við NV horn Kirkjuhúss [102] er í dag með öllu horfið og engar minjar sjáanlegar á svæðinu.

**Heimildir:**

Inga Lára Baldvinsdóttir. [1998.] *Margur í sandinn hér markaði slóð*. *Eyrarbakkahreppur 1897-1998*. [Eyrarbakki: Eyrarbakkahreppur.]

**106**

**Sérheiti:** Kirkjuhús (Guðmundarhús/ Breiðablik) - brunnur.

**Hlutverk:** Brunnur.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394073, N375199.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á ljósmynd sem tekin var vestur Búðarstíg líklega um aldamótin 1900 sést að fyrir framan (norðan) Kirkjuhús [102] hefur verið brunnur með vindu (Vigfús Guðmundsson. 1949:[233]). Engin ummerki sjást um þennan brunn í dag.

**Heimildir:**

Vigfús Guðmundsson. 1949. *Saga Eyrarbakka*. Síðara bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

**107**

**Hlutverk:** Leikvöllur.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394079, N375213.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** „Framan við hlaðna garðinn sunnan hússins [42], á milli kirkju [2] og Kaupmannshlöðu (Garðshlöðu) [47], var glímu- og leikvöllur vermannanna á Bakkanum, þegar frátökur voru og veður leyfði, sérstaklega þegar út á kom.“ (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:54). Lúðvík Kristjánsson segir frá því að



glíma hafi verið algengust þeirra íþróttu og leikja sem stundaðar voru

**Mynd 59.** Ísakshús þar sem það stendur í dag og býður endurbóta


í verstöðvum. Bæði var um almenna glímu að ræða og einnig kepptu skipshafnir sín á milli. Auk þess stunduðu vermenn ýmsa aðra útileiki (Lúðvík Kristjánsson. 1985:208-213).

Á þessu svæði er í dag (2007) slétt malarsvæði og engar minjar sjáanlegar.

#### Heimildir:

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. *Eyrarbakkaheppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen.* [Eyrarbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Lúðvík Kristjánsson. 1985. *Íslenzkir sjávarhættir IV.* Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.



**Mynd 60.** Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

#### 108

**Sérheiti:** Ísaksbær (Ísakshús).

**Hlutverk:** Bústaður – býli.

**Tegund:** Hús.

**Staðsetning:** A394067, A375176.

**Staðhættir:** Þorp Eyrarbakka stendur í dag að mestu á jörðu Háeyrar og Skúmsstaða, því hafa í nokkrar aldir staðið fjöldi húsa á landi Skúmsstaða. Á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1901 sést að þau hús sem þá stóðu á landi Skúmsstaða voru 40 talsins. Meðal þeirra var Ísaksbær (Ísakshús) [118]. Hann stóð austan við Kirkjuhús [102] og vestan við Garðbæ Ingvars Friðrikssonar (Ingvarsbæ) [85] (Lilja Árnadóttir. 1989:Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901). Eiríkur Gíslason nefnir þetta hús Ísakshús í *Húsvirðingabók*

sinni (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:54), en ekki verður um villst að um sama hús er að ræða. Í gögnum Húsafriðunarnefndar kemur fram að húsið hafi verið byggt árið 1890 og hafi staðið á sínum upprunastað til ársins 1966 þegar það var tekið niður og bíður nú endurbyggingar og varanlegs staðar, en nú stendur það við smíðaverkstæði Gísla og Guðmundar á Eyrarbakka. Síðustu árin var húsið notað sem geymsla og hæsnakofi (Gísli R. Kristjánsson. 2001; Lýður Pálsson).

**Minjalýsing:** Í *Húsvirðingabókinni* er húsinu lýst þannig árið 1916:

54 Ísakshús Ólöf Ólafsdóttir	
A Íbúðarhús 6,3 x 6,4. veggh. 2,3 ris 1.	
trjeklætt járnþak	
Niðri 2 herb. og eldhús og geimsla uppi	
látt geimsluloft óþiljað	
1 eldavél 50	
1 ofn 30 kr. Leirrör	
<u>112 ten m. á 10 kr.</u>	1130.
B Hesthús 4 x 2,5 með grjótveggjum	
<u>12 □ m torfþ. og ... 4 kr.</u>	30
	= 1160

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:54). Hesthúsið [109] stóð um 3 m sunnan við húsið. Þar sem húsið hefur staðið er nú bílastæði og bílskúrar sem tilheyra Kirkjuhúsi (Guðmundarhúsi/Breiðabliki) [102] og Garðbæ Ingvars Friðrikssonar (Ingvarsbæ) [85] og er á milli húsanna.

**Heimildarmaður:** Lýður Pálsson, 300666-2999. Haust 2006.

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Gísli R. Kristjánsson. 2001. Umsókn um styrk til Húsafriðunarnefndar. Gögn í eigu Húsafriðunarnefndar.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

### 109

**Sérheiti:** Ísaksbær (Ísakshús) - hesthús.


**Hlutverk:** Hesthús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394067, A375176.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Þorp Eyrarbakka stendur í dag að mestu á jörðu Háeyrar og Skúmsstaða, því hafa í nokkrar aldir staðið fjöldi húsa á landi Skúmsstaða. Á korti sem sýnir



**Mynd 61.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

hús á Eyrarbakka árið 1901 sést að þau hús sem þá stóðu á landi Skúmsstaða voru 40 talsins. Meðal þeirra var Ísaksbær (Ísakshús) [118]. Hann stóð austan við Kirkjuhús [102] og vestan við Garðbæ Ingvars Friðrikssonar (Ingvarsbæ) [85] (Lilja Árnadóttir. 1989:Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901). Eiríkur Gíslason nefnir þetta hús Ísakshús í *Húsvirðingabók* sinni (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:54), en ekki verður um villst að um sama hús er að ræða.

**Minjalýsing:** Í *Húsvirðingabókinni* er húsinu lýst þannig:

54 Ísakshús Ólöf Ólafsdóttir	
A Íbúðarhús 6,3 x 6,4. veggh. 2,3 ris 1.	
trjeklætt járnþak	
Niðri 2 herb. og eldhús og geimsla uppi	
látt geimsluloft óþiljað	
1 eldavél 50	
1 ofn 30 kr. Leirrör	
<u>112 ten m. á 10 kr.</u>	1130.
B Hesthús 4 x 2,5 með grjóttveggjum	
<u>12 □ m torfþ. og ... 4 kr.</u>	30
	= 1160

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:54). Hesthúsið stóð um 3 m sunnan við húsið. Þar sem það hefur staðið eru nú bílskúrar sem tilheyra Kirkjuhúsi (Guðmundarhúsi/Breiðabliki) [102] og Garðbæ Ingvars Friðrikssonar (Ingvarsbæ) [85] og standa á milli húsanna.

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

## 110

**Sérheiti:** Fjöltnir.


**Hlutverk:** Samkomuhús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394109, N375168.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1901 sést að þau hús sem þá stóðu á landi Skúmsstaða voru 40 talsins. Meðal þeirra var Fjöltnir. Húsið Fjöltnir stóð austan við Garðbæ Ingvars Friðrikssonar (Ingvarsbær) [85] og vestan við Káragerði [100]. Öll eru þessi hús horfin nema Krágerði. Fjöltnir stóð sunnan við Eyrargötu til móts við húsið Garðbæ (Garðhús) [81], þar er nú í dag bílskúr og bílastæði þar fyrir framan



**Mynd 62.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

(norðan) (Lilja Árnadóttir. 1989: Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901).

Fjölur var myndarlegt timburhús, sem góðtemplarar létu reisa árið 1899. Notaðir voru viðir úr húsi sem stúkan Eyrarrós hafði átt og stóð á Háeyrarlandi. Unnið var að byggingunni í sjálfboðavinnu. Þar var samkomuhús Eyrbekkinga og þar var einnig rekið gistihús um skeið. Húsið var rífið árið 1973 (Lilja Árnadóttir. 1989:13; Inga Lára Baldvinsdóttir. [1998]:54).

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsir húsinu þannig í *Húsvirðingabók* sinni árið 1916:

56 Fjölur.  
A Timburhús 13,6 x 6,3 veggh. 5,7 öll hæð  
járnlætt.  
Niðri skipt í sal með leiksviði 2 geimslur klefa og gang  
uppi 6 herbergi og gangur  
1 ofn 70 kr. 1 ofn 30 kr. 1 ofn 40  
1 eldavél 60 kr.  
Skorsteinn og járnör.  
B. Skúr. 3,7 x 6,3 hæð 3,5  
568 ten al á 11,50 ... = 6500

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:56). Skúr hefur verið byggður við húsið að austanverðu og er hans því ekki getið sérstaklega.

#### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Inga Lára Baldvinsdóttir. [1998.] *Margur í sandinn hér markaði slóð. Eyrarbyggahreppur 1897-1998*. [Eyrarbakki: Eyrarbyggahreppur.]

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

## 111

**Sérheiti:** Sunnuhvoll.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Hús.

**Staðsetning:** A394036, N394036.

**Staðhættir:** Húsið Sunnuhvoll var byggt árið 1913 og er eitt af fyrstu steinsteyptu húsunum á Eyrarbakka. Elsta steinsteypta húsið var reist árið áður (Lilja Árnadóttir. 1989:38). Þessi hús „... munu vera



**Mynd 63.** Sunnuhvoll. Ljósmynd. GV.

með fyrstu steinsteyptuhúsum á landinu og eru nógu stór til þess að nýtast við nútíma aðstæður. Því er varðveislugildi þeirra ótvírætt.“ (Lilja Árnadóttir. 1989:38). Þó húsið sé ekki orðið hundrað ára þegar þetta er skrifað (2007) þótti

ástæða til að geta þess hér vegna þeirrar sérstöðu að það er eitt af fyrstu steinsteypuhúsunum á Eyrarbakka.

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsir húsinu þannig árið 1916:

52 Sunnuhvoll Hannes Þórðarson	
Steinsteypuhús 7 x 6,5 vegg. 2,5 ris 3	
með inngangsskúr 2 x 1,5 hæð 2	
Niðri 3 herb. og eldhús	
uppi alt þiljað 1 herb. og geimsla	
2 ofnar 24 [kr.] 2 eldavjelar 60 [kr.]	
1 [ofn] 55 [kr.] 1 [eldavél] 10 [kr.]	
<u>180 tenm...</u>	5400
Skúr 6 ten.m. ...	
<hr/>	
	= 6000

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:52).

Sunnuhvoll er einlyft hús með með risi. Á kjallaranum á íbúðarhúsinu voru áður tvöföld hurð og lá skábraut niður að henni þannig að hægt var að aka dráttarvél niður í kjallarann (Sigríður Aðalsteinsdóttir). Nú er á því áklæðning. Það stendur á lóð nr. 1 við Búðarstíg, næsta hús vestan við Kirkjuhús [102]. Húsið er enn nýtt sem íbúðarhús. Fjós [112] og hlaða [113] tilheyrðu húsinu og einnig virðist fyrsti eigandi hússins hafa átt heyhlöðu og hesthús [114] töluvert austan við hús sitt, fyrir sunnan húsið Fjölni [110] (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:57; Sigríður Aðalsteinsdóttir). Það vekur eftirtekt að Eiríkur nefnir ekki fjósið og hlöðuna við húsið í Minjalýsingu sinni, svo velta má því fyrir sér hvort það hafi ekki verið byggt fyrr en eftir 1916.

**Heimildarmaður:** Sigríður Aðalsteinsdóttir, 030949-2269. Júní 2007.

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

### 112

**Sérheiti:** Sunnuhvoll - fjós.

**Hlutverk:** Fjós.

**Tegund:** Frásögn.

**Staðsetning:** A394036, N375207.

**Staðhættir:** Húsið Sunnuhvoll [111] var byggt árið 1913 og er eitt af fyrstu steinsteypu húsunum á Eyrarbakka

(Lilja Árnadóttir. 1989:38). Árið 1915 var byggt fjós við suðvesturhorn



**Mynd 64.** Fjósið á Sunnuhvoli sem nú er geymsluskúr. *Ljósm.GV*



hússins og áföst hlaða [113] við það og voru þessar byggingar steinsteyptar eins og húsið (Sigríður Aðalsteinsdóttir).

**Minjalýsing:** Hlöðunni hefur nú verið breytt í bílskúr en fjósið er notað sem geymsluskúr og eru þessir skúrar áklæddir eins og húsið.

**Heimildarmaður:** Sigríður Aðalsteinsdóttir, 030949-2269. Júní 2007.

**Heimildir:**

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

**113**

**Sérheiti:** Sunnuhvoll - hlaða.

**Hlutverk:** Hlaða.

**Tegund:** Frásögn.

**Staðsetning:** A394036, N375207.

**Staðhættir:** Húsið Sunnuhvoll [111] var byggt árið 1913 og er eitt af fyrstu steinsteyptu húsunum á Eyrarbakka (Lilja Árnadóttir. 1989:38). Árið 1915 var byggt fjós [112] við suðvesturhorn hússins og áföst hlaða við það og voru þessar byggingar steinsteyptar eins og húsið (Sigríður Aðalsteinsdóttir).

**Minjalýsing:** Hlöðunni hefur nú verið breytt í bílskúr en fjósið er notað sem geymsluskúr og eru þessir skúrar áklæddir eins og húsið.

**Heimildarmaður:** Sigríður Aðalsteinsdóttir, 030949-2269. Júní 2007.

**Heimildir:**

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.



Mynd 65. Bílskúr sem áður var fjós. Ljósmynd G.V.

**114**


**Sérheiti:** Sunnuhvoll - hlaða og hesthús.

**Hlutverk:** Hlaða/hesthús.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar sést að Hannes Þórðarson eigandi Sunnuhvols [111] hefur átti



Mynd 66. Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

sambyggða heyhlöðu og hesthús sem stóð fyrir sunnan húsið Fjölmi [110] (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:57) og hefur hún því verið talsvert fyrir austan hús hans. Húsið Sunnuhvoll var byggt árið 1913 (Lilja Árnadóttir. 1989:38) en ekki er vitað hvenær hús þetta var byggt. Ekki er heldur ljóst hvar það stóð nákvæmlega.

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsti húsinu þannig árið 1916:

57 Heyhlaða Hannes Þórðarson Sunnuhvoll	
Heyhlaða 6 x 3,5 vegg. 1 ris 50	
<u>46 m járn á rimlum á 4 kr.</u>	= 200
B Hesthús 3,5 x 6	
<u>35 m járn á rimlum á 4 kr.</u>	140
	= 340

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:57).

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

## 115

**Sérheiti:** Sunnuhvoll - garður.

**Hlutverk:** Túngarður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394036, N375207.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Húsið Sunnuhvoll [111] var byggt árið 1913 og er eitt af fyrstu steinsteypu húsunum á Eyrarbakka (Lilja Árnadóttir. 1989:38). Á korti af Eyrarbakka frá árinu 1930 sést að grjóthlaðinn garður hefur afmarkað lóð hússins meðfram götunni (norðanmegin) og að austanverðu (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931). Engin merki sjást um garð þennan í dag.

### Heimildir:

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

## 116

**Sérheiti:** Götuhús.


**Hlutverk:** Bústaður – býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394021, N375226.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1901 sést að þau hús sem þá stóðu á landi Skúmsstaða voru 40 talsins. Meðal þeirra var Götuhús (Lilja Árnadóttir. 1989: Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901). Húsið sem nú stendur á lóð Götuhúss, þekkist sömuleiðis undir því nafni en það stendur við Búðarstíg og er nr. 3. Á korti sem sýnir hús 1920 eru Götuhús á sama stað, en nú virðist húsið hafa verið stækkað eða byggt nýtt (Lilja Árnadóttir. 1989:Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1920). Húsið er einnig sýnt á korti af Eyrarbakka sem gert var árið 1930 (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931). Húsið sem þar stendur í dag (2006) var byggt árið 1970 uppúr gamla húsinu (Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí) svo ekki er um að ræða sama hús og á lóðinni stóð árið 1901. Engar minjar eru sjáanlegar af gamla eða gömlu Götuhúsum. Í stórum jarðskjálfta árið 1896, sem olli miklum skemmdum víða á Suðurlandi, var einungis eitt bæjarhús talið til Götuhúsa og ekkert peningshúsið. Bæjarhúsið varð ekki fyrir skemmdum í skjálftanum (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184).



**Mynd 67.** Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsir Götuhúsum þannig í *Húsvirðingabók* sinni árið 1916:

51 Götuhús - Guðm. Guðm	
A Timburhús- 8,6 x 6,2 veggh 2,6 ris 2	
Alt járnlætt borðakl.	
Þiljað innan	
Niðri 2 herbergi og eldhús	
uppi þiljuð 2 herbergi	
1 eldavél 50. 1 ofn 40	
<u>140 ten m 20,50 kr.</u>	2870
Skúr við austurgafn 4,7 x 2,3 hæð 2	
járnklæddur borðaklæðn.	
þiljaður þvottaskúr geimsla	
geimslan óþiljuð	
þvottaeldstæði 30 kr.	
Skúr við vesturhlið 5,5 x 1/5 hæð 2	
járnklæddur borðakl.	
Þiljaður innan	
gangur	
<u>C skúr</u>	10
B Heyhlaða 7,4,5.	
37 □ járn á rimlum 4 kr. ...	
<u>12 □ þil 2,00 ...</u>	230
	= 3100



**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsir Götuhúsum þannig í *Húsvirðingabók* sinni árið 1916:

51 Götuhús - Guðm. Guðm	
A Timburhús- 8,6 x 6,2 veggh 2,6 ris 2	
Alt járnklætt borðakl.	
Þiljað innan	
Niðri 2 herbergi og eldhús	
uppi þiljuð 2 herbergi	
1 eldavél 50. 1 ofn 40	
<u>140 ten m 20,50 kr.</u>	2870
Skúr við austurgafli 4,7 x 2,3 hæð 2	
járnklæddur borðaklæðn.	
þiljaður þvottaskúr geimsla	
geimslan óþiljuð	
þvottaeldstæði 30 kr.	
Skúr við vesturhlið 5,5 x 1/5 hæð 2	
járnklæddur borðakl.	
Þiljaður innan	
gangur	
<u>C skúr</u>	10
B Heyhlaða 7,4,5.	
37 □ járn á rimlum 4 kr. ...	
<u>12 □ þil 2,00 ...</u>	230
	= 3100

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:51). Eins og sjá má af þessari Minjalýsingu tilheyrði hlaða Götuhúsum og sést hún á korti af Eyrarbakka frá árinu 1930 (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931).

**Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Landskrá fasteigna. Búðarstígur 3, Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 23. júlí 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1076988&landnr=165890&streetname=B%C3%BA%C3%B0arst%C3%ADgur%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%203&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg>.

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

**118**

**Sérheiti:** Götuhús - garður.

**Hlutverk:** Túngarður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394000, N375187.

**Horfið:** Já.


**Staðhættir:** Á ljósmynd sem tekin var um 1890-1895 og birt er í ritinu *Eyrarbakki. Húsakönnun* má sjá nokkur hús sem nú eru horfin. Meðal annars sést Götuhús [116], sem stóð þar sem nú stendur hús með sama nafni og er númer



3 við Búðarstíg. Á myndinni sést að

hlaðinn túngarður hefur verið umhverfis lóð hússins að sunnanverðu (Lilja Árnadóttir. 1989:7). Á korti af Eyrarbakka frá 1930 sést að hlaðinn garður hefur afmarkað alla lóð Götuhúsa og hlaðan hefur staðið í suðvesturhorni hennar (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931). Ekki sjást neinar minjar af túngarðinum í dag.

**Mynd 70.** Eyrarbakki. Ljósmynd bygg Árn



**Mynd 69.** Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918

**Heimildir:**

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

**119**

**Sérheiti:** Stíghús – hesthús.

**Hlutverk:** Hesthús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394035, N375202.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Húsið númer 5 A við Búðarstíg heitir Stíghús. Það er næsta hús austan við samkomuhúsið Stað og næsta hús vestan við Götuhús. Húsið var byggt árið 1911 (Lilja Árnadóttir. 1989:58). Í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar sést að um 6 m suðaustan við húsið stóð hesthús sem tilheyrði húsinu, en suðvestan við það var þvottahús [120] (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:49).

**Minjalýsing:** Eiríkur lýsti Stíghúsi og hesthúsinu og þvottahúsinu [120] sem tilheyrðu húsinu þannig árið 1916:

49 Stíghús Ólafur Bjarnason  
A Íbúðarhús 7,6 x 6,3 vegg. 3 ris 2  
járnklaett

Niðri 5 herbergi og eldhús	
Uppi 1 herb. þiljað hitt óþiljað	
1 eldavjel 70 [kr.]	
1 ofn 40 [kr.]	
<u>191 ten.m. á 24 kr.</u>	4600
B Hesthús 3 x 5,4 veggh. 1,5	
járn á rimlum 26 □ m ...	
<u>4 □ þil</u>	40
C Þvottahús 3,3 x 2,3 [vegg.] 2, ris 0,5	
járn á rimlum 10 □ m	
...veggur 22 □ m	
þvottaeldfæri 30 [kr.]	
<u>14 ten m 8 kr</u>	140
	4780

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:49). Engin ummerki sjást um hesthúsið í dag á malarbornu plani.

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

## 120

**Sérheiti:** Stíghús – þvottahús.


**Hlutverk:** Þvottahús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393976, N375214.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Húsið númer 5 A við Búðarstíg heitir Stíghús. Það er næsta hús austan við samkomuhúsið Stað og næsta hús vestan við Götuhús. Húsið var byggt árið 1911 (Lilja Árnadóttir. 1989:58). Í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar sést að um 6 m suðaustan við húsið stóð hesthús sem tilheyrði húsinu [119], en um 12 m suðvestan



við það var þvottahús (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:49). **Mynd 71.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

**Minjalýsing:** Eiríkur lýsti Stíghúsi, hesthúsinu [119] og þvottahúsinu sem tilheyrðu húsinu þannig árið 1916:

49 Stíghús Ólafur Bjarnason

A Íbúðarhús 7,6 x 6,3 veggh. 3 ris 2 járnlætt Niðri 5 herbergi og eldhús Uppi 1 herb. þiljað hitt óþiljað 1 eldavjel 70 [kr.] 1 ofn 40 [kr.] <u>191 ten.m. á 24 kr.</u>	4600
B Hesthús 3 x 5,4 veggh. 1,5 járn á rimlum 26 □ m ... <u>4 □ þil</u>	40
C Þvottahús 3,3 x 2,3 [vegg.] 2, ris 0,5 járn á rimlum 10 □ m ...veggur 22 □ m þvottaeldfæri 30 [kr.] <u>14 ten m 8 kr</u>	140
	4780

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:49). Engin ummerki sjást um þvottahúsið í dag á malarbornu plani.

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

## 121

**Sérheiti:** Staður.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393967, N375236.

**Horfið:** Já

**Staðhættir:** Á ljósmynd í bókinni *Saga Eyrarbakka* má sjá að hús sem nefndist Staður stóð austan við Stíghús, sem er nr. 5 A við Búðarstíg, á þeim stað sem Samkomuhúsið Staður stendur í dag (Vigfús Guðmundsson. 1949:[193]). Hús þetta lét Ólafur Sigurðsson söðlasmiður byggja um 1920. Þegar hann flutti til Selfoss um 15 árum síðar (um 1935) flutti hann húsið með sér og stendur það enn og er nr. 3 við Sigtún (Guðmundur Kristinsson. 1995:221; Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí).

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsir húsinu 5. nóvember 1920. Hann segir að það sé 7,7 x 7,7 m járnlætt timburhús með 4 m vegghæð og risið 2 m. Kjallari var 2 m hár úr steinsteypu, 4 herbergi og gangur. Á 1. hæð voru einnig 4 herbergi og gangur og sömuleiðis í risi. Þrjár eldavélar og 2 ofnar voru í húsinu (Eiríkur Gíslason. 1916-1918).

### Heimildir:



Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Landskrá fasteigna. Sigtún 3, Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 23. ágúst 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1073602&landnr=162613&streetname=Sigt%C3%>

<http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1073602&landnr=162613&streetname=Sigt%C3%BAn%203&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg>.

Guðmundur Kristinsson. 1995. *Saga Selfoss II. Frá 1930 til 1960*. [Selfossi] Selfosskaupstaður.

Vigfús Guðmundsson. 1949. *Saga Eyrarbakka*. Síðara bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

## 122

**Sérheiti:** Smiðja frá Einarshöfn h/f.

**Hlutverk:** Smiðja.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394062, N375209.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar er lýst smiðju, sem stóð um 6 m austan við hesthús, sem tilheyrði Stíghúsi [119], en það hús er númer 5 A við Búðarstíg og stendur enn (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:50).

**Minjalýsing:** Eiríkur lýsir smiðjunni þannig árið 1916:


- 50 Smiðja frá Einarshöfn h/f
- Smiðja 5.5 [x] 3,5 vegg. 1,7 ris 2
- 30 □ m járn á borðaklæðningu,...
- 20 □ m borðaklæðning ...
- 2 gluggar nýjir ...

Kr. 270

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:50). Smiðjan hefur væntanlega staðið þar sem nú eru lóðamörk húss nr. 3 (Götu húss) og 5 A við Búðarstíg eða inni á ræktaðri lóð þess fyrrnefnda. Þar sjást engin merki um smiðjuna, þó inni á lóðinni sé mikil hrúga af hraungrýti, sem gæti átt rætur sínar að rekja til smiðjunnar.

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.



**Mynd 72.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

## 123

**Sérheiti:** Kirkjubær – brunnur.

**Hlutverk:** Brunnur.

**Tegund:** Brunnur.

**Staðsetning:** A394061, N375264.

**Staðhættir:** Inni á lóð Kirkjubæjar, sem byggður var 1918, um 15 m sunnan við húsið, er brunnur, sem nú hefur verið steipt í kringum og honum hefur einnig verið lokað með steiptu loki, sem nú er talsvert sprungið. Ekki er víst hvort



**Mynd 73.** Brunnur við Kirkjubæ.

brunnurinn hafi alla tíð tilheyrt Kirkjubæ, sem byggður var árið 1918 eða Mels-húsi [127], sem stóð mjög nálægt brunninum (Lilja Árnadóttir. 1989:38 og 44; Margrét Árnadóttir).

**Minjalýsing:** Blómabeð er í kringum brunninn. Lokið ofan á honum er um 70 x 70 sm, en brunnurinn sjálfur er svolítið meiri um sig.

**Heimildarmaður:** Margrét Árnadóttir, 170629-3029.

### Heimildir:

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrbakkinn. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

## 124

**Sérheiti:** Kirkjubær – garður.

**Hlutverk:** Túngarður.

**Tegund:** Garðlag.

**Staðsetning:** A394053, N375273.

**Staðhættir:** Inni á lóð Kirkjubæjar, sem byggður var 1918, er lítið garðbrot. Það er

um 5 m í SV frá suðvesturhorni hússins (Lilja Árnadóttir. 1989:44). Þegar Margrét Árnadóttir keypti húsið árið 1986 var garðurinn lengri og lá um 15 m í vestur í átt að Skúmsstöðum V [143] og því mestur hluti hans á svæði sem hefur verið sléttað (Margrét Árnadóttir). Þar er nú (2007) grasflöt á milli Norðurkots



**Mynd 74.** Túngarður við Kirkjubæ. Ljósm.GV.

[327] í norðri, Kirkjubæjar í austri, Hreggviðs og Skúmsstaða V [143] í vestri og

Miklagarðs í suðri. Hugsanlegt er að þetta veggjarbrot séu síðustu leifar garðlaga umhverfis lóðarbletti sem tilheyrðu Guðjóni Jónssyni á Skúmsstöðum [146], Jóhanni Gíslasyni [159] og Skúmsstöðum (Hólsbæ /Hólmsbæ) [156] (Sigurður Andersen. Engin dags.).

**Minjalýsing:** Garðbrotið er 1,5 m langt og liggur í NS. Það er notað til að afmarka blómabeð. Í því sjást 2 umför af hraungrýti með torfi á milli. Ofan á því er þykk vel gróin grastorfa.

**Heimildarmaður:** Margrét Árnadóttir, 170629-3029. Júní 2007.

**Heimildir:**

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905.* Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

**125**

**Sérheiti:** Kirkjubær – garður.

**Hlutverk:** Túngarður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393840, N375445.

**Staðhættir:** Á kortum sem sýna Einarshafnarhverfið um 1930 sést að skiki vestast í hverfinu tilheyrði Kirkjubæ. Hlaðinn garður afmarkaði skikann að sunnan og vestan. Að norðan sameinaðist hann skika frá Kaldbak og að austan voru mörkin sameiginleg með görðum frá Hannesarbæ og Gestsbæ (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931; Sigurður Andersen. Engin dags.). Engin ummerki sjást um þennan garð í dag.

**Heimildir:**

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka,* gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Einarshafnarhverfinu 1932.* Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

**126**

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394073, N375294.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir Eyrarbakka árið 1930 sést að við hlið Kirkjubæjar (sem byggður var 1918) hefur verið torfhlaðin bygging (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931; Lilja Árnadóttir. 1989:44). Heimildarmaður minnst

Þess að búið hafi verið í þessu húsi og segir að það hafi líklega verið rífið í kringum 1950. Hús þetta er ekki teiknað inn á kort af húsunum á Eyrarbakka árið 1920, svo verið getur að ekki hafi verið um eiginlegt íbúðarhús að ræða, frekar einhvers konar kofa sem hafst var við í og kemur það heim og saman við minni heimildarmanns (Jón Ingi Sigurjónsson; Lilja Árnadóttir. 1989:Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1920). Engin ummerki er um þetta hús í dag á malarbornu bílastæði norðan við lóð Kirkjubæjar.

**Heimildarmaður:** Jón Ingi Sigurjónsson, 230236-2679. Júní 2008.

**Heimildir:**

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

127

**Sérheiti:** Melshús.


**Hlutverk:** Bústaður – býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394050, N375269.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1901 sést að þau hús sem þá stóðu á landi Skúmsstaða voru 40 talsins. Meðal þeirra var Melshús (Lilja Árnadóttir. 1989: Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901). Á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1920 og fylgir ritinu *Eyrarbakki. Húsakönnun* sést Melshús ekki (Lilja Árnadóttir. 1989:Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1920). Hins vegar er það teiknað inn á kort frá 1930 (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931), þannig að hér eru heimildir misvísandi.



**Mynd 75.** Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

Melshús stóð þétt við þar sem nú er suðurgafll hússins Kirkjubær, rétt norðaustan við húsið Miklagarð sem nú (2007) hýsir veitingahúsið Rauða húsið. Þar sem Melshús stóð er nú gróin lóð Kirkjubæjar. Rústir Melshúsa eru í horni lóðarinnar við Kirkjubæ.

Á korti sem sýnir Skúmsstaðahverfið um 1905 sést að þeir sem bjuggu í Melshúsum áttu lóðarskika norðar og vestar í hverfinu, vestan við lóð hússins nr. 68 við Túngötu (Sigurður Andersen. Engin dags.). Gera má ráð fyrir að umhverfis skikann hafi verið hlaðinn garður og þarna ræktaðar kartöflur og/eða kál [128].

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsir húsinu þannig árið 1916:

1. des. 44 Melshús Jón Sigurðsson.

A. Íbúðarhús 4,3 x 5,1. Veggh. 2,6. ris 1,7 gamalt en nýlega lagað Niðri skipt í 2 herbergi. Uppi 1 herbergi þiljað hitt geimsla óþiljuð rimlar á þaki alt járn klætt utan 1 ofn ...	
<u>74 ten m. 18 ½</u>	1330
B. Skúr við húsgaflinn 2. x 4,3 hæð 2 þiljaður innan í honum. 1 eldavjel 20. (Smáskúr þar við með járn á rimlum) (...)	
<u>17 ten. m. 15</u>	250
	= 1580

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:44). Þar sem skúrinn var sambyggður íbúðarhúsinu er hans ekki getið sérstaklega. Íbúar Melshúss sóttu væntanlega vatn sitt í brunn sem nú er á lóð Kirkjubæjar [123].

**Heimildarmaður:** Margrét Árnadóttir, 170629-3029.

**Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

**128**

**Sérheiti:** Melshús - garður.

**Hlutverk:** Túngarður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394049, N375389.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir Skúmsstaðahverfið um 1905 sést að þeir sem bjuggu í Melshúsum [127] áttu lóðarskika norðar og vestar í hverfinu, vestan við lóð hússins nr. 68 við Túngötu (Vorhús) (Sigurður Andersen. Engin dags.). Gera má ráð fyrir að umhverfis skikann hafi verið hlaðinn garður og þarna ræktaðar kartöflur og/eða kál. Skiki þessi var vestan við skika sem tilheyrði Vorhúsum [295]. Því má gera ráð fyrir að garðurinn á milli skikanna hafi að einhverju leyti verið sameiginlegur. Skiki Melhúsa [128] lá norður af skika sem tilheyrði Brennu vestari [235] og má því gera ráð fyrir að suðurveggur Melshúsagarðsins og norðurveggur garðs frá Brennu vestari hafi verið ein og sama hleðslan. Engin

ummerki sjást um þennan garð, en hann er teiknaður inn á kort af Eyrarbakka frá 1930 (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931).

**Heimildir:**

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

**129**

**Sérheiti:** Vatakot.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Jarðabókinni* frá 1708 er getið um tólf tómhús á Skúmsstöðum. Eitt þeirra var Vatakot, en þar virðast hafa staðið fjögur hús [6][129][130][131] (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81-83).

**Minjalýsing:** „Hússleigan xx álnir í fiskatali ut supra. Kvöð engin.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81). „Öllum þeim tómhúsum, sem ekki standa heima við bæinn Skúmstaði, er hætt fyrir sjáfargangi og stórflæðum, einkarlega í rosaveðráttu um vetur, og skeður oft að sjórinngengur inn í húsin, so að fólk er ekki hættulaust þar inni að vera, og fer það oft úr þessum húsum, þegar von er á stórflæðum.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:83). Ekki er vitað um staðsetningu tómhússins.

**Heimildir:**

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

**130**

**Sérheiti:** Vatakot.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Jarðabókinni* frá 1708 er getið um tólf tómhús á Skúmsstöðum. Eitt þeirra var Vatakot, en þar virðast hafa staðið fjögur hús [6][129][130][131] (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81-83).

**Minjalýsing:** „Hússleiga ut supra. Kvöð mannslán hjer heima um vertíð eður í Þorlákshöfn. Kvikfje i hross fóðurlaust.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81). „Öllum þeim tómhúsum, sem ekki standa heima við bæinn Skúmstaði,

er hætt fyrir sjáfangangi og stórflæðum, einkarlega í rosaveðráttu um vetur, og skeður oft að sjórinn gengur inn í húsin, so að fólki er ekki hættulaust þar inni að vera, og fer það oft úr þessum húsum, þegar von er á stórflæðum.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:83). Ekki er vitað um staðsetningu tómhússins.

**Heimildir:**

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

**131**

**Sérheiti:** Vatakot.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Jarðabókinni* frá 1708 er getið um tólf tómhús á Skúmsstöðum. Eitt þeirra var Vatakot, en þar virðast hafa staðið fjögur hús [6][129][130][131] (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81-83).

**Minjalýsing:** „Hússleiga xx álnir í fiskatali ut supra. Kvöð mannlán ut supra.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81).

„Öllum þeim tómhúsum, sem ekki standa heima við bæinn Skúmstaði, er hætt fyrir sjáfangangi og stórflæðum, einkarlega í rosaveðráttu um vetur, og skeður oft að sjórinn gengur inn í húsin, so að fólki er ekki hættulaust þar inni að vera, og fer það oft úr þessum húsum, þegar von er á stórflæðum.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:83). Ekki er vitað um staðsetningu tómhússins.

**Heimildir:**

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

**132**

**Sérheiti:** Skúmsstaðir I (Kristbjargarbær/Pálsbær).

**Hlutverk:** Bústaður – býli.

**Tegund:** Hús.

**Staðsetning:** A393965, N375325.

**Staðhættir:** Skúmsstaðir I (Kristbjargarbær/Pálsbær) er hús nr. 4 við Bakarísstíg 4. Húsið var byggt árið 1900 eða 1901 (Lilja Árnadóttir. 1989:55;

Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka*). Húsið er um 8 m vestur af Inghól [209]. Húsið stendur enn og í því er búið.


**Minjalýsing:** Húsið var byggt fyrir tvær fjölskyldur, ein hæð á kjallara með risi, og hefur í fyrstu verið klætt bárujárn. Árið 1989 var húsið múrhúðað (Lilja Árnadóttir. 1989:55), en nú (2007) hefur það aftur verið bárujárnsklætt. Eiríkur Gíslason lýsti eignarhlutunum tveimur þannig í *Húsvirðingabók* sinni árið 1916:

36. Skúmsstaðir Páll Pálsson	
A Timburhús 3,8 x 5 veggh 2,5	
ris 2,3.	
Járnþak pappi að nokkru á veggjum	
Niðri 1 herb. og eldhús	
þakjárn á rimlum	
1 eldavél 50 kr	
<u>68 ten.m. 15 kr.</u>	<u>1010</u>
B Skúr inngangs 1,5 x 2,5	
<u>borðaklæðn járnþak</u>	<u>30</u>
<u>C. Kofi 1,5 x 3 með ónítum rafti</u>	<u>10</u>
	Kr. 1050


35 Skúmsstaðir Jón Jónsson	
A Timburhús 3,8 x 5 veggh. 2,5 ris 2,3	
járn á þaki og suðurhlið	
hitt með pappa	
rimlar á þaki en klætt innan á sperrur	
Niðri 2 herbergi	
15 ára gamall grjótkjallari	
<u>68 ten m 16 kr.</u>	<u>1080</u>
B. Skúr eldh. og inngangur 2,6 x 5 hæð 2 m	
þiljaðir innan	
járnþak með pappa á hlið úti	
1 eldavjel 70 kr.	
26 ten m. 10 kr.	260
C. Geimsluskúr 3 x 2,5. hæð 1,5	
10 □ þil 1 kr 70 □ m þak. 3 kr.	
<u>7 □ járn á rimlum ónítur</u>	<u>40</u>
D. Kofi járn á rimlum á 6 □ al	
<u>þil 3 □ al</u>	<u>20</u>
E Heyhlaða	
þilræfill 3 □ □	
<u>10 □ járn á rimlum</u>	<u>30</u>
	Kr. 1430



Mynd 76. Pálsbær í dag. Ljósmynd GV.



Mynd 77. Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.



Mynd 78. Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918: 35 og 36). Á Minjalýsingu þessari má sjá að Páll hefur átt kofa [135] fyrir sunnan hús og sömuleiðis Jón en við hans kofa var sambyggð hlaða [133]. Einnig átti Páll skika vestast í Einarshafnarhverfinu [139]



þar sem voru hesthús [137] og hlaða [138]. Hörður Ágústsson segir húsið vera af dansk-íslenskri yngri gerð og telur að æskilegt sé að varðveita húsið (Hörður Ágústsson. 2000:359).

#### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka*. Sótt 11. júní 2007 af <http://eyrarbakki.is/default2.asp?Docid=229&RevID=220&Tpl=1Template1.asp&M1=160&M2=229>.

Hörður Ágústsson. 2000. *Íslensk byggingararfleifð II. Varðveisluannáll 1863-1990. Verndunaróskir*. [Reykjavík:] Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

### 133

**Sérheiti:** Skúmsstaðir I (Kristbjargarbær/Pálsbær) – hlaða og (beitu)kofi Jóns Jónssonar.

**Hlutverk:** Útihús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393968, N375298.


**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Skúmsstaðir I (Kristbjargarbær/Pálsbær) [132] er hús nr. 4 við Bakarísstíg 4. Húsið var byggt árið 1900 eða 1901 (Lilja Árnadóttir. 1989:55; Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka*). Húsið er um 8 m vestur af Inghól [209]. Húsið stendur enn og í því er búið. Í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar kemur fram að eignarhluta Jóns Jónssonar hafi tilheyrt kofi og hlaða, sem stóðu fyrir

sunnan húsið (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:35).

**Minjalýsing:** Húsið var byggt fyrir tvær fjölskyldur (Lilja Árnadóttir. 1989:55). Eiríkur Gíslason lýsti eignarhluta Jóns Jónssonar þannig í *Húsvirðingabók* sinni árið 1916:

35 Skúmsstaðir Jón Jónsson  
A Timburhús 3,8 x 5 vegg. 2,5 ris 2,3  
járn á þaki og suðurhlið  
hitt með pappa  
rimlar á þaki en klætt innan á sperrur  
Niðri 2 herbergi  
15 ára gamall grjótkjallari  
68 ten m 16 kr. 1080  
B. Skúr eldh. og inngangur 2,6 x 5 hæð 2 m  
þiljaðir innan  
járnþak með pappa á hlið úti



**Mynd 79.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

1 eldavjel 70 kr.	
26 ten m. 10 kr.	260
C. Geimsluskúr 3 x 2,5. hæð 1,5	
10 □ þil 1 kr 70 □ m þak. 3 kr.	
<u>7 □ járn á rimlum ónítur</u>	<u>40</u>
D. Kofi járn á rimlum á 6 □ al	
<u>þil 3 □ al</u>	<u>20</u>
E Heyhlaða	
þilræfill 3 □ □	
<u>10 □ járn á rimlum</u>	<u>30</u>
	Kr. 1430

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:35). Geymsluskúrin var áfastur húsinu að norðan og er hans því ekki getið sérstaklega. Á teikningu í bók Eiríks sést að kofi og hlaða sem voru sambyggð stóð um 5 m fyrir sunnan húsið (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:35). Engin ummerki sjást um þessa byggingu, en hún hefur væntanlega staðið við suðurjaðar malarvegar, sem liggur sunnan við húsið og náð inn á óræktarskika fyrir norðan Brauðgerðarhús (Bakaríð) [264]. Á korti af Skúmsstaðahverfinu um 1905 sést að beitukofi í eigu Jóns Jónssonar stóð rétt fyrir sunnan Skúmsstaði I (Kristbjargarbæ/Pálsbæ) [132], sem voru þá í eigu manns að nafni Jón Jónsson og hefur það eflaust verið einn og sami maðurinn (Sigurður Andersen. Engin dags.; Eiríkur Gíslason. 1916-1918:35). Húsið hefur staðið við norðurenda garðs [134] sem skildi að lóðir kringum Barnaskólann (Gunnarshús/Gistihúsið) [257] að austan og Brauðgerðarhús (Bakaríð) [264] að vestan, en samkvæmt kortinu hafði Jón einmitt afnotarétt yfir skikanum innan garðsins þar sem beitukofi hans stóð (Sigurður Andersen. Engin dags.). Ekki verður betur séð en beitukofinn og sambyggða hlaðan og kofinn hafi staðið á sama stað og því er gert ráð fyrir því hér að um sömu byggingu hafi verið að ræða.

Árið 1896 reið stór jarðskjálfti yfir Suðurland. Þá eru 29 bæjarhús og 5 peningshús talin til Skúmsstaða (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905). Hugsanlegt er að eftirtalin hús sem hér er lýst séu meðal þessara bæjarhúsa: [133] [138] [145] [147] [148] [149] [153] [155] [157] [158] [160] [165] og [166]. Auk þess eru bæjarhúsin [168] [169] [170] [171] [172] [173] [174] [175] [176] [177] [178] [179] [180] [181] [182] og [183], sem ekki er vitað hvar stóðu né hvort þau hafi verið stakstæð eða sambyggð.

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka*. Sótt 11. júní 2007 af <http://eyrarbakki.is/default2.asp?Docid=229&RevID=220&Tpl=1Template1.asp&M1=160&M2=229>.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

Porvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

### 134

**Sérheiti:** Skúmsstaðir I (Kristbjargarbæ/Pálsbæ) – garður Jóns Jónssonar.

**Hlutverk:** Túngarður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393966, N375297.

**Staðhættir:** Skúmsstaðir I (Kristbjargarbær/Pálsbær) [132] er hús nr. 4 við Bakarísstíg 4. Húsið var byggt árið 1900 eða 1901 (Lilja Árnadóttir. 1989:55; Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka*). Húsið er um 8 m vestur af Inghól [209]. Húsið stendur enn og í því er búið. Í tæpa fjóra áratugi átti Jón Jónsson vesturhluta hússins (Lilja Árnadóttir. 1989:55). Á korti sem sýnir Skúmsstaðahverfið um 1905 sést að Jón hafði afnot af landskika fyrir sunnan hús sitt, alveg suður að Brauðgerðarhúsi (Bakarí) [264] við hlið skólalóðarinnar að vestanverðu (Sigurður Andersen. Engin dags.). Gera má ráð fyrir að hlaðinn garður hafi verið kringum skikann, en á mörkum þessara lóða í dag er einmitt hlaðinn garður, sem gæti verið sá sami [367].

### Heimildir:

Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka*. Sótt 11. júní 2007 af

<http://eyrarbakki.is/default2.asp?Docid=229&RevID=220&Tpl=1Template1.asp&M1=160&M2=229>.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

### 135

**Sérheiti:** Skúmsstaðir I (Kristbjargarbær/Pálsbær) – kofi Páls Pálssonar.


**Hlutverk:** Útihús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393971, N375292

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Skúmsstaðir I [132] (Kristbjargarbær/Pálsbær) er hús nr. 4 við Bakarísstíg 4. Húsið var byggt árið 1900 eða 1901 (Lilja



Mynd 80. Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

Árnadóttir. 1989:55; Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka*). Húsið er um 8 m vestur af Inghól [209]. Húsið stendur enn og í því er búið. Í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar kemur fram að eignarhluta Páls Pálssonar hafi tilheyrt kofi, sem stóð fyrir sunnan húsið (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:36).

**Minjalýsing:** Húsið var byggt fyrir tvær fjölskyldur (Lilja Árnadóttir. 1989:55). Eiríkur Gíslason lýsti eignarhluta Páls Pálssonar þannig í *Húsvirðingabók* sinni árið 1916:

36. Skúmsstaðir Páll Pálsson	
A Timburhús 3,8 x 5 vegg 2,5	
ris 2,3.	
Járnþak pappi að nokkru á veggjum	
Niðri 1 herb. og eldhús	
þakjárn á rimlum	
1 eldavél 50 kr	
<u>68 ten.m. 15 kr.</u>	<u>1010</u>
B Skúr inngangs 1,5 x 2,5	
<u>borðaklæðn járnþak</u>	<u>30</u>
<u>C. Kofi 1,5 x 3 með ónítum rafti</u>	<u>10</u>
	Kr. 1050

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:36). Engin ummerki eru um þennan kofa í dag, en hann hefur staðið fyrir sunnan húsið, næstum fast við hlöðu sem tilheyrði Barnaskóla (Gunnarshúsi/Gistihúsi) [259].

#### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka*. Sótt 11. júní 2007 af

<http://eyrarbakki.is/default2.asp?Docid=229&RevID=220&Tpl=1Template1.asp&M1=160&M2=229>.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

#### 136

**Sérheiti:** Skúmsstaðir I (Kristbjargarbæ/Pálsbæ) – útihús.

**Hlutverk:** Útihús/óþekkt.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393968, N375298.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Skúmsstaðir I (Kristbjargarbær/Pálsbær) [132] er hús nr. 4 við Bakarísstíg 4. Húsið var byggt árið 1900 eða 1901 (Lilja Árnadóttir. 1989:55; Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka*). Húsið er um 8 m vestur af Inghól [209]. Húsið stendur enn og í því er búið. Á korti af Eyrarbakka frá 1930 sést að torfhlaðin bygging hefur staðið þétt við húsið að austanverðu (Jón I. Víðis

og Magnús Konráðsson. 1930-1931). Ekki verður séð að Eiríkur Gíslason lýsi þessari byggingu í *Húsvirðingabók* sinni (Eiríkur Gíslason. 1916-1918).

**Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

**137**

**Sérheiti:** Skúmsstaðir I (Kristbjargarbær/Pálsbær) – hesthús Páls Pálssonar.

**Hlutverk:** Hesthús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393841, N375395.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti af Einarshafnarhverfinu um 1900 sést að vestast í hverfinu (talsvert fyrir vestan Einarshöfn I (Steinsbæ) [267]) hefur Páll Pálsson á Skúmsstöðum átt hlöðu og hesthús [138] (Sigurður Andersen. Engin dags.). Hér er væntanlega átt við þann Pál sem átti austurhluta Skúmsstaða I (Kristbjargarbæjar/Pálsbæjar) [132] á árunum 1900 til 1937 (Lilja Árnadóttir. 1989:55). Ekki er vitað nákvæmlega hvar útihús þessi stóðu, en þau hafa staðið inni á skika sem einnig tilheyrði Páli, og væntanlega hefur verið afmarkaður með hlöðnum garði [139]. Þessi útihúsi sjást ekki á korti frá 1930 (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931).

Árið 1896 reið stór jarðskjálfti yfir Suðurland. Þá eru 29 [133] [138] [145] [147] [148] [149] [153] [155] [157] [158] [160] [165] [166] [168] [169] [170] [171] [172] [173] [174] [175] [176] [177] [178] [179] [180] [181] [182] og [183] bæjarhús og 5 peningshús talin til Skúmsstaða (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905). Verið getur að þetta hesthús ásamt húsum [154] [161] [162] [163] séu hluti þessara peningahúsa. GPS-hnitið var tekið við vesturhlið bílskúrs sem tilheyrir húsi nr. 4 við Nesbrú en þar sjást engin ummerki gamalla bygginga.

**Heimildir:**

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Einarshafnarhverfi um 1900*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

## Utan svæðis

138

**Sérheiti:** Skúmsstaðir I (Kristbjargarbær/Pálsbær) – hlaða Páls Pálssonar.

**Hlutverk:** Hlaða.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393858, N375417.

**Staðhættir:** Á korti af Einarshafnarhverfinu um 1900 sést að vestast í hverfinu (talsvert fyrir vestan Einarshöfn I (Steinsbæ)



**Mynd 81.** Rústir hugsanlega af útihúsunum. Ljósmynd.

[267]) hefur Páll Pálsson á Skúmsstöðum átt hlöðu og hesthús [138] (Sigurður Andersen. Engin dags.). Hér er væntanlega átt við þann Pál sem átti austurhluta Skúmsstaða I (Kristbjargarbæjar/Pálsbæjar) [132] á árunum 1900 til 1937 (Lilja Árnadóttir. 1989:55). Ekki er vitað nákvæmlega hvar útihús þessi stóðu, en þau hafa staðið inni á skika sem einnig tilheyrði Páli, og væntanlega hefur verið afmarkaður með hlöðnum garði [139]. Þessi útihúsi sjást ekki á korti frá 1930 (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931).

Árið 1896 reið stór jarðskjálfti yfir Suðurland. Þá eru 29 bæjarhús og 5 peningshús talin til Skúmsstaða (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905). Hugsanlegt er að eftirtalin hús sem hér er lýst séu meðal þessara bæjarhúsa: [133] [138] [145] [147] [148] [149] [153] [155] [157] [158] [160] [165] og [166]. Auk þess eru bæjarhúsin [168] [169] [170] [171] [172] [173] [174] [175] [176] [177] [178] [179] [180] [181] [182] og [183], sem ekki er vitað hvar stóðu né hvort þau hafi verið stakstæð eða sambyggð. Norðan við innkeyrslu að húsi nr. 4 við Nesbrú eru mishæðir í landið sem gætu verið hleðslur af einhverju tagi, hugsanlega leifar útihúsa. GPS-hnitið er tekið þar.

### Heimildir:

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Einarshafnarhverfi um 1900*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

## Utan svæðis

139


**Sérheiti:** Skúmsstaðir I (Kristbjargarbær/Pálsbær) – garður.

**Hlutverk:** Túngarður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393844, N375407.

**Staðhættir:** Á korti af Einarshafnarhverfinu um 1900 sést að vestast í hverfinu (talsvert fyrir vestan Einarshöfn I (Steinsbæ) [267]) hefur Páll Pálsson á Skúmsstöðum átt hlöðu og hesthús [138] (Sigurður Andersen. Engin dags.). Hér er væntanlega átt við þann Pál sem átti austurhluta Skúmsstaða I (Kristbjargarbæjar/Pálsbæjar) [132] á árunum 1900 til 1937 (Lilja Árnadóttir. 1989:55). Ekki er vitað nákvæmlega hvar útihús þessi stóðu, en þau hafa staðið inn á skika sem einnig tilheyrði Páli og væntanlega



**Mynd 82.** Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

hefur verið afmarkaður með hlöðnum garði [139]. Á korti af vesturhluta Eyrarbakka frá 1930 sést að hlaðinn garður hefur verið umhverfis skikann (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931). Líklega hefur sá veggur sem snýr í norðaustur verið sameiginlegur með garði sem tilheyrði Gestsbæ. Á þessu svæði hefur áður verið margir garðar og má sjá hluta þeirra á hjálagðri loftmynd en ekki sjást nein ummerki um þennan garð.

**Minjalýsing:** Ekki verður betur séð en ummerki um garð séu 10 m vestan við hús nr. 4 við Nesbrú. Hann liggur nánast frá suðri til norðurs og er mjög útfluttur þannig að aðeins er um lága bungu að ræða. Bunga þessi er um 1,5 m að breidd og lengdin er um 15 m. Austan við bungu þessa sjást greinileg ummerki matjurtagarðs [0].

#### Heimildir:

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Einarshafnarhverfi um 1900*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

#### 140

**Sérheiti:** Skúmsstaðir IV (Hallandi).

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Hús.

**Staðsetning:** A393998, N375287.

**Staðhættir:** Húsið Skúmsstaðir IV (Hallandi) var byggt árið 1907, ein hæð með risi á hlöðnum steinkjallara. Við vesturgafli hússins er áföst skúrbygging (Lilja Árnadóttir. 1989:55). Skúmsstaðir IV (Hallandi) stendur enn í dag og er nýtt sem

íbúðarhús (2007). Auðséð er að nýlega hafa verið gerðar á því miklar endurbætur. Það er nú allt bárujárnsklætt, en á tímabili var það að múrhuðað að hluta (Lilja Árnadóttir. 1989:55). Húsið er rétt vestan við húsið Hreggvið og rétt sunnan við húsið Kaldbak [205]. Húsið stendur á bæjarhól Skúmsstaða [1], þar sem fyrsti Skúmsstaðabærinn



stóð **Mynd 83.** Skúmsstaðir IV (Hallandi). Ljósm.GV. (Guðmundur Þórarinsson. 1997:20). Áður en hafist var handa við endurbætur á húsinu fyrir nokkrum árum hallaði það mjög á grunni sínum og var þá kallað Hallandi í háðungarskyni.

Húsið stendur enn (2007) og er nýtt sem íbúðarhús.

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsti húsinu þannig í *Húsvirðingabók* sinni árið 1916:

40 Skúmsstaðir Guðbjörg Guðmd.	
A Timburhús 5,7 x 5 veggh. 2,6 ris 2	
járnklætt þiljað uppi og niðri	
Niðri 2 herb. og eldhús.	
uppi 2 herbergi	
1 eldavjel 40 [kr.] 1 ofn 40 [kr.] niðri	
uppi 1 eldavjel 10	
1 ofn 15 kr	
Kjallari hlaðinn úr grjóti ... steinlímdur	
<u>102 ten m. ...</u>	2000
B skúr við húsið 4,5 x 1,2 hæð 1.	
<u>6 ten m. ...</u>	100
	2100

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:40). Fyrsti eigandi hússins var Guðbjörg Guðmundsdóttir (Lilja Árnadóttir. 1989:55).

**Heimildarmaður:** Lýður Pálsson, 300666-2999. Haust 2006.

#### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbyggahreppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. [Eyrarbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.



**Hlutverk:** Útihús.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í Þjóðskjalasafni Íslands er til túnakort af Skúmsstöðum, líklega gert um 1920. Ekki er nákvæmlega unnt að gera sér grein fyrir hvaða bæ verið er að tala um, en gert er ráð fyrir að átt sé við Skúmsstaðabæinn [1], sem stóð á bæjarhólnum þar sem Skúmsstaðir IV (Hallandi) [140] stendur nú (2007). Á kortinu sést að tvö útihús [141] [142] hafa verið í túni Skúmsstaða, sem var 1,5 ha. Ekki er vitað hvar þessi útihús hafa staðið. Því er ekki loku fyrir það skotið að útihúsinu sé lýst annars staðar í þessari fornleifaskrá.

**Heimildir:**

Túnakort. [1920.] *Skúmsstaðir. Eyrarbakkaheppur, Árnessýsla.*  
Þjóðskjalasafn Íslands.

**142**

**Sérheiti:** Skúmsstaðir – útihús.

**Hlutverk:** Útihús.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í Þjóðskjalasafni Íslands er til túnakort af Skúmsstöðum, líklega gert um 1920. Ekki er nákvæmlega unnt að gera sér grein fyrir hvaða bæ verið er að tala um, en gert er ráð fyrir að átt sé við Skúmsstaðabæinn [1], sem stóð á bæjarhólnum þar sem Skúmsstaðir IV (Hallandi) [140] stendur nú (2007). Á kortinu sést að tvö útihús [141] [142] hafa verið í túni Skúmsstaða, sem var 1,5 ha. Ekki er vitað hvar þessi útihús hafa staðið. Því er ekki loku fyrir það skotið að útihúsinu sé lýst annars staðar í þessari fornleifaskrá.

**Heimildir:**

Túnakort. [1920.] *Skúmsstaðir. Eyrarbakkaheppur, Árnessýsla.*  
Þjóðskjalasafn Íslands.

**143**

**Sérheiti:** Skúmsstaðir V (Guðjónsbær).

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Hús.


**Staðsetning:** A394036, N375320

**Staðhættir:** Mjög lengi, ef ekki frá upphafi, hafa mörg hús borið nafnið Skúmsstaðir. Í bókinni *Landskjálftar á Íslandi* kemur til dæmis fram að 29 bæjarhús hafi staðið á landi Skúmsstaða



**Mynd 84,** *Skúmsstaðir V. Ljósm GV.*

árið 1896, árin 1801 og 1845 báru fjögur hús þetta nafn og í dag nefnast þrjú hús Skúmsstaðir (Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905:184; *Manntal á Íslandi 1801*. 1978:209; *Manntal á Íslandi 1845*. 1982:215; *Fasteignamat ríkisins*. 2007, 16. maí). Þar sem ekki eru eldri heimildir um Skúmsstaði V en það hús sem nú ber það heiti má gera ráð fyrir að það sé fyrsta húsið sem auðkennt er með númerinu V. Hússins er getið í veðmálabók Árnessýslu árið 1900 (Lilja Árnadóttir. 1989:57) og á vefnum Eyrarbakki.is (Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka*) kemur fram að húsið hafi verið byggt árið 1899. Húsið stendur um 7 m fyrir sunnan Brennu 1 [226].



**Mynd 85.** Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

**Minjalýsing:** „[Húsið] er bárujárnsklætt timburhús með lágu risi og breiðu en áður var húsið undir tveimur burstum. Viðbygging er með suðurhlið. Kjallari er undir húsinu.“ (Lilja Árnadóttir. 1989:56). Árið 1916 kemur fram að tveir ábúendur voru á Skúmsstöðum V og er hlutum þeirra lýst þannig í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar:

29 Skúmsstaðir Guðjón.	
A Timburhús 5,6 x 3,6. Veggh. 2,2. ris 2	
járnklætt þak á rimlum	
Niðri 1 herb og eldhús	
uppi 1 herb. geimsla óþiljuð	
Við það lítill inng. skúr	
1 eldavjel 50 kr. lítilfjörll	
<u>65 ten m 15 kr.</u>	970
B. Eldhús 4 x 2 torfþak	
<u>12 □ m raftur ...</u>	20
C. Hlaða 5 x 3 járn á rimlum	
<u>22 □ m 3,50</u>	70
D. Fjós 4,5 x 2 ...	10
E. Hesthús 4,5 x 2,5	
<u>15 □ m raftur góður ...</u>	20
F Fjárh. 4,5 x 2,5.	
<u>15 □ raftur gott ...</u>	20
	Kr. 1110


30 Skúmsstaðir Bjarni	
A[,] Timburh. 5,6 x 3,7 – veggh 2,2	
ris 2. Járnklætt alt	
þakjárn á rimlum gólf í lofti	
Niðri 2 herbergi	
1 eldavjel 10 kr. í brúklegu standi Leirrör	
<u>65 ten. m. 15 kr.</u>	970
B. Skúr við húsið	

2. x 5,6. hæð 2  
þiljaður innan að mestu  
1 eldavjel 10 kr Leirrör  
22 ten m. 12 kr

200

1170

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:29 og 30). Á uppdráttum í bók Eiríks má sjá að fjós, hesthús og fjárhús Guðjóns stóðu austan við húsið og voru sambyggð [144] (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:29). Þessi bygging sést á korti frá 1930 og er sýnt að hún hafi verið hlaðin úr torfi. Þar er þessi torfbygging kölluð Guðjónsbær (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931). Einnig er ekki ólíklegt að Guðjón hafi einnig átt útielhús það sem stóð örskammt frá suðvesturhorni hússins (Sigurður Andersen. Engin dags.) [145]. Húsið er enn (2007) nýtt sem íbúðarhús, en engin merki sjást um útihús Guðjóns. Þá má telja fullvíst að Guðjón hafi haft afnot af landskika austan við bæ sinn [146].



Mynd 86. Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka*. Sótt 11. júní 2007 af

<http://eyrarbakki.is/default2.asp?Docid=229&RevID=220&Tpl=1Template1.asp&M1=160&M2=229>.

Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Landskrá fasteigna. Skúmsstaðir 2, Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 3. júní 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1077175&landnr=166121&streetname=Sk%C3%BAmssta%C3%B0ir%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg>;

*Landskrá fasteigna. Skúmsstaðir 4, Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 3. júní 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1077176&landnr=166122&streetname=>

<http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1077177&landnr=166123&>

*Landskrá fasteigna. Skúmsstaðir 5, Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 3. júní 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1077177&landnr=166123&>





[145] [147] [148] [149] [153] [155] [157] [158] [160] [165] og [166]. Auk þess eru bæjarhúsin [168] [169] [170] [171] [172] [173] [174] [175] [176] [177] [178] [179] [180] [181] [182] og [183], sem ekki er vitað hvar stóðu né hvort þau hafi verið stakstæð eða sambyggð.

**Heimildir:**

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

**146**

**Sérheiti:** Skúmsstaðagarður Guðjóns Jónssonar.

**Hlutverk:** Túngarður.

**Tegund:** Garðlag.

**Staðsetning:** A394048, N375307.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir Skúmsstaðahverfið um 1905 er getið um Skúmsstaðagarð Guðjóns Jónssonar, en það var landskiki fyrir austan Skúmsstaði V [143] og sunnan Norðurkot [327]. Maður að nafni Guðjón Jónsson bjó í Skúmsstöðum V [143] og telja má víst að um sama manninn sé að ræða (Sigurður Andersen. Engin dags.). Gera má ráð fyrir að umhverfis skikann hafi verið hlaðinn garður og þarna ræktaðar kartöflur og/eða kál. Á korti frá 1930 sést að við norðurmörk skikans hefur verið grjóthlaðinn garður (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931) og enn sjást leifar þessarar hleðslu.



**Mynd 88.** Garður við Skúmstaði. Ljósmynd. GV.

**Minjalýsing:** Sunnan við malarlóða sem liggur með fram lóð Norðurkots [327] að sunnanverðu liggur grjóthlaðinn garður frá austri til vesturs. Hann er um 26 m langur og er hleðslan greinilegust á um 11 m kafla austast. Síðan verður hann óljósari þegar vestan dregur en þó sést móta fyrir honum alveg að húsinu Skúmsstaðir V (Guðjónsbær) [143]. Hæstur er garðurinn um 60 sm hár og um 50 sm breiður með grófu hraungrýti.

**Heimildir:**

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

147

**Sérheiti:** Skúmsstaðir  
Ebenesers Guðmundssonar  
(Ebenesarbær).

**Hlutverk:** Bústaður - býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393998,  
N375287.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á ljósmynd sem  
tekin var af Skúmsstöðum um  
1900 má sjá 7 timburstafna  
með grjóthlöðnum veggjum á




**Mynd 89.** Skúmsstaðahverfið. Ljósmynd. Byggðasafn Árn.

milli. Húsin eru sögð vera bær Jóns Stefánssonar [160], Andrésarbær [197], Ebenesarbær [147] og Gíslabær [165] (Vigfús Guðmundsson. 1945:[49]; *Ljósmyndir gamla tímans. Eyrarbakki*. 1989). Ebenesarbær var milli Hreggviðs og Skúmsstaða IV (Hallanda) [140]. Bæjarröðin var löng, þannig að hann náði nánast frá Skúmsstöðum IV að vesturtröppum Hreggviðs (Ólafur Gíslason). Á korti sem sýnir Skúmsstaðahverfið sést að bæirnir Skúmsstaðir Jóns Jónssonar [Skúmsstaðir I (Kristbjargarbær/Pálsbær) [132]], Skúmsstaðir Jóns Stefánssonar [160], Andrésarbær [197] og Ebenesarbær [147] stóðu samsíða í línu frá vestri til austurs, Skúmsstaðir Jóns Jónssonar vestast og Ebenesarbær austast, fáum metrum fyrir norðan Barnaskólann (Gunnarshús/ Gistihúsið) [257]. Á teikningu í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar sést að Skúmsstaðir Sigurðar Sigurðssonar [165] hafa verið áfastir við bæinn að austanverðu (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:41).

**Minjalýsing:** Bænum er þannig lýst í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar árið 1918:

41 Skúmsstaðir Ebeneser Guðms.	
A Timburhús 5 x 3,5. veggj 2,5 ris 1,5	
járnþak pappi á veggjum	
2 herberg eldhús og gangur	
Uppi þiljuð 2 herbergi	
1 eldavjel 50 kr	
Garðveggur að austan að nokkru og norðan	
<u>57 ten m 18 kr.</u>	1030
B. Eldhús 3,5 x 2.	
<u>raftur og torf kr.</u>	10
	1040



**Mynd 90.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:41). Skemma var í eigu Ebenesers [148] (SEM 1990:124). Hún stóð rétt suðaustan við bæinn (Sigurður Andersen. Engin dags.). Engin ummerki eru um bæinn eða skemmuna.

Árið 1896 reið stór jarðskjálfti yfir Suðurland. Þá eru 29 bæjarhús og 5 peningshús talin til Skúmsstaða (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905). Hugsanlegt er að eftirtalin hús sem hér er lýst séu meðal þessara bæjarhúsa: [133] [138] [145] [147] [148] [149] [153] [155] [157] [158] [160] [165] og [166]. Auk þess eru bæjarhúsin [168] [169] [170] [171] [172] [173] [174] [175] [176] [177] [178] [179] [180] [181] [182] og [183], sem ekki er vitað hvar stóðu né hvort þau hafi verið stakstæð eða sambyggð.

**Heimildarmaður:** Ólafur Gíslason, 040919-4579.

#### **Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

*Ljósmyndir gamla tímans*. Eyrarbakki. 1989. Mappa með ljósmyndum. [Engin staðsetning:] Bókaforlagið Líf og saga.

SEM 1990:124. Ljósmynd í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

Vigfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrarbakka*. Fyrri bindi, fyrri hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

#### **148**

**Sérheiti:** Skúmsstaðir Ebenesers Guðmundssonar (Ebenesarbær) – skemma.

**Hlutverk:** Skemma.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394026, N375294

**Horfið:** Já.


**Staðhættir:** Á gamalli ljósmynd í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka má sjá að rétt við hliðina á Skúmsstöðum (Hólsbæ/Hólmsbæ) [283] var skemma í eigu Ebenesar gullsmiðs (SEM 1990:124). Hún stóð rétt auðaustan við Skúmsstaði Ebenesers Guðmundssonar (Ebenesarbær) [147] (Sigurður Andersen. Engin dags.).

**Minjalýsing:** Skemman var að því er virðist eingöngu byggð úr timbri (SEM 1990:124). Engin ummerki eru um bæinn eða skemmuna.

Árið 1896 reið stór jarðskjálfti yfir Suðurland. Þá eru 29 bæjarhús og 5 peningshús talin til Skúmsstaða (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905). Hugsanlegt er að eftirtalin hús sem hér er lýst séu meðal þessara bæjarhúsa: [133] [138]



[145] [147] [148] [149] [153]  
 [155] [157] [158] [160] [165]  
 og [166]. Auk þess eru  
 bæjarhúsin [168] [169] [170]  
 [171] [172] [173] [174] [175]  
 [176] [177] [178] [179] [180]  
 [181] [182] og [183], sem ekki  
 er vitað hvar stóðu né hvort  
 þau hafi verið stakstæð eða  
 sambyggð.



#### Heimildir:

SEM 1990:124. Mynd 91. Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók

Eiríks Gíslasonar 1916-1918

Ljósmynd í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.

Sigurður Andersen. Engin dags. Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905. Óbirt gögn í eigu Bygðasafns Árnesinga.

#### 149

**Sérheiti:** Skúmsstaðir Guðrúnar Teitsdóttur (Teitsbær) - torfbær.

**Hlutverk:** Bústaður – býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393964, N375273.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir Skúmsstaðahverfið um 1905 sést hús sem einnig nefnist Teitsbær [149], sem hefur staðið vestast í hverfinu, svolítið fyrir norðaustan Zephyr [213] (Sigurður Andersen. Engin dags.). Í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar er lýst Skúmsstöðum Guðrúnar Teitsdóttur [149], sem staðið hefur þétt vestan við Bjarnastaði [215] en þeir stóðu vestan við Kaldbak [205] við hliðina á Zephyr [213] (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:33 og 34; Ólafur Gíslason). Því verður ekki um villst að Teitsbær og Skúmsstaðir Guðrúnar Teitsdóttur er sama húsið [149].

Á gamalli ljósmynd sem birtist í *Sögu Eyrarbakka* sést hús sem einnig kallaðist Teitsbær [152]. Það stóð þétt austan við Einarshöfn II (Prestshúsið) og sneri göflum mót suðri líkt og Einarshöfn II (Prestshúsið). Hús þetta hefur verið á tveimur hæðum og hugsanlega viðbygging, útihús eða annað hús, ónefnt, austan við. Teitsbær [152] hefur staðið þar sem nú stendur húsið Einarshöfn III (Mið-Einarshöfn/Vestri-Einarshöfn) en það hús var byggt árið 1899 (Vigfús Guðmundsson. 1949:[145]; Lilja Árnadóttir. 1989:30). Hér er því um annan Teitsbæ að ræða en bæ Guðrúnar Teitsdóttur, eða þá að um einhvern misskilning er að ræða.

Á korti frá 1930 sést að timburhús [150] hefur staðið þar sem nú er suðvesturhorn lóðar húss nr. 6 við Bakarisstíg (Sæból), norðvestan við Skúmsstaði I (Kristbjargarbæ/ Pálsbæ) [132] og er hér væntanlega um Teitsbæ að ræða þó um annað byggingarefni sé um að ræða en í Minjalýsingu Eiríks Gíslasonar frá 1916 (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931; Eiríkur Gíslason. 1916-1918:34). Því er hugsanlegt að á árunum 1916 til 1930 hafi Teitsbær verið endurbyggður og því um tvö hús að ræða [150].

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsir bænum þannig í *Húsvirðingabók* sinni árið 1916:

34 Skúmsstaðir Guðrún Teitsd	
A Baðstofa 4. x 3.	
<u>16 □ þak járn súð torf....</u>	150
B Bæjardyr 4 x 1.	
<u>með gömlum rafti</u>	10
C. Eldhús 4 x 1,5	
raftur og torfþ.	
<u>járnþ....</u>	30
D Skemma 4 x 2,5	
Torfþ. og súð ...	
<u>fremur góð</u>	30
	Kr. 220

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:34). Á uppdrætti í *Húsvirðingabókinni* sést að öll voru húsin sambyggð (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:34). Engin ummerki eru um þennan bæ.

Árið 1896 reið stór jarðskjálfti yfir Suðurland. Þá eru 29 bæjarhús og 5 peningshús talin til Skúmsstaða (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905). Hugsanlegt er að eftirtalin hús sem hér er lýst séu meðal þessara bæjarhúsa: [133] [138] [145] [147] [148] [149] [153] [155] [157] [158] [160] [165] og [166]. Auk þess eru bæjarhúsin [168] [169] [170] [171] [172] [173] [174] [175] [176] [177] [178] [179] [180] [181] [182] og [183], sem ekki er vitað hvar stóðu né hvort þau hafi verið stakstæð eða sambyggð.

**Heimildarmaður:** Ólafur Gíslason, 040919-4579. Hausti 2006.

#### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

Vígfús Guðmundsson. 1949. *Saga Eyrarbakka*. Síðara bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

## 150

**Sérheiti:** Skúmsstaðir Guðrúnar Teitsdóttur (Teitsbær) - timburhús.

**Hlutverk:** Bústaður – býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393964, N375273

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir Skúmsstaðahverfið um 1905 sést hús sem einnig nefnist Teitsbær [149], sem hefur staðið vestast í hverfinu, svolítið fyrir norðaustan Zephyr [213] (Sigurður Andersen. Engin dags.). Í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar er lýst Skúmsstöðum Guðrúnar Teitsdóttur [149], sem staðið hefur þétt vestan við Bjarnastaði [215] en þeir stóðu vestan við Kaldbak [205] við hliðina á Zephyr [213] (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:33 og 34; Ólafur Gíslason). Því verður ekki um villst að Teitsbær og Skúmsstaðir Guðrúnar Teitsdóttur er sama húsið [149].

Á gamalli ljósmynd sem birtist í *Sögu Eyrarbakka* sést hús sem einnig kallaðist Teitsbær [152]. Það stóð þétt austan við Einarshöfn II (Prestshúsið) og sneri göflum mót suðri líkt og Einarshöfn II (Prestshúsið). Hús þetta hefur verið á tveimur hæðum og hugsanlega viðbygging, útihús eða annað hús, ónefnt, austan við. Teitsbær [152] hefur staðið þar sem nú stendur húsið Einarshöfn III (Mið-Einarshöfn/Vestri-Einarshöfn) en það hús var byggt árið 1899 (Vigfús Guðmundsson. 1949:[145]; Lilja Árnadóttir. 1989:30). Hér er því um annan Teitsbæ að ræða en bæ Guðrúnar Teitsdóttur, eða þá að um einhvern misskilning er að ræða.

Á korti frá 1930 sést að timburhús [150] hefur staðið þar sem nú er suðvesturhorn lóðar húss nr. 6 við Bakarísstíg (Sæból), norðvestan við Skúmsstaði I (Kristbjargarbæ/Pálsbæ) [132] og er hér væntanlega um Teitsbæ að ræða þó um annað byggingarefni sé um að ræða en í Minjalýsingu Eiríks Gíslasonar frá 1916 (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931; Eiríkur Gíslason. 1916-1918:34). Því er hugsanlegt að á árunum 1916 til 1930 hafi Teitsbær verið endurbyggður og því um tvö hús að ræða [150]. Ekki sjást nein ummerki um þessi hús í dag.

**Heimildarmaður:** Ólafur Gíslason, 040919-4579.

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905.* Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

Vigfús Guðmundsson. 1949. *Saga Eyrarbakka.* Síðara bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

## 151

**Sérheiti:** Torfbær við Bakarísstíg.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Frásögn.

**Staðsetning:** A394001, N375335.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Samkvæmt heimildarmanni stóð torfbær við Bakarísstíginn, rétt norðan við NV horn Skúmsstaða I (Kristbjargarbæjar/Pálsbæjar) [132]. Húsið var vestasta húsið af þremur sem saman stóðu í boga norðan við Skúmsstaði I (Kristbjargarbæ/Pálsbæ) [132], vestan við Kaldbak [205]. Hin húsin voru Zephyr [213] og Bjarnastaðir [215] (austast). Þar sem torfbærinn stóð er nú bílastæði Skúmsstaða I (Kristbjargarbæjar/Pálsbæjar) [132], við NV horn hússins. Í torfbænum var tveggjarúðu ljóri, en oft var líknarbelgur í slíkum gluggum. Í húsinu bjuggu tvær fullorðnar konur þegar heimildarmaður var barn að aldri (Ólafur Gíslason). Ekki er unnt að sjá að þessi bær sé á kortum af Skúmsstaðahverfinu frá um 1905 eða af húsunum á Eyrarbakka árið 1901 eða 1920 (Sigurður Andersen. Engin dags.: Lilja Árnadóttir. 1989:Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901; Lilja Árnadóttir. 1989:Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1920).

Hugsanlegt er að hér sé um að ræða Skúmsstaði Guðrúnar Teitsdóttur (Teitsbæ) [149], a.m.k. hafa þessir tveir bæir verið mjög nálægt hvor öðrum. Engin ummerki sjást um þennan bæ í dag (2007), þar sem nú er malarborið bílastæði.

**Heimildarmaður:** Ólafur Gíslason, 040919-4579..

### Heimildir:

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905.* Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

### Utan svæðis

## 152

**Sérheiti:** Teitsbær.

**Hlutverk:** Bústaður – býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393934, N375349.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á gamalli ljósmynd sem birtist í *Sögu Eyrarbakka* sést hús sem kallaðist Teitsbær [152]. Það stóð þétt austan við Einarshöfn II (Prestshúsið) og sneri göflum mót suðri líkt og Einarshöfn II (Prestshúsið). Hús þetta hefur verið á tveimur hæðum og hugsanlega viðbygging, útihús eða annað hús, ónefnt, austan við. Teitsbær [152] hefur staðið þar sem nú stendur húsið Einarshöfn III (Mið-Einarshöfn/Vestri-Einarshöfn), en það hús var byggt árið 1899 (Vigfús Guðmundsson. 1949:[145]; Lilja Árnadóttir. 1989:30). Á korti sem sýnir Skúmsstaðahverfið um 1905 sést einnig hús sem nefnist Teitsbær [149], sem hefur staðið vestast í hverfinu, svolítið fyrir norðaustan Zephyr [213] (Sigurður Andersen. Engin dags.). Svo virðist sem Skúmsstaðir Guðrúnar Teitsdóttur (Teitsbær) [149] og Teitsbærinn [152] á gömlu ljósmyndinni sé ekki sama húsið, eða þá að um einhvern misskilning sé að ræða.

**Heimildarmaður:** Ólafur Gíslason, 040919-4579.

**Heimildir:**

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905.* Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

Vigfús Guðmundsson. 1949. *Saga Eyrarbakka.* Síðara bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

153

**Sérheiti:** Skúmsstaðir (Hólsbær/Hólmsbær).


**Hlutverk:** Bústaður – býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394026, N375294.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1901 sést að þau hús sem þá stóðu á landi Skúmsstaða voru 40 talsins. Meðal þeirra var Skúmsstaðir (Hólmsbær). Hús þetta stóð rétt suður af húsinu Skúmsstöðum Jóhanns Gíslasonar (Mangabæjar) [157] og rétt austur af NA horni hússins Hreggviðs (Lilja Árnadóttir. 1989:Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt



**Mynd 92.** Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

manntali árið 1901). Ekki verður betur séð að hús þetta hafi staðið enn árið 1920 (Lilja Árnadóttir. 1989:Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1920), en heimildarmaður getur þess að húsið hafi verið rífið fyrir 1943 (Ólafur Gíslason). Í gögnum Húsafriðunarnefndar kemur fram að Hólmsbær hafi verið rífinn árið 1926 (Áslaugar G. Harðardóttir og Jón H. Magnússon. 2003, 28. nóvember). Á mynd í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka af Skúmsstöðum (Hólmsbæ) sést að bærinn hefur staðið við hlið skemmu í eigu Ebenesar gullsmiðs [148] (SEM 1990:124). Á korti sem sýnir Skúmsstaðahverfið um 1905 er getið um húsið Hólmsbæ, sem staðið hefur um 12 m norðan við Skúmsstaði Ebenesers Guðmundssonar (Ebenesarbæ) [147] (Sigurður Andersen. Engin dags.; Eiríkur Gíslason. 1916-1918:43). Ekki verður betur séð en hér sé um sama hús að ræða.

**Minjalýsing:** Árið 1916 lýsti Eiríkur Gíslason Hólmsbæ þannig:

43 Hólmsbær Guðjón	
A Timburhús (Járnþak) 3,5 x 8 veggh 2 ris 2	
Niðri 1 herb. og eldhús	
uppi 2 herb.	
1 eldavjel 15	
1 [eldavjel] 10	
gamalt ...	
<u>84 ten m 9 kr.</u>	760
B Skúr við húshlið	
2,5 x 8 járn á rimlum	
18 □ járn á rimlum ...	
<u>18 ten m þiljað ...</u>	120
C Geimsluskúr 3,5 x 3	
17 □ járn og rimlar 4 kr. ...	
<u>8□ þil gamalt ...</u>	80
D. Eldhús 4. x 2,5	
12 □ raftar	
<u>gamalt</u>	10
F. Hesthús	
<u>11 □ m járn á rimlum</u>	30
E. Hjallur 5 x 3,5. veggh. 2,5 1,5	
<u>mjög ljelegur ...</u>	30
	1030

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:43).

Öll bæjarhúsin voru sambyggð, nema hesthúsið, sem stóð um 5 m suðaustan við þau [154] og hjallurinn sem stóð um 12 m sunnan við húsið [155] (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:43). Lóð Skúmsstaða (Hólmsbæjar/Hólmsbæjar) var austan við bæinn og náði að Melshúsi [127]. Hjallurinn [155] stóð vestast í lóðinni. Ugglaust hefur hlaðinn garður verið umhverfis lóðina [156]. Í dag sjást engar leifar á svæðinu, en líklega hefur bærinn staðið þar sem nú er norðausturhorn lóðarinnar sem er umhverfis húsið Hreggvið.

Árið 1896 reið stór jarðskjálfti yfir Suðurland. Þá eru 29 bæjarhús og 5 peningshús talin til Skúmsstaða (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905). Hugsanlegt er að eftirtalin hús sem hér er lýst séu meðal þessara bæjarhúsa: [133] [138]

[145] [147] [148] [149] [153] [155] [157] [158] [160] [165] og [166]. Auk þess eru bæjarhúsin [168] [169] [170] [171] [172] [173] [174] [175] [176] [177] [178] [179] [180] [181] [182] og [183], sem ekki er vitað hvar stóðu né hvort þau hafi verið stakstæð eða sambyggð.

**Heimildarmaður:** Ólafur Gíslason, 040919-4579. Haust 2006.

#### Heimildir:

Áslaug G. Harðardóttir og Jón H. Magnússon. 2003, 28. nóvember. Umsókn um styrk til Húsafriðunarnefndar. Gögn í eigu Húsafriðunarnefndar.

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

SEM 1990:124. Ljósmynd í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Bygðasafns Árnesinga.

#### 154

**Sérheiti:** Skúmsstaðir (Hólsbær/Hólmsbær) - hesthús.

**Hlutverk:** Hesthús.


**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394026, N375294.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1901 sést að þau hús sem þá stóðu á landi Skúmsstaða voru 40 talsins. Meðal þeirra var Skúmsstaðir (Hólsbær/Hólmsbær) [283]. Hús þetta stóð rétt suður af húsinu Skúmsstöðum Jóhanns Gíslasonar (Mangabæjar) [157] og rétt austur af NA horni hússins Hreggviðs (Lilja Árnadóttir. 1989: Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901). Ekki verður

betur séð að hús þetta hafi staðið enn árið 1920 (Lilja Árnadóttir. 1989:Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1920), en heimildarmaður getur þess að húsið hafi verið rífið fyrir 1943 (Ólafur Gíslason). Í gögnum Húsafriðunarnefndar kemur fram að Hólmsbær hafi verið rifinn árið 1926 (Áslaugar G. Harðardóttir og Jón H. Magnússon. 2003, 28. nóvember). Á mynd í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka af Skúmsstöðum (Hólmsbæ) sést að bærinn hefur staðið við hlið skemmu í eigu Ebenesar gullsmiðs [148] (SEM 1990:124). Á korti sem sýnir



**Mynd 93.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

Skúmsstaðahverfið um 1905 er getið um húsið Hólsbæ, sem staðið hefur um 12 m norðan við Skúmsstaði Ebenesers Guðmundssonar (Ebenesarbæ) [147] (Sigurður Andersen. Engin dags.; Eiríkur Gíslason. 1916-1918:43). Ekki verður betur séð en hér sé um sama hús að ræða, og ekki er vitað hvor orðmyndin er sú rétta, Hólsbær eða Hólmsbær.

**Minjalýsing:** Árið 1916 lýsti Eiríkur Gíslason Hólsbæ þannig:

43 Hólsbær Guðjón	
A Timburhús (Járnþak) 3,5 x 8 veggh 2 ris 2	
Niðri 1 herb. og eldhús	
uppi 2 herb.	
1 eldavjel 15	
1 [eldavjel] 10	
gamalt ...	
<u>84 ten m 9 kr.</u>	760
B Skúr við húshlið	
2,5 x 8 járn á rimlum	
18 □ járn á rimlum ...	
<u>18 ten m þiljað ...</u>	120
C Geimsluskúr 3,5 x 3	
17 □ járn og rimlar 4 kr. ...	
<u>8□ þil gamalt ...</u>	80
D. Eldhús 4. x 2,5	
12 □ raftar	
<u>gamalt</u>	10
F. Hesthús	
<u>11 □ m járn á rimlum</u>	30
E. Hjallur 5 x 3,5. veggh. 2,5 1,5	
<u>mjög ljelegur ...</u>	30
	1030

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:43). Öll bæjarhúsin voru sambyggð, nema hesthúsið, sem stóð um 5 m suðaustan við þau [154] og hjallurinn sem stóð um 12 m sunnan við húsið [155] (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:43). Í dag sjást engar leifar á svæðinu, en líklega hefur bærinn staðið þar sem nú er norðausturhorn lóðarinnar sem er umhverfis húsið Hreggvið.

Árið 1896 reið stór jarðskjálfti yfir Suðurland. Þá eru 29 [133] [138] [145] [147] [148] [149] [153] [155] [157] [158] [160] [165] [166] [168] [169] [170] [171] [172] [173] [174] [175] [176] [177] [178] [179] [180] [181] [182] og [183] bæjarhús og 5 peningshús talin til Skúmsstaða (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905). Verið getur að þetta hesthús ásamt húsum [137] [161] [162] [163] séu hluti þessara peningahúsa.

**Heimildarmaður:** Ólafur Gíslason, 040919-4579. Hausti 2006.

**Heimildir:**

Áslaug G. Harðardóttir og Jón H. Magnússon. 2003, 28. nóvember. Umsókn um styrk til Húsafriðunarnefndar. Gögn í eigu Húsafriðunarnefndar.

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.



Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

SEM 1990:124. Ljósmynd í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Bygðasafns Árnesinga.

## 155

**Sérheiti:** Skúmsstaðir (Hólsbær/Hólmsbær) - hjallur.


**Hlutverk:** Hjallur.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394026, N375294.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1901 sést að þau hús sem þá stóðu á landi Skúmsstaða voru 40 talsins. Meðal þeirra var Skúmsstaðir (Hólsbær/Hólmsbær) [283]. Hús þetta stóð rétt suður af húsinu Skúmsstöðum Jóhanns Gíslasonar (Mangabæjar) [157] og rétt austur af NA horni hússins Hreggviðs (Lilja Árnadóttir. 1989: Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901). Ekki verður betur séð að hús þetta hafi staðið enn árið 1920 (Lilja Árnadóttir. 1989:Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1920), en heimildarmaður getur þess að húsið hafi verið rífið fyrir 1943 (Ólafur Gíslason). Í



**Mynd 94.** Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

gögnum Húsafriðunarnefndar kemur fram að Hólmsbær hafi verið rifinn árið 1926 (Áslaugar G. Harðardóttir og Jón H. Magnússon. 2003, 28. nóvember). Á mynd í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka af Skúmsstöðum (Hólmsbæ) sést að bærinn hefur staðið við hlið skemmu í eigu Ebenesar gullsmiðs [148] (SEM 1990:124). Á korti sem sýnir Skúmsstaðahverfið um 1905 er getið um húsið Hólsbæ, sem staðið hefur um 12 m norðan við Skúmsstaði Ebenesars Guðmundssonar (Ebenesarbæ) [147] (Sigurður Andersen. Engin dags.; Eiríkur Gíslason. 1916-1918:43). Ekki verður betur séð en hér sé um sama hús að ræða, og ekki er vitað hvor orðmyndin er sú rétta, Hólsbær eða Hólmsbær.

**Minjalýsing:** Árið 1916 lýsti Eiríkur Gíslason Hólsbæ þannig:

43 Hólsbær Guðjón

A Timburhús (Járnþak) 3,5 x 8 veggh 2 ris 2

Niðri 1 herb. og eldhús

uppi 2 herb.

1 eldavjel 15

1 [eldavjel] 10

gamalt ...	
<u>84 ten m 9 kr.</u>	760
B Skúr við húshlið	
2,5 x 8 járn á rimlum	
18 járn á rimlum ...	
<u>18 ten m þiljað ...</u>	120
C Geimsluskúr 3,5 x 3	
17 járn og rimlar 4 kr. ...	
<u>8□ þil gamalt ...</u>	80
D. Eldhús 4. x 2,5	
12 raftar	
<u>gamalt</u>	10
F. Hesthús	
<u>11 m járn á rimlum</u>	30
E. Hjallur 5 x 3,5. vegg. 2,5 1,5	
<u>mjög ljelegur ...</u>	30
	1030

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:43). Öll bæjarhúsin voru sambyggð, nema hesthúsið, sem stóð um 5 m suðaustan við þau [154] og hjallurinn sem stóð um 12 m sunnan við húsið. Í dag sjást engar leifar á svæðinu, en líklega hefur bærinn staðið þar sem nú er norðausturhorn lóðarinnar sem er umhverfis húsið Hreggvið.

Árið 1896 reið stór jarðskjálfti yfir Suðurland. Þá eru 29 bæjarhús og 5 peningshús talin til Skúmsstaða (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905). Hugsanlegt er að eftirtalin hús sem hér er lýst séu meðal þessara bæjarhúsa: [133] [138] [145] [147] [148] [149] [153] [155] [157] [158] [160] [165] og [166]. Auk þess eru bæjarhúsin [168] [169] [170] [171] [172] [173] [174] [175] [176] [177] [178] [179] [180] [181] [182] og [183], sem ekki er vitað hvar stóðu né hvort þau hafi verið stakstæð eða sambyggð.

**Heimildarmaður:** Ólafur Gíslason, 040919-4579. Haust 2006.

#### Heimildir:

Áslaug G. Harðardóttir og Jón H. Magnússon. 2003, 28. nóvember. Umsókn um styrk til Húsafriðunarnefndar. Gögn í eigu Húsafriðunarnefndar.

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

SEM 1990:124. Ljósmynd í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

#### 156

**Sérheiti:** Skúmsstaðir (Hólsbær/Hólmsbær) - garður.

**Hlutverk:** Túngarður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394026, N375294.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1901 sést að þau hús sem þá stóðu á landi Skúmsstaða voru 40 talsins. Meðal þeirra var Skúmsstaðir (Hólmsbær). Hús þetta stóð rétt suður af húsinu Skúmsstöðum Jóhanns Gíslasonar (Mangabæjar) [157] og rétt austur af NA horni hússins Hreggviðs (Lilja Árnadóttir. 1989:Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901). Ekki verður betur séð að hús þetta hafi staðið enn árið 1920 (Lilja Árnadóttir. 1989:Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1920), en heimildarmaður getur þess að húsið hafi verið rífið fyrir 1943 (Ólafur Gíslason). Í gögnum Húsafriðunarnefndar kemur fram að Hólmsbær hafi verið rifinn árið 1926 (Áslaugar G. Harðardóttir og Jón H. Magnússon. 2003, 28. nóvember). Á mynd í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka af Skúmsstöðum (Hólmsbæ) sést að bærinn hefur staðið við hlið skemmu í eigu Ebenesar gullsmiðs [148] (SEM 1990:124). Á korti sem sýnir Skúmsstaðahverfið um 1905 er getið um húsið Hólmsbæ, sem staðið hefur um 12 m norðan við Skúmsstaði Ebenesars Guðmundssonar (Ebenesarbæ) [147] (Sigurður Andersen. Engin dags.; Eiríkur Gíslason. 1916-1918:43). Ekki verður betur séð en hér sé um sama hús að ræða, og ekki er vitað hvor orðmyndin er sú rétta, Hólmsbær eða Hólmsbær.

Lóð Skúmsstaða (Hólmsbæjar/Hólmsbæjar) var austan við bæinn og náði að Melshúsi [127]. Hjallurinn [155] stóð vestast í lóðinni. Ugglaust hefur hlaðinn garður verið umhverfis lóðina [156]. Fyrir norðan þennan skika lágu skikar sem tilheyrðu Guðjóni Jónssyni á Skúmsstöðum [146] og Jóhanni Gíslasyni [159] og er ekki ólíklegt að hafi verið hleðsla til að afmarka suðurhlið þeirra skika hafi það verið sama hleðslan og afmarkaði norðurmörk þessa skika [156].

Í dag sjást engar leifar á svæðinu.

**Heimildarmaður:** Ólafur Gíslason, 040919-4579.

#### **Heimildir:**

Áslaug G. Harðardóttir og Jón H. Magnússon. 2003, 28. nóvember. Umsókn um styrk til Húsafriðunarnefndar. Gögn í eigu Húsafriðunarnefndar.

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

SEM 1990:124. .Ljósmynd í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

157

**Sérheiti:** Skúmsstaðir Jóhanns Gíslasonar (Mangabær).

**Hlutverk:** Bústaður – býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394032, N375306.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1901 sést að þau hús sem þá stóðu á landi



Skúmsstaða voru 40 talsins. Meðal þeirra voru Skúmsstaðir Jóhanns

**Mynd 95.** Mangabær í Skúmsstaðahverfi. Ljósmynd.

Gíslasonar (Mangabær) (Lilja Árnadóttir. 1989: Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901). Hús þetta stóð rétt suður af húsinu Skúmsstöðum V [143] sem enn stendur (2006), og norður af Skúmsstöðum (Hólsbæ/Hólmsbæ) [283], sem er horfið. Hús þessi stóðu öll þrjú hlið við hlið. Ekki verður betur séð að hús þetta hafi staðið enn árið 1920 (Lilja Árnadóttir.

1989: Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1920). Í *Húsvirðingabók* sinni lýsir Eiríkur Gíslason húsi, sem staðið hefur á þessum stað, en hann kallar það „Skúmsstaðir Magnús“ (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:32), en ekki verður betur séð að um sama hús er að ræða. Það kemur heim og saman við þær upplýsingar frá heimildarmanni að bærinn hafi verið kallaður Mangabær eftir eiganda sínum (Sigurbjörg Eydís Vilhjálmsdóttir).

**Minjalýsing:** Húsinu er þannig lýst árið 1916:

32 Skúmsstaðir Magnús

A Timburhús 5,8 x 3,8 Veggh. 2,3 ris 0,3

Járnlætt alt rimlar á þaki

Niðri 1 herb. og eldhús

1 ofn 20 [kr.] 1 eldavjel 30 kr

Leirrör

50 ten. m. ...

850

B Skúr við hlið hússins

5,8 x 2 hæð 2 Járnlæddur

járn á rimlum

31 m 4 kr.


120

C Kofi 4 x 3.

raftur og torfþ 12 m ...

30

Kr. 1000



**Mynd 96.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:32). Á uppdrætti í bókinni má sjá að kofinn hefur staðið um 2 m vestan við húsið [158]. Hús þetta er sýnt á korti frá 1930 (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931), en ekki er vitað hvenær það var rífið.

Árið 1896 reið stór jarðskjálfti yfir Suðurland. Þá eru 29 bæjarhús og 5 peningshús talin til Skúmsstaða (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905). Hugsanlegt er að eftirtalin hús sem hér er lýst séu meðal þessara bæjarhúsa: [133] [138] [145] [147] [148] [149] [153] [155] [157] [158] [160] [165] og [166]. Auk þess eru bæjarhúsin [168] [169] [170] [171] [172] [173] [174] [175] [176] [177] [178] [179] [180] [181] [182] og [183], sem ekki er vitað hvar stóðu né hvort þau hafi verið stakstæð eða sambyggð.

Þar sem Skúmsstaðir Jóhanns stóð eru nú veggjaleifar, ýmist hleðsluleifar eða steyptar. Utanmál hússins virðist hafa verið um 4 m AV og 7 m NS en inngangur virðist hafa verið í vestur líkt og á Skúmsstöðum V, en steypstétt liggur með fram vesturhlið leifanna. Í austri eru veggjaleifarnar sýnilegastar en þar eru þær hæstar um 20 sm. Suðurhlutinn virðist hafa verið yngsti hluti hússins því þar eru leifar steyptra veggja með járnabindingum.

**Heimildarmaður:** Sigurbjörg Eydís Vilhjálmsdóttir, 050537-4399. Ágúst 2007.

#### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

#### 158

**Sérheiti:** Skúmsstaðir Jóhanns Gíslasonar (Mangabær) - kofi.

**Hlutverk:** Útihús.


**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394032, N375306.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1901 sést að þau hús sem þá stóðu á landi Skúmsstaða voru 40 talsins. Meðal þeirra voru Skúmsstaðir Jóhanns Gíslasonar (Mangabær) [157] (Lilja Árnadóttir. 1989: Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901). Hús þetta stóð rétt suður af húsinu

Skúmsstöðum V [143] sem enn stendur (2006), og norður af Skúmsstöðum (Hólsbæ/ Hólmsbæ) [283], sem er horfið. Hús þessi stóðu öll þrjú hlið við hlið.



**Mynd 97.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

Ekki verður betur séð að hús þetta hafi staðið enn árið 1920 (Lilja Árnadóttir. 1989:Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1920). Í *Húsvirðingabók* sinni lýsir Eiríkur Gíslason húsi, sem staðið hefur á þessum stað, en hann kallar það „Skúmsstaðir Magnús“ (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:32), en ekki verður betur séð að um sama hús er að ræða. Það kemur heim og saman við þær upplýsingar frá heimildarmanni að bærinn hafi verið kallaður Mangabær eftir eiganda sínum (Sigurbjörg Eydís Vilhjálmsdóttir).

### Minjalýsing:

Húsinu er þannig lýst árið 1916:

32 Skúmsstaðir Magnús	
A Timburhús 5,8 x 3,8 Veggh. 2,3 ris 0,3	
Járnlætt alt rimlar á þaki	
Niðri 1 herb. og eldhús	
1 ofn 20 [kr.] 1 eldavjel 30 kr	
Leirrör	
<u>50 ten. m. ...</u>	850
B Skúr við hlið hússins	
5,8 x 2 hæð 2 Járnlæddur	
járn á rimlum	
<u>31 □ m 4 kr.</u>	120
C Kofi 4 x 3.	
<u>raftur og torfþ 12 □ m ...</u>	30
	Kr. 1000

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:32). Á uppdrætti í bókinni má sjá að kofinn hefur staðið um 2 m vestan við húsið. Engin ummerki sjást um hann.

Árið 1896 reið stór jarðskjálfti yfir Suðurland. Þá eru 29 bæjarhús og 5 peningshús talin til Skúmsstaða (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905). Hugsanlegt er að eftirtalin hús sem hér er lýst séu meðal þessara bæjarhúsa: [133] [138] [145] [147] [148] [149] [153] [155] [157] [158] [160] [165] og [166]. Auk þess eru bæjarhúsin [168] [169] [170] [171] [172] [173] [174] [175] [176] [177] [178] [179] [180] [181] [182] og [183], sem ekki er vitað hvar stóðu né hvort þau hafi verið stakstæð eða sambyggð.

**Heimildarmaður:** Sigurbjörg Eydís Vilhjálmsdóttir, 050537-4399.

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

## 159

**Sérheiti:** Skúmsstaðir Jóhanns Gíslasonar (Mangabær) - garður.

**Hlutverk:** Túngarður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394048,  
N375303

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir Skúmsstaðahverfið um 1905 er getið um garð Jóhanns Gíslasonar, en maður með því nafni bjó þá í bæ rétt vestan við skikann [157] (Sigurður Andersen. Engin dags.). Ekki verður betur séð á kortinu en skikinn hafi verið innan sömu garðhleðslu og skiki Guðjóns



**Mynd 98.** Skúmsstaðir Jóns Stefánssonar um 1900. Ljósmynd Bygg Árn.

Jónssonar [146] og hafa skikarnir eflaust verið notaðir til kartöflu- og/eða kálræktar. Fyrir sunnan skika þeirra Guðjóns og Jóhanns var annar skiki sem tilheyrði Skúmsstöðum (Hólsbær/Hólmsbær) [156] og er hugsanlegt að suðurveggur garðs Jóhanns Gíslasonar og norðurveggur Hólsbæjargarðsins hafi verið sameiginlegur. Þar sem þessir skikar voru er nú sléttur grasvöllur og athafnasvæði fyrir norðan veitingastaðinn Rauða húsið (2007), en hugsanlegt er að síðustu leifar þessa garðs megi sjá innan lóðar Kirkjubæjar [124]. Á korti frá 1930 sést þessi garður (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931).

#### Heimildir:

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

## 160

**Sérheiti:** Skúmsstaðir Jóns Stefánssonar.


**Hlutverk:** Bústaður - býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393966, N375297

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á ljósmynd sem tekin var af Skúmsstöðum um 1900 má sjá 7 timburstafna með grjóthlöðnum veggjum á milli. Húsin eru sögð vera bær Jóns Stefánssonar [160], Andrésarbær [197], Skúmsstaðir Ebenesers Guðmundssonar (Ebenesarbær) [147] og Gíslabær [165] (Vigfús Guðmundsson. 1945:[49]; *Ljósmyndir gamla tímans*. Eyrarbakki. 1989). Á



**Mynd 99.** Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918

korti sem sýnir Skúmsstaðahverfið um 1905 verður ekki betur séð en þessi bær hafi staðið þar sem nú er lóð norðan við Barnaskólann (Gunnarshús/Gistihúsið) [257] og síðan Andrésarbær [197] og Skúmsstaðir Ebenesers [147] fyrir austan hann. Skúmsstaðir Jóns Stefánssonar og Andrésarbær virðast hafa átt sameiginlega lóð sunnan við bæina, við hlið skólalóðarinnar [260] að austanverðu og náði hún suður fyrir húsin Búðarstíg 10 A [252] og 10 B [254] (Sigurður Andersen. Engin dags.). Mjög líklegt er að lóðin hafi verið afmörkuð með hlöðnum garði [164].

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsti bænum þannig í *Húsvirðingabók* sinni árið 1916:

39 Skúmsstaðir Jón Stefánsson.	
A. Baðstofa 5,5 x 3,5 veggh. 1,5 ris 1,3.	
Járnþak á torfi 22 m 7 kr.	
þil að fram. Járnl. 6 m	
klædd öll innan skipt í 2 herb.	
1 eldavjel 30 kr.	
þil einf. 26 m 2,25	
gólf 20 m.	
<u>40 ten m 8 kr.</u>	350
B. Bæjardyr 5,5 x 1.	
10 □ raftur góðar	
<u>þil 2 m</u>	20
C. Eldhús 5,5 2	
<u>16 raftur</u>	30
D Skemma	
16 □raftar	
<u>3 þil öll fremur góð</u>	30
E Heyhlaða 7 x 4,5	
Járn á rimlum 42 m	
<u>Þil gamalt 15 m</u>	200
<u>F Fjárhús 2 x 5 ónýtt</u>	10
G Hesthús 5 [x] 2,5	
<u>Torf og raftur</u>	30
H Fjós 3 x 2,5	
<u>Torf og raftur</u>	30
	<hr/>
	700

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggingasafns Árnesinga.

238

**Sérheiti:** Traðarhús.


**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394024, N375333.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1901 sést að þau hús sem þá stóðu á landi Skúmsstaða voru 40 talsins. Meðal þeirra var Traðarhús (Lilja Árnadóttir. 1989: Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901). Á korti frá 1920 er hús með sama nafni á staðnum, en það virðist



**Mynd 127.** Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

vera svolítið stærra en húsið sem sést á kortinu frá 1901, svo ekki er vitað hvort húsið hafi verið stækkað, eða nýtt hús byggt (Lilja Árnadóttir. 1989:Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1920). Húsið Traðarhús stóð þar sem nú er hellulagt bílastæði húss með sama nafni og stendur við Bakarísstíg 8. Nýja og gamla Traðarhús stóðu þarna hlið við hlið í talsvert mörg ár, því nýja húsið var byggt árið 1938, en það gamla ekki rífið fyrr en einhvern tímann á árunum 1982 til 1985 (Sigurbjörg Eydís Vilhjálmsdóttir; Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí). Á korti frá 1930 sést timburhús á þessum stað (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931). Engin merki eru á svæðinu um það hús.

Í bókinni *Landskjálftar á Íslandi* kemur fram að tvö bæjarhús [238] [239] hafi talist til Traðarhúsa í stóra jarðskálftanum 1896, en engin peningshús. Þessi hús skemmdust ekki mikið í skjálftanum (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184). Ekki er unnt að átta sig á hvoru húsinu Eiríkur Gíslason er að lýsa árið 1916 (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:23).

**Minjalýsing:** Árið 1916 lýsir Eiríkur Gíslason húsinu þannig:

23 Traðarhús Einar Jóns	
Timburhús einlyft 5,3 x 3,5 veggh. 2. ris 1,5	
Járnþak pappklædir veggir	
Niðri 1 herb. og eldhús þiljað innan	
þak járn á rimlum gólflaust	
1 eldavjel 10 kr. Leirrör	
<u>50 ten m 15 kr.</u>	750
B. Eldhús 3,5 x 2.	
<u>Torfþ. 12 □ m</u>	20
C. Fjós með torfþ. 3 x 2,5	
þak 11 □□ al	<u>30</u>
	800

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:23). Nú sést að byggt hefur verið fjós við Traðarhús, þó engin peningshús hafi verið þar árið 1896 (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184), en bæði fjósið og eldhúsið voru sambyggð íbúðarhúsinu og er þeirra því ekki getið sérstaklega. Á korti af Skúmsstaðahverfinu frá um 1905 sést að eigandi Traðarhúss [238] [239] hefur haft lóðarskika vestan og norðan við húsið og hefur húsið því staðið í suðausturhorni lóðarinnar (Sigurður Andersen. Engin dags.). Víst má telja að skikinn hafi verið afmarkaður með garði af einhverju tagi.

**Heimildarmaður:** Sigurbjörg Eydís Vilhjálmsdóttir, 050537-4399..

#### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Landskrá fasteigna. Bakarísstígur 8, Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 23. júlí 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1076982&landnr=165887&street>

name=

Bakar%C3%ADsst%C3%ADgur%20%20%20%20%20%20%20%20%208& sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg.

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

## 239

**Sérheiti:** Traðarhús.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðsetning:** A394024, N375333

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1901 sést að þau hús sem þá stóðu á landi Skúmsstaða voru 40 talsins. Meðal þeirra var Traðarhús (Lilja Árnadóttir. 1989: Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901). Á korti frá 1920 er hús með sama nafni á staðnum, en það virðist vera svolítið stærra en húsið sem sést á kortinu frá 1901, svo ekki er vitað hvort húsið hafi verið stækkað, eða nýtt hús byggt (Lilja Árnadóttir. 1989: Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1920). Húsið Traðarhús stóð þar sem nú stendur hús með sama nafni við Bakarísstíg 8. Það hús var byggt árið 1938 (Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí), svo ljóst er að það er ekki sama hús og þar stóð árið 1901. Á korti frá 1930 sést timburhús á þessum stað (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931). Engin merki eru á svæðinu um það hús.

Í bókinni *Landskjálftar á Íslandi* kemur fram að tvö bæjarhús [238] [239] hafi talist til Traðarhúsa í stóra jarðskálftanum 1896, en engin peningshús. Þessi hús skemmdust ekki mikið í skjálftanum (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184). Ekki er unnt að átta sig á hvoru húsinu Eiríkur Gíslason er að lýsa árið 1916 (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:23).

**Minjalýsing:** Árið 1916 lýsir Eiríkur Gíslason húsinu þannig:

23 Traðarhús Einar Jóns

Timburhús einlyft 5,3 x 3,5 veggh. 2. ris 1,5

Járnþak pappaklædir veggir

Niðri 1 herb. og eldhús þiljað innan

þak járn á rimlum gólflaust

1 eldavjel 10 kr. Leirrör

50 ten m 15 kr.

750

B. Eldhús 3,5 x 2.

Torfþ. 12 □ m

20

C. Fjós með torfþ. 3 x 2,5

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:23). Nú sést að byggt hefur verið fjós við Traðarhús, þó engin peningshús hafi verið þar árið 1896 (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184), en bæði fjósið og eldhúsið voru sambyggð íbúðarhúsinu og er þeirra því ekki getið sérstaklega. Þessi bygging sést á korti frá 1930 (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931).

#### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Landskrá fasteigna. Bakarísstígur 8, Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 23. júlí 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1076982&landnr=165887&streetname=>

[Bakar%C3%ADsst%C3%ADgur%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg](http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1076982&landnr=165887&streetname=Bakar%C3%ADsst%C3%ADgur%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg).

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

#### 240

**Sérheiti:** Traðarhús - garður.

**Hlutverk:** Túngarður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning** A394024, N375333.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti af Skúmsstaðahverfinu frá um 1905 sést að eigandi Traðarhúss [239] hefur haft lóðarskika vestan og norðan við húsið og hefur húsið því staðið í suðausturhorni lóðarinnar. Víst má telja að skikinn hafi verið afmarkaður með garði af einhverju tagi, þó hans sjáist engin merki í dag. Ekki er ósennilegt að hafi verið garðlag við austurhlið skikans hafi það verið sameiginlegt með garðinum sem var væntanlega umhverfis Brennu vestari [235].

#### Heimildir:

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

**241**

**Sérheiti:** Traðarkot.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** „Árið 1895, voru talin til Einarshafnar 10 heimili og að auki Traðarkot [241] og Traðarhús [238] [239].“ (Vigfús Guðmundsson. 1949:199). Nafnið Traðarkot kemur ekki fyrir í fleiri heimildum, þannig að verið getur að hér sé um að ræða annað þeirra bæjarhúsa sem talin voru til Traðarhúsa árið 1898 [238] [239] (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184), en það er þó ekki víst. Í öllu falli er ekki vitað hvar kot þetta stóð.

**Heimildir:**

Vigfús Guðmundsson. 1949. *Saga Eyrarbakka*. Síðara bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

**242**

**Sérheiti:** Tindastóll.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning** A394005, N375244.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á ljósmynd sem sýnir Búðarstíg um 1920 má sjá hús sem nefndist Tindastóll á milli Búðarstígs 10 A [252] að vestan og Hraungerðis [243] að austan. Á þessum stað hafði áður staðið íshús [250], sem rífið var á þriðja áratug síðustu aldar, en nú stendur þar hús nr. 8 við Búðarstíg, sem byggt var árið 1967 (Vigfús Guðmundsson. 1949:188 og [193]; Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí.), þannig að þetta hús hefur ekki verið mjög langlíft. Hús með þessu nafni sést einnig á korti með húsum á Eyrarbakka árið 1901 en aðrar heimildir segja að þá hafi íshúsið [250] staðið á þessum stað (Lilja Árnadóttir. 1989: Kort:Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901 og bls. 7; Vigfús Guðmundsson. 1949:[177]) og er það talið sennilegra. Hús þetta hefur enn staðið árið 1930 og verið á timbri með inngangsskúr á austurhlið (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931). Á fyrrgreindri mynd sést að kvistur hefur verið á efri hæð hússins, sem snúið hefur út á götuna eða í suður (Vigfús Guðmundsson. 1949:[193]). Húsið brann 1967.

### Heimildir:

Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Landskrá fasteigna. Búðarstígur 8, Sveitarfélagið Árborg. Sótt 24. júlí 2007 af* <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1076993&landnr=165894&streetname=>

[B%C3%BA%C3%B0arst%C3%ADgur8&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg](http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1076993&landnr=165894&streetname=B%C3%BA%C3%B0arst%C3%ADgur8&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg).

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.*

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Vigfús Guðmundsson. 1949. *Saga Eyrarbakka.* Síðara bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

### 243

**Sérheiti:** Hraungerði.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Hús.

**Staðsetning:** A394008, N375270.

**Staðhættir:** Hraungerði var byggt árið 1895 og var þá klætt bárujárni (Lilja Árnadóttir. 1989:38-9). Húsið stendur um 32 m NV af Eyrarbyggakirkju [2] og um 30 m austur af Búðarstíg Kristjáns Jóhannessonar [252]. Hraungerði er nr. 6 við Búðarstíg.

**Minjalýsing:** „Árið 1901 er húsinu svo lýst í veðmálabók Árnassýslu að það sé einlyft en portbyggt



**Mynd 128.** Húsið Hraungerði. *Ljósmynd GV.* íbúðarhús 9 x 8 álnir með áföstum skúr við norðurhlið og kjallara undir sjálfu húsinu.“ (Lilja Árnadóttir. 1989:39).

Í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar er húsinu þannig lýst árið 1916:

48 Hraungerði Guðm Ebenesars  
A Íbúðarhús 5,6 x 5 veggh. 3.5 ris 2  
Alt járnklætt  
Niðri 2 herb. og eldhús  
Uppi þiljuð 2 herb.  
1 ofn 40 kr.  
1 eldavél 60  
120 ten metr. 21 kr.  
B Skúr við norðurhlið 5,6 x 3,5 hæð 3

2500



Járnklæddur klæddur  
innan í honum 1 herb. og gangur  
58 ten m.

500  
3000

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:48).

Á gamalli ljósmynd þar sem Hraungerði sést má sjá að hlaðinn túngarður [244] hefur verið umhverfis húsið (SEM 1994:189).

Hraungerði stendur enn og er nýtt sem sumarhús. Það er nú (2007) klætt lóðréttri timburklæðningu. „Tilvera þess styrkir gömlu byggðina sem eftir er í þessum elsta hluta þorpsins á Eyrarbakka.“ (Lilja Árnadóttir. 1989:38).

Hörður Ágústsson segir húsið vera af dansk-íslenskri yngri gerð og telur að æskilegt sé að varðveita húsið (Hörður Ágústsson. 2000:359).


#### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Hörður Ágústsson. 2000. *Íslensk byggingararfleifð II. Varðveisluannáll 1863-1990. Verndunaróskir*. [Reykjavík:] Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

SEM 1994:189. Ljósmynd í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.



Mynd 129. Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

244

**Sérheiti:** Hraungerði - garður.

**Hlutverk:** Túngarður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394014, N375242.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á gamalli ljósmynd í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka má sjá að túngarður hefur verið rétt austan við Hraungerði [243]. Garðlag þetta liggur u.þ.b. í NS á myndinni en framhald hans norðan við húsið sést ekki (SEM 1994:189). Ekki sjást nú nein ummerki um þennan garð.

#### Heimildir:

SEM 1994:189. Ljósmynd í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.

245

**Sérheiti:** - bílskúr.

**Hlutverk:** Bílskúr.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Í  
*Húsvirðingabók* Eiríks  
Gíslasonar er árið 1921  
lýst bílskúr sem  
Steingrímur  
Gunnarsson er sagður  
eiga og stendur 21 m  
norðvestur af  
norðvesturhorni  
Hraungerðis [243].  
Skúrinn var 6,4 x 4,7 m  
að stærð, járnklæddur



**Mynd 130.** *Eyrarbakki 1890-95. Ljósmynd Bygg Árn.*

að utan. Líklega er hér um sömu byggingu að ræða og sést á korti frá 1930, en á því sést einnig að það hefur verið torfbygging fast við vesturvegg skúrsins, sem er líklega mannvirkið sem Eiríkur kallar kofa í bók sinni (Eiríkur Gíslason. 1916-1918; Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931). Bílaskúrarnir tengjast Hraungerði ekki. Þetta voru sambyggðir bílskúrar og var þá þessi stígur kallaður Bílastígur. Þetta var þegar BSE var við lýði  
Engin ummerki eru um byggingar þessar á malarbornu svæði vestan við húsið Miklagarð.

**Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

**246**

**Sérheiti:** Bær Magnúsar Ormssonar.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393988, N375250.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á ljósmynd sem tekin var um 1890-1895 má sjá nokkur hús sem nú eru horfin. Meðal annars er þar bær Magnúsar Ormssonar, sem virðist hafa staðið á þeim slóðum sem húsið Búðarstígur 8 er í dag (Lilja Árnadóttir. 1989:7). Þetta kemur heim og saman við kort af Skúmsstaðahverfinu frá því um 1905 (Sigurður Andersen. Engin dags.). Á ljósmynd sem tekin er um fimm árum síðar sést að í stað þessa gamla bæjar er komið reisulegt timburhús, sem ýmist er kallað hús Magnúsar Ormssonar eða Gróubær [248] (Lilja Árnadóttir. 1989:7;

Vigfús Guðmundsson. 1949:[177]). Ekki eru nein merki um bæinn á staðnum í dag (2007). En á fyrrnefndu korti sést einnig húsið Gróubær [247], sem stóð fyrir norðan bæ Magnúsar Ormssonar. Ekki er alveg ljóst hvernig á að túlka þetta, en það er eins og samtímis hafi verið til bæ Magnúsar Ormssonar og Gróubær og síðan hafi þessi tvö auðkenni færst yfir á sama húsið, Hús Magnúsar Ormssonar (Gróubær) [248], sem byggt var þar sem húsið nr. 8 við Búðarstíg stendur nú. Hugsanlega hefur bæjarnafnið breytst þegar timburhús var reist.

**Heimildir:**

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrbakki. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905.* Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

Vigfús Guðmundsson. 1949. *Saga Eyrbakka.* Síðara bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

**247**

**Sérheiti:** Gróubær.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** 393996, A375277.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir Skúmsstaðahverfið um 1905 má sjá að þar var bæ sem bar heitið Gróubær, svolítið fyrir norðan bæ Magnúsar Ormssonar [246], sem virðist hafa staðið á þeim slóðum sem húsið Búðarstígur 8 er í dag (Sigurður Andersen. Engin dags.; Lilja Árnadóttir. 1989:7). Á ljósmynd sem tekin er um fimm árum síðar sést að í stað bæjar Magnúsar Ormssonar [246] er komið reisulegt timburhús, sem ýmist er kallað hús Magnúsar Ormssonar eða Gróubær [248] (Lilja Árnadóttir. 1989:7; Vigfús Guðmundsson. 1949:[177]). Ekki er alveg ljóst hvernig á að túlka þetta, en það er eins og samtímis hafi verið til bæ Magnúsar Ormssonar og Gróubær og síðan hafi þessi tvö auðkenni færst yfir á sama húsið sem byggt var þar sem húsið nr. 8 við Búðarstíg stendur nú. Samkvæmt fyrrnefndu korti hefur Gróubær staðið á þeim slóðum þar sem nú er slétt grasflöt á lóð norðan við Búðarstíg 6 og þar sjást engin merki um þennan gamla bæ. Gróa og Magnús voru hjón og líklegt að nafnið hafi breyst þegar timburhús var reist á sama stað og Gróubær hafið staðið.

**Heimildir:**

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrbakki. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905.* Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

Vigfús Guðmundsson. 1949. *Saga Eyrarbakka*. Síðara bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

248

**Sérheiti:** Hús Magnúsar Ormssonar (Gróubær).

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393988, N375250.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á ljósmyndum sem birtar eru í bókinni *Eyrarbakki. Húsakönnun* og *Saga Stokkseyrar* sést götumynd Búðarstíg um 1900 til 1904. Í fyrri bókinni er húsið sem er næsta hús fyrir austan Búðarstíg 10 A (Kristjánshús) [252] kallað Gróubær, en í *Sögu Stokkseyrar* er talað um hús Magnúsar Ormssonar, en augljóst er að um sama hús er að



ræða, timburhús á einni hæð með háu risi og kvisti sem snýr að götunni (til suðurs). Húsið er við vesturhlið íshússins [250] (Lilja Árnadóttir. 1989:7; Vigfús Guðmundsson. 1949: [177]). Nú stendur þarna íbúðarhúsið Búðarstígur 8, sem byggt var 1967 (Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí), en það stendur svolítið fjær götunni (norðar) en hús Magnúsar Ormssonar (Gróubær). Á mynd sem tekin var af Búðarstíg á árunum 1890 til 1895 sést að bær Magnúsar Ormssonar [246] hefur staðið á svipuðum stað og húsið síðar og má álykta að Magnús hafi byggt timburhús í stað gamla bæjarins. Tindastóll og Gróubær voru sambyggð og brunnu bæði árið 1967.

**Mynd 131.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918*.

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsti húsinu þannig í *Húsvirðingabók* sinni árið 1916:

47 Búðarstígur Magnús Ormsson	
A Íbúðarhús 5,7 x 4- Veggh. 2,3 ris 2,5	
Alt járnklætt	
Niðri 2 herbergi	
uppi þiljað til íbúðar	
1 ofn 40 kr.	
<u>68 ten m...</u>	1230
B Skúr við norðurhlið 2 x 5,7 hæð 2	
járnklæddur þiljaður rimlar undir járn	
brúkaður fyrir eldhús	
1 eldavjel 15 Leirrör	
<u>22 ten al 6 kr</u>	140
	1370

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:47). Ekki eru nein ummerki um þetta hús á staðnum í dag (2007).

**Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Landskrá fasteigna. Búðarstígur 8, Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 24. júlí 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1076993&landnr=165894&streetname=B%C3%BA%C3%B0arst%C3%ADgur8&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg>.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Vigfús Guðmundsson. 1949. *Saga Eyrarbakka*. Síðara bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

**249**

**Sérheiti:** Smiðja frá Lefoliiverslun.

**Hlutverk:** Smiðja.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394000, N 375282

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir Skúmsstaðahverfið um 1905 má sjá að smiðja frá Lefoliiverslun hefur skammt norðaustur af horni Gróubæjar [247] (Sigurður Andersen. Engin dags.). Þarna er nú bílastæði austan við bílskúr sem tilheyrir Skúmsstöðum IV (Hallanda) [140] og engin merki sjáanleg um smiðjuna.

**Heimildir:**

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

**250**

**Sérheiti:** Íshús.


**Hlutverk:** Íshús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394003, N375247

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á ljósmynd sem tekin var um 1904 og var birt í ritinu *Eyrarbakki. Húsakönnun* má sjá nokkur horfin hús sem nú eru horfin, m.a. Hús Magnúsar Ormssonar (Gróubær) [248] næsta hús austan við Búðarstíg 10 A [252]. Þá kemur íshús næsta hús vestan við Hraungerði [243] (Lilja Árnadóttir. 1989:7). Íshús



**Mynd 132.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

þetta „... byggði verzlun Lefoliis vestan við Hraungerði [243], um eða litlu fyrir aldamótin 1900, en það var rífið á 2. tug ára þar á eftir.“ (Vigfús Guðmundsson. 1949:188). Þar sem íshúsið stóð liggur nú malarvegur sem liggur norður að plani austan við Skúmsstaðabæina. Engar minjar sjást nú á þessu svæði.

**Minjalýsing:** Árið 1916 var húsinu lýst þannig:

Nr 5 Íshús

13 x 10,50 veggh. 2,75

ris 2,50 8 gluggar

Alt járnklætt á rimla með venjulegum íshúsumbúnaði

talsvert gallað

546 ten metrar á 6 kr. als 3,200

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:5).

**Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Vigfús Guðmundsson. 1949. *Saga Eyrarbakka*. Síðara bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

**251**

**Hlutverk:** Bátaskýli/ferðamannaskýli.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðsetning:** A393973, N375245

**Staðhættir:** Á ljósmynd sem tekin var af Búðarstíg á árunum 1890 til 1895 og var birt var í ritinu í *Eyrarbakki. Húsakönnun* má sjá nokkur hús sem horfin eru í dag, m.a. bæ Magnúsar Ormssonar [246] og smiðju [364] en þau hús stóðu nokkurn veginn þar sem Mikligarður (Rauða húsið) stendur í dag (2007) (Lilja Árnadóttir. 1989:7). Handan götunnar, gegnt þessum húsum „... er ferðamannaskúrinn eða dampskúrinn. Þar höfðu ferðamenn aðstöðu að sumrinu, en gufubátur var geymdur þar á vetrum.“ (Lilja Árnadóttir. 1989:7).

**Minjalýsing:** Bátaskýli þetta er með öllu horfið í dag (2007) en svo virðist að það hafi staðið nokkurn veginn þar sem nú er samkomuhúsið Staður, en þar var GPS-hnitið tekið. Engar minjar eru sjáanlegar á svæðinu sem geta hafa tilheyrt skýli þessu.

**Heimildir:**

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

252

**Sérheiti:** Búðarstígur 10 A (Kristjánshús).

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Hús.


**Staðsetning:** A393960, N375248.

**Staðhættir:** Á gömlum myndum frá Eyrarbakka, t.d. í bókinni *Eyrarbakki. Húsakönnun* sést að við Búðarstíg hafa staðið tvö áþekk hús með bogadregnu þaki, þ.e. nr. 10 A (Kristjánshúsi) [252] og B [254] (Lilja Árnadóttir. 1989:7). Húsið nr. 10 A er í upprunalegri mynd. Samúel Jónsson trésmíðameistari byggði húsið árið 1898 (Lilja Árnadóttir. 1989:25). Það sem



**Mynd 134.** Kristjánshús að Búðarstíg 10 A.

einkenndi mörg húsa Samúels var að þau voru „... tvílyft og látlaus en með sérkennilegu lágbogapaki eins og Búðarstígur 10 A og B [254] ....“ (Hörður Ágústsson. 2000. *Íslensk byggingararfleifð I*:181). Lilja Árnadóttir segir að húsið hafi mikið byggingarsögulegt gildi, því það sé eitt fárra húsa sem enn standa eftir Samúel Jónsson og Hörður Ágústsson er henni sammála og telur að varðveiti eigi húsið



**Mynd 133** Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

(Lilja Árnadóttir. 1989:25; Hörður Ágústsson. 2000. *Íslensk byggingararfleifð II*:359). Húsið

stendur enn og hefur lengi verið notað sem sumarhús.

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsti húsinu þannig árið 1916:

46 Búðarstígur ...

A Timburhús 7,8 x 7,8. hæð

Alt járnklætt

Niðri 4 herb. og eldh.

Uppi sama

1 eldavjel 70 1 ofn 40

1 eldavjel 40 1 ofn 50

300 ten m. á 17 5/6 kr.

5350

B Skúr við austurgafli 2 x 2. hæð 4

þiljaður með sömu gerð og húsið

16 ten m. 22 kr.

370

C. Skúr við norðurhlið. 3 x 4,5 hæð 4

járnkl þiljaður

50 ten m á 5 kr.	250
D Hlaða 3 [x] 5,6	
35 □ m. raptur og torf...	30
	6000

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:46). Á uppdrætti í *Húsvirðingabókinni* má sjá að skúranir tveir voru áfastir húsinu, en hlaðan [253] stóð um 12 m norðaustan við það.

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Hörður Ágústsson. 2000. *Íslensk byggingararfleifð I. Ágrip af húsaferðarsögu 1750-1940*. [Reykjavík:] Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Hörður Ágústsson. 2000. *Íslensk byggingararfleifð II. Varðveisluannáll 1863-1990. Verndunaróskir*. [Reykjavík:] Húsafriðunarnefnd ríkisins.

### 253

**Sérheiti:** Búðarstígur 10 A (Kristjánshús) - hlaða.

**Hlutverk:** Hlaða.

**Tegund:** Heimild.


**Staðsetning:** A394011, N375286.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á gömlum myndum frá Eyrarbakka, t.d. í bókinni *Eyrarbakki. Húsakönnun* sést að við Búðarstíg hafa staðið tvö áþekkt hús með bogadregnu þaki, þ.e. nr. 10 A (Kristjánshúsi) [252] og B [254] (Lilja Árnadóttir. 1989:7). Húsið nr. 10 A er í upprunalegri mynd. Húsið stendur enn og er búið í því.

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsti húsinu þannig árið 1916:

- 46 Búðarstígur ...
- A Timburhús 7,8 x 7,8. hæð
- Alt járnklætt
- Niðri 4 herb. og eldh.
- Uppi sama
- 1 eldavjel 70 1 ofn 40
- 1 eldavjel 40 1 ofn 50
- 300 ten m. á 17 5/6 kr.
- B Skúr við austurgöfl 2 x 2. hæð 4



**Mynd 135.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918*.

5350



þiljaður með sömu gerð og húsið	
<u>16 ten m. 22 kr.</u>	370
C. Skúr við norðurhlið. 3 x 4,5 hæð 4	
járnkl þiljaður	
<u>50 ten m á 5 kr.</u>	250
D Hlaða 3 [x] 5,6	
<u>35 □ m. raptur og torf...</u>	30
	6000

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:46). Á uppdrætti í *Húsvirðingabókinni* má sjá að skúranir tveir voru áfastir húsinu, en hlaðan stóð um 12 m norðaustan. Væntanlega hefur hún verið þar sem nú eru lóðamörk Búðarstígs 8 og 10 A. Austanmegin er sléttur grasflötur, en vestanmegin kartöflugarður, en á milli lóðanna er hlaðinn garður [194].

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

## 254

**Sérheiti:** Búðarstígur 10 B.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Hús.

**Staðsetning:** A393943, N375231.

**Staðhættir:** Á gömlum myndum frá Eyrarbakka, t.d. í bókinni *Eyrarbakki. Húsakönnun* sést að við Búðarstíg hafa staðið tvö áþekk hús með bogadregnu þaki, þ.e. nr. 10 A




(Kristjánshúsi) [252] og B (Lilja Árnadóttir. 1989:7). Húsið nr. 10 A

er í upprunalegri mynd, en útlit þessa húss hefur tekið miklum breytingum. Talið er að Samúel Jónsson hafði byggt bæði húsin sama ár eða þetta hús tveimur árum seinna, þ.e. árið 1900 (Lilja Árnadóttir. 1989:25; Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka*). Húsið stendur enn og er búið í því.

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsti húsinu þannig árið 1916:

45 Búðarstígur ...  
A Timburhús 6,3 x 5. Öll hæð 5  
alt járnklætt



**Mynd 137.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

Niðri 2 herbergi eldhús og gangur	
Uppi 3 og gangur	
1 eldavjel 70 kr 2 ofnar	
2 ofnar 40 kr.	
<u>157 ten m. ...</u>	3300
B. Skúr við húsið. 2,5 x 3,3 hæð 3.	
Klæddur með borðum og járnri	
<u>24 ten m 12 kr</u>	200
	Kr. 3500

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:45). Skúr hefur verið sambyggður húsinu og því er hans ekki getið sérstaklega.

#### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka*. Sótt 11. júní 2007 af

<http://eyrarbakki.is/default2.asp?Docid=229&RevID=220&Tpl=1Template1.asp&M1=160&M2=229>.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

## 255

**Sérheiti:** Kræsishús.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393971, N375292.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** „Á því ári [1874] hlaut Þorleifur á Háeyri hús þetta í makaskiptum fyrir annað timburhús á Skúmsstaðalandi, norður frá „Vesturbúðinni.“ Nefnt var það Kræsishús, af því að verzlunarþjónn, Hinrik O. J. Kreisir hafði byggt það. ... Hús þetta var notað fyrir skólann nokkur ár, en þegar átti að gera við það að miklum mun, 1880, þá reyndist það svo fúíð, að það var rifið til grunna, ...“ (Vigfús Guðmundsson. 1949:159). Nýtt og stærra skólahús var reist á sama stað [257].

#### Heimildir:

Vigfús Guðmundsson. 1949. *Saga Eyrarbakka*. Síðara bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

## 256

**Sérheiti:** Barnaskólinn - grunnur.

**Hlutverk:** Skóli.

**Tegund:** Frásögn.

**Staðsetning:** A393966, N375297.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Barnaskóli Eyrarbakka var starfræktur í húsi því sem enn stendur við Búðarstíg [257] á árunum 1880 til 1913 (Inga Lára Baldvinsdóttir [1998]:22). Húsið hefur einnig hefur gengið undir nöfnunum Gunnarshús og Gistihúsið.

Upp úr gamla barnaskólahúsinu var byggt annað hús sama ár, svolítið neðar í lóðinni. Var þá gamla skólahúsinu „... rennt á sliskju upp á



**Mynd 138.** Grunnur af barnaskólanum. Ljósmynd GV.

steiptan kjallarann. Þá var sett á það port og hærra ris.“ (Lilja Árnadóttir. 1989:36). Þetta gerði Gunnar Jónsson og upp frá því var húsið kennt við hann. Fjölskylda Gunnars bjó í húsinu og rak þar ýmsa starfsemi, trésmíðaverkstæði, greiðasölu og gistingu og húsið því oft nefnt Gistihúsið (Lilja Árnadóttir. 1989:36). Á ljósmynd frá 1884 eða 1886 sér í Barnaskólahúsið en það stóð örlítið norðar en Gunnarshús í dag. Á myndinni er húsið á upprunalegum stað (Lilja Árnadóttir. 1989:28).

Meðan barnaskóli var starfræktur í húsinu var lóðin umhverfis það kölluð Skólagarður (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:65).

**Minjalýsing:** Þar sem Barnaskólinn stóð, rétt sunnan við Inghól [209], norðan við Gunnarshús [257], NA af Bakarínu [264] og SA af Skúmsstöðum I (Kristbjargarbæ/Pálsbæ) [132] er nú slétt lóð, en á því svæði hefur verið jarðvegsskipt og þar sjást engar minjar aðrar en tveir túngarðar austan [260] og vestan [367] við þar sem skólinn stóð. Bergljót Kjartansdóttir, eigandi og íbúi í Gunnarshúsi [257] í dag (2007), sagði frá því að þegar jarðvegsskiptin fóru fram fyrir nokkrum árum hafi gamli grunnur skólahússins verið greinilegur í norð-vesturhorni lóðarinnar norðan við húsið. Segir hún að hraungrýti úr grunninum hafi verið hrúgað upp sunnan við staðinn og er hún þar enn. Grunnurinn hafi verið um 8 x 5 m, lengri hliðarnar snúið í norður og suður. Á þessu svæði er nú slétt sandsvæði, þar sem illgresi hefur náð að festa rætur.

**Heimildarmaður:** Bergljót Kjartansdóttir, 140644-7819.

**Heimildir:**

Inga Lára Baldvinsdóttir. [1998.] *Margur í sandinn hér markaði slóð. Eyrarbakkaheppur 1897-1998.* [Eyrarbakki: Eyrarbakkaheppur.]

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

257

**Sérheiti:** Barnaskólinn  
(Gunnarshús/Gistihúsið).

**Hlutverk:** Skóli.

**Tegund:** Hús.

**Staðsetning:** A393971, N375292.

**Staðhættir:** Barnaskóli var settur í fyrsta sinn á Eyrarbakka 25. október 1852. Í um tuttugu ár starfaði skólinn í húsi á landi Háeyra. (Inga Lára Baldvinsdóttir [1998]:22), en var þá fluttur í annað timburhús í


Skúmstaðalandi, norður frá „Vesturbúðinni“ [274]. Nefnt var það Kræsishús [255], af því að verzlunarþjónninn, Hinrik O. J. Kreisir hafði byggt það. ... Hús þetta var notað fyrir skólann nokkur ár, en þegar átti að gera við það að miklum mun, 1880, þá reyndist það svo fúíð, að það var rifið til grunna ....“ (Vigfús Guðmundsson. 1949:159). Þá „... var byggt veglegt hús á Skúmsstöðum sérstaklega fyrir skólann.“

(Inga Lára Baldvinsdóttir [1998]:22). Það hús var notað fyrir skólann til ársins 1913, þegar ráðist var í byggingu skólahúss úr steinsteypu á Háeyrarflötum. Upp úr gamla barnaskólahúsinu var byggt annað hús sama ár, svolítið neðar í lóðinni. Var þá gamla skólahúsinu „... rennt á sliskju upp á steiptan kjallarann. Þá var sett á það port og hærra ris.“ (Lilja Árnadóttir. 1989:36). Þetta gerði Gunnar Jónsson og upp frá því var húsið kennt við hann. Fjölskylda Gunnars bjó í húsinu og rak þar ýmsa starfsemi, trésmíðaverkstæði, greiðasölu og gistingu og húsið því oft nefnt Gistihúsið (Lilja Árnadóttir. 1989:36).

Á ljósmynd frá 1884 eða 1886 sér í Barnaskólahúsið en það stóð örlítið norðar en Gunnarshús í dag. Á myndinni er húsið á upprunalegum stað. Frá austurgafli þess húss og þaðan suður að austurgafli Bakarísins [111] og þaðan í austur lá stór og mikill grjótgarður [137] (Lilja Árnadóttir. 1989:28).



Mynd 139. Gunnarshús, barnaskólinn. Ljós. GV.



Mynd 140. Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

Meðan barnaskóli var starfræktur í húsinu var lóðin umhverfis það kölluð Skólagarður (Guðmundur Þórarinnsson, 1997:65). Á korti sem sýnir Skúmsstaðahverfið um 1905 sést að lóðin hefur verið fyrir sunnan húsið (Sigurður Andersen. Engin dags.) og ekki er ósennilegt að hún hafi verið afmörkuð með hlöðnum garði [260] [367]. Húsinu tilheyrði einnig bílskúr og geymsla [261] og lóðarskiki vestar við Búðarstíg, sem afmarkaður var með hlöðnum garði [263] og þar var einnig hús sem nýtt var sem hlaða, fjárhús og hesthús [262].

**Minjalýsing:** Árið 1880 „[t]ók Guðmundur Thorgrímsson að sér yfirráð og umsjón alla með bygging nýs og stærra skólahúss þar á sama stað [og gamla skólahúsið, Kræsishús [255] hafði staðið]. Var það að stærð 16 x 10½ alin, utanmál, ein hæð og rúmgott loft, með íbúð skólastjóra. ... Að „undirlagi sýslunefndar“ var húsið haft stærra en áður, með fyrirætlun um að nota það líka fyrir gagnfræðakennslu.“ (Vigfús Guðmundsson. 1949:159). Síðar var svo efri hæðin tekin af skólanum (Vigfús Guðmundsson. 1949:159), en ris sett á húsið þegar það var flutt (Lilja Árnadóttir. 1989:36) eins og fyrr segir.

Í *Húsvirðingabók* sinni lýsir Eiríkur Gíslason húsinu þannig árið 1916:

Nr 13 Gunnarshús	
Timburh portbyggt með kjallara steinsteiptum 2 m háum frá gólfi og 2 m inngöngu skúrum	
stærð 10,5 x 6,8	
veggh. 3,7. ris - 2 Skúrar 22 ten m.	
Niðri í húsinu 5 herb. og eldh.	
Uppi eru 4 ... herb. og eldhús.	
alt járnklætt utan	
1 ofn 100 kr. 1 ofn 35 kr.	
2 maskínur á 70 kr.	
<u>357 ten m. á 24 1/5 kr.</u>	8640
B. Heyhlaða 5 x 7	
þak og port 56 □ m ...	
<u>gaflar - 20 □ ... □</u>	310
C Fjós þak á rimlum 35 □ m	
<u>Gaflar úr borðum 30 □ m</u>	240
	9190

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:13). Eins og sjá má á Minjalýsingu þessari hafa hlaða [259] og fjós [258] tilheyrt húsinu þegar Eiríkur mat það.

Þar sem Barnaskólinn stóð, rétt sunnan við Inghól [209], norðan við Gunnarshús, NA af Bakaríinu [264] og SA af Skúmsstöðum I (Kristbjargarbæ/Pálsbæ) [132] er nú slétt lóð, en á því svæði hefur verið jarðvegsskipt og þar sjást engar minjar aðrar en tveir túngarðar austan [260] og vestan [367] við þar sem skólinn stóð. Bergljót Kjartansdóttir, eigandi og íbúi í Gunnarshúsi í dag (2007), sagði frá því að þegar jarðvegsskiptin fóru fram fyrir nokkrum árum hafi gamli grunnur [256] skólahússins verið greinilegur í norðvesturhorni lóðarinnar norðan við húsið. Segir hún að hraungrýti úr grunninum hafi verið hrúgað upp sunnan við staðinn og er hún þar enn. Grunnurinn hafi verið um 8 x 5 m, lengri hliðarnar snúið í norður og suður. Á þessu svæði er nú slétt sandsvæði, þar sem illgresi hefur náð

að festa rætur. Hörður Ágústsson segir húsið vera í íslenskum sveiserstíl og ástæða sé til að varðveita það (Hörður Ágústsson. 2000:359).

**Heimildarmaður:** Bergljót Kjartansdóttir, 140644-7819. Júlí 2007.

**Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbyggðahreppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. [Eyrarbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Hörður Ágústsson. 2000. *Íslensk byggingararfleifð II. Varðveisluannáll 1863-1990. Verndunaróskir*. [Reykjavík:] Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Inga Lára Baldvinsdóttir. [1998.] *Margur í sandinn hér markaði slóð. Eyrarbyggðahreppur 1897-1998*. [Eyrarbakki: Eyrarbyggðahreppur.]

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

Vigfús Guðmundsson. 1949. *Saga Eyrarbakka*. Síðara bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

**258**

**Sérheiti:** Barnaskólinn (Gunnarshús/Gistihúsið) - fjós.

**Hlutverk:** Fjós.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393966, N375297.


**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Barnaskólinn (Gunnarshús/Gistihúsið)

[257] var byggður árið 1880 (Lilja Árnadóttir. 1989:36).

Upp úr gamla barnaskólahúsinu var byggt annað hús árið 1913, svolítið neðar í lóðinni. Var þá gamla

skólahúsinu „... rennt á sliskju upp á steiptan kjallarann. Þá var sett á það port og hærra ris.“ (Lilja Árnadóttir. 1989:36). Þetta gerði Gunnar Jónsson og upp frá því var húsið kennt við hann. Fjölskylda Gunnars bjó í húsinu og rak þar ýmsa



**Mynd 141.** Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

starfsemi, trésmíðaverkstæði, greiðasölu og gistingu og húsið því oft nefnt Gistihúsið (Lilja Árnadóttir. 1989:36). Í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar sést að hlaða [259] og fjós hafa tilheyrt húsinu þegar hann gerði mat sitt.

**Minjalýsing:** Í *Húsvirðingabók* sinni lýsir Eiríkur Gíslason húsinu þannig árið 1916:

Nr 13 Gunnarshús	
Timburh portbyggt með kjallara steinsteiptum 2 m háum frá gólfi og 2 m inngöngu skúrum stærð 10,5 x 6,8	
vegg. 3,7. ris - 2 Skúrar 22 ten m.	
Niðri í húsinu 5 herb. og eldh.	
Uppi eru 4 ... herb. og eldhús.	
alt járnklætt utan	
1 ofn 100 kr. 1 ofn 35 kr.	
2 maskínur á 70 kr.	
<u>357 ten m. á 24 1/5 kr.</u>	8640
B. Heyhlaða 5 x 7	
þak og port 56 □ m ...	
<u>gaflar - 20 □ ... □</u>	310
C Fjós þak á rimlum 35 □ m	
<u>Gaflar úr borðum 30 □ m</u>	240
	9190

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:13). Ekki eru neinar leifar að finna um fjósið eða hlöðuna [259], en þau hafa staðið skammt fyrir norðan húsið, fjósið norður af austurhliðinni en hlaðan norður af vesturhlið hússins á svipuðum stað og gamli grunnurinn [256] er sagður vera (Bergljót Kjartansdóttir).

**Heimildarmaður:** Bergljót Kjartansdóttir, 140644-7819. Júlí 2007.

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

### 259

**Sérheiti:** Barnaskólinn (Gunnars-hús/Gistihúsið) - hlaða.


**Hlutverk:** Hlaða.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393971, N375292.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Barnaskólinn (Gunnars-hús/Gistihúsið) [257] var byggður árið 1880 (Lilja Árnadóttir. 1989:36). Upp úr gamla barnaskólahúsinu var byggt annað hús árið 1913, svolítið neðar í lóðinni. Var þá gamla



**Mynd 142.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

skólahúsinu „... rennt á sliskju upp á steyptan kjallarann. Þá var sett á það port og hærra ris.“ (Lilja Árnadóttir. 1989:36). Þetta gerði Gunnar Jónsson og upp frá því var húsið kennt við hann. Fjölskylda Gunnars bjó í húsinu og rak þar ýmsa starfsemi, trésmíðaverkstæði, greiðasölu og gistingu og húsið því oft nefnt Gistihúsið (Lilja Árnadóttir. 1989:36). Í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar sést að hlaða og fjós hafa tilheyrt húsinu þegar hann gerði mat sitt.

**Minjalýsing** Í *Húsvirðingabók* sinni lýsir Eiríkur Gíslason húsinu þannig árið 1916:

Nr 13 Gunnarshús	
Timburh portbyggt með kjallara steinsteiptum 2 m háum frá gólfi og 2 m inngöngu skúrum stærð 10,5 x 6,8	
vegg. 3,7. ris - 2 Skúrar 22 ten m.	
Niðri í húsinu 5 herb. og eldh.	
Uppi eru 4 ... herb. og eldhús.	
alt járnklætt utan	
1 ofn 100 kr. 1 ofn 35 kr.	
2 maskínur á 70 kr.	
<u>357 ten m. á 24 1/5 kr.</u>	8640
B. Heyhlaða 5 x 7	
þak og port 56 □ m ...	
<u>gaflar - 20 □ ... □</u>	310
C Fjós þak á rimlum 35 □ m	
<u>Gaflar úr borðum 30 □ m</u>	240
	9190

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:13). Ekki eru neinar leifar að finna um fjósið [258] eða hlöðuna, en þau hafa staðið skammt fyrir norðan húsið [257], fjósið [258] norður af austurhliðinni en hlaðan norður af vesturhlið hússins á svipuðum stað og gamli grunnurinn [256] er sagður vera.

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

### 260

**Sérheiti:** Barnaskólinn (Gunnarshús/Gistihúsið) - garður.

**Hlutverk:** Túngarður.

**Tegund:** Garðlag.

**Staðsetning:** A393971, N375292.

**Staðhættir:** Barnaskólinn (Gunnarshús/Gistihúsið) [257] var byggður árið 1880 (Lilja Árnadóttir. 1989:36). Upp úr gamla barnaskólahúsinu var byggt annað



**Mynd 143.** Garðlag aftan við gamla barnaskólann.



hús árið 1913, svolítið neðar í lóðinni. Var þá gamla skólahúsinu „... rennt á sliskju upp á steiptan kjallarann. Þá var sett á það port og hærra ris.“ (Lilja Árnadóttir. 1989:36). Þetta gerði Gunnar Jónsson og upp frá því var húsið kennt við hann. Fjölskylda Gunnars bjó í húsinu og rak þar ýmsa starfsemi, trésmíðaverkstæði, greiðasölu og gistingu og húsið því oft nefnt Gistihúsið (Lilja Árnadóttir. 1989:36). Meðan barnaskóli var starfræktur í húsinu var lóðin umhverfis það kölluð Skólagarður (Guðmundur Þórarinsson. 1997:65). Á korti sem sýnir Skúmsstaðahverfið um 1905 sést að lóðin hefur verið fyrir sunnan húsið (Sigurður Andersen. Engin dags.) og ekki er ósennilegt að hún hafi verið afmörkuð með hlöðnum garði, en bæði við austur- og vesturmörk lóðarinnar eru hlaðnir garðar í dag (2007) [260] [367]. Á mynd sem tekin var árið 1884 eða 1886 sést mikill grjóthlaðinn garður á þessum stað og ekki er ólíklegt að um sama garð sé að ræða (Lilja Árnadóttir. 1989:28).

**Minjalýsing:** Garðlagið á austurmörkum lóðarinnar er vel gróið grasi og öðrum gróðri, sérstaklega er mikið hvannastóð áberandi. Það er næstum mannhæðarhátt á kafla, um 1,5 m breitt og mest sjást um 4 umför hleðslugrjóts, sem er að mestu hraungrýti.

#### Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbakkaheppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen.* [Eyrarbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905.* Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

#### 261

**Sérheiti:** Barnaskólinn (Gunnarshús/Gistihúsið) – bílskúr og geymsla.

**Hlutverk:** Bílskúr/geymsla.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393914, N375258.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir vesturhluta Eyrarbakka árið 1930 má sjá að það hefur staðið timburhús um 25 m austan við Vesturbúðir [274] og um 10 m vestan við húsið Stað [121]. Að sögn heimildarmanns, sem ólst upp í Ólafshúsi (Byggðarenda) var hús þetta bílskúr og geymsla sem eigendur Barnaskóla (Gunnarshúss/Gistihúss) [257] áttu eða höfðu afnot af (Sigurmundur Arinbjörnsson). Nú stendur þarna samkomuhús Eyrbekkinga, Staður, sem tekið var í notkun árið 1993 (Inga Lára Baldvinsdóttir. [1998.]:54).

**Heimildarmaður:** Sigurmundur Arinbjörnsson, 020649-2169. Nóvember 2007.

**Heimildir:**

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Inga Lára Baldvinsdóttir. [1998.] *Margur í sandinn hér markaði slóð*. Eyrarbyggðahreppur 1897-1998. [Eyrarbakki: Eyrarbyggðahreppur.]

**262**

**Sérheiti:** Barnaskólinn (Gunnarshús/Gistihúsið) – hlaða, fjárhús og hesthús.

**Hlutverk:** Hlaða/fjárhús/hesthús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393820, N375355.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á kortum af Eyrarbakka um 1930 má sjá að það hefur staðið bygging við Búðarstíg þar sem nú er grasi vaxin, auð lóð milli húsa nr. 16 og 20. Hluti hússins hefur verið úr timbri (suðvestur- og suðausturveggir) en annað hlaðið, líklega úr torfi og grjóti [262]. Húsið tilheyrði Gunnarshúsi (Barnaskólinn/Gistihúsið) [257] og stóð í suðvesturhorni lóðarskika sem tilheyrði sama húsi. Umhverfis þennan skika var grjóthlaðinn garður á þrjá vegu [263]. Ekki var garður með fram götunni (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931; Sigurður Andersen. Engin dags.). Þegar húsið var rífið líklega á milli 1970 og 1980 var það kolryðgað og illa farið bárujárnshús (Sigurmundur Arinbjörnsson). Engin ummerki sjást um húsið nú (2007) á sléttri, gróinni lóðinni.

**Heimildarmaður:** Sigurmundur Arinbjörnsson, 020649-2169. Nóvember 2007.

**Heimildir:**

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Einarshafnarhverfi um 1932*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

**263**

**Sérheiti:** Barnaskólinn (Gunnarshús/Gistihúsið) - garður.

**Hlutverk:** Túngarður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393820, N375355.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á kortum af Eyrarbakka um 1930 má sjá að það hefur staðið bygging við Búðarstíg þar sem nú er grasi vaxin, auð lóð milli húsa nr. 16 og 20. Hluti hússins hefur verið úr timbri (suðvestur- og suðausturveggir) en annað hlaðið,

líklega úr torfi og grjóti [262]. Húsið tilheyrði Gunnarshúsi (Barnaskólinn/Gistihúsið) [257] og stóð í suðvesturhorni lóðarskika sem tilheyrði sama húsi. Umhverfis þennan skika var grjóthlaðinn garður á þrjá vegu [263]. Ekki var garður með fram götunni (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931; Sigurður Andersen. Engin dags.). Engin merki sjást um þennan garð í dag.

#### Heimildir:

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Einarshafnarhverfi um 1932*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

#### 264

**Sérheiti:** Brauðgerðarhús (Bakaríið).

**Hlutverk:** Brauðgerðarhús.

**Tegund:** Hús.

**Staðsetning:** A393933, N375296.

**Staðhættir:** „Húsið lét Lefolii kaupmaður byggja árið 1884, ...“ (Lilja Árnadóttir. 1989:22). Húsið stendur enn á sama stað og það var byggt og er notað til íbúðar. Húsið er um 10 m NV af Barnaskólanum



(Gunnarshúsi/Gistihúsinu) [257] og um 25 m SA af Hofi en á milli húsanna

**Mynd 144.** Gamla bakarí Lefolii verslunar. Ljósm GV.

liggur heimreiðin að Einarshafnarhúsunum. Það stendur um 20 m norður af NV-horni Vesturbúða [274]. Húsið er um 10 m SA af garðlagi þar sem það liggur framan við (sunnan við) Einarshöfn IV. Bakaríið, eins og það er jafnan kallað, stendur við Bakarísstíg og er nr. 2, en stígurinn fékk nafn sitt af húsinu.

Brunnur [265] var vestan við húsið.

**Minjalýsing:** „Húsið var flutt tilhöggið til Eyrarbakka, eins og sagt er í samtíma sendibréfi, af Lefoliiverslun. Það er því að stofni til svonefnt katalóghús, en undir því heiti gengu hús sem voru flutt tilsníðin til landsins og sett saman hér. Mörg katalóghús voru flutt frá Noregi undir lok 19. aldar og í byrjun 20. aldar og var þeim ætluð ýmis hlutverk. Þessu var frá upphafi ætlað að hýsa bakarí Lefoliiverslunar. Húsið er hið eina sem eftir stendur af atvinnuhúsnæði frá tíma dönsku verslunarinnar og hefur sérstakt varðveislugildi af þeim sökum. Það er auk þess að stofni til eitt af elstu húsunum á Eyrarbakka. Húsið hefur í grundvallaratriðum haldið formi sínu en nokkrum sinnum verið stækkað. Upphaflega var það einlyft timburhús með láréttri klæðningu og litlu inngöngubíslagi á suðurhlíð. Einn níu rúðu gluggi með gluggahlerum var á

suðurhliðinni, en þrjár sex rúðu gluggar til vesturs. Tvennar dyr voru á bíslaginu til sinn hvorrar áttar. Húsið hýsti í fyrstu aðeins bakaríið sem var með múrsteinshlöðnum ofni og steingólfi. En árið 1900 var byggður svonefndur „viðauki“ við húsið ....“ (Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags.). Jón Pálsson vann við Eyrarbakkaverslun (Lefoliiverslun) á árunum 1886 til 1902. Þá var brauðgerðarhúsið í eigu verslunarinnar. Honum segist svo frá: „Vorur þar bakaðar allar þær tegundir brauða, sem tíðkuðust á þeim tímum, og sumar aðar, er ég hef aldrei séð hér. Meðal brauðtegunda þessara voru hinir eftirsóttu „kammerjunkere“ og vinarbrauðin góðu, sem annáluð voru fyrir gæði ... Efnið í þeim var hið bezta, sem völ var á, m. a. smjör frá Kaldaðarnesi, en hvorki ein ögn af svínafeiti eða smjörlíki ....“ (Jón Pálsson. 1946:44).

Árið 1916 lýsti Eiríkur Gíslason húsinu þannig:

3 H/F Einarshöfn Brauðgerðarhús – 1 hæð

13,10 x 8\_ veggjahæð 3 m ris 1 m

Timburhús. Klætt utan með borðum og járnlætt alt þiljað innan

skipt í 2 íbúðarherbergi og eldhús og brauðgerðarhús – sem er með steingólfi- í því er 1 ofn 100 og Eldavjel 70 kr. og brauðgerðarofn úr múrsteini og 1 vatnshitunareldstæði 60 kr.

364 ten m. tæpra 9. kr.

3100

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:3).

Á gömlum myndum af húsinu sést að á því hefur verið miklu hærri skorsteinn en nú er á því (sjá m.a. Inga Lára Baldvinsdóttir. [1998.]:47).

Segja má að frá því um 1990 hafi staðið yfir endurbygging á húsinu, þar sem ýmislegt hefur verið fært til upprunalegs horfs eftir margháttaðar breytingar á húsinu (Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags.). „Viðgerð [sú] á húsinu var ein sú fyrsta þar sem lögð var áhersla á endurnýtingu á öllu nýtanlegu efni við enduruppbygginguna.“ (Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags.).

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Inga Lára Baldvinsdóttir. [1998.] *Margur í sandinn hér markaði slóð. Eyrarbyggð 1897-1998*. [Eyrarbakki: Eyrarbyggð.]

Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka. Bakaríið - Bakarísstígur 2 – Brauðgerðarhús*. Sótt 3. júní 2007 af <http://eyrarbakki.is/default2.asp?Docid=381&RevID=356&Tpl=1Template1.asp>.

Jón Pálsson. 1946. *Austantóru II*. Guðni Jónsson bjó undir prentun. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

265

**Sérheiti:** Brauðgerðarhús (Bakaríð) - brunnur.

**Hlutverk:** Brunnur.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393929, N375284.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir vesturhluta Eyrarbakka árið 1930 má sjá að það hefur verið brunnur rétt við vesturgafli Brauðgerðarhússins (Bakarísins) [264] (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931).

Engin ummerki sjást um þennan brunn í dag, þar sem nú er malarbórið svæði vestan við Brauðgerðarhús (Bakaríð) [264].

**Heimildir:**

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

266

**Sérheiti:** Bakarísstígur.

**Hlutverk:** Leið.

**Tegund:** Frásögn.

**Staðsetning:** A393935, N375305.

**Staðhættir:** Bakarísstígur lá frá Brauðgerðarhúsi (Bakaríi) [264] og Lefoliiverslun (Vesturbúðum) [274] og þaðan í norður (Ólafur Gíslason).

**Minjalýsing:** Nú liggur gata með þessu sama nafni á þessum slóðum, þ.e. frá Búðarstíg í suðri að Túngötu í norðri. Svólítið fyrir sunnan miðbik götunnar þvera stórir steinhnullungar götuna. Fyrir sunnan þá er gatan malarborin en norðan við þá er hún malbikuð.

GPS-hnitið er tekið 10 m norður af NA-horni Brauðgerðarhúss (Bakarís) [264].

**Heimildarmaður:** Ólafur Gíslason, 040919-4579.

**Utan svæðis**

267

**Sérheiti:** Einarshöfn I (Steinsbær).

**Hlutverk:** Bústaður – býli.


**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:**A393890, N375350.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1901 er meðal annars Einarshöfn I (Steinsbær) (Lilja Árnadóttir. 1989:Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901). Þetta hús er horfið, því húsið sem stendur þarna

Í dag (2007) er byggt árið 1918 og þekkt undir nafninu Steinsbær II (Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Landskrá fasteigna. Steinsbær 2*). Þarna er öllum líkindum um að ræða bæ Steins Guðmundssonar, sem hefur þá verið nefndur eftir eiganda sínum, og sjá má á ljósmynd frá árinu 1906. Þar sést að bæir Steins og Gests Ormssonar hafa staðið þétt saman með að minnsta kosti fimm burstir mót austri, þannig að erfitt er að greina hvað tilheyrir hvorum bæ. Þeir hafa staðið suðvestan við gamla Prestshúsið, sem nú gengur undir nafninu



**Mynd 145.** Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

Einarshöfn II (Vigfús Guðmundsson. 1949:[201]). Á korti af Einarshafnarhverfinu um 1900 sést að Steinsbæ hefur tilheyrt hest- og fjárhús fjós], stofa með verbúð á lofti smiðja og fiskhús Auk þess hefur ábúandi haft landskika, sem lá í sveig vestan við bæjarhúsin og gera má ráð fyrir að hann hafi verið afmarkaður með hlöðnum garði (Sigurður Andersen. Engin dags.). Í bókinni *Landskjálftar á Íslandi* kemur fram að 15 bæjarhús hafi talist til Einarshafnar 1-7 í stóra jarðskálftanum 1896 og 20 peningshús. Þrjú bæjarhús skemmdust mikið í skjálftanum, en tíu lítið. Þrjú peningshús gjöreyðilögðust, fjögur urðu fyrir miklum skemmdum og 13 skemmdust lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184). Víst má telja að Einarshöfn I (Steinsbær) [267] og þau útihús sem bænum hafa tilheyrt [ [268] séu hluti þeirra húsa sem stóðu af sér skjálftann.

**Minjalýsing:** Árið 1916 lýsir Eiríkur Gíslason bæ sem hann nefnir Steinsbæ og er afar líklegt að um þennan bæ sé að ræða:

N[r.] 10 Steinsbær	
6,6 x 5,5 hæð 3 m. flatt	
með skúrum við báða enda	
sinn hvor er 2 x 5,5 = 40	90
1 eldavjel 20 kr.	
1 eldavjel 30 kr.	
Skipt í 2 herbergi	
mjög hrörlegt	
<u>Húsið 100 tenm</u> á 4 kr. 410 =	500
B. Smiðja 4 x 2,5 hæð 3	
Með torfþ. 10 □ m	
<u>þil 8 □ m ónft mjög</u>	20
C. Fjós 2 x 2 – hæð 2	
<u>Torfþak 8 □ m brúklegt</u>	20
D. Fjós 3 x 3 hæð 3	
<u>Torfþ. brúklegt 12 □ m</u>	30
<u>E. Hesthús Torfþak 16 □ m</u>	30
<u>F. Hlaða 7,5 x 3,5 – 3</u>	100
G. Geimsla 5 x 3	
Torfþak nýlegt 4 x 5 = 20 □ m	
<u>á stöfum með þilræfli</u>	50




**Hlutverk:** Fjánhús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393890, N375350.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1901 er meðal annars Einarshöfn I (Steinsbær) (Lilja Árnadóttir. 1989: Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901). Þetta hús er horfið, því húsið sem stendur þarna í dag (2007) er byggt árið 1918 og þekkist undir nafninu Steinsbær II (Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí). Þarna er öllum líkindum um að ræða bæ Steins Guðmundssonar, sem hefur þá verið nefndur eftir eiganda sínum, og sjá má á ljósmynd frá árinu 1906. Þar sést að bæir Steins og Gests Ormssonar hafa staðið



**Mynd 146.** Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

þétt saman með að minnsta kosti fimm burstir mót austri, þannig að erfitt er að greina hvað tilheyrir hvorum bæ. Þeir hafa staðið suðvestan við gamla Prestshúsið, sem nú gengur undir nafninu Einarshöfn II (Vigfús Guðmundsson. 1949:[201]). Á korti af Einarshafnarhverfinu um 1900 sést að bænum hefur tilheyrt hest- og fjánhús], fjós stofa með verbúð á lofti og smiðja Auk þess hefur ábúandi haft landskika, sem lá í sveig vestan við bæjarhúsin og gera má ráð fyrir að hann hafi verið afmarkaður með hlöðnum garði (Sigurður Andersen. Engin dags.). Eiríkur Gíslason nefnir fleiri útihús í sinni Minjalýsingu. Í bókinni *Landskjálftar á Íslandi* kemur fram að 15 bæjarhús hafi talist til Einarshafnar 1-7 í stóra jarðskálftanum 1896 og 20 peningshús. Þrjú bæjarhús skemmdust mikið í skjálftanum, en tíu lítið. Þrjú peningshús gjöreyðilögðust, fjögur urðu fyrir miklu skemmdum og 13 skemmdust lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184). Víst má telja að Einarshöfn I (Steinsbær) [267] og þau útihús sem bænum hafa tilheyrt [268] séu hluti þeirra húsa sem stóðu af sér skjálftann.

**Minjalýsing:** Árið 1916 lýsir Eiríkur Gíslason bæ sem hann nefnir Steinsbæ og er afar líklegt að um þennan bæ sé að ræða:

N[r.] 10 Steinsbær

6,6 x 5,5 hæð 3 m. flatt

með skúrum við báða enda

sinn hvor er 2 x 5,5 = 40 90

1 eldavjel 20 kr.

1 eldavjel 30 kr.

Skípt í 2 herbergi

mjög hrörlegt

Húsið 100 tenm á 4 kr. 410 =

500

B. Smiðja 4 x 2,5 hæð 3

Með torfþ. 10 □ m

þil 8 □ m ónft mjög

20





Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*.  
Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

269

**Sérheiti:** Ólafshús (Byggðarendi)  
– fjós og hlaða.


**Hlutverk:** Fjós/hlaða.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393855, N375323.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1901 sést að þau hús sem þá stóðu á landi Skúmsstaða voru 40 talsins. Meðal þeirra var Ólafshús (Byggðarendi) (Lilja Árnadóttir. 1989: Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali



**Mynd 147.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918*.

árið 1901). Húsið stóð þar sem nú stendur húsið Einarshöfn, Búðarstígur 16. Hjá Fasteignamati ríkisins er húsið nr. 16 við Búðarstíg tvískipt, þ.e. eystri hlutinn er sagður byggður 1887, en sá vestari 1952. Því má segja að húsið nr. 16 við Búðarstíg sé að stofni til Ólafshús (Byggðarendi). Í *Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar* kemur fram að húsinu tilheyrði fjós og hlaða, sem voru sambyggð. Þetta hús sést á korti frá árinu 1930 og stóð það þar sem nú er bílskúr og bílastæði sem tilheyrir vesturenda hússins (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931).

**Minjalýsing:** Ólafshúsi er lýst þannig í *Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916*:

Nr 8 Ólafs Guðms	
A Timburhús einlyft með grjótkjallara	
6,8 x 4,6 með skúr 2,5 x 5. Vegghæð 2,50 ris 2 m	
Alt járnklætt nema norðurhlið með Asfaltþappa.	
Niðri 2 herbergi og eldh.	
Uppi 1 herbergi og geimsla	
við vesturg. geimsluskúr	
1 ofn 35 kr. 1 eldavjel 50 kr	
<u>109 rúmm. á 18 kr. ...</u>	2200
B Fjós með steinveggjum og járnþaki	
Vegghæð 1,50 ris 1. ... 1,7 x 2,5	
<u>þak 22 □ m 5 kr. ...</u>	90
C Heyhlaða járnþak á grjótveggjum	
<u>sama mál þak 22 □ m ...</u>	110
	2400

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:8). Heimildarmaður sagði frá því að vestasti hluti hússins hafi verið byggður á sökkli fjóssins og hlöðunnar um á sjöunda áratug síðustu aldar en skömmu áður hafði útihúsið verið rífið. Húsið var þrískipt með tveimur burstum sem sneru að götunni (í suður). Hlaða var í vesturhlutanum en fjárhús og hesthús í þeim eystri, hesthúsið nær götunni. Útveggir hlöðunnar að

vestan og norðan voru grjóthlaðnir en aðrir veggir steinsteyptir (Sigurmundur Arinbjörnsson). Ekki sjást nú nein merki þessarar byggingar.

**Heimildarmaður:** Sigurmundur Arinbjörnsson, 020649-2169. Nóvember 2007.

**Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

270

**Sérheiti:** Nýhöfn – brunnur.

**Hlutverk:** Brunnur.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðsetning:** A393878, N375318.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir vesturhluta Eyrarbakka árið 1930 má sjá að það hefur verið brunnur alveg við vesturgافل hússins Nýhafnar, sem byggt var 1914 (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931; Lilja Árnadóttir. 1989:49-50).

Engin ummerki sjást um þennan brunn í dag, þar sem nú er malarborið bílastæði sem tilheyrir Nýhöfn.

**Heimildir:**

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

**Utan svæðis**

271


**Sérheiti:** Nýhöfn - fjós.

**Hlutverk:** Fjós.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393998, N375256.

**Staðhættir:** Húsið Nýhöfn er nr. 14 B við Búðarstíg. Það er byggt árið 1914 (Lilja Árnadóttir. 1989:49-50) og því er þess ekki getið sérstaklega hér. Í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar kemur



**Mynd 148.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

fram að 22 m norðan við húsið hafi staðið fjós (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:9).

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsir fjósinu árið 1916 og segir að á því sé til helminga járnþak á rimlum og torfþak og hafi húsið einfalt þil (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:9). Engin ummerki eru um þetta gamla fjós, en á þessum stað stendur nú bílskúr sem tilheyrir Nýhöfn.

**Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

272

**Sérheiti:** Nýhöfn - hlaða.


**Hlutverk:** Hlaða.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394013, N375309.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Húsið Nýhöfn er nr. 14 B við Búðarstíg. Það er byggt árið 1914 (Lilja Árnadóttir. 1989:49-50) og því er þess ekki getið sérstaklega hér. Í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar kemur fram að 22 m norðan við húsið hafi staðið fjós (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:9). Í sömu bók sést á uppdrætti af Kaldbak [0] að hlaða frá Nýhöfn hefur staðið örskammt austan við skúr sem tilheyrði Kaldbak [206] en henni er ekki lýst nánar í bókinni (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:37) og hún sést ekki á þeim kortum sem til eru af Eyrarbakka.



**Mynd 149.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

**Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

273

**Hlutverk:** Kofi/óþekkt.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393882, N375314.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Húsið Nýhöfn er nr. 14 B við Búðarstíg. Það er byggt árið 1914 (Lilja Árnadóttir. 1989:49-50) og því er þess ekki getið sérstaklega hér. Á korti af vesturhluta Eyrarbakka frá 1930 sést að lítill torfkofi hefur staðið þar sem nú er bílastæði vestan við Nýhöfn eða á lóðamörkum Nýhafnar og Ólafshúss (Byggðarenda) [Engin ummerki eru um þennan kofa í dag (2007).

**Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

274

**Sérheiti:** Vesturbúðin.

**Hlutverk:** Verslun.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393867, N375262.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** „Fast við Sjóvarnargarðinn, skammt suðvestur af Skúmsstöðum, stóð reisulegasta bygging Eyrarbakka um langan aldur, sem almennt var nefnd Vesturbúðir, en bar annars mörg nöfn eins og Lefoliiverslun og Einarshafnarverslun. Í Vesturbúðunum var um langan aldur ein mesta



**Mynd 150.** Vesturbúðin. Ljósmynd Haraldur Blöndal. Bygg Árn.

verslun á Íslandi ... Bygging verslunarinnar var rifin árið 1950 og er þar nú auðnarlegur sand- og grjótbali, einu leifarnar af mannvirkjum þar er bryggjan, en hún er nú mjög farin að hrörna, nefnd Vesturbúðarbryggja [282] og lá beint frá verslunarhúsunum.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:20-21). Vesturbúðir stóðu þar sem nú er óslétt tún vestan við samkomuhúsið Stað, þétt norðan við sjóvarnargarðinn, um 20 m SV við Brauðgerðarhús [264]. Tún þetta gengur daglega undir nafninu Vesturbúðarhóllinn en þar sjást óljós ummerki fornminja undir grassverðinum. Minjasvæðið þekur u.þ.b. 110 m í AV og um 45 m NS. Víða

glittir í grjót í grassverðinum. Meðal annars má greina um 12 m langan kant sem liggur frá austri til vesturs en við austurenda er tæplega eins fermetra stallur sem nemur við grassvörðinn. Vestan til á túninu er svolítill hola sem er full af grjóti, sem hugsanlega á ættir að rekja til húsanna sem þarna stóðu. Á túninu stendur minnisvarði um látna sjómenn og sömuleiðis er þar módel af Vesturbúðunum til sýnis á sumrin.

Svæðið norður af Vesturbúðum var kallað Vesturbúðarplan (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:66).

**Minjalýsing:** Í *Eyrarbakki. Húsakönnun* er Vesturbúðinni lýst: „Var það þyrping timburhús, sem stóðu á landi Skúmsstaða. Í ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn er til úttekt og mat Steindórs sýslumanns Finnssonar á húsum verslunarinnar á Eyrarbakka ds. 18. ágúst 1774 (Rtk. 373,117.) Sum þeirra áttu rætur sínar að rekja aftur á 18. öld. Þá þegar er getið um fjögur stór timburhús



en seinna voru þau stækkuð og endurbætt til muna allt fram á 20. öldina. ... Húsin stóðu í

**Mynd 151.** Gunnur Vesturbúðarinnar er enn sjáanlegur. Ljós. GV.

þyrpingu þannig að á milli þeirra myndaðist ferhyrndur garður eða port. Húsin hafa í fyrstu verið klædd timbri að utan. Eftir því sem timburklæðningin gekk úr sér voru húsin klædd bárujárnri eftir að það kom til sögunnar í lok 19. aldar. Gluggar voru stórir og gluggahlarar fyrir a.m.k. þeim, sem vissu að verstu veðuráttum og sjónum. Syðsta húsið var samsíða sjóvarnargarðinum og þar var sölubúð. Sölubúð var einnig í austustu álmunni en hún sneri í norður suður. Í suðausturhorni hennar var skrifstofa og afdrep fyrir verslunarþjóna. Í nyrsta húsinu, því sem vissi að Einarshöfn, var vigtarhús þar sem tekið var á móti afurðum bænda. Vestasta húsið var geymsla fyrir korn og mjöl og í nyrsta hluta þess var kolageymsla. Vestan við húsasamstæðuna var hús þar sem geymt var timbur. Árið 1895 reisti Lefolii, Krambúðina en það var yngsta húsið. Undir henni var kjallari, en ýmiss konar álnavara var á boðstólum í þessu nýja myndarlega húsi. ... Húsin voru í eigu Eyrarbakkaverslunar allt þar til halla tók undan fæti hjá henni. Þá keypti Kaupfélagið Hekla húsin ásamt öðrum eignum verslunarinnar. Síðar varð Vesturbúðin eign Kaupfélags Árnesinga, sem að lokum lét rífa þessi merku hús árið 1950 og var hluti af viðum þeirra fluttur til Þorlákshafnar þar sem þeir voru notaðir í salthús, sem brunnu til kaldra kola árið 1987.“ (Lilja Árnadóttir. 1989:14). Umrædd krambúð er líklega sú sem danski forsmiðurinn Fredrik Anton Bald er talinn hafa teiknað, en hann var m.a. yfirmsiður Alþingishússins og Laugarnesspítala ásamt fleiri húsum víðs vegar um land (Hörður Ágústsson. 2000: 147-150).

Jón Pálsson var við Eyrarbyggðarslun á árunum 1886 til 1902 og lýsir verslunarhúsunum þannig: „Austast var aðalverzlunarhúsið, nálega 36 álnir á lengd, einlyft, með háu risi, og sneri það frá norðri til suðurs. Því var skipt í þrjár deildir: *Nýlenduvöru-, vefnaðarvöru- og kjallaradeild*. Var hinn svonefndi *kjallari* í norðurenda þess og á sömu hæð sem hinar deildirnar, en undir því að norðanverðu og einnig undir aðalgeymsluhúsinu var hinn raunverulegi *kjallari*, þar sem geymdar voru aðalvínbirgðirnar og aðrar slíkar „nauðsynjavörur“. Þar var og tekið á móti laxinum, hann pakkaður og sendur utan. Laxinn var ein hin verðmætasta útflutningsvara verzlunarinnar. Í kjallara þessum hafði *beykirinn* bækistöð sína; ... Á loftinu í þessu húsi voru geymdar vörubirgðir miklar, sem af var tekið til daglegrar notkunar. En í suðurenda þess og fyrstu hæð, var aðalskrifstofan við hlið einkaskrifstofu verzlunarstjórans. Frammi í búðinni voru lyfin geymd, og mátti því m.a. segja, að þetta væri lyfjabúð allrar sýslunnar ... Nyrzt á gólfhæð húss þessa, var brennivínsáman stóra, greipt inn í vegginn, með öðrum smærri tunnum og ýmsu „góðgæti“ ... Að sunnanverðu var vörugeymsluhús, nál. 52 álnir á lengd. ... Að vestanverðu var einnig vörugeymsluhús, nál. 38 álnir á lengd, til móttöku á hrognum, lýsi o.fl. innlendum vörum, en til útbýtingar á korni, salti og tjöru o.fl. Uppi á lofti húss þessa voru geymdar allar kornvörur verzlunarinnar. ... Að norðanverðu var aðalgeymsluhúsið fyrir innlendan varning, 72 álnir á lengd. Þar voru innlendu vörurnar flestar vegnar, mældar og taldar: harðfiskur, ull, smjör og tólg o. m. fl. ... Uppi á loftinu í húsi þessu var ullin geymd, og sátu þar konur margar við að flokka ullina, tæja hana og tæta ... Öll stóðu stórhýsi þau, er nú voru talin, umhverfis stórt ferhyrnt svæði, en á því voru kolin, bárujárnið og ýmsar þær vörur geymdar, er þoldu regn. Vestur af húsunum var enn stærra svæði fyrir trjávörur allar og timbur, er til verzlunarinnar fluttist ... Inni á svæðinu milli húsanna („portinu“) var varðhundur vetur og sumar. Var hann látinn ganga laus á nóttum, en hafður í járnviðjum á daginn ... Um svæði þetta lágu járnteinar neðanfrá sjó og inn í verzlunarhúsin. Á þeim gengu hlaðnir vagnarnir upp og ofan allan daginn, þegar skipin voru afgreidd ... Voru þau oftast 12-15 og stundum 16-18 talsins ... Auk húsakynna þeirra, er verzlunin átti og að framan er getið, átti hún og brauðgerðarhús [264] eitt mikið. Stóð það skammt frá verzlunarhúsunum.“ (Jón Pálsson. 1946:39-44).

Í heimildum er ýmist talað um Vesturbúðir í fleirtölu eða Vesturbúðina með ákveðnum greini.

### Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbyggðahreppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. [Eyrarbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Hörður Ágústsson. 2000. *Íslensk byggingararfleifð I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940*. [Reykjavík:] Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Jón Pálsson. 1946. *Austantórus II*. Guðni Jónsson bjó undir prentun. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

## 275

**Sérheiti:** Krambúðin.

**Hlutverk:** Verslun.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393867, N375262.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í úttekt sem gerð var árið 1774 er lýst krambúð. Ekki er ólíklegt að hús þetta hafi verið hluti af þeirri húsasamstæðu sem kallaðist Vesturbúðir [274], en erfitt er að átta sig á því með vissu. Krambúðinni var lýst þannig: „Kramboeden opbygt Anno 1775 er bestaaende af 9 Fag 18 al i Længden 13 al i Breeden 10 al og 5 tommer i Høyden dansk Maal, hvor af 5 Fag panellede og afdeelte til Kramboed med behørige Reoler, samt et Langt Bord og bænk. Under Bordet er 8 afdeling er til adskillige Vahre. I bemelte 5 Fag er et Kiøbmans Kammer med Sængested. I Kramboeden og Kammeret ere 4 fag Vinduer og 2de smaae Enkelte Dito, með Vindue Skedder og Beslag. 4 Fag af Huusets Vestere Ende er afdelte til en kielder. Udi Kramboeden og kammeret er bræde Gulv og Nagelfast Lofft over heele Huset, hvortil gaaer en Trappe fra Kramboeden. Paa Loftet er en dobbelt Luge, med Hængsler og Kroge. Huset er með 2de Døre, og 2de stoere derte frie Laase, hvor uden over 2de IernStænger með tilhørende 2de Taskelaase. Dette Huus er Anno 1762 forsynet med et nyt tag, saa at dette Huus Ansees at være i nogenleedes sod Stand og Wurderes for ... 310 rd.“ (*Taxations og Vurderingsforretningar over Handelhuse og Inventaries i Islands havne 1774*). Hafi þetta hús ekki verið hluti af Vesturbúðum [274] má gera ráð fyrir að það hafi staðið á því svæði sem Vesturbúðir stóðu á, eða þar nærri.

### Heimildir:

*Taxations og Vurderingsforretningar over Handelhuse og Inventaries i Islands havne 1774*. Skrifað upp af Hrefnu Róbertsdóttur eftir úttekt Steindórs sýslumanns Finnssonar á húsum verslunarinnar á Eyrarbakka, sem varðveitt er í ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn (Rtk. 373.117). Afrit í eigu Byggðasafns Árnesinga.

## 276

**Sérheiti:** Stóra húsið.

**Hlutverk:** Verslun.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:**A393867, N375262.



**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í úttekt sem gerð var árið 1742 er lýst stóru húsi sem meðal annars hýsti krambúð. Ekki er ólíklegt að hús þetta hafi verið hluti af þeirri húsasamstæðu sem kallaðist Vesturbúðir [274], en erfitt er að átta sig á því með vissu. Húsinu var lýst þannig: „Det Stoere Huus, bestaaende af 14 Fag, udi længden 29  $\frac{3}{4}$  al, Sællands Maal, i breeden 11  $\frac{1}{4}$  al, i Høiden under Loftet 3  $\frac{1}{2}$  al, og af Loftet til Toppen 8 al. I Vester Enden er Kramboeden, med afdeelt Kiøbmands Sænge Cammer Panelet og et vindue med 9 smaa Ruuder, tillige med tvende afdeelte smaa Kiældere, med et lidet vindue i hver; I Kramboeden ere 4 vinduer 1 al, i høiden og  $\frac{3}{4}$  i breeden, med dobbelte vindues Skudder, Iernbolter og anden tilbehør, samt een doobelt trappe fra Boeden op til Loftet, Reoler etc. Dette huus er repareret 1738. I Øster Enden er Pack-Kiælderen afdeelt med Skillerom, hvor i findes 158 Iernkroge, at hænge Faarene paa. Ved Syd-Siden ere tvende Luuder, eller udbygningar 16  $\frac{1}{2}$  al, Lang 4 al, breed, og i høiden under Loftet 3  $\frac{1}{4}$  al, afdeelt indeni til tvende Cammere, det eene til UnderKiøbmanden, med 3 smaa vinduer og afdeelt Sængeplatz. Den anden afdeelte Luude til arbeidzfolkene. Hver af Luudene for sig følger een Dør med behørig hængsler og Laase. I disse Luuder, saa vel som i det heele huus er fast Loft, og breede golf, undtagen i Pack-Kiælderen og Arbeidzfolkens Luuder er ingen Brede golf. For Kramboeden ere dobbelte Døre með hængsler og Laase, tillige med Iernhaspe og Hængelaas paa Syd-Siden; den anden Dør ligger ind til mellemrommet med Laas og hængsler. For Pack-Kiælderen ere ligeledes tvende Døre, eed til Syd med fast Laas, tillige med Haspe og Hængelaas, Anden til Nord med Hængsler og Hasper. Dette huus i befinden Stand er vurderet for Croner 433 rd.“ (*Úttekt á eigum verslunarinnar á Eyrarbakka 1742*). Hafi þetta hús ekki verið hluti af Vesturbúðum [274] má gera ráð fyrir að það hafi staðið á því svæði sem Vesturbúðir stóðu á, eða þar nærri.

**Heimildir:**

*Úttekt á eigum verslunarinnar á Eyrarbakka 1742*. Skrifað upp af Hrefnu Róbertsdóttur eftir skjölum sem varðveitt eru í ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn. Afrit í eigu Byggðasafns Árnesinga.

277

**Sérheiti:** Stóra sláturhúsið.

**Hlutverk:** Sláturhús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393867, N375262.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í úttekt sem gerð var árið 1774 er lýst stóru sláturhúsi. Ekki er ólíklegt að hús þetta hafi verið hluti af þeirri húsasamstæðu sem kallaðist Vesturbúðir [274], en erfitt er að átta sig á því með vissu. Húsinu var lýst þannig:

„Det store Slagterhuus er bestaaende af 14 Fag, 29  $\frac{3}{4}$  al i Længden 11  $\frac{1}{2}$  al i Höyden, 11  $\frac{1}{4}$  al i Breeden Dansk Maal. Udi Vestere Ender er Under Kiøbmands Kammeret, bestaaende af et Værelse 6 al lang 4 al breed, hvor hoset SængeKammer og 2de smaae kammerre til Adskilligt Inventarium. Begge ere med brede Gulv og panelet det første rød mahlet og det andet Perle formet. For Sænge kammeret er en Dør med Fylding, hvor udi et Vindue med Engelske Kammer. For begge Kammere ere døre med behovige Hængsler og Laase. Over heele Huuset er Nagelfast Lofft, dog i bröstfældig Stand, Under Kiøbmands Kammeret er forsynet med et heelt og 2de halve fag Vinduer. Paa Lofftet over sammer er en Afdeling, hvor Arbeids Karlene Ligge der udi er et lidet Vindue og dör med Hængsler og Laas for. Opgangen der til er en fast Trappe fra Under Kiøbmands Kammeret. det med folkenes opgang er en dör til Slagterhuuset, hvor der er afdelt med bræde Skille Røm indværende Aar, et Kammer til Smørs Modtagelse og Skeergjörelse, der udi er til samme brug behorig Vaskerskende Udi Huuset ere 184 stk Iern Kroge til að Hænge Faar paa. Samme hus er forrige Aar forsynet paa den syder Side med en nye Vægg af Gullandsek bræder Ligeledes en Part af den Nordre Siide Paa Huuset ere 3de Dörre med behörige Hængsler og Laase. For den ene dör er Iernstang, med tilhorende stoere Taske Laas; dette Huus er i temmelig god Stand og Vurderes for ... 510 rd.“ (*Taxations og Vurderingsforretningar over Handelhuse og Inventaries i Islands havne 1774*). Hafi þetta hús ekki verið hluti af Vesturbúðum [274] má gera ráð fyrir að það hafi staðið á því svæði sem Vesturbúðir stóðu á, eða þar nærri.

#### **Heimildir:**

*Taxations og Vurderingsforretningar over Handelhuse og Inventaries i Islands havne 1774*. Skrifað upp af Hrefnu Róbertsdóttur eftir úttekt Steindórs sýslumanns Finnssonar á húsum verslunarinnar á Eyrarbakka, sem varðveitt er í ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn (Rtk. 373.117). Afrit í eigu Byggðasafns Árnesinga.

**278**

**Sérheiti:** Minna sláturhúsið.

**Hlutverk:** Sláturhús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393867, N375262.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í úttekt sem gerð var árið 1774 er lýst sláturhúsi. Ekki er ólíklegt að hús þetta hafi verið hluti af þeirri húsasamstæðu sem kallaðist Vesturbúðir [274], en erfitt er að átta sig á því með vissu. Húsinu var lýst þannig: „Det mindre Slagterhuus er bestaaende af 12 fag 24 al i Længden 13 al i breeden 10  $\frac{1}{2}$  al i Höyden Dansk maal fra Gulvet op til Toppen. Vester Enden Er afdeelt med Skillerom tvert over Huset 10 al lang, og 13 al breed og atter afdeelt langs ad Udi

den Eene afdeling er Bødker Boeden Dør udi af et Lidet Vinduer og 2de Luger 3de faste Stocke; Over paa er et Lidet fast Lofft, for Bødkerne at lige paa, med en Stie at gaae op ad; Bødker Boeden er med Dør hængsler og Laas; og et med Bræder afdeelt Gaardsrøm to Tømmer og Stoker. udi den ande afdeeling er Kock Huset med et lidet fast Lofft til victualier Een Skorsteen opmuuret over Taget 1763. I Kockhuset er et Vindue og Bræde gulv, med en Stie op til Lofftet. Een Dør med behörige Hængsler og Laas. Over det Øvrige af Huset er nagelfast Lofft i maadelig Stand. En Kielder til Slagterye hvor udi 146 stk Iern kroge. Detta Hus blev 1763 försynet med nye Gullands Spær og Rygaas samt et Tag af Skaarne Planker, og Gullandske Bord. Ikke des under med faldt for 3 aar siden, 2de Huus Bielker af sine Topper. dette Hus ansees des uagtet, at være i temmelig god Stand og vurderes for ... 280 rd." (*Taxations og Vurderingsforretningar over Handelhuse og Inventaries i Islands havne 1774*). Hafi þetta hús ekki verið hluti af Vesturbúðum [274] má gera ráð fyrir að það hafi staðið á því svæði sem Vesturbúðir stóðu á, eða þar nærri.

#### **Heimildir:**

*Taxations og Vurderingsforretningar over Handelhuse og Inventaries i Islands havne 1774*. Skrifað upp af Hrefnu Róbertsdóttur eftir úttekt Steindórs sýslumanns Finnssonar á húsum verslunarinnar á Eyrarbakka, sem varðveitt er í ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn (Rtk. 373.117). Afrit í eigu Byggðasafns Árnesinga.

**279**

**Sérheiti:** Nýja húsið.

**Hlutverk:** Sláturhús/eldhús/vinnuaðstaða beykis.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393867, N375262.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í úttekt sem gerð var árið 1742 er lýst húsi, sem byggt var árið 1734, sem hýst hefur aðstöðu til sauðfjárslátrunnar, eldhús og vinnustöðu beykis. Ekki er ólíklegt að hús þetta hafi verið hluti af þeirri húsamstæðu sem kallaðist Vesturbúðir [274], en erfitt er að átta sig á því með vissu. Húsinu var lýst þannig: „Det Nye Huus 12 Fagh, 24 al, lang, 13 al, breed, 10 ½ al, høj, fra golfet til tippen. I dens østerste Ende er Slagter-Kiældereren med tvertræ og behörig underslag, med dør, hængsle og Laas. I Kiældereren findes 180 Iern Kroge til at hænge Faarene paa. I Vester Enden er den afdeelt med Skillerom tvers over heele huuset, hvilket atter er afdeelt Langs ad, I Syd-Siden er Kiøckenet, med tvende smaa vinduer noget i Stycker, opmuuret skorsteen til Taget, og Røgehat af breder, golfet af breder i Kockhuset, og tvende døre med hængsler og een laas. I Nord-Siden er Bødker boeden med tvende vinduer, alle noget i Stycker. I huuset findes fire hugge-blocker, fast Slogen til huuset; Dør med hængsler og Laas; Over heele huuset er

fast Loft, og huuset obyggt Aar 1734. Dette Huus er vurderet for Croner. 380 rd.“ (*Úttekt á eigum verslunarinnar á Eyrarbakka 1742*). Hafi þetta hús ekki verið hluti af Vesturbúðum [274] má gera ráð fyrir að það hafi staðið á því svæði sem Vesturbúðir stóðu á, eða þar nærri.

**Heimildir:**

*Úttekt á eigum verslunarinnar á Eyrarbakka 1742*. Skrifað upp af Hrefnu Róbertsdóttur eftir skjölum sem varðveitt eru í ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn. Afrit í eigu Byggðasafns Árnesinga.

**280**

**Hlutverk:** Tólgarbræðsla.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393867, N375262.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í úttekt sem gerð var árið 1742 er lýst gömlu húsi þar sem brædd var tólg eftir því sem best verður skilið. Ekki er ólíklegt að hús þetta hafi verið hluti af þeirri húsasamstæðu sem kallaðist Vesturbúðir [274], en erfitt er að átta sig á því með vissu. Húsinu var lýst þannig: „Gammelt Huus til at smelte Tallig udi, 4 Fagh, dette huus er 9 al, i længden, 6 al, i breeden, og 8 al, i høiden, op til toppen, med dør hængsle og laas. Huuset er gammelt og Raadnet, undtagen taget som nyt er paalagt Anno 1732 da huuset bleef bygt, dette huus vurderet for Croner ... 15 rd.“ (*Úttekt á eigum verslunarinnar á Eyrarbakka 1742*).

Hafi þetta hús ekki verið hluti af Vesturbúðum [274] má gera ráð fyrir að það hafi staðið á því svæði sem Vesturbúðir stóðu á, eða þar nærri.

**Heimildir:**

*Úttekt á eigum verslunarinnar á Eyrarbakka 1742*. Skrifað upp af Hrefnu Róbertsdóttur eftir skjölum sem varðveitt eru í ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn. Afrit í eigu Byggðasafns Árnesinga.

**281**

**Sérheiti:** Mörbúð.

**Hlutverk:** Mörbræðsla.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393867, N375262.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í úttekt sem gerð var árið 1774 er lýst húsi þar sem brædd var mör eftir því sem best verður skilið. Ekki er ólíklegt að hús þetta hafi verið hluti af þeirri húsasamstæðu sem kallaðist Vesturbúðir [274], en erfitt er að átta sig á því með vissu. Húsinu var lýst þannig: „Morboeden er bestaaende af 6 fag 12 al i Længden 9 al 10 tommer i Breeden og 9 al i Høyden, er af Handels tømmer

opbygget, med Bræder Tag og rundt om beklædt med Bræder. En Skorsteen til MorKielder med en Røghat af bræder og 2de Luger, samt Dør Hængsler og Laas. Dette hus eragtes aldeles forfalden af Ild og tierer ikke til andet en Tømme fohke ges gennem vurderes for ... 20 rd.“ (*Taxations og Vurderingsforretningar over Handelhuse og Inventaries i Islands havne 1774*).

Hafi þetta hús ekki verið hluti af Vesturbúðum [274] má gera ráð fyrir að það hafi staðið á því svæði sem Vesturbúðir stóðu á, eða þar nærri.

### Heimildir:

*Taxations og Vurderingsforretningar over Handelhuse og Inventaries i Islands havne 1774*. Skrifað upp af Hrefnu Róbertsdóttur eftir úttekt Steindórs sýslumanns Finnssonar á húsum verslunarinnar á Eyrarbakka, sem varðveitt er í ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn (Rtk. 373.117). Afrit í eigu Byggðasafns Árnesinga.

## 282

**Sérheiti:** Vesturbúðarbryggja.

**Hlutverk:** Bryggja.

**Tegund:** Kantur.

**GPS:** A393860, N375235.

**Staðhættir:** vestur af [Völkunaddi] er Vesturbúðarbryggjan, bryggja hinnar gömlu frægu verslunar, sem á sínum tíma var einhver voldugasta verslun landsins svo sem allir vita. Bryggjan er nú orðin allhrörleg og ekkert notuð ...“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:45).



Mynd 152. Leifar Vesturbúðarbryggju. Ljósmynd G.V.

„ ... einu leifarnar af mannvirkjunum þar [Vesturbúðum [274]] er bryggjan, en hún er nú mjög farin að hrörna, nefnd Vesturbúðarbryggja og lá beint frá verslunarhúsunum.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:21).

Leifar Vesturbúðarbryggjunnar eru beint suður af hliðinu á gamla sjóvarnargarðinum, en hliðið var við Vesturbúðina og hleypti umferð niður í fjöru að bryggjunni.

**Minjalýsing:** Leifar Vesturbúðarbryggjunnar eru nokkuð langt út í fjöru og ekki unnt að ganga að þeim, en á fjöru sjást þær vel. Stærð og umfang bryggjunnar er ekki ljóst en þó eru leifarnar nokkuð heillegar þar sem þær sjást enn, en þó er ljóst að stór hluti bryggjunnar er horfinn. Honum var rutt í burtu á árunum milli 1970-1980 og borðið við slysaþættu. „Eigi er heldur kunnugt um fyrirkomulag eða fyrstu gerð bryggju, ... og líklegt er, að þar hafi verið notuð frá byrjun sama aðferð, sem tíðkaðist alla 19. öldina. Hlaðin var grjótbryggja frá flæðarmáli,

heimundir sjógarðshliðið stóra. En frá flæðarmáli og niður að, eða lítið eitt niður fyrir yfirborð dvalarvatns um stórstraumsfjöru, voru settir niður á vorin kláfar stórir úr trjám og fylltir grjóti, með hér um bil tveggja faðma millibili, og það lögð timburbryggja. Rammlega varð að festa hana við kláfana. Þetta hvorttveggja var tekið upp á haustin.“ (Vigfús Guðmundsson. 1946:438). Ekki er ólíklegt að hér sé verið að lýsa fyrstu gerð bryggjunnar, en „[s]íðar var gerð á sama stað steinlímd bryggja, lítil.“ (Vigfús Guðmundsson. 1946:438) og eru það ugglaut leifar hennar sem sjást í dag.

GPS-hnitið var tekið í fjörunni um 200 m norður af bryggjuleifunum.

### Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbyggjar. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen.* [Eyrarbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Vigfús Guðmundsson. 1946. *Saga Eyrarbakka.* Fyrra bindi, síðara hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

## 283

**Hlutverk:** Járnbrautarteinar.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** A393940, N375242

**Horfið:** Já

**Staðhættir:** Á ljósmynd sem tekin var um 1904 og birt er í bókinni *Eyrarbakki. Húsakönnun* má sjá að járnbrautarteinar lágu að því er virðist frá Vesturbúðinni [274] og þaðan áfram í austur, sunnan við Búðarstígshúsin [254] [252] og sveigðu svo norður austan við



**Mynd 153.** Járnbrautarteinar frá Vesturbúð. Ljósmynd bygg Árn.

Hraungerði [243] og hverfur úr auglýsingu (Lilja Árnadóttir. 1989:7). Á korti af Eyrarbakka frá því um 1905 sést að teinarnir enda á Kaupmannstúni [0] norðan við Húsið [19].

**Minjalýsing:** „Lefolli kaupmaður eldri lét setja sporbraut á bryggjuna [282] og upp að húsdryum [274], með snúningshlera, svo að vörunum varð ekið með handafli á sporvögnum að og frá dryum þriggja eða fjögurra vöruhúsa. Með þessari aðferð og nokkrum sporvögnum var unnið að losun og hleðslu skipa á Eyrarbakka, jafnvel um áratugi, meðan karlmenn (og konur?) við Reykjavíkurbær báru vörunar á börum eða á baki sínu.“ (Vigfús Guðmundsson. 1946:438). Lefolli eldri rak verslun sína á Eyrarbakka á þremur síðustu áratugum 19. aldar (Vigfús Guðmundsson. 1945:336-337). Járnbrautarteinar þessir er horfnir í dag (2007) en þar sem þeir lágu er nú malbikuð gata

(Búðarstígur). GPS-hnitið er tekið þar sem þeir lágu norðan við samkomuhúsið Stað.

**Heimildir:**

*Kort af Eyrarbakka*, mælt um 1905. Í eigu Byggðasafns Árnesinga.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

Vigfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrarbakka*. Fyrra bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

Vigfús Guðmundsson. 1946. *Saga Eyrarbakka*. Fyrra bindi, síðara hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

**284**

**Hlutverk:** Hús/óþekkt.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í úttekt á verslunarhúsum og öðrum eigum dönsku verslunarinnar frá árinu 1774 er húsi lýst þannig: „Eet Huus i Söyde Reten med Dør Laas og Hængsler, hvor udi et fast Bord og Bænk, vurderes for ... 4 rd.“ (*Taxations og Vurderingsforretningar over Handelhuse og Inventaries i Islands havne 1774*).

Ekki er vitað hvar hús þetta stóð eða til hvers það var notað, en væntanlega hefur það staðið annað hvort í grennd við Húsið [19] eða Vesturbúðirnar [274].

**Heimildir:**

*Taxations og Vurderingsforretningar over Handelhuse og Inventaries i Islands havne 1774*. Skrifað upp af Hrefnu Róbertsdóttur eftir úttekt Steindórs sýslumanns Finnssonar á húsum verslunarinnar á Eyrarbakka, sem varðveitt er í ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn (Rtk. 373.117). Afrit í eigu Byggðasafns Árnesinga.

**285**

**Hlutverk:** Fjánhús.

**Tegund:** Heimild/frásögn.

**Staðsetning:** A393859, N375281.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir vesturhluta Eyrarbakka árið 1930 má sjá að það hefur staðið timburhús um 10 m vestan við Vesturbúðir [220]. Heimildarmaður, sem ólst upp í Ólafshúsi (Byggðarenda) man eftir þessu húsi, og segir að húsið hafi verið notað sem fjánhús. Fyrir framan húsið (norðan við það) var brunnur [286] og traðir lágu frá götunni (Búðarstíg) suður að fjárhúsinu (Sigurmundur Arinbjörnsson). Hvorki sjást nein merki um fjárhúsið né brunninn í dag, en óljóst sést móta fyrir tröðunum á annars nokkuð sléttu túni.

**Heimildarmaður:** Sigurmundur Arinbjörnsson, 020649-2169. Nóvember 2007.

**Heimildir:**

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

**286**

**Hlutverk:** Brunnur.

**Tegund:** Frásögn.

**Staðsetning:** A393859, N375281.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir vesturhluta Eyrarbakka árið 1930 má sjá að það hefur staðið timburhús um 10 m vestan við Vesturbúðir [220]. Heimildarmaður, sem ólst upp í Ólafshúsi (Byggðarenda)], man eftir þessu húsi, og segir að húsið hafi verið notað sem fjárhús [285]. Fyrir framan húsið (norðan við það) var brunnur [286] og traðir [287] lágu frá götunni (Búðarstíg) suður að fjárhúsinu. Í brunninn var náð í vatn til að brynna skepnum sem voru í hafðar í fjárhúsinu (Sigurmundur Arinbjörnsson). Hvorki sjást nein merki um fjárhúsið né brunninn í dag, en óljóst sést móta fyrir tröðunum [287] á annars nokkuð sléttu túni.

**Heimildarmaður:** Sigurmundur Arinbjörnsson, 020649-2169. Nóvember 2007.

**Heimildir:**

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

**287**

**Hlutverk:** Traðir.

**Tegund:** Frásögn.

**Horfið:** Já.

**Staðsetning:** A393859, N375281.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir vesturhluta Eyrarbakka árið 1930 má sjá að það hefur staðið timburhús um 10 m vestan við Vesturbúðir [220]. Heimildarmaður, sem ólst upp í Ólafshúsi (Byggðarenda) man eftir þessu húsi, og segir að húsið hafi verið notað sem fjárhús [285]. Fyrir framan húsið (norðan



**Mynd 154.** Traðir að sjóvarnargarði. Ljósmynd G.V.



við það) var brunnur [286] og traðir [287] lágu frá götunni (Búðarstíg) suður að fjárhúsinu (Sigurmundur Arinbjörnsson). Hvorki sjást nein merki um fjárhúsið né brunninn í dag, en óljóst sést móta fyrir tröðunum [287] á annars nokkuð sléttu túni. Þær liggja frá bílastæði sunnan við Búðarstíg í átt að sjóvarnargarði vestan við hæsta hluta Vesturbúðarhólsins.

**Heimildarmaður:** Sigurmundur Arinbjörnsson, 020649-2169. Nóvember 2007.

**Heimildir:**

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

**288**

**Hlutverk:** Brunnur.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393940, N375242.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir vesturhluta Eyrarbakka árið 1930 má sjá að það hefur verið brunnur um 22 m suðvestur af Brauðgerðarhúsi (Bakarí) [264] skammt fyrir austan austasta hluta Vesturbúða [274] (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931). Engin ummerki sjást um þennan brunn í dag, þar sem nú er malbikið gata.

**Heimildir:**

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

**289**

**Sérheiti:** Þórsmörk.

**Hlutverk:** Hús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393818, N375328.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir vesturhluta Eyrarbakka árið 1930 má sjá að það hefur staðið steinsteypt hús fyrir sunnan götuna Búðarstíg, líklega rétt austan við þar sem nú stendur braggabygging með steinsteyptum göflum, um 25 m suðvestur af Ólafshúsi (Byggðarenda) Parna er nú slétt svæði og engin ummerki um þetta hús.



**Mynd 155.** Braggalaga hús sem stendur nálægt þeim stað sem Þórsmörk stóð.

Heimildarmaður, sem ólst upp í Ólafshúsi (Byggðarenda) man óljóst eftir þessu húsi, en minnir að þarna hafi verið trésmiðja (Sigurmundur Arinbjörnsson). Annar heimildarmaður staðfestir þetta og bætir við að húsið hafi brunnið upp úr 1970 og þá var það notað sem veiðarfærageymsla. Hann segir að húsið hafi verið ein hæð og ris (Jóhann Gíslason).

**Heimildarmaður:** Sigurmundur Arinbjörnsson, 020649-2169. Nóvember 2007. Jóhann Gíslason, 140449-2109. Ágúst 2008.

**Heimildir:**

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

**Utan svæðis**

290


**Hlutverk:** Hús/óþekkt. -

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðsetning:** A393766, N375362.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir vesturhluta Eyrarbakka árið 1930 má sjá að það hefur staðið timburhús þar sem nú er austurgafi tyrfðrar braggalagaðrar kartöflugeymslu sem stendur við rétt suðvestan við hornið þar sem göturnar Nesbrú og Búðarstígur mætast. Í rofnum bakka við malbikaða gangstétt vestan Búðarstígs má sjá steypuleifar og grjóthleðslu, sem hugsanlega eru leifar þessa húss.



**Mynd 156.** Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

**Heimildir:**

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

291

**Hlutverk:** Hús/óþekkt.

**Tegund:** Heimild.

**Stasetning:** A393791, N375372.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir vesturhluta Eyrarbakka árið 1930 má sjá að það hefur staðið bygging úr torfi og hugsanlega einnig grjóti í norðausturhorninu sem myndast þar sem Nesbrú og Búðarstígur mætast. Ekki eru nein ummerki um þessa byggingu í dag í suðvesturhorni lóðar við íbúðarhús nr. 20 við Búðarstíg.

**Heimildir:**

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

**Utan svæðis****292****Sérheiti:** Vorhús.**Hlutverk:** Bústaður – býli.**Tegund:** Heimild.**Staðsetning:** A394084, N375386.**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á gamalli ljósmynd, sem tekin var um 1900, má sjá bæ, með tveimur burstum sem snúa í austur eða suðaustur. Túngarður er vestan við húsið og liggur í vestur eða suðvestur [295]. Skorsteinn virðist hafa verið á húsinu. Langveggir virðast hafa verið hlaðnir en stafnar úr timbri. Bærinn hét Vorhús (SEM 1989:29). Árið 1916 lýsti Eiríkur Gíslason húsi sem hét Vorhús og gæti það vel verið húsið á myndinni eftir teikningu hans að dæma (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:24). Hús með þessu nafni sést á korti sem sýnir hús á Eyrarbakka árið 1920 (Lilja Árnadóttir. 1989: Kort:Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1920), en hins vegar er húsið ekki á korti sem sýnir húsin á Bakkanum 1901 (Lilja Árnadóttir. 1989: Kort: Hús á Eyrarbakka samkvæmt manntali árið 1901). Ekki er alveg víst að um sama hús sé að ræða og á ljósmyndinni. Í dag (2007) stendur á þeim stað sem Vorhús á kortinu frá 1920 stóð hús með þessu nafni, því húsi var breytt árið 1953 og fékk þá nýtt áral hjá FMR (Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí). Það hús stendur norðan við Túngötu og er númer 68. Á vefnum eyrarbakki.is er sagt að hús með nafninu Vorhús hafi verið byggt árið 1920 (Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka*), svo ekki ber heimildum alveg saman um byggingarár og velta má fyrir hvort verið sé að tala um sama húsið. Í stóra jarðskjálftanum sem reið yfir Suðurland árið 1896 töldust tvö bæjarhús til Vorhúsa [292] [293] og urðu þau ekki fyrir neinum skemmdum (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184). Ekki er ósennilegt að bærinn á ljósmyndinni sé annað þeirra og ástæðan fyrir því að þess er ekki getið á kortinu með húsum 1901 sé að ekki hafi verið búið í húsinu þá. Það styður einnig kort frá Sigurði Andersen, sem sýnir Skúmsstaðahverfið um 1905 (Sigurður Andersen. Engin dags.). Hafi Vorhús verið þar sem húsið Vorhús stendur í dag hafa þau verið um 400 m NNA af húsinu Brennu 1 [226]. Samkvæmt fyrrnefndu korti má sjá að lóð hefur tilheyrt Vorhúsum og gera má ráð fyrir að hún hafi verið afmörkuð með hlöðnum garði [295], sem reyndar sést á myndinni af bænum (Sigurður Andersen. Engin dags.; SEM 1989:29).

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsti Vorhúsum þannig í *Húsvirðingabók* sinni árið 1916:

24 Vorhús Guðm Jónsson

A Baðstofa 3 x 3 m ...	
járn á rimlum og torfþ. 15 □ m 4 kr ...	
3 □ m framþ. ...	
gólfraefill 3 □ m ...	
þilraefill 9 □ m ...	
eldavjel 20 kr ...	
<u>Sements- og Leirrör</u>	160
C. Bæjardyr 4 x 2½	
<u>torfþ. 12 □ .ónýtt ...</u>	20
D. Skemma 4 x 2 ½	
Torfþ. og járn ...	
<u>16 □ al ...</u>	20
E Fjenaðarhús 4 x 2	
<u>10 □ al ónýtt torfþak ...</u>	20
B Fjós, 2,5 [x] 2,5	
<u>Torfþak 10 □ m ...</u>	30
...	250

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:24). Þessi Minjalýsing er í samræmi við gömlu ljósmyndina, sem fyrr er nefnd og hús þetta sést á korti af Eyrarbakka frá árinu 1930 (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931). Peningshús virðast sambyggð íbúðarhúsinu og er þeirra því ekki getið sérstaklega. Ekki sjást nein ummerki um eldra hús á staðnum í dag (2007).

#### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Eyrarbakki.is. Engin dags. *Saga húsanna á Eyrarbakka*. Sótt 11. júní 2007 af <http://eyrarbakki.is/default2.asp?Docid=229&RevID=220&Tpl=1Template1.asp&M1=160&M2=229>.

Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Landskrá fasteigna. Túngata 68, Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 25. júlí 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1077253&landnr=166082&streetname=T%C3%Ban%20gata%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%2068&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg>.

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

SEM 1989:29. Ljósmynd í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

Utan svæðis

293

**Sérheiti:** Vorhús.

**Hlutverk:** Bústaður – býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** N394084, N375386.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í stóra jarðskjálftanum sem reið yfir Suðurland árið 1896 töldust tvö bæjarhús til Vorhúsa [292] [293] og urðu þau ekki fyrir neinum skemmdum (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184). Ekki er ósennilegt að annað bæjarhúsanna sé bær sem sést á gamalli ljósmynd, sem tekin var um 1900, þar sem sjá má bæ, með tveimur burstum sem snúa í austur eða suðaustur [292] (SEM 1989:29). Hafi Vorhús verið þar sem húsið Vorhús stendur í dag hafa þau verið um 400 m NNA af húsinu Brennu 1 [226].

**Minjalýsing:** Ekki sjást nein ummerki um eldra hús á staðnum í dag (2007).

**Heimildir:**

SEM 1989:29. Ljósmynd í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*.

Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

Utan svæðis

294

**Sérheiti:** Vorhús.

**Hlutverk:** Bústaður – býli/óþekkt.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** N394084, N375386.

**Horfið:** Óvíst.

**Staðhættir:** Í stóra jarðskjálftanum sem reið yfir Suðurland árið 1896 töldust tvö bæjarhús til Vorhúsa [292] [293] og urðu þau ekki fyrir neinum skemmdum (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184). Ekki er ósennilegt að annað bæjarhúsanna sé bær sem sést á gamalli ljósmynd, sem tekin var um 1900, þar sem sjá má bæ, með tveimur burstum sem snúa í austur eða suðaustur [292] (SEM 1989:29). Hafi Vorhús verið þar sem húsið Vorhús stendur í dag hafa þau verið um 400 m NNA af húsinu Brennu 1 [226]. Á korti af Eyrarbakka frá 1930 sést að tvö hús hafi staðið þar sem húsið Vorhús stendur í dag, torfbygging, væntanlega bærinn sem Eiríkur Gíslason lýsir 1916 og lítið timburhús við suðurhlíð bæjarins (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931; Eiríkur Gíslason. 1916-1918:24). Ljóst er að þetta hús er ekki núverandi Vorhús, því það var byggt árið 1953 (Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí), en auðvitað gæti það

verið annað bæjarhúsanna sem taldist til Vorhúsa 1896 (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184), þó það sé ekki talið sennilegt.

**Minjalýsing:** Ekki sjást nein ummerki um eldra hús á staðnum í dag (2007), en heimildarmaður telur ekki loku fyrir það skotið að hluti hússins sé gamall og gæti hann þá verið húsið sem sést á kortinu frá 1930 (Jón Ingi Sigurjónsson; (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931).

**Heimildarmaður:** Jón Ingi Sigurjónsson, 230236-2679. Júní 2008.

**Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Landskrá fasteigna. Túngata 68, Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 25. júlí 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1077253&landnr=166082&streetname=T%C3%Ban%20gata%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%2068&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg>.

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

SEM 1989:29. Ljósmynd í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

**Utan svæðis**

**295**

**Sérheiti:** Vorhús - garður.

**Hlutverk:** Túngarður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394084, N375386.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir Skúmsstaðahverfið um 1905 sést að bærinn Vorhús [292] hefur staðið við austurmörk lóðar sem tilheyrir hefur bænum (Sigurður Andersen. Engin dags.). Gera má ráð fyrir að umhverfis skikann hafi verið hlaðinn garður og hann sést reyndar á gamalli ljósmynd í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka (SEM 1989:29).

**Minjalýsing:** Garðurinn virðist hafa eingöngu verið gerður eingöngu úr grjóti (SEM 1989:29). Engin ummerki sjást um þennan garð.

**Heimildir:**

SEM 1989:29. Ljósmynd í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

Utan svæðis

296

**Sérheiti:** Garðar.


**Hlutverk:** Bústaður – býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394203, N375360.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Samkvæmt korti af Skúmsstaðahverfinu frá um 1905 var bærinn Garðar fyrir norðan Túngötu á svipuðum stað og húsið nr. 66 við götuna stendur í dag (2007), um 28 m austur af bænum



Mynd 157. Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

Vorhúsum [292] (Sigurður Andersen. Engin dags.; Eiríkur Gíslason. 1916-1918:26). Húsið sem stendur þarna í dag var byggt árið 1956 (Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí). Á fyrrgreindu korti má sjá að lóð hefur tilheyrt bænum (Sigurður Andersen. Engin dags.) og má gera ráð að hlaðinn garður hafi verið umhverfis hana [298].

Þegar miklir jarðskjálftar skóku Suðurland árið 1896 eru tvö bæjarhús [296] [297] sögð tilheyra Görðum. Annað þeirra skemmdist mjög mikið en hitt minna (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184). Ekki er vitað hvort annað þeirra sé húsið sem lýst er í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:26), en það er þó ekki ólíklegt.

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsir bænum þannig í *Húsvirðingabók* sinni:

26 Garðar Jónína Steinsd

A Baðstofa með grjóttveggjum og járnp. 3 x 3,8	
þak járn og torf þiljað 16 □ 5 kr.	80
Framþil 3 □ m. 6,50	20
þil 10 □ m 2,00	20
Gólf líft[il]fjör 12 □ m 2,00	30
1 eldavjel 10 kr.	10
<u>Leirrör</u>	<u>10</u>
	180
B. Bæjardyr við hlið baðstofu 3 x 2,5	
18 □ m járn á rimlum 4,50	80
<u>8 □ m þil</u>	<u>20</u>
	<u>100</u>
	Kr. 280

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:26). Engin ummerki er unnt að sjá um þennan bæ í dag (2007).

## Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Landskrá fasteigna. Túngata 66, Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 29. júlí 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitnr=1077252&landnr=166081&streetname=T%C3%Bangata%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%2066&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg>.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

## Utan svæðis

297

**Sérheiti:** Garðar.


**Hlutverk:** Bústaður – býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** A394203, N375360.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Samkvæmt korti af Skúmsstaðahverfinu frá um 1905 var bærinn Garðar fyrir norðan Túngötu á svipuðum stað og húsið nr. 66 við götuna stendur í dag (2007), um 28 m austur af bænum



**Mynd 158.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

Vorhúsum [292] (Sigurður Andersen. Engin dags.; Eiríkur Gíslason. 1916-1918:26). Húsið sem stendur þarna í dag var byggt árið 1956 (Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí). Á fyrrgreindu korti má sjá að lóð hefur tilheyrt bænum (Sigurður Andersen. Engin dags.) og má gera ráð að hlaðinn garður hafi verið umhverfis hana [298].

Þegar miklir jarðskjálftar skóku Suðurland árið 1896 eru tvö bæjarhús [296] [297] sögð tilheyra Görðum. Annað þeirra skemmdist mjög mikið en hitt minna (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184). Ekki er vitað hvort annað þeirra sé húsið sem lýst er í *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:26), en það er þó ekki ólíklegt.

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsir bænum þannig í *Húsvirðingabók* sinni:

26 Garðar Jónína Steinsd

A Baðstofa með grjóttveggjum og járnp. 3 x 3,8

þak járn og torf þiljað 16 □ 5 kr.

Framþil 3 □ m. 6,50

þil 10 □ m 2,00

80

20

20



Gólf lít[il]fjörll 12 □ m 2,00	30
1 eldavjel 10 kr.	10
<u>Leirrör</u>	<u>10</u>
	180
B. Bæjardyr við hlið baðstofu 3 x 2,5	
18 □ m járn á rimlum 4,50	80
<u>8 □ m þil</u>	<u>20</u>
	<u>100</u>
	Kr. 280

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:26). Engin ummerki er unnt að sjá um þennan bæ í dag (2007).

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Landskrá fasteigna. Túngata 66, Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 29. júlí 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitinr=1077252&landnr=166081&streetname=T%C3%Bangata%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%2066&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg>.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

### Utan svæðis

298

**Sérheiti:** Garðar - garður.

**Hlutverk:** Túngarður.

**Tegund:** Garðlag.

**Staðsetning:** A394105, N375360.

**Staðhættir:** Samkvæmt korti af Skúmsstaðahverfinu frá um 1905 var bærinn Garðar [296] fyrir norðan Túngötu á svipuðum stað og húsið nr. 66 við götuna stendur í dag (2007), um 28 m austur af bænum Vorhúsum [292] (Sigurður Andersen. Engin dags.; Eiríkur Gíslason. 1916-1918:26). Húsið sem stendur þarna í dag var byggt árið árið 1956



Mynd 159. Túngarður. Ljósmynd. GV.

(Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí). Á fyrrgreindu korti má sjá að lóð hefur tilheyrt bænum (Sigurður Andersen. Engin dags.) og má gera ráð að hlaðinn garður hafi verið umhverfis hana [298]. Á korti af Eyrarbakka frá 1930 sést að hlaðinn garður hefur þá verið á norður-, austur- og vesturmörkum lóðarinnar

(Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931). Í dag liggur garður sem er hlaðinn úr torfi og grjóti í norður frá húsinu og gæti hann hafa verið við austurmörk skikans. Syðri endi garðsins byrjar um 10 m frá íbúðarhúsinu, norðan við bílastæðið sem er við norðurhlið hússins. Austan við garðinn er mikill uppúrmokstur úr skurði sem er þar austan við, en vestanmegin liggur garðurinn með fram girðingu sem afmarkar túnið þar sem Kvíarflóð var.

**Minjalýsing:** Garðurinn er um 30 m langur. Hann er mikið gróinn en í honum má þó sjá 2 til 3 umför hraungrýtis. Garðlagið er um 50 sm hátt og 60 sm breitt.

#### **Heimildir:**

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Landskrá fasteigna. Túngata 66, Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 29. júlí 2007 af <http://www.fmr.is/?pageid=313&heitnr=1077252&landnr=166081&streetname=T%C3%Bangata%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%20%2066&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg>.

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

## **299**

**Sérheiti:** Hús Sigurðar Eiríkssonar organista.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** 14. október 1891 er lagt mat á íbúðarhús Sigurðar organista Eiríkssonar, sem hann byggði sumarið áður á Skúmsstaðalóð. Húsinu er þá lýst þannig: „... húsið er 8 álnir á lengd, 7 álnir á vídd, bindingsverk, klæðning úr borðum, þak úr járn, undir loftinu eru 3 herbergi innrjettuð, ein eldavjel með pípu-skorsteini. Kjallari undir húsinu 5 ál. langur 4 af [vídd]. Húsið stendur á haganlegum stað.“ (Útskrift úr dómsmála- og lögreglubók Árnessýslu).

Ekki er vitað hvar hús þetta stóð eða hvort það stendur enn.

**Horfið:** Ekki vitað.

#### **Heimildir:**

*Útskrift úr dómsmála- og lögreglubók Árnessýslu 13. og 14. október 1891.* Beiðni Sigurðar organista Eiríkssonar á Eyrarbakka að útnefna 2 menn til að virða til veðs gegn láni úr Landsbankanum hús sitt ásamt matgjörðinni.

300

**Sérheiti:** Gónhóll.

**Hlutverk:** Bústaður –  
býli/álagablettur.

**Tegund:** Bæjarhóll/þúst.

**Staðsetning:** A394115, N375106.

**Staðhættir:** „Austast í  
Skúmsstaðalandi eða réttara sagt í  
suðausturhorni þess, fast við  
Sjávarvarnargarðinn er afgirt gerði



Mynd 160. Gónhóll. Ljósmynd. GV.

fyrir framan Garðbæ [48], ... sem  
heitir Gónhóll. Nafnið mun af því

komið, að það stendur nokkuð hátt svo oft hefur verið horft þaðan út á sjóinn, en ekki er hóllogun á gerðinu nú. Gömul munnmæli segja, að þar sé Skúmur, sá sem fyrst byggði Skúmsstaði heygður. Ýmsar þjóðsögur munu hafa gengið um Gónhól, þó nú séu þær farnar að fyrnast og að mestu gleymdar. Mikil álög eiga að vera um, að hann megi ekki hreyfa. Þykir mörgum Eyrbekkingum sem mikil óhöpp hafi af því staðið ef hann hefur verið hreyfður, skiptöp og fleira þvílíkt.“ (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:20). „Rétt fyrir vestan landamerkin milli Háeyrar og Skúmsstaða stóð til skamms tíma grjóthóll við sjóinn, er kallaður var Gónhóll, því þangað gengu formenn oft, til að horfa („góna“) á sjóinn, er við ræði lá. Fyrir fám árum lét P. Nielsen verzlunarstjóri á Eyrarbakka grafa hólinn út, og var eg þar við. Kom þar í ljós eldstó og fleira, sem sýndi, að þar hafði á sínum tíma verið manna hóbýli, lík[li]ega kot. En engar sagnir eru um það, og er víst langt síðan. Og þar hlýtur mikið að hafa breyzt síðan óhætt var að hafa þar aðsetur, því nú liggur sjógarðurinn um hólinn framanverðan.“ (Brynjúlfur Jónsson. 1981:13).

Í viðbótum Sigurðar Andréssonar í örnefnaskrá Eyrarbakka segir: „Það er ætlun mín að Gónhóll sé hólkornið, þar sem kapellan [301] stóð; ekki sízt vegna þess, að á hólnum, sem hefur verið afgirtur svo lengi sem ég man, hefur verið eins konar bannhelgi, þar hefur engu mátt raska og tæpast ganga þar um, ella átti illt af að hljóttast. Þá er það Garðbæjarnafnið, en hólinn stendur fremst á Garðbæjarlóðinni [48]. Elstu manntöl nefna byggð í „Garðinum“ og hjá „Garðinum“ og Gvendarkot á Garði [3], ekki er ólíklegt að þessi nöfn, eins og Garðklettur framan við Gónhól, bendi til forns minnis um kirkjugarðinn, enda getur Minjalýsing Jóns Egilssonar varla átt við annan stað.“ (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:54).

Gónhóll var friðaður árið 1927, en um hann segir skrá um friðlýstar fornleifar:

„**Skúmsstaðir.** Forn samfelld bæjartóft með grastorfu að ofan, þar sem nú kallast Gónhóll. Liggur sjógarðurinn um hólinn framanverðan, framundan Garðbæjarhúsinu [48].“ (*Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.* 1990:72).

Gónhóll er afgirtur hóll sem stendur rétt sunnan við bílaplan Garðbæjar [48], um 5 m þétt norðan við sjóvarnargarðinn.

**Minjalýsing:** Gónhóll er afgirtur hóll og á honum miðjum staur með friðlýsingarmerki. Þar virðist einnig gert ráð fyrir skilti með upplýsingum um hólinn, Gónhóll er um 9 m í NS og 24 m í AV, hann er girtur alls staðar nema í suðri, þar sem hann liggur upp að sjóvarnargarðinum. Grasið á hólnum er ekki slegið. Mjög sterkar líkur eru á að minjar séu í Gónhól.

**Heimildir:**

Brynjúlfur Jónsson. 1981. Rannsókn í Árneshöfði sumarið 1904. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905*, bls. 1-51. Önnur útgáfa. Eftirprentun frumútgáfu sem kom út í Reykjavík 1906. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.

*Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.* 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík: Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. *Eyrarbyggðir. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen.* [Eyrarbyggðir:] Sjóminjasafnið á Eyrarbyggðum.

**301**

**Hlutverk:** Kirkja.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394115 N375106.

**Staðhættir:** Á Skúmsstöðum virðist hafa verið kirkja í margar aldir. Þar stendur í dag Eyrarbyggðirkirkja [2] sem vígð var 14. desember árið 1890 (Jón Pálsson. 1946:112). Hún stendur rétt vestan við Húsið [19]. Kirkjugarður Eyrarbyggðinga er í dag (2007) á landi Háeyrar. Heimildir gefa þó í skyn að áður fyrr hafi á Skúmsstöðum verið kirkjugarður [302]. Austan og norðan við kirkjuna standa og hafa staðið mörg hús sem heita nöfnum sem öll eru dregin af orðinu Garður.

„Kirkjan á Skúmsstöðum er hvergi nefnd í máldögum. Eru allar líkur til þess, að hún hafi fyrst og fremst verið útlendingakirkja. Hún var enn til á dögum Ögmundar biskups Pálssonar (1521-1541) að sögn síra Jóns Egilssonar í Hrepphólum, en frásögn hans er á þessa leið: „Þar var og kapella, stór nokkuð, hvar inni að bæði var sungið og messað, og þar sér enn merki til hennar, lítið hólkorn til austurs undan húsunum, þar í sandinum, svo sem af veggnum eða gafflhlaðinu.““ (Guðni Jónsson. 1961:83). Brynjúlfur Jónsson skrifaði eftirfarandi um hólinn: „Rétt fyrir vestan landamerkin milli Háeyrar og Skúmsstaða stóð til skamms tíma grjóthóll við sjóinn, er kallaður var Gónhóll, því þangað gengu formenn oft, til að horfa („góna“) á sjóinn, er við ræði lá. Fyrir fám árum lét P. Nielsen verzlunarstjóri á Eyrarbyggðum grafa hólinn út, og var eg þar við. Kom þar í ljós eldstó og fleira, sem sýndi, að þar hafði á sínum tíma verið manna hífýli, lík[ll]ega kot. En engar sagnir eru um það, og er víst langt síðan. Og þar hlýtur mikið að hafa breyzt síðan óhætt var að hafa þar aðsetur, því nú liggur sjógarðurinn um hólinn framanverðan.“ (Brynjúlfur Jónsson. 1981:13). Í *Örnefnaskrá Eyrarbyggðinga* segir Guðmundur Þórarinnsson: „Það er ætlun mín, að

Gónhóll [300] sé hólkornið, þar sem kapellan stóð; ekki sízt vegna þess, að á hólnum, sem hefur verið afgirtur svo lengi sem ég man, hefur verið einskonar bannhelgi, þar hefur engu mátt raska og tæpast ganga þar um, ella átti illt af að hljóttast.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:54). Um Gónhól [300] segja gömul munnmæli að þar sé heygður Skúmur, sá sem fyrstur byggði Skúmsstaði. Í *Örnefnaskrá Eyrarbakka* segir jafnframt að „Mikil álög eiga að vera um, að hann megi ekki hreyfa. Þykir mörgum Eyrbekkingum sem mikið óhöpp hafi af því staðið ef hann hefur verið hreyfður, skiptöp og fleira þvílíkt.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:19-20). Heimildum ber augljóslega ekki saman um hvað hafi verið á eða í Gónhól og um staðsetningu kirkjunnar og kirkjugarðsins er allt fremur óljóst. Gónhóll var friðaður árið 1927, en um hann segir skrá um friðlýstar fornleifar: „**Skúmsstaðir**. Forn samfelld bæjartóft með grastorfu að ofan, þar sem nú kallast Gónhóll. Liggur sjógarðurinn um hólinn framanverðan, framundan Garðbæjarhúsinu [48].“ (*Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. 1990:72).

Gónhóll er afgirtur hóll sem stendur rétt sunnan við bílaplan Garðbæjar [48], um 5 m þétt norðan við sjóvarnargarðinn.

**Minjalýsing:** Gónhóll er afgirtur hóll og á honum miðjum staur með friðMinjalýsingarmerki. Þar virðist einnig gert ráð fyrir skilti með uppMinjalýsingum um hólinn, en þar eru engar Lýsingar í dag (júní 2007). Gónhóll er um 9 m í NS og 24 m í AV, hann er girtur alls staðar nema í suðri, þar sem hann liggur upp að sjóvarnargarðinum. Grasið á hólnum er ekki slegið.

#### **Heimildir:**

Brynjúlfur Jónsson. 1981. Rannsókn í Árneshöfði sumarið 1904. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905*, bls. 1-51. Önnur útgáfa. Eftirprentun frumútgáfu sem kom út í Reykjavík 1906. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga. *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík: Fornleifanevni – Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbakkaheppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. [Eyrarbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Guðni Jónsson. 1961. *Stokkseyringa saga*. Síðara bindi. Reykjavík: Stokkseyringafélagið í Reykjavík.

Jón Pálsson. 1946. *Austantóru II*. Guðni Jónsson bjó undir prentun. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

## **302**

**Hlutverk:** Kirkjugarður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394115 N375106.

**Staðhættir:** Kirkjugarður Eyrbekkinga er í dag (2007) á landi Háeyrar . Heimildir gefa þó í skyn að áður fyrr hafi á Skúmsstöðum verið kirkjugarður. Austan og norðan við kirkjuna standa og hafa staðið mörg hús sem heita nöfnum sem öll eru dregin af orðinu Garður. En í *Örnefnaskrá Eyrarbakka* segir: „Þá er það Garðbæjarnafnið, en hóllinn [Gónhóll] [300]] stendur fremst í Garðbæjarlóðinni. Elstu manntöl nefna byggð í „Garðinum“ og hjá „Garðinum“ og Gvendarkot á Garði [3], ekki er ólíklegt að þessi nöfn, og eins Garðklettur framan við Gónhól [300], bendi til forns minnis um kirkjugarðinn ...“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:54). Í *Stokkseyringa sögu* er fjallað um kirkjugarðinn á Skúmsstöðum en þar segir: Á Skúmsstöðum er getið um kirkju í Nýjaannál árið 1412 með svofelldum hætti: „„Víg Einars Herjólfssonar; var hann stunginn í hel með knífi upp á uppstigningardag í kirkjugarðinum á Skúmsstöðum.“ Ekkert er frekara kunnug um tildrög þessa voveiflega atburðar, en þessi sami Einar Herjólfsson var einum áratug áður viðriðinn mikla ógæfu, því að með skipi hans, sem kom út í Hvalfirði 1402, barst svartidauði hingað til lands.“ (Guðni Jónsson. 1961:83).

Heimildir eru til um kirkju [301] á Skúmsstöðum á öldum áður en í *Örnefnaskrá Eyrarbakka* er minnst á að hún hafi sennilega staðið á Gónhól „... vegna þess, að á hólnum, sem hefur verið afgirtur svo lengi sem ég man, hefur verið einskonar bannhelgi, þar hefur engu mátt raska og tæpast ganga þar um, ella átti illt af að hljóttast.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:54). Heimildir gefa ekki vísbendingar um hvar kirkjugarðurinn hefur verið.

#### **Heimildir:**

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbyggðir. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen.* [Eyrarbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Guðni Jónsson. 1961. *Stokkseyringa saga.* Síðara bindi. Reykjavík: Stokkseyringafélagið í Reykjavík.

### **303**

**Sérheiti:** Hollinn.

**Hlutverk:** Holræsi.

**Tegund:** Renna.

**Staðsetning:** A394015, N375132.

**Staðhættir:** Land Skúmsstaða býr yfir ýmsum kostum og göllum, en staðsetning jarðarinnar, þ.e. nálægð við sjó olli ábúendum oft miklum vandræðum en tún Skúmsstaða og vatnsból hafa oft spillt af völdum flóða svo jörðin varð túnlaus (Guðmundur Þórarinsson. 1997:19). Flóaáveitan átti svo bara eftir að auka á vandræðin þannig að brugðið var á það ráð að byggja lokræsi eða holræsi í gegnum þorpið. Á aðalfundi Búnaðarfélags Eyrarbyggðar í febrúar 1927 var eftirfarandi tillaga samþykkt: „„Með því að öll nýrækt á landi ofan við

Eyrarbakkaþorp er með öllu ómöguleg vegna vatnságangs og ræktuð tún og matjurtagarðar verða árlega fyrir spjöllum vegna vatnsins auk þess sem það heftir mjög fyrir gróðri í sandgræðslunni og fyrrisjáanlegt er, að Flóaáveitan auki mjög þann vatnságang – þá samþykkir Búnaðarfélag Eyrarbakkahrepps að ráðist sé í að byggja lokræsi í gegnum þorpið, ef nægilegt fé fæst til þess ...“ Stjórn félagsins sendi síðan styrkbeiðni til Alþingis



**Mynd 161.** Holræsi sem mikilvægt er í sögu Eyrarbakka. Ljósmynd GV.

upp á helming kostnaðar en málið hafði ekki framgang þótt Búnaðarþing mælti með því. Landsbanki Íslands átti á þessum árum þrjár meginjarðir Eyrarbakkahrepps: Skúmsstaða-, Einarshafnar- og Háeyrartorfunnar. Því leitaði aðalfundur félagsins 1929 aftur eftir styrk frá landssjóði og einnig tillagi frá Landsbanka.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:264-265). Nú hlutu styrkbeiðnirnar hljómgrunn svo unnt varð að hefjast handa þá um haustið við að leggja 186 m holræsi frá Skúmsstaðadælum, sem lá með fram kórnum í kirkjunni og þaðan niður í sjó (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:265).

Holræsi þetta liggur um N/S og er suður af kirkjunni [2] og Húsinu [19], suður af svæðinu þar sem Skálholtsnaustið [321] var og Skúmsstaðahliðið [314], rétt vestur af Garðbæjarvör [318] (*Loftmynd LMÍ M 3522*). Holræsið var til að hreinsa vatn úr mýrinni frá skurði vestan við Túngötu 64. Fólk lagði tréstocka úr holræsinu og heim í hús og fékk þannig rennandi vatn. Heimildarmaðurinn Ólafur Gíslason lagði slíkan stokk heim að húsi sínu Hreggviði en nú er lítið sem ekkert eftir af stokknum því timbrið í honum fúnaði (Ólafur Gíslason). Holræsið var í daglegu tali Eyrbekkinga kallað Hollinn (Guðmundur Þórarinsson. 1997:66).

**Minjalýsing:** Holræsi þetta stendur enn óskemmt. Aldurs vegna flokkast þetta ekki undir fornminjar, en holræsið er sögulega mikilvægt á Eyrarbakka.

**Heimildarmaður:** Ólafur Gíslason, 040919-4579. Haust 2006.

#### Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbakkahreppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. [Eyrarbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

*Loftmynd LMÍ M 3522*. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir: Birgir Sveinsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn.* 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. [Selfossi:] Búnaðarsamband Suðurlands.

**304**

**Sérheiti:** Sölvaflöt.

**Hlutverk:** Þurrkvöllur.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393793, N375408.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** „Um miðja 19. öld var allt svæðið milli Skúmsstaða og Einarshafnar, sunnan veitu, komið í sand og grjót utan bali nokkur, sem Sölvaflöt nefndist. Var hann þar sem nú eru fiskihús Einarshafnar hf. og Fiskivers sf. norðan vegar. Var balinn það stór, að þar gátu heimilin í Einarshöfn þurrkað söl sín samtímis.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:55). Á korti af Einarshafnarhverfinu frá því um 1900 er getið um sölvapurkvöll á þessu svæði (Sigurður Andersen. Engin dags.). Á þessu svæði er í dag mól og stórt verskmiðjuhús (fyrrum pönnuverksmiðjan Alpan).

**Minjalýsing:** „Ógrynni vex af sölum á Eyrarbakka, og safna menn þeim þar um hverja stórstraumsfjöru allt sumarið. eru þau síðan þurrkuð og látin í ílát. Sölvatekjan er höfuðatvinna þeirra, sem hana stunda, því að söl eru mjög eftirsótt ... eru þau seld fyrir hinar ágætustu landafurðir, svo sem ket, smjer, nautgripi, ull o. s. frv., en þá hluti skortir seljendurnar mjög.“ (Eggert Ólafsson. 1978:205).

**Heimildir:**

Eggert Ólafsson. 1978. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752 – 1757.* 2. bindi. Jón Eiríksson og Gerhard Schöning bjuggu frumútgáfuna til prentunar, og var hún gefin út í Sórey í Danmörku árið 1771. Steindór Steindórsson íslenskaði árið 1942. [Reykjavík:] Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbyggðahreppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen.* [Eyrarbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Einarshafnarhverfi um 1900.* Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

**305**

**Sérheiti:** Bárðarbrú.

**Hlutverk:** Samgöngubót.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394107, N375450.



**Staðhættir:** „Austur af Katthólsflóði er rimi, sem nefndur er Langirimi, nær hann austur fyrir Bárðarbrú ...“ (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:21). „Á milli Eyrarbyggjakirkju og Garðs liggur vegur upp mýrina, elsti hluti þess vegar hefur lengi verið nefndur Bárðarbrú. Í Eyrarbyggjakasögu er sagt að hún sé kennd við Bárð Diðriksson en það mun ekki vera rétt, heldur mun hún kennd við Bárð Nikulásson sem átti heima í Garðbæ á Eyrarbyggja á árunum 1873-1887, en fluttist þá til Ameríku, en mun hafa verið verkstjóri við brúna. Sveitarsamþykkt mun hafa verið gerð fyrir því fyrir verslunarstjórnann, að þeir búendur á Bakkanum sem áttu að greiða 10 fiska í útsvar eða meira, skyldu vinna kauplaust einn dag eða meira. Þessi vegarkafli mun hafa verið hlaðinn um 1880. Dregið var að mikið grjót og hlaðið í stórar hrúgur á ís yfir verstu pyttina, en er ísa leysti hurfu þær á kaf þar ofan í.“ (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:21). „Bárðarbrú var lengra vestur frá á Bakkanum. Liggur hún upp á móts við Sólvang og framhjá honum. ... Bárðarbrú hefur upphaflega verið vegur sem gerður var upp að Skúmsstaðaselinu.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:258).

**Minjalýsing:** Bárðarbrúin er malarvegur (akvegur) í dag (2007) og liggur frá Túngötu austan við Vorhús (Túngötu 68) og þaðan í átt að Sólvangi. Þjóðvegurinn liggur þvert yfir Bárðarbrúna rétt sunnan við Oddsstekk. Á þessum slóðum er orðið „brú“ notað yfir upphækkaðan malarveg sem lagður er yfir mýrlendi.

#### **Heimildir:**

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. *Eyrarbyggjakahreppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. [Eyrarbyggja:] Sjóminjasafnið á Eyrarbyggja.

*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. [Selfossi] Búnaðarsamband Suðurlands.

#### **Utan svæðis**

##### **306**

**Sérheiti:** Engjavegur.

**Hlutverk:** Leið.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394251, N376261.

**Staðhættir:** „Er Bárðarbrúin [305] kemur nokkuð upp á mýrarnar, beygir vegurinn til norðvesturs, er hann þá nefndur Engjavegur.“ (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:22).

**Minjalýsing:** Engjavegur er í dag (2006) malarvegur, hann klífur sig frá Bárðarbrúnni [305] rétt neðan (sunnan) við Sólvang og liggur í NV. Hann liggur að Valdakoti og Hallskoti og þaðan áfram í NV út að engjum, sem liggja með austurbakka Ölfusár (*Loftmynd LMÍ M 0272*).

**Heimildir:**

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. *Eyrarbyggahreppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen.* [Eyrarbyggki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbyggka.

*Loftmynd LMÍ M 0272.* Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir: Inga Lára Baldvinsdóttir, Magnús Karel Hannesson og Sigurður Andersen. Loftmynd í eigu Sjóminjasafns Eyrarbyggka.

**Utan svæðis****307**

**Sérheiti:** Kúavegur.

**Hlutverk:** Leið.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** „Í vestur frá Bárðarbrúnni, mitt á milli nýbýlisins Sólvangs og þorpsins er smá vegarspotti nefndur Kúavegur, um hann eru kýr úr þorpinu mikið reknar í hagann og því mun hann hafa fengið það nafn.“ (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:21).

**Minjalýsing:****Heimildir:**

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. *Eyrarbyggahreppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen.* [Eyrarbyggki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbyggka.

**308**

**Sérheiti:** Sjávangata.

**Hlutverk:** Leið.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** „Á þeim öldum sem Skálholtsstóll átti hafskip var það sett upp í Skúmsstaðalendingu [0] og stóð þar yfir veturinn. Þar átti það naust og vöruhús bæði fyrir innlendan og útlendan varning. Sennilega hefur naust „Þorlákssúðarinnar“, en svo hét skipið, staðið vestan við sjávangötuna frá Skúmsstöðum. Þar voru greinilega veggjarústir fram um síðustu aldamót.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn.* 1981:250).

Ekki er vitað hvar leið þessi lá.

**Heimildir:**

*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn.* 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. [Selfossi] Búnaðarsamband Suðurlands.

309

**Hlutverk:** Bryggja.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:**

**Staðhættir:** „Dálítið suður af Egilskletti er langhæsti klettur framförunnar, sem heitir Svartiklettur, hann er klofinn að ofan og hefur því oft verið nefndur Klofaklettur, en það er ekki rétt því að spölkorn norðvestur af Svartakletti er stakur klettur, sem heitir Klofaklettur. Svartiklettur er 600 metra frá bátabryggjunni, ...“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:44).

**Minjalýsing:**

**Heimildir:**

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrbakkahreppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen.* [Eyrbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrbakka.

310

**Hlutverk:** Bryggja.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393500, N375300.

**Staðhættir:** „Frásögn er í Sturlungu um hafnaraðstöðu á Eyrum, og kemur hún nokkuð á óvart. Þar var verið að hlaða skip, en bryggja [310] lá í land. Var manni hrundið af bryggjunni í sjóinn og urðu aðrir að bjarga honum. Þessi höfn á Eyrum er áreiðanlega hin sama og Eyrbakkahöfn [311]. Þar var fyrrum mjög fjölfarin hafskipahöfn. Er hún einkum nefnd mjög oft í heimildum eins og Biskupasögum, Sturlungu og annálum.“ (Kålund, P. E. Kristian. 1984:126).

**Minjalýsing:** Þau hafnarmannvirki sem nú (2007) sjást á staðnum, bryggja og steiptur garður, voru gerð á fyrri helmingi síðustu aldar (Vigfús Guðmundsson. 1946:430 og 438). „Hafnarbætur þær sem gera hefði þurft á Eyrbakka til að svara kröfum tímans voru ekki unnar svo allt fór þar í niðurníðslu.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn.* 1981:263). Árið 1988 var höfnin aflögð (Inga Lára Baldvinsdóttir og Magnús Karel Hannesson. Engin dags.).

Ekki er ljóst hvort bryggja sú sem gamlar heimildir greina frá hafi verið á sama stað og sú bryggja sem nú er til staðar.

GPS-hnitið er tekið á miðri bryggjunni, sem er vestan megin við höfnina.

**Heimildir:**

Inga Lára Baldvinsdóttir og Magnús Karel Hannesson. Engin dags. *Saga Eyrbakka í hnotskurn.* Sótt 30. maí 2007 af

<http://eyrarakki.is/default2.asp?Docid=160&RevID=153&Tpl=1Template1.asp&M1=160>.

Kálund, P. E. Kristian. 1984. *Íslenzkir sögustaðir. I. Sunnlendingafjórðungur*. Íslensk þýðing: Haraldur Matthíasson. Bókin heitir á frummálinu: Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island, gefin út árið 1877 af Kommissionen for det Arnamagnæanske Legat (Árnanefnd) í Kaupmannahöfn. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur.

*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. [Selfossi] Búnaðarsamband Suðurlands.

Vigfús Guðmundsson. 1946. *Saga Eyrarbakka*. Fyrri bindi, síðara hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

### 311

**Hlutverk:** Höfn.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** A393500, N375300.

**Staðhættir:** Á Skúmsstöðum er í dag bryggja og höfn sem þó ekki eru lengur nýtt sem slík að neinu ráði. Árið 2002 var báti síðast siglt inn í höfnina og lagt við bryggjuna (Ómar Vignir Helgason) en nú er höfnin óðum að fyllast af sandi og því ekki hættulaust að sigla inn í hana. Eggert Ólafsson segir í *Ferðabók* sinni að höfnin á Eyrarbakka sé óörugg og lýsir henni þannig: „Þar



hafa verzlunarskip oft farizt. Þess vegna hafa skipin í fornöld lagt inn í ós Ölfusár, en þau skip voru minni og ristu grynna en skip nú á tímum. Botninn er einnig hér ótryggur vegna straumsins í ánni og brimsins úti fyrir. Þó gæti hér verið gott skipalægi, ef miklu væri til þess kostað.“ (Eggert Ólafsson. 1978:262-263). P. E. Kristian Kálund skrifaði á höfninni Minjalýsingu en hún birtist svo í bók hans *Íslenzkir sögustaðir*: „Fast vestan við verzlunarhúsin er hin einkennilega höfn, og þar er aðeins rúm fyrir eitt skip í senn. Er hún hættuleg, einkum þó innsiglingin, og er því illræmd. Ströndin er á aðra hönd með lága hraunkletta í fjöru, en hinum megin röð af blindskerjum, sem verður að greina af óslitnum brimsköflum.“ (Kálund, P. E. Kristian. 1984:125). „Innsiglingin er talsvert vestar en höfnin, og verður aðeins komizt þar inn í ákveðinni vindátt. Þegar skipalægið við Eyrarbakka er þannig á þrjár hliðar innilokað af skerjum, getur það samkvæmt íslenzkri málvenju kallast „lón“, og bæði þessar aðstæður og gerð hafnarinnar

**Mynd 162.** Eyrarbakkahöfn sem ekki er lengur í notkun. Ljósm GV.

sýna ótvírætt, að það er einmitt þessi höfn sem í Flateyjarbók III 560 er talað um sem pollinn á Eyrum (frásögn annálsins er frá 1342: Braut Lysubussuna í pollinum á Eyrum). Frásögn er í Sturlungu um hafnaraðstöðu á Eyrum, og kemur hún nokkuð á óvart. Þar var verið að hlaða skip, en bryggja [310] lá í land. Var manni hrundið af bryggjunni í sjóinn og urðu aðrir að bjarga honum. Þessi höfn á Eyrum er áreiðanlega hin sama og Eyrarbakkahöfn. Þar var fyrrum mjög fjölfarin hafskipahöfn. Er hún einkum nefnd mjög oft í heimildum eins og Biskupasögum, Sturlungu og annálum.“ (Kálund, P. E. Kristian. 1984:126). Við upphaf 18. aldar var frá Skúmsstöðum stundað heimræði og var því lýst í *Jarðabókinni*: Heimræði er hjer sæmilegt og lendíng fyrir heimalandi. Bringarður hættusamur úti fyrir ut supra um Háeyri, og er það sama leið, þó lendíngin sje önnur, þá inn fyrir bringarðinn að landi kemur. Vertíð byrjast um kyndilmessu og varir til Hallvarðsmessu annan tíma ársins er ei venja að halda skipum til fiskifengjar, því ei hefur aflast, þótt tilreynt hafi verið. Skip heimabóndans gengur hjer eitt, tekur hann af því tvo hluti en öngva skipleigu, og leggur ei til þess nema nauðsynlegan farvið. Inntökuskip vita menn ekki hjer hafi verið.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:83). Ljóst er af Minjalýsingum þessum að höfn Skúmsstaða hefur ávallt verið mjög varasöm.

**Minjalýsing:** Þau hafnarmannvirki sem nú (2007) sjást á staðnum, bryggja og steiptur garður, voru gerð á fyrri helmingi síðustu aldar (Vigfús Guðmundsson. 1946:430 og 438). „Hafnarbætur þær sem gera hefði þurft á Eyrarbakka til að svara kröfum tímans voru ekki unnar svo allt fór þar í niðurníðslu.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:263). Árið 1988 var höfnin aflögð (Inga Lára Baldvinsdóttir og Magnús Karel Hannesson. Engin dags.). Ekki er ljóst hvort höfn sú sem gamlar heimildir greina frá hafi verið á sama stað og sú höfn sem nú er til staðar. GPS-hnitið er tekið á miðri bryggjunni [310], sem er vestan megin við höfnina.

**Heimildarmaður:** Ómar Vignir Helgason, 260480-4809. Haust 2006.

### Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

Eggert Ólafsson. 1978. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752 – 1757*. 2. bindi. Jón Eiríksson og Gerhard Schöning bjuggu frumútgáfuna til prentunar, og var hún gefin út í Sórey í Danmörku árið 1771. Steindór Steindórsson íslenskaði árið 1942. [Reykjavík:] Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.

Inga Lára Baldvinsdóttir og Magnús Karel Hannesson. Engin dags. Saga Eyrarbakka í hnotskurn. Sótt 30. maí 2007 af

<http://eyrarbakki.is/default2.asp?Docid=160&RevID=153&Tpl=1Template1.asp&M1=160>.

Kålund, P. E. Kristian. 1984. *Íslenzkir sögustaðir. I. Sunnlendingafjórðungur*. Íslensk þýðing: Haraldur Matthíasson. Bókin heitir á frummálinu: Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island, gefin út árið 1877 af Kommissionen for det Arnemagnæanske Legat (Árnanefnd) í Kaupmannahöfn. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur.

*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. [Selfossi] Búnaðarsamband Suðurlands.

Vigfús Guðmundsson. 1946. *Saga Eyrbakka*. Fyrra bindi, síðara hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

### 312

**Hlutverk:** Stórskipalægi.

**Tegund:** Frásögn.

**Staðsetning:** A393500, N375300.

**Staðhættir:** Stór skip fóru að bryggjunni þar sem hún er enn í dag (2006) en þar var stórskipalægi (Ólafur Gíslason). GPS-hnitið er tekið á miðri bryggjunni, sem er vestan megin við höfnina.

**Heimildarmaður:** Ólafur Gíslason, 040919-4579. Haust 2006.

### 313

**Hlutverk:** Samgöngubót.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:**

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** „Botninn í höfninni er klappir og festa þar ekki akkeri; eru því festar lagðar úr útskerjunum upp í fjöruklappirnar, og taka akkerin festar þessar. Fyrir 1888 voru ferner festar á höfninni; 2 eru á aðalhöfninni eða vesturhöfninni fyrir landi Einarshafnar og Skúmsstaða, og eru þær eign Lefolii kaupmanns, en hinar 2 eru fyrir austan þverskerin fyrir landi Stóru-Háeyrar og eiga þeir Guðmundur Ísleifsson og Einar Jónsson, kaupmenn, þær.“ (Bogi Th. Melsteð. 1891:1). „Þegar inn á aðalhöfnina kom, voru skipin svínbundin, eins og það var kallað, til varnar því, að þau steyttu á skerjum eða ræki á land ef veður spilltist. Í því skyni höfðu járnhringir verið festir svo rækilega sem verða mátti á skerin í kring, og þaðan voru taugar strengdar í skipin að framan, aftan og til hliðanna. Allur þessi útbúnaður var bæði ákaflega dýr og erfiður í notkun, sen nægði samt alls ekki, því að skipatjón á höfninni var eftir sem áður óhugnanlega mikið.“ (Sigfús Haukur Andrésson. 1988:453).

**Heimildir:**

Bogi Th. Melsteð. 1891. *Framtíðarmál. Verzlunarfrelsi eða einokun á Eyrarbakka. Frjettapráður til Íslands*. Kaupmannahöfn: S. L. Möller.

Sigfús Haukur Andrésón. 1988. *Verzlunarsaga Íslands 1774-1807. Upphaf fríhöndlunar og almenna bænarskránin*. II. bindi. Reykjavík: Verzlunarráð Íslands og Fjölsýn Forlag.

**314**

**Sérheiti:** Skúmsstaðahlið (Dampbátahlið).

**Hlutverk:** Uppsátur.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394023, N375150.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** „Skúmsstaðahlið: ... Þetta hlið heyrði ég oft kallað Dampbátahlið, en upp um hliðið voru hinir gufuknúnu dráttarbátar Lefoliis-verslunar dregnir og látnir standa innan við sjógarðinn um veturinn.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:57). Samkvæmt örnefnakorti var Skúmsstaðahliðið suður af Skálholtsnaustinu [321], suður af kirkjunni [2], norður af Hollanum [84], SV af Gónhól [300], austur af samkomuhúsinu Stað (*Loftmynd LMÍ M 3522*). Á þessu svæði er nú (2006) nýr sjóvarnargarður og þar sjást engar minjar um hlið. GPS-hnitið var tekið á sjóvarnargarðinum u.þ.b. þar sem hliðið var.

**Heimildir:**

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbakkaheppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. [Eyrarbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

*Loftmynd LMÍ M 3522*. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir: Birgir Sveinsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. *Loftmynd í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka*.

**315**

**Hlutverk:** Hlið á sjóvarnargarðinum.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðsetning:** A393993, N375184.

**Staðhættir:** Í *Sögu Eyrarbakka* er lýsing á sjóvarnargarðinum [324], en hún er frá því um 1840 að því er virðist og áfram: „En af því að þar er nefnt Stengærde, en ekki Bolværk, Dæmning eða Fortefication, eins og áður, er ekki ólíklegt að þetta hafi verið lægri garður og þynnri en hann er nú, og víst er, að Lefoliisverzlun lét endurbyggja hann eftir miðja 19. öld. Getið er um það í flóðinu 1865, að brotið hafi sjógarð á Eyrarbakka, varla þó nema skarð eða skörð einungis. Og hefur þá vafalaust á sama árið verið byggt þar upp aftur, betur en

áður. ... Garðurinn þar er hlaðinn úr stóru hraungrýti, allt að 4 álnir á hæð yfir jafnsléttu, og að sama skapi þykkur og vandaður, 9-12 fet neðst, en 3 fet efst. Hlið eitt mikið [316] er á garðinum niður frá hliði milli búða. Er þar svo umbúið að loka má því með trjám, þegar stórflóð er í aðsigi. Hliðið er nú 3 faðma á breidd með steinsteyptum kömpum og hallandi skorum fyrir enda trjánna. Áður var hliði þessu lokað með grjóthleðslu á hverju hausti, og grjóti því svo hlaðið á hverju vori í stöpul, utan við sjógarðinn. Annað hlið minna [315], austar og á nokkru hærra stað, er á yngri kafla garðsins. Austur frá Gónhól [300] tók við eftir miðja 19. öld verzlunarland Einar borgara, rúmum 30 faðmar á breidd, og lét hann byggja sjógarð á þeim spotta. Hann stendur heldur hærra og er því nokkru lægri, byrjar líka 10 föðmum fjær sjó en hinn endar. Þar á milli var svo lestaferða- og almenningsvegurinn til Vesturbúða, áður en gerður var upphlaðni vegurinn frá Ölfusárbrú ... Sandur mikill hefur borizt að garði þessum, svo að nú (1943) er óvíða meira en 1-3 fet upp úr, sízt að utanverðu. ... Að vísu lét J. R. B. Lefolli nokkru síðar lengja sjógarðinn á sama hátt vestur frá búðunum, líklega þá um 40-50 faðma, og kostaði hver faðmur 30 kr. – Miklu minni sandur liggur við þennan garðspotta og þann elzta, móts við búðirnar. Blæs nokkuð frá honum, af því að hann stendur fari sínu neðar en eystri hlutinn. Sjór og veður hafa hlaðið að, en hvergi rótað frá undirstöðu sjógarðsins.“ (Vigfús Guðmundsson. 1945:78-79).

**Minjalýsing:** Skúmsstaðahliðið var u.þ.b. mitt á milli Stíghúss (Búðarstígs 5) og Götuhúss [116] (Búðarstígs 3), gegnt Hreggviði. Engar greinilegar minjar eru um hliðið í dag en það hefur verið fyllt upp með grjóti. Annar veggurinn er þó sennilega þar sem grasbunga skagar örlítið til norðurs úr sjóvarnargarðinum, um 10 m suður af tóft [369], nær jafnhátt sjóvarnargarðinum. Rétt vestan við þar sem hliðið var er sjóvarnargarðurinn um 3 m hár og sér þar vel í hleðslugrjót. Um 7 m frá grasbungu þessari og í vestur er mikið stórgrýti en þar gæti hliðið hafa verið. Grasbungan sjálf er um 5 m löng í NS og um 7 m í AV þar sést illa í hleðslu en lóðin framan (norðan) og austan við hana hækkar til muna og því sér ekki nema í efsta 1 m af sjóvarnargarðinum austan við hana. Austurhlið grasbungunnar er illgreinanleg.

#### **Heimildir:**

Vigfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrarbakka*. Fyrra bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

#### **316**

**Sérheiti:** Vesturbúðarhliðið

**Hlutverk:** Hlið á sjóvarnargarði.

**Tegund:** Mannvirki.

**Staðsetning:** A393861, N375239.

**Staðhættir:** Í *Sögu Eyrarbakka* er lýsing á sjóvarnargarðinum [324], en hún er frá því um 1840 að því er virðist og áfram: „En af því að þar er nefnt Stengærde,



en ekki Bolværk, Dæmning eða Fortefication, eins og áður, er ekki ólíklegt að þetta hafi verið lægri garður og þynnri en hann er nú, og víst er, að Lefoliisverzlun lét endurbyggja hann eftir miðja 19. öld. Getið er um það í flóðinu 1865, að brotið hafi sjógarð á Eyrarbakka, varla þó nema skarð eða skörð einungis. Og hefur þá vafalaust á sama árið verið byggt þar upp aftur, betur en áður. ... Garðurinn þar er hlaðinn úr stóru hraungrýti, allt að 4



**Mynd 163.** Þarna var hliðið á grjótnargarði en hefur nú verið fyllt upp og gerðar tröppur. Ljósm GV.

álnir á hæð yfir jafnsléttu, og að sama skapi þykkur og vandaður, 9-12 fet neðst, en 3 fet efst. Hlið eitt mikið [316] er á garðinum niður frá hliði milli búða. Er þar svo umbúið að loka má því með trjám, þegar stórflóð er í aðsigi. Hliðið er nú 3 faðma á breidd með steinsteypum kömpum og hallandi skorum fyrir enda trjánna. Áður var hliði þessa lokað með grjóthleðslu á hverju hausti, og grjóti því svo hlaðið á hverju vori í stöpul, utan við sjógarðinn. Annað hlið minna [315], austar og á nokkru hærri stað, er á yngri kafla garðsins. Austur frá Gónhól [300] tók við eftir miðja 19. öld verzlunarland Einars borgara, rúmir 30 faðmar á breidd, og lét hann byggja sjógarð á þeim spotta. Hann stendur heldur hærra og er því nokkru lægri, byrjar líka 10 föðmum fjær sjó en hinn endar. Þar á milli var svo lestaferða- og almenningsvegurinn til Vesturbúða [274], áður en gerður var upphlaðni vegurinn frá Ölfusárbrú ... Sandur mikill hefur borizt að garði þessum, svo að nú (1943) er óvída meira en 1-3 fet upp úr, sízt að utanverðu. ... Að vísu lét J. R. B. Lefolii nokkru síðar lengja sjógarðinn á sama hátt vestur frá búðunum, líklega þá um 40-50 faðma, og kostaði hver faðmur 30 kr. – Miklu minni sandur liggur við þennan garðspotta og þann elzta, móts við búðirnar. Blæs nokkuð frá honum, af því að hann stendur fari sínu neðar en eystri hlutinn. Sjór og veður hafa hlaðið að, en hvergi rótað frá undirstöðu sjógarðsins.“ (Vigfús Guðmundsson. 1945:78-79).

Hliðið á gamla sjóvarnargarðinum er um 20 m suður af minnisvarðarnum um sjómenn frá Eyrarbakka, og beint norður af Vesturbúðarbryggjunni [282], en hlið þetta hleypti umferð niður að bryggjunni frá Vesturbúðunum [274].

**Minjalýsing:** Nú hefur verið fyllt upp í hliðið með grjóti og mynduð grjótprep uppá sjóvarnargarðinn. Steyptir veggir hliðsins eru þó enn sjáanlegir en þeir eru jafnháir sjóvarnargarðinum eða um 2 m háir. Um 6 m eru á milli veggja svo það hefur verið breidd hliðsins, en veggirnir eru hvor um sig um 2 m langir og jafn breiðir. Veggirnir eru grónir mosa en í þeim eru nokkuð djúp för, eða raufar, sem liggja skáhalt niður mót sjó. Rásirnar voru fyrir trébjálka sem settir voru upp í hliðið að vetrum.

**Heimildir:**

Vígfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrarbakka*. Fyrri bindi, fyrri hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

**317****Sérheiti:**

Skúmsstaðalending.

**Hlutverk:** Lending.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A393971, N375183.

**Staðhættir:** „Á þeim öldum sem Skálholtsstóll átti hafskip var það sett upp í Skúmsstaðalendingu og stóð þar yfir veturinn. Þar átti það naust [Skálholtsnaust



**Mynd 164.** Skúmsstaðalending. *Ljósm GV*.

[321]] og vöruhús [357] bæði fyrir innlendan og útlendan varning. Sennilega hefur naust „Þorlákssúðarinnar“, en svo hét skipið, staðið vestan við sjávargötuna frá Skúmsstöðum. Þar voru greinilega veggjarústir fram um síðustu aldamót.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:249-250). „Vestur af grjótbálknum, leifunum af Háeyrarbyggjueru ósléttir staksteinóttir smáklettar, nefndir Garðsklettar. Þeir ná vestur að lægð sem er í klöppinni, sem nefnist Skúmsstaðalending [0]. Þar lentu Skúmsstaðabændur skipum sínum.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:45). „Um þá rás [Rifshausrás] fóru þau skip sem lentu í Háeyrar- eða Skúmsstaðalendingum, en hin fóru svonefnda Mundakotsleið, sem stefnir aðeins austur á bóginn.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:43).

Samkvæmt örnefnakorti var Skúmsstaðalending mitt á milli Vesturbúðarbryggjunnar [282] og Hollans [84], u.þ.b. beint suður af samkomuhúsinu Stað og Búðarstíg 5 (*Loftmynd LMÍ M 3522*). GPS-hnit var tekið á sjóvarnargarðinum á þessu svæði en þar sjást engar minjar í dag engar (2006).

**Heimildir:**

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbyggjahreppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. [Eyrarbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

*Loftmynd LMÍ M 3522*. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir: Birgir Sveinsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd í eigu Sjóminjasafnsins Eyrarbakka.

*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. [Selfossi] Búnaðarsamband Suðurlands.

### 318

**Sérheiti:** Garðbæjarvör (Garðbæjarlending).

**Hlutverk:** Lending.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394097, N375077.

**Staðhættir:** „Garðbæjarvör eða Garðbæjarlending: Neðan við Gónhól. Sjá má í klöppunum hvernig grjótið hefur verið hreinsað frá henni allt upp í sand.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:65). Á örnefnakorti má sjá að Garðbæjarvör var sunnan við Gónhól [300], rétt vestan við bátabryggju og austan við Hollann [84], í fjörunni u.þ.b. SA af kirkjunni [2] (*Loftmynd LMÍ M 3522*). Garðbæjarvör var við Garðskletta en á þessu svæði eru í dag engar minjar sjáanlegar. GPS-hnitið var tekið í fjörunni norður af Garðbæjarvörinni.

#### Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbakkaheppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. [Eyrarbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

*Loftmynd LMÍ M 3522*. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir: Birgir Sveinsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

### 319

**Hlutverk:** Uppsátur.

**Tegund:** Frásögn.

**Staðsetning:** A394003, N375182.

**Staðhættir:** Á túni milli Götuhúss í norðri og sjóvarnargarðs í suðri, austan við Skúmsstaðahliðið [314] voru skip og bátar (mótorbátar um 1920) settir upp og geymdir á vetrum (Ólafur Gíslason). Tún þetta er í dag ekki alslétt en þó eru þar engar minjar um uppsátur. Einu sjáanlegu leifarnar á svæðinu eru tóftir útihúsa [369], og siglingamerki [323 og 0].

**Horfið:** Já.

**Heimildarmaður:** Ólafur Gíslason, 040919-4579.



**Mynd 165.** Svæðið þar sem uppsátrið var engar minjar eru sjáanlegar.

320

**Hlutverk:** Uppsátur.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** „Skúmsstaðir hafa lengi fengið engjar úr Óseyrarneslandi, svonefndar Skúmsstaðaengjar, sem voru upphaflega fyrir það, að Óseyrarnes fékk að hafa skipsuppsátur í Skúmsstaðalandi.“ (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:22). Ekki er vitað hvaða uppsátur er hér verið að tala um, en það gæti verið uppsátur [319] eða [314], en í öllu falli sjást ekki merki þessi lengur.

**Heimildir:**

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. *Eyrbakkahreppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen.* [Eyrbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrbakka.

321

**Sérheiti:** Skálholtsnaust.

**Hlutverk:** Naust.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** A394023,  
N375150.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** „Á þeim öldum sem Skálholtsstóll átti hafskip var það sett upp í Skúmsstaðalendingu [0] og stóð þar yfir veturinn. Þar átti það naust og vöruhús [357]



**Mynd 166.** Svæðið þar sem talið er að Skálholtsnaust hafi verið.

bæði fyrir innlendan og

útlendan varning. Sennilega hefur naust „Þorlákssúðarinnar“, en svo hét skipið, staðið vestan við sjávangötuna frá Skúmsstöðum. Þar voru greinilegar veggjarústir fram um síðustu aldamót.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:249-250). Í örnefnaskrá er naust þetta nefnt Skálholtsnaust (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:65).

Samkvæmt örnefnakorti var naustið sunnan við kirkjuna og Sunnuhvol (Búðarstíg 1) [111], norðan við Skúmsstaðahliðið [314], á túnbletti milli Sunnuhvals og sjóvarnargarðs (*Loftmynd LMÍ M 3522*). Á þessu svæði er í dag óslétt tún sem gæti verið vísbending um að grunnt sé niður á minjar. Engar minjar eru þó sjáanlegar á yfirborði og gróður gefur ekkert til kynna.

### Heimildir:

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. *Eyrarbyggahreppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen.* [Eyrarbyggki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbyggki.

*Loftmynd LMÍ M 3522.* Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir: Birgir Sveinsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd í eigu Sjóminjasafns Eyrarbyggki.

*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn.* 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. [Selfossi] Búnaðarsamband Suðurlands.

### 322

**Hlutverk:** Siglingamerki.

**Tegund:** Frásögn.

**Staðsetning:** A394099, N375128.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Siglingamerki (eitt af þremur [323] [0]) stóð u.þ.b. þar sem nú stendur mastur úr báti, í garði, um 10 m sunnan við sumarhúsið sem er á lóðinni vestur af Garðbæ [48], rétt NV af Gónhól [300] og um 20 m norður af sjóvarnargarðinum (Ólafur



Mynd 167. Innsiglingamerkin á Eyrarbyggki. Ljósmynd.

Gíslason). Þar sjást engar leifar um siglingamerki í dag (2007).

**Heimildarmaður:** Ólafur Gíslason, 040919-4579. Hausti 2006.

### 323

**Hlutverk:** Siglingamerki.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394020, N375161.

**Staðhættir:** Á ljósmynd sem birt í ritinu *Eyrarbyggki. Húsakönnun* má sjá götuna Búðarstíg eins og hún leit út einhvern tíma á árunum 1890-1895. Á myndinni sést að siglingamerki úr timbri stendur niðri við fjöruna sunnan við Götuhús [116] (Lilja Árnadóttir. 1989:7). Enn stendur siglingamerki á þessum stað, um 2 m norðan við sjóvarnargarðinn, u.þ.b. 20 m beint suður af Sunnuhvoli [111]. Merkið stendur í miðri brekku sem liggur upp að sjóvarnargarðinum.

**Minjalýsing:** Þó núverandi siglingamerki sé með svipuðu móti og það sem sést á myndinni má telja víst að það hafi verið endurnýjað, jafnvel oftar en einu sinni.

Siglingamerkið sem þarna stendur í dag (2007) er í góðu ásigkomulagi, það er úr timbri. Merkið sjálft er líkt og þríhyrningur að lögun og snýr eitt horn hans beint upp.

**Heimildir:**

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

**324**

**Hlutverk:** Sjóvarnargarður.

**Tegund:** Garðlag.

**Staðsetning:** A393765, N375302;

**Staðhættir:** Lambertsen kaupmaður lét hlaða sjóvarnargarð [42] með trjávirkri fyrir íbúðarhús sitt (Húsið) [19] og verslunarhúsin [274] eftir Básendaflóðið 1799 (Guðmundur Þórarinsson. 1997:19-20). En það voru einmitt fyrstu sjóvarnargarðar Eyrarbakka. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn.* 1981:278). „Garðurinn fyrir framan búðirnar var endurbættur nokkrum árum síðar og gjörður úr grjóti eingöngu og allur eflur og hækkaður. Mun hann standa svo enn í því formi sem frá honum var gengið í tíð Lambertsens.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn.* 1981:254). „Var því garður sá sem Lambertsen lét hlaða látinn nægja en um sinn í nokkra áratugi.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn.* 1981:254). „Seinna lét Guðm. Thorgrímson, verzlunarstjóri, lengja garðinn bæði út og austur, og eftirmaður hans, P. Nielsen, hefir lengt garðinn alt austur að landamerkjum Skúmsstaða og Háeyrar.“ (Brynjúlfur Jónsson. 1981:15). Sagt er að á tímum Guðmundar Thorgrímsens hafi garðurinn sömuleiðis verið styrktur og hækkaður (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn.* 1981:254). Í *Sunnlenskum byggðum* er sagt að ekki séu til heimildir um það hvenær sjóvarnargarðurinn var lengdur að Gónhól [300] en að árið 1840 hafi hann þó náð þangað. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn.* 1981:254). Í *Örnefnaskrá Eyrarbakka* er sagt að garður Lambertsens hafi verið lengdur um 150 m til austurs árið 1840, en ekki stendur þar að garðurinn hafi þá náð að Gónhól [300] (Guðmundur Þórarinsson. 1997:19). Vigfús Guðmundsson segir að heimildir vanti um það hver lengdi sjógarðinn um 150 faðma en að árið 1840 hafi garðurinn verið kominn austur á Gónhól [300] (Vigfús Guðmundsson. 1945:78-79). Hér er ýmist talað um metra eða faðma. Peter Nielsen var kaupfélagsstjóri frá árinu 1887 þannig að hafi hann látið lengja sjóvarnargarðinn austur að landamerkjum Skúmsstaða og Háeyrar líkt og stendur í *Sunnlenskum byggðum*, þá hefur það gerst áður en hann tók við sem kaupfélagsstjóri og áður en tengdafaðir hans Guðmundur Thorgrímson var verslunarstjóri (1847-1886) (Húsið á Eyrarbakka. Engin dags.), svo hér stangast heimildir á.

Einar borgari Jónsson rak verslun syðst og vestast á landi Háeyrar við landamerki Skúmsstaða (Vigfús Guðmundsson. 1945:366). Hann setti

sjóvarnargarð fyrir verslunarlóð sína (Brynjúlfur Jónsson. 1981:15) en verslunarrekstur hóf hann um 1868 (Jón Pálsson. 1945:52). Í kjölfar þess hefur sjóvarnargarður legið samfellt frá landi Skúmsstaða yfir á land Háeyrar. Að endingu lá sjóvarnargarður eftir allri strandlengju Eyrarbakkahepps (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:19-20). Því tilheyrir sjóvarnargarðurinn einnig jörðunum Einarshöfn [165858-129] og Háeyri [165875-133], en þar sem upphaf hans er á Skúmsstaðajörðinni var ákveðið að skrá garðinn í fornleifaskrá þeirrar jarðar. Jafnvel má segja að garðurinn liggi alla leið austur fyrir Stokkseyri, en þar hófst bygging sjóvarnargarðs haustið 1890 (Guðni Jónsson. 1960:30). „Þegar sjógarður var kominn upp fyrir landi þorpanna á Eyrarbakka og að nokkru á Stokkseyri, óx mjög áhugi manna á samfelldum vörnum fyrir öllu landi frá Ölfusá til Stokkseyrar. ... Fyrst var hafizt handa um byggingu sjógarðsins milli Eyrarbakkaþorps og Ölfusár, þ. e. fyrir landi Einarshafnar og Óseyrarness. ... Í annan stað var hafin bygging sjógarðsins fyrir landi Hraunshverfis, þ. e. frá Háeyrarmörkum austur að Hraunsá. ... Garðurinn var byggður á árunum 1906-1909. ... Í þriðja lagi var unnið að sjógarðinum fyrir vestanverðu Stokkseyrarlandi, þ. e. frá Kalastöðum og út að Hraunsá. ... Garður sá var lagður á árunum 1907-1910.“ (Guðni Jónsson. 1960:31-32). „Hefir eigi sjávangur spilt Eyrarbakka síðan þeir garðar voru settir.“ (Brynjúlfur Jónsson. 1981:15). Í *Örnefnaskrá Eyrarbakka* er garðinum þar lýst svo: „Sjóvarnargarðurinn er víðast 5-10 feta hár og þykkur að því skapi, að honum hefur hlaðist mikið af sandi sem er honum til styrktar. Enginn veit nú hve miklu Sjóvarnargarðurinn hefur bjargað, en öryggi íbúanna á ströndinni er allt annað síðan hann kom, tekið hefur fyrir landbrotið, nú grær það upp er áður var í auðn og sandi.“ (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:19-20). Í *Sunnlenskum byggðum* segir að við gerð sjóvarnargarðanna hafi orðið „... algjör þáttaskil í uppgræðslu landsins og öryggi byggðarinnar.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:278).

Í *Sögu Eyrarbakka* er Minjalýsing á garðinum, en hún er frá því um 1840 að því er virðist og áfram: „En af því að þar er nefnt Stengærde, en ekki Bolværk, Dæmning eða Fortefication, eins og áður, er ekki ólíklegt að þetta hafi verið lægri garður og þynnri en hann er nú, og víst er, að Lefoliisverzlun lét endurbyggja hann eftir miðja 19. öld. Getið er um það í flóðinu 1865, að brotið hafi sjógarð á Eyrarbakka, varla þó nema skarð eða skörð einungis. Og hefur þá vafalaust á sama árið verið byggt þar upp aftur, betur en áður. ... Garðurinn þar er hlaðinn úr stóru hraungrýti, allt að 4 álnir á hæð yfir jafnsléttu, og að sama skapi þykkur og vandaður, 9-12 fet neðst, en 3 fet efst. Hlið eitt mikið [316] er á garðinum niðurfrá hliði milli búða. Er þar svo umbúið að loka má því með trjám, þegar stórflóð er í aðsigi. Hliðið er nú 3 faðma á breidd með steinsteyptum kömpum og hallandi skorum fyrir enda trjánna. Áður var hliði þessu lokað með grjóthleðslu á hverju hausti, og grjóti því svo hlaðið á hverju vori í stöpul, utan við sjógarðinn. Annað hlið minna [315], austar og á nokkru hærri stað, er á yngri kafla garðsins. Austur frá Gónhól [300] tók við eftir miðja 19. öld verzlunarland Einars borgara, rúmum 30 faðmar á breidd, og lét hann byggja sjógarð á þeim spotta. Hann stendur

heldur hærra og er því nokkru lægri, byrjar líka 10 föðmum fjær sjó en hinn endar. Þar á milli var svo lestaferða- og almenningsvegurinn til Vesturbúða, áður en gerður var upphlaðni vegurinn frá Ölfusárbrú ... Sandur mikill hefur borizt að garði þessum, svo að nú (1943) er óvíða meira en 1-3 fet upp úr, sízt að utanverðu. ... Að vísu lét J. R. B. Lefolii nokkru síðar lengja sjógarðinn á sama hátt vestur frá búðunum, líklega þá um 40-50 faðma, og kostaði hver faðmur 30 kr. – Miklu minni sandur liggur við þennan garðspotta og þann elzta, móts við búðirnar. Blæs nokkuð frá honum, af því að hann stendur fari sínu neðar en eystri hlutinn. Sjór og veður hafa hlaðið að, en hvergi rótað frá undirstöðu sjógarðsins.“ (Vigfús Guðmundsson. 1945:78-79).

**Minjalýsing:** Í *Árbók Ferðafélags Íslands* árið 1956 er sjóvarnargarðinum lýst þannig: „Til varnar ... flóðahættu hefur verið byggður sjóvarnargarður hæsta á kampinum alla leið frá Ölfusá austur fyrir Stokkseyri eða nær 9 km langur. Hann var upphaflega einnar til tveggja mannhæða ár, en nú hefur sandur borizt að honum víða, svo að hann sýnist miklu lægri. Að ofan er hann eitthvað á annan metra á breidd, en miklu breiðari að neðan. Er hin bezta vörn í garði þessum, bæði fyrir sjávargangi og sandfoki, enda er nú tekið að gróa báðum megin garðsins, og er hallinn niður að fjöru hvít- og bláflekkóttur á sumrin af fjörukáli og blálilju. Þar sem lengra er í fjöruna vex sums staðar *melur*.“ (Gísli Gestsson. 1956:59).

Gamli sjóvarnargarðurinn liggur þétt norðan við þann nýja en er um 2 m lægri þar sem hann hefst í vestri. Þar er hann um 2 m hár og vel gróinn grasi og mosa en þó sér víða í hleðslugrjót. Garðurinn hefst í vestri um 100 m SA af húsi Björgunarsveitarinnar og um 100 m S af bragganum. Hnit garðsins lengst í vestri er A393765, N375302. Um 30 m austur af hliðinu [316] á sjóvarnargarðinum þar sem það hleypti umferð frá Vesturbúðunum niður að Vesturbúðarbryggjunni sveigir garðurinn örlítið til norðurs og um 10 m síðar aftur til austurs. Þar er nú (2006) timburstigi upp á garðinn. Hnit garðsins við sveigjur þessar er A393899, N375231.

#### **Heimildir:**

Brynjúlfur Jónsson. 1981. Rannsókn í Árneshöfði sumarið 1904. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905*, bls. 1-51. Önnur útgáfa. Eftirprentun frumútgáfu sem kom út í Reykjavík 1906. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.

Gísli Gestsson. 1956. *Árnessýsla milli Hvítár og Þjórsár*. Árbók Ferðafélags Íslands MCMLVI. [Reykjavík:] Ferðafélag Íslands.

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. *Eyrarbakkaheppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. [Eyrarbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Guðni Jónsson. 1960. *Stokkseyringa saga*. Fyrri bindi. Reykjavík: Stokkseyringafélagið í Reykjavík.



Húsið á Eyrarbakka. Engin dags. *Kaupmenn í Húsinu*. Sótt 3. júní 2007 af <http://www.husid.com/grusk/ibuaskra.html>.

Jón Pálsson. 1945. *Austantórir I*. Guðni Jónsson bjó undir prentun. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. [Selfossi] Búnaðarsamband Suðurlands.

Vigfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrarbakka*. Fyrra bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

### 325

**Sérheiti:** Þvottaklettur.

**Hlutverk:** Þvottastaður.

**Tegund:** Örnefni.

**Staðsetning:** A394097, N375077.

**Staðhættir:** „Vestur af Batabryggjunni [42] er sker sem heitir Þvottaklettur.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:45). Samkvæmt örnefnakorti er Þvottaklettur beint suður af Gónhól [300], rétt vestur af batabryggjunni, austur af Hollanum [84], sunnan í Garðsklettum (*Loftmynd LMÍ M 3522*). Hugsanlega er hægt að ganga á klettinn á fjöru. GPS-hnit var tekið við sjóvarnargarðinn norður af klettinum.

### Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbyggðir. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. [Eyrarbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

*Loftmynd LMÍ M 3522*. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir: Birgir Sveinsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

### 326

**Sérheiti:** Þvottasker.

**Hlutverk:** Þvottastaður. –

**Tegund:** Örnefni.

**Staðhættir:** „Milli Skúmsstaða og Stóru-Háeyrar eru þessi landamerki: „Úr Efri-Einbúa, sem er hornmark jarðanna, ræður bein stefna í Klofaklettinn, sem liggur vestarlega að sjá fyrir framan Markasker fram í sjónum, hvar svokallaðir Markósar framganga eða í upptök þess innri að innan verðu og útfall þess syðri, austan miðju Hrafnskera og austan miðju Þvottaskera. Milli Einarshafnar og Skúmsstaða ræður sjónhending úr ósnum sem er milli Bóndaskera og Einarshafnarskera um vörðu í Skúmsstaðaseli upp að Flóagaflsmörkum og er það

hornmark milli Einarshafnar og Skúmsstaða.“ (Guðmundur Þórarinnsson 1997:19).

### Minjalýsing:

### Heimildir:

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. *Eyrarbyggahreppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen.* [Eyrarbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

327

**Sérheiti:** Norðurkot.


**Hlutverk:** Bústaður – býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394048, N375311.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Norðurkot var ein af hjáleigum Skúmsstaða [165871-130] og kom hún fyrst fyrir í heimildum í *Manntali* árið 1703 (*Manntal á Íslandi árið 1703.* 1924-1947:511). Samkvæmt *Ábúendatali Árnessýslu* og *Manntali 1703* var Norðurkot tvíbýli og bjuggu þar sex manns (Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. [Ártal vantar.]:[Bls.tal vantar]; *Manntal á Íslandi árið 1703.* 1924-1947:511). Norðurkot er hins vegar ekki skráð í *Jarðabók*



Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, þar sem hjáleigum **Mynd 168** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.*

Skúmsstaða er lýst (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:80-83). Samkvæmt *Jarðatali á Íslandi* frá árinu 1847 er hvorki dýrleiki né landskuld Norðurkots skráð (Johnsen, J. 1847:59). Hins vegar er skráð neðanmáls: „Jb. 1803 nefnir Skúmstaðasel eyðihjáleigu, en hvorki hún, né (aðrar) jarðabækur nefna Norðurkot eða Garð, sem prestur telur, og að líkindum heyra undir Skúmstaði. Hreppstjóri nefnir hvoruga, en telur 8 leiguliða á Skúmstöðum, prestur 11 ábúendur á þeim og kotunum.“ (Johnsen, J. 1847:59). Samkvæmt *Manntölum* frá árunum 1816 og 1845 bjuggu fimm manns í Norðurkoti (*Manntal á Íslandi 1816.* 1947-1974:296; *Manntal á Íslandi 1845.* *Suðuramt.* 1982:215).

Jarðskjálftar og aðrar náttúruhamfarir hafa oft valdið miklum usla við ströndina. Húsin í Norðurkoti voru þrjú talsins fyrir jarðskjálftana sem urðu árið 1896

[327] [330] [331], en engin peningshús voru skráð. Við skjálftana skemmdist eitt bæjarhúsið mjög mikið en tvö skemmdust lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:185).

Samkvæmt *Manntali 1910*, voru tvær þurrabúðir í Norðurkoti. Í Norðurkoti 1 var timburhús með 4 herbergjum og þar bjuggu hjón með tvö börn. Húsbóndinn var Jón Jónsson, væntanlega sá sem byggði það hús sem nú stendur og kallast Norðurkot [328]. Norðurkot 2 var torfbær með tveimur hálfþiljum og heilþili, þar bjó Kristín Jónsdóttir (*Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla*. 1997:116-117). Í *Vesturfaraskrá* er Kristín Jónsdóttir frá Norðurkoti sögð flytja frá Íslandi til Ameríku á árunum 1870-1914 (Júníus H. Kristinsson. 1983:113). Þetta gæti gefið til kynna að Norðurkot 2 hafi farið í eyði um 1914, því Norðurkot kemur ekki fyrir í heimildum eftir það.

Tekin var sú ákvörðun á skrá fornleifar á hjáleigum Skúmsstaða í fornleifaskrá þeirrar jarðar, þ.e. bæði fornleifar sem tilheyra Garði [182304-132] og Norðurkoti [182368-131]. Þetta er gert vegna þeirrar óvissu um hvaða býli er átt við þegar talað er um hjáleiguna Garð og vegna þess hve fornleifar hjáleiganna beggja eru lítt afmarkaðar á Skúmsstaðajörðinni. Vissulega hafi báðar hjáleigurnar sérstakt númer í *Jarðatali á Íslandi* (Johnsen, J. 1847:59) og fá því einnig sérstakt númer í gagnasafninu Sarpi [182304-132] [182368-131], en þar er einungis vísað til fornleifaskráningar jarðarinnar Skúmsstaða [165871-130].

#### Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. [Ártal vantar.] *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*. Handrit í eigu höfunda.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Höfundur.

Júníus H. Kristinsson. 1983. *Vesturfaraskrá 1870-1914. A Record of Emigrants from Iceland to America 1870-1914*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974. Akureyri og Reykjavík: Ættfræðifélagið.

*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt*. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið.

*Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla*. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

328

**Sérheiti:** Norðurkot.

**Hlutverk:** Bústaður.

**Tegund:** Hús.


**Staðhættir:** Norðurkot var ein af hjáleigum Skúmsstaða [165871-130] og kom hún fyrst fyrir í heimildum í *Manntali* árið 1703 [327] (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:511). Jarðskjálftar og aðrar náttúruhamfarir hafa oft valdið miklum usla við ströndina.

Húsinn í Norðurkoti voru þrjú talsins fyrir jarðskjálftana sem urðu árið 1896 [327] [330] [331], en engin peningshús voru skráð. Við skjálftana skemmdist eitt bæjarhúsið mjög mikið en tvö skemmdust lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:185). Samkvæmt *Manntali* 1910, voru tvær þurrabúðir í Norðurkoti (hugsanlega sömu hús og stóðu af sér skjálftann 1896 [330] [331]). Í Norðurkoti 1 var timburhús með 4 herbergjum og þar bjuggu hjón með tvö börn. Húsbóndinn var Jón Jónsson, væntanlega sá sem byggði

það hús sem nú stendur og kallast Norðurkot [328]. Norðurkot 2 var torfbær með tveimur hálfþiljum og heilþili, þar bjó Kristín Jónsdóttir (*Manntal á Íslandi* 1910. III *Árnessýsla*. 1997:116-117). Í *Vesturfaraskrá* er Kristín Jónsdóttir frá Norðurkoti sögð flytja frá Íslandi til Ameríku á árunum 1870-1914 (Júníus H. Kristinsson. 1983:113). Þetta gæti gefið til kynna að Norðurkot 2 hafi farið í eyði um 1914, því Norðurkot kemur ekki fyrir í heimildum eftir það. Húsið sem Jón byggði árið 1900 (Lilja Árnadóttir. 1989:49) hefur væntanlega komið í stað þess



Mynd 169. Norðurkot hjáleiga frá Skúmsstöðum.



Mynd 170. Ljósmynd af óbirtu handriti af Húsvirðingabók Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

húss sem verst fór í jarðskjálftanum 1896. Húsið er nú nr. 63 við Túngötu og búið er enn í því, a.m.k. á sumrin.

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsti bænum þannig í *Húsvirðingabók* sinni árið 1916:

28 Norðurkot Jón Jónsson	
A Timburhús 6,3 x 5. veggh. 2,7 ris 2	
Járnlætt þak á rimlum	
ekki gólf á lofti	
Niðri 3 herb.	
1 ofn 40 [kr.] 1 eldavjel	
liggur að skúrnum á 2 vegu	
<u>116 ten m 12 kr.</u>	1400
B Inngangsskúr 5 x 5 – hæð 2,5	
Járnlæddur á rimlum þiljaður	
skipt í tvennt	
1 eldavjel 70 [kr.]	
<u>62 [ten m.] 7,50 kr.</u>	460
C Geimsluskúr 6,3 x 2,4	
þak á rimlum járn 15 □ 2,00	
ljelegt. þil	
<u>ónftur</u>	30
D Eldhús 1,5 x 4	
Torfþak og raftur 8 □ m timburgafl	
<u>2 □ m</u>	20
E. Kofi 3 x 2"	
<u>10 □ m torfþak</u>	10
F Heyhlaða 9 x 5	
<u>járn á rimlum 79 □ m á 4 kr.</u>	280
G. Fjenaðarskúr 9 x 5	
<u>55 □ járn á rimlum</u>	220
H. Fjenaðarhús 7 x 2	
21 □ raftur	
<u>4 □ þil</u>	20
I Fjós 4 x 3	
<u>járnþ. og torf raftur 12 □ m</u>	30

Kr. 2470

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:28). Á teikningu í bókinni sést að geymsluskúrinn, eldhúsið og kofinn voru sambyggð íbúðarhúsinu, auk auðvitað inngangsskúrsins. Hlaðan, fjósið og fénaðarhúsin voru sambyggð og stóðu skammt norðaustan við bæinn [329] (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:28). Á korti af Skúmsstaðahverfinu um 1905 sést að Norðurkoti tilheyrðu lóðarskikar norðan og austan við húsið (Sigurður Andersen. Engin dags.). Á kortinu frá 1930 sést að þessir skikar hafa verið afmarkaðir með hlöðnum túngörðum [332] [333] (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931).

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Júníus H. Kristinsson. 1983. *Vesturfaraskrá 1870-1914. A Record of Emigrants from Iceland to America 1870-1914*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

*Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla*. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

329

**Sérheiti:** Norðurkot - útihús.

**Hlutverk:** Útihús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394046, N375345.


**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Norðurkot [327] var ein af hjáleigum Skúmsstaða [165871-130] og kom hún fyrst fyrir í heimildum í *Manntali* árið 1703 (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:511).

Árið 1900 byggð Jón Jónsson bæ sem hann nefndi Norðurkot og stendur það hús enn við lóð nr. 63 við Túngötu (Lilja Árnadóttir. 1989:49).

**Minjalýsing:** Eiríkur Gíslason lýsti bænum þannig í *Húsvirðingabók* sinni árið 1916:

28 Norðurkot Jón Jónsson  
A Timburhús 6,3 x 5. vegg. 2,7 ris 2  
Járnklætt þak á rimlum  
ekki gólf á lofti  
Niðri 3 herb.  
1 ofn 40 [kr.] 1 eldavjel  
liggur að skúrnum á 2 vegu  
116 ten m 12 kr.  
B Inngangsskúr 5 x 5 - hæð 2,5  
Járnklæddur á rimlum þiljaður



**Mynd 171.** Ljósmynd af óbirtu handriti af *Húsvirðingabók* Eiríks Gíslasonar 1916-1918.

1400

skipt í tvennt	
1 eldavjel 70 [kr.]	
<u>62 [ten m.] 7,50 kr.</u>	460
C Geimsluskúr 6,3 x 2,4	
þak á rimlum járn 15 □ 2,00	
ljelegt. þil	
<u>ónítur</u>	30
D Eldhús 1,5 x 4	
Torfþak og raftur 8 □ m timburgafl	
<u>2 □ m</u>	20
E. Kofi 3 x 2"	
<u>10 □ m torfþak</u>	10
F Heyhlaða 9 x 5	
<u>járn á rimlum 79 □ m á 4 kr.</u>	280
G. Fjenaðarskúr 9 x 5	
<u>55 □ járn á rimlum</u>	220
H. Fjenaðarhús 7 x 2	
21 □ raftur	
<u>4 □ þil</u>	20
I Fjós 4 x 3	
<u>járnþ. og torf raftur 12 □ m</u>	30

Kr. 2470

(Eiríkur Gíslason. 1916-1918:28). Á teikningu í bókinni sést að geymsluskúrin, eldhúsið og kofinn voru sambyggð íbúðarhúsinu, auk auðvitað inngangsskúrsins [327]. Hlaðan, fjósið og fénaðarhúsin voru sambyggð og stóðu skammt norðaustan við bæinn [329] (Eiríkur Gíslason. 1916-1918:28). Þessi útihús stóðu þar sem nú er gróin lóð vestan við hús nýrra hús sem er einnig nr. 63 við Túngötu. Það hús var byggt árið 1960 og útihúsin rifin árið áður. Eftir stendur þó um 4 m langur veggur sem er hluti af vesturvegg útihúsanna (Jón Ingi Sigurjónsson). Garðurinn er um 1,5 m að hæð og stendur á lóðarmörkum að vestanverðu.



Mynd 172. Leifar af vegg útihúsana. Ljósmynd GV.

**Heimildarmaður:** Jón Ingi Sigurjónsson, 230236-2679

### Heimildir:

Eiríkur Gíslason. 1916-1918. *Húsvirðingabók*. Óútgefið handrit í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun*. [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

### 330

**Sérheiti:** Norðurkot.

**Hlutverk:** Bústaður - býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394048, N375311.

**Horfið:** Já

**Staðhættir:** Norðurkot var ein af hjáleigum Skúmsstaða [165871-130] og kom hún fyrst fyrir í heimildum í *Manntali* árið 1703 (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:511). Samkvæmt *Ábúendatali Árnassýslu* og *Manntali 1703* var Norðurkot tvíbýli og bjuggu þar sex manns (Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. [Ártal vantar.]:[Bls.tal vantar]; *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:511). Norðurkot er hins vegar ekki skráð í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, þar sem hjáleigum Skúmsstaða er lýst (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:80-83). Samkvæmt *Jarðatali á Íslandi* frá árinu 1847 er hvorki dýrleiki né landskuld Norðurkots skráð (Johnsen, J. 1847:59). Hins vegar er skráð neðanmáls: „Jb. 1803 nefnir Skúmstaðasel eyðihjáleigu, en hvorki hún, né (aðrar) jarðabækur nefna Norðurkot eða Garð, sem prestur telur, og að líkindum heyra undir Skúmstaði. Hreppstjóri nefnir hvoruga, en telur 8 leiguliða á Skúmstöðum, prestur 11 ábúendur á þeim og kotunum.“ (Johnsen, J. 1847:59). Samkvæmt *Manntölum* frá árunum 1816 og 1845 bjuggu fimm manns í Norðurkoti (*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974:296; *Manntal á Íslandi 1845*. *Suðuramt*. 1982:215). Jarðskjálftar og aðrar náttúruhamfarir hafa oft valdið miklum usla við ströndina. Húsin í Norðurkoti voru þrjú talsins fyrir jarðskjálftana sem urðu árið 1896 [327] [330] [331], en engin peningshús voru skráð. Við skjálftana skemmdist eitt bæjarhúsið mjög mikið en tvö skemmdust lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:185).

#### Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnassýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. [Ártal vantar.] *Ábúendatal Árnassýslu frá 1703 til ca. 2000*. Handrit í eigu höfunda.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Höfundur.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974. Akureyri og Reykjavík: Ættfræðifélagið.

*Manntal á Íslandi 1845*. *Suðuramt*. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið.



Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*.  
Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

**331**

**Sérheiti:** Norðurkot.

**Hlutverk:** Bústaður - býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** A394048, N375311.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Norðurkot var ein af hjáleigum Skúmsstaða [165871-130] og kom hún fyrst fyrir í heimildum í *Manntali* árið 1703 (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:511). Samkvæmt *Ábúendatali Árnessýslu* og *Manntali 1703* var Norðurkot tvíbýli og bjuggu þar sex manns (Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. [Ártal vantar.]:[Bls.tal vantar]; *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:511). Norðurkot er hins vegar ekki skráð í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, þar sem hjáleigum Skúmsstaða er lýst (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:80-83). Samkvæmt *Jarðatali á Íslandi* frá árinu 1847 er hvorki dýrleiki né landskuld Norðurkots skráð (Johnsen, J. 1847:59). Hins vegar er skráð neðanmáls: „Jb. 1803 nefnir Skúmstaðasel eyðihjáleigu, en hvorki hún, né (aðrar) jarðabækur nefna Norðurkot eða Garð, sem prestur telur, og að líkindum heyra undir Skúmstaði. Hreppstjóri nefnir hvoruga, en telur 8 leiguliða á Skúmstöðum, prestur 11 ábúendur á þeim og kotunum.“ (Johnsen, J. 1847:59). Samkvæmt *Manntölum* frá árunum 1816 og 1845 bjuggu fimm manns í Norðurkoti (*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974:296; *Manntal á Íslandi 1845*. *Suðuramt*. 1982:215). Jarðskjálftar og aðrar náttúruhamfarir hafa oft valdið miklum usla við ströndina. Húsin í Norðurkoti voru þrjú talsins fyrir jarðskjálftana sem urðu árið 1896 [327] [330] [331], en engin peningshús voru skráð. Við skjálftana skemmdist eitt bæjarhúsið mjög mikið en tvö skemmdust lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:185).

**Heimildir:**

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. [Ártal vantar.] *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*. Handrit í eigu höfunda.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Höfundur.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974. Akureyri og Reykjavík: Ættfræðifélagið.

*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfunu. Reykjavík: Ættfræðifélagið.*

*Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. Landskjálftar á Íslandi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.*

### 332

**Sérheiti:** Norðurkot - garður.

**Hlutverk:** Túngarður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** N394074, N375318.

**Staðhættir:** Á korti af Skúmsstaðahverfinu frá því 1905 sést að Norðurkoti [327] hafa tilheyrt lóðarskikar austan og norðan við bæinn [332] [333] (Sigurður Andersen. Engin dags.). Gera má ráð fyrir að þarna hafi m.a. verið ræktaðar kartöflur. Á korti af Eyrarbakka frá 1930 sést að hlaðnir garðar hafa verið umhverfis þessa skika. Garður úr torfi og grjóti afmarkaði norður- og austurhlið skikans sem var austan við bæinn, en suðurhliðin virðist hafa verið grjóthlaðin [332]. Steinhlaðinn veggur virðist hafa afmarkað skikann sem var þar fyrir norðan [333]. Á kortinu sést einnig að torfbygging hefur verið í norðausturhorni skikans sem var austan við húsið [334] (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931). Ekki er vitað um hlutverk hennar.

Engin ummerki sjást um þessa garða í dag, hvorki á vel ræktaðri lóð húss nr. 61 við Túngötu og né á svæði við vesturhlið spennistöðvar.

#### Heimildir:

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

### 333

**Sérheiti:** Norðurkot - garður.

**Hlutverk:** Túngarður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394083, N375357.

**Staðhættir:** Á korti af Skúmsstaðahverfinu frá því 1905 sést að Norðurkoti [327] hafa tilheyrt lóðarskikar austan og norðan við bæinn [332] [333] (Sigurður Andersen. Engin dags.). Gera má ráð fyrir að þarna hafi m.a. verið ræktaðar kartöflur. Á korti af Eyrarbakka frá 1930 sést að hlaðnir garðar hafa verið umhverfis þessa skika. Garður úr torfi og grjóti afmarkaði norður- og austurhlið skikans sem var austan við bæinn, en suðurhliðin virðist hafa verið grjóthlaðin

[332]. Steinhlaðinn veggur virðist hafa afmarkað skikann sem var þar fyrir norðan [333]. Á kortinu sést einnig að torfbygging [334] hefur verið í norðausturhorni skikans sem var austan við húsið [332] (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931). Ekki er vitað um hlutverk hennar.

Engin ummerki sjást um þessa garða í dag, hvorki á vel ræktaðri lóð húss nr. 61 við Túngötu og né á svæði við vesturhlið spennistöðvar.

**Heimildir:**

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

**Utan svæðis**

**334**

**Sérheiti:** Norðurkot - útihús.

**Hlutverk:** Útihús/óþekkt.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394085, N375333.

**Staðhættir:** Á korti af Skúmsstaðahverfinu frá því 1905 sést að Norðurkoti [327] hafa tilheyrt lóðarskikar austan og norðan við bæinn [332] [333] (Sigurður Andersen. Engin dags.). Gera má ráð fyrir að þarna hafi m.a. verið ræktaðar kartöflur. Á korti af Eyrarbakka frá 1930 sést að hlaðnir garðar hafa verið umhverfis þessa skika. Garður úr torfi og grjóti afmarkaði norður- og austurhlið skikans sem var austan við bæinn, en suðurhliðin virðist hafa verið grjóthlaðin [332]. Steinhlaðinn veggur virðist hafa afmarkað skikann sem var þar fyrir norðan [333]. Á kortinu sést einnig að torfbygging hefur verið í norðausturhorni skikans sem var austan við húsið [332] (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931). Ekki er vitað um hlutverk hennar og engin ummerki sjást um hana á vel ræktaðri lóð húss nr. 61 við Túngötu.

**Heimildir:**

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

Sigurður Andersen. Engin dags. *Kort af Skúmsstaðahverfi um 1905*. Óbirt gögn í eigu Byggðasafns Árnesinga.

**335**

**Hlutverk:** Brunnur.

**Tegund:** Frásögn.

**Staðsetning:** A394000, N 375282.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Brunnur sem íbúar Hreggviðs, Skúmsstaðabæjanna er nú undir bílskúr Skúmsstaða IV (Hallanda) (Ólafur Gíslason).

**Heimildarmaður:** Ólafur Gíslason, 040919-4579. Haust 2006.

### 336

**Hlutverk:** Búðir.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** „Frásögn er í Sturlungu um hafnaraðstöðu á Eyrum, og kemur hún nokkuð á óvart. Þar var verið að hlaða skip, en bryggja [310] lá í land. Var manni hrundið af bryggjunni í sjóinn og urðu aðrir að bjarga honum. Þessi höfn á Eyrum er áreiðanlega hin sama og Eyrarbakkahöfn [311]. Þar var fyrrum mjög fjölfarin hafskipahöfn. Er hún einkum nefnd mjög oft í heimildum eins og Biskupasögum, Sturlungu og annálum. Sjá má einnig af annálum, að þar voru búðir [336], sem kaupmenn notuðu á sumrin, en á veturna hafa sennilega aðeins tóftirnar staðið. Þannig hefur það einnig verið við aðrar hafnir sem þá voru notaðar. - Það er sem sé sagt í Íslenskum annálum, að 1316 var svo mikið flóð, að sjór féll inn í allar fremri búðir á Eyrum, einnig 1343 svo mikið flóð, að sjór gekk langt upp fyrir allar búðir á Eyrum (á Eyrum var smíðað að tali annála 1334 verzlunarskip, sem sigldi til Noregs).“ (Kálund, P. E. Kristian. 1984:126).

**Heimildir:**

Kálund, P. E. Kristian. 1984. *Íslenskir sögustaðir. I. Sunnlendingafjórðungur*. Íslensk þýðing: Haraldur Matthíasson. Bókin heitir á frummálinu: Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island, gefin út árið 1877 af Kommissionen for det Arnamagnæanske Legat (Árnanefnd) í Kaupmannahöfn. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur.

### 337

**Sérheiti:** Dönsku búðirnar.

**Hlutverk:** Búðir.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í Seiluannál frá árinu 1653 má lesa að búðir Danskra hafi raskast mikið í miklu flóði 2. janúar, „... sérdeilis ein; úr henni flutu trén allt upp að Flóagaflí, því hana tók alla í burtu.“ (*Annales islandici posteriorum sæculorum. Annálar 1400-1800*. Fyrsta bindi. 1922-1927:303). Í *Manntali á Íslandi árið 1703* kemur fram að íbúðarhús)hefur staðið nálægt Dönsku búðunum (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:511). Ekki er hægt að gera sér grein fyrir hvar

Dönsku búðirnar voru, eða hvort átt sé við Vesturbúðirnar, en eins og fram kemur í ritinu *Eyrarbakki. Húsakönnun* má rekja rætur verslunarhúsanna þar aftur á 18. öld, en árið 1774 er vitað að versluninni tilheyrði fjögur stór timburhús (Lilja Árnadóttir. 1989:14). Kenningar eru um að Dönsku búðirnar hafi verið þar sem sundmerkin eru í Sandgræðsluni vestur af þorpinu.

**Heimildir:**

*Annales islandici posteriorum sæculorum. Annálar 1400-1800.* Fyrsta bindi. 1922-1927. Reykjavík: Hið íslenska bókmentafélagi.

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

*Manntal á Íslandi árið 1703.* 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

**338**

**Hlutverk:** Bústaður. –

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394014, N375242.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á ljósmynd sem birt var í ritinu *Eyrarbakki. Húsakönnun* má sjá hvernig umhorfs var við götuna Búðarstíg einhvern tíma á árunum 1890 til 1895. Meðal annars má sjá hús rétt austan við Götuhús [116], sem virðist vera torfhús og snúa dyrnar í vestur. Ekki er ljóst hvaða hús þetta er, en rétt austan við það hús var fjós Hússins [150] (Lilja Árnadóttir. 1989:7).

**Heimildir:**

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrarbakki. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

**339**

**Hlutverk:** Bústaður/útihús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** A394035, N375218.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á ljósmynd sem birt var í ritinu *Eyrarbakki. Húsakönnun* má sjá hvernig umhorfs var við götuna Búðarstíg einhvern tíma á árunum 1890 til 1895. Meðal annars má sjá lágrest hús sem stóð austan við Götuhús [116] virðist ekki hafa verið nema á einni hæð með inngang mót vestri. Gaflar þess sneru mót suðri og norðri. Hlutverk hússins er ekki ljóst, það gæti annað hvort hafa verið íbúðarhús eða útihús.

**Heimildir:**

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrbakki. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

**340****Hlutverk:** Eldhús.**Horfið:** Já.**Tegund:** Heimild.**Staðhættir:** Jón Jónsson tók við hluta af Einarshafnarjörðinni árið 1887. „Parti þeim fylgdi eldhús, en ekki baðstofa.“ (Vigfús Guðmundsson. 1945:113). Ekki er vitað hvar þetta eldhús var, en í öllu falli er það ekki til lengur.**Heimildir:**

Vigfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrbakka.* Fyrra bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

**341****Hlutverk:** Eldhús.**Tegund:** Heimild.**Horfið:** Já.**Staðhættir:** „Jakob Jónsson (f. um 1856, d. eftir 1931) hafði lengi einhvern hluta jarðarinnar [þ.e. Einarshafnar], en ekki önnur jarðarhús en eldhús, og það er ekki veglegra en svo, að Lefoliiverzlun seldi honum það eftir virðingu fyrir 7 kr.“ (Vigfús Guðmundsson. 1945:114). Ekki er vitað hvar þetta eldhús var, en í öllu falli er það ekki til lengur. Hugsanlegt er líka að hér sé átt við sama eldhús og Jón Jónsson tók við árið 1887 [340] (Vigfús Guðmundsson. 1945:113).**Heimildir:**

Vigfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrbakka.* Fyrra bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

**342****Hlutverk:** Fjós. -**Tegund:** Heimild.**Staðsetning:** A394039 N375206**Staðhættir:** Á ljósmynd sem tekin var um 1890-1895 og var birt í *Eyrbakka. Húsakönnun* má sjá nokkur hús, sem nú eru horfin: Bær Magnúsar Ormssonar [143] og smiðja [144] frá versluninni en þau hús standa nokkurn veginn þar sem Hraungerði stendur í dag. Fast austan við smiðju verslunarinnar sem byggð hefur verið úr timbri er lítið timburhús [145] með framhlið úr timbri sem snýr mót

suðri. Jóhannshús [91] austar en kirkjan (nánari staðsetningu ekki unnt að fá). Bátaskýlið [140] sést á myndinni en hér segir að það sé ferðamannaskúr eða dampskúr þar sem ferðamenn höfðu aðstöðu á sumrin, en gufubátur var þar geymdur á vetrum. Sunnar og vestar en bær Magnúsar [143] og smiðjan stóðu er stór og stæðilegur túngarður [146] sem liggur í vesturátt hann virðist liggja frá vesturgafli bæjar Magnúsar þaðan í suður og sveigja svo í vestur og út úr myndinni en rétt áður en hann fer úr myndinni sveigir hann líka norður svo hugsanlega lokar hann af túnblett. Fjöldi túngarða [147] sjást á víð og dreif milli Götuhúss [116] og þeirra húsa sem liggja sömu megin Eyrargötu, og niður að strönd. Siglingamerki [148] úr timbri stendur niðri við fjöruna sunnan við Götuhús [116] húsanna þaðan og austur að Jóhannshúsi [91]. Óljóst má nefna útihús [92] kringum Jóhannshús. Húsið sem er rétt austan við Götuhús [116], virðist vera torfhús og snéru dyrnar í vestur. Ekki er ljóst hvaða hús þetta er, en rétt austan við það hús var fjós Hússins [150] (Lilja Árnadóttir. 1989:7).

**Minjalýsing:** Horfið

**Heimildir:**

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrbakkki. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

343

**Hlutverk:** Garðlag.

**Tegund:** Heimild.

**Stöasettning:** A393969, N375248.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á ljósmynd sem talin er tekin árið 1884 eða 1886 sést Barnaskólahúsið (Gunnarshús/Gistihúsið) [257] á sínum upprunalegum stað. Á myndinni sést að veglegur grjóthlaðinn garður hefur verið fyrir sunnan húsið, frá Brauðgerðarhúsi (Bakarí) [264] og legir í austur (Lilja Árnadóttir. 1989:28). Í dag (2007) liggur Búðarstígur á þessu svæði og hefur garðurinn legið með fram honum að norðanverðu, en engin ummerki eru um garðinn í dag.

**Heimildir:**

Lilja Árnadóttir. 1989. *Eyrbakkki. Húsakönnun.* [Reykjavík:] Þjóðminjasafn Íslands.

344

**Hlutverk:** Heygarður.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í *Jarðabókinni* frá 1708 er getið um tólf tólmthús [5] [6] [7] [8] [9] [10] [11] [12] [13] [14] [15] [16] á Skúmsstöðum. Eitt þeirra var í heygarði Skúmsstaða [7] (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:81-83). Ekki er vitað hvar þessi heygarður var, en væntanlega stendur hann ekki enn.

**Heimildir:**

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa frumútgáfu bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

**345**

**Sérheiti:** Hjáleiga Einarshafnar.

**Hlutverk:** Bústaður – býli.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á fyrri hluta 17. aldar eru fjórar hjáleigur taldar vera á landi Einarshafnar. Tvær þeirra [345] [346] voru fluttar að Skúmsstöðum eftir mikið flóð sem skall á Eyrarbakka árið 1621, því þær stóðu nær sjó og lægra en hinar tvær, og voru því í meiri hættu í þeim miklu flóðum sem oft ollu miklum skaða á Eyrarbakka. Þær virðast hafa orðið fyrir talsverðum skaða í þessu flóði og hugsanlega hafa hífýli þeirra hrunið alveg (Vigfús Guðmundsson. 1945:32). „Óvíst er um afdrif og flutning hinna hjáleiganna.“ (Vigfús Guðmundsson. 1945:32). Þeirra er því ekki getið hér, því ekki er víst að þær hafi verið fluttar á land Skúmsstaða. Ekki er vitað um staðsetningu hjáleiganna tveggja á Skúmsstaðajörðinni og telja má fullvíst að þeirra sjáist ekki merki í dag.

**Heimildir:**

Vigfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrarbakka*. Fyrri bindi, fyrri hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

**346**

**Sérheiti:** Hjáleiga Einarshafnar.

**Hlutverk:** Bústaður – býli.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Á fyrri hluta 17. aldar eru fjórar hjáleigur taldar vera á landi Einarshafnar. Tvær þeirra [345] [346] voru fluttar að Skúmsstöðum eftir mikið flóð sem skall á Eyrarbakka árið 1621, því þær stóðu nær sjó og lægra en hinar tvær, og voru því í meiri hættu í þeim miklu flóðum sem oft ollu miklum skaða á Eyrarbakka. Þær virðast hafa orðið fyrir talsverðum skaða í þessu flóði og hugsanlega hafa hífýli þeirra hrunið alveg (Vigfús Guðmundsson. 1945:32).



„Óvíst er um afdrif og flutning hinna hjáleiganna.“ (Vigfús Guðmundsson. 1945:32). Þeirra er því ekki getið hér, því ekki er víst að þær hafi verið fluttar á land Skúmsstaða. Ekki er vitað um staðsetningu hjáleiganna tveggja á Skúmsstaðajörðinni og telja má fullvíst að þeirra sjáist ekki merki í dag.

**Heimildir:**

Vigfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrarbakka*. Fyrra bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

347

**Hlutverk:** Hlaða.

**Tegund:** Heimild.

**Staðsetning:** A394013, N375309.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Heimildarmaður minnst heyllöðu, sem stóð alveg vestan við Kaldbak [0] (Ólafur Gíslason). Á korti frá 1930 sést torfhlaðið hús alveg við vesturvegg Kaldbaks og er það væntanlega umrædd hlaða (Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931). Hlaðan virðist vera á þeim stað þar sem áður var smiðjukofi sem tilheyrði Kaldbak [206]. Engin ummerki eru um hlöðuna.

**Heimildarmaður:** Ólafur Gíslason, 040919-4579. Haust 2006.

**Heimildir:**

Jón I. Víðis og Magnús Konráðsson. 1930-1931. *Uppdráttur af Eyrarbakka*, gerður af Magnúsi Konráðssyni 1931, eftir mælingu Jóns I. Víðis 1930.

348

**Hlutverk:** Jarðarbaðstofa.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

Háeyri (Stóra-Háeyri) er sú jörð er mið- og austurhluti þorpsins Eyrarbakka stendur á.<sup>165</sup> Árið 1708 tilheyrðu eftirtaldar átta hjáleigur jörðinni: Steinskot [165873-142], Mundakot [165869-141], Sölkutóft [165876-139], Neistakot [182307-137], Simbakot [182306-136], Nýibær [182309-140], Litla-Háeyri [165867-135] og Eyjólfskot [182305-134]. Tvö tótmús voru þá komin í eyði, Einkofi [468] og Hallsstrunta [411].<sup>166</sup> Í *Jarðatali á Íslandi*, sem kom út árið 1847, er Einkofi talinn með hjáleigunum og því eru hjáleigurnar þar taldar vera níu. Ein þeirra er nefnd Eivakot, sem er eflaust sama hjáleiga og áður nefndist Eyjólfskot [182305-134], og önnur Naustakot, sem ekki verður betur séð en sé sú sem áður nefndist Neistakot [182307-137].<sup>167</sup>

Háeyri er ekki talin landnámsjörð<sup>168</sup> en jörðin hefur verið hluti af landnámi Hásteins Atlasonar sem nam Stokkseyrarhrepp.<sup>169</sup> Brynjúlfur Jónsson var á annarri skoðun, hann taldi jörðina vera landnámsjörð. „Þó eru þær Háeyri [165875-133], Skúmsstaðir [165871-130], Einarshöfn [165858-129], Drepstokkur [182302-128] og Nes] ófað landnámsjarðir, byggðar með ráði Hallsteins. Er ekki að marka þó Landnáma geti ekki um þau landnám. Hún sleppir svo mörgum landnámsbæjum, sem engin furða er. Hitt er öllu heldur furða, hve marga hún hefir náð að taka.“<sup>170</sup> Guðni Jónsson fjallar um landnám Hásteins í *Stokkseyringasögu*. Hann segir Hástein hafa gefið mági sínum Hallsteini ytri hlut Eyrarbakka. Hallsteinn bjó á Framnesi en ytri hluti Eyrarbakka er það sem síðar varð Eyrarbakkahreppur. „Fyrsta landnámsjörðin þar var því Framnes, er seinna var flutt frá sjó og nefndist þá Hraun. Stóð bærinn fram á 17. öld þar, sem nú er Gamla-Hraun. Úr landi Framness byggðust síðan aðrar jarðir á þessu svæði: Háeyri, Skúmsstaðir, Einarshöfn, Drepstokkur og Nes.“<sup>171</sup>

Vigfús Guðmundsson bendir á að getið sé um kirkju [386] á Háeyri líklega á 13. öld og megi því gera ráð fyrir að byggð hafi hafist þar talsvert fyrr.<sup>172</sup> Hann rökstyður það með frásögn í sögu Þorláks helga, sem var biskup í Skálholti 1174 til 1193, sem byrjað var að skrá um eða upp úr 1200.<sup>173</sup> En kafli sá sem Vigfús styðst við er varðveittur í handritum að sögu Þorláks frá lokum 14. aldar til 17.

<sup>165</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 279.

<sup>166</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981, bls. 74-77.

<sup>167</sup> Johnsen, J. 1847, bls. 59.

<sup>168</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 131.

<sup>169</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 196.

<sup>170</sup> Brynjúlfur Jónsson. 1981, bls. 12.

<sup>171</sup> Guðni Jónsson. 1960, bls. 41.

<sup>172</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 52 og 132.

<sup>173</sup> Guðrún Ása Grímsdóttir. 2006, bls. 32-33.

aldar.<sup>174</sup> Frásögn þessi fjallar um það þegar Jörundur bóndi á Drepstokki óttaðist um bát sinn í aftakaveðri, en „... þá hét hann orðs á hinn heilaga Þorlák byskup, til þess at bátrinn með öllu því sem í var fyndisk, at ljá hest upp í Skálaholt undir klyfjum ok gefa rapt til kirkjunnar á Háeyri.“<sup>175</sup> Rétt er að taka tímasetningu Vigfúsar með varúð, sérstaklega í ljósi ritunartíma frásagnarinnar. En vissulega er hugsanlegt að Jörundar hafi búið á Drepstokki í biskupstíð Þorláks, en vert að minna á að það var ekki fyrr en fimm árum eftir andlát hans að leyfð voru áheit á hann<sup>176</sup> og einnig er rétt að hafa í huga að ekki finnast neinar aðrar heimildir um kirkju á Háeyri.<sup>177</sup>

Háeyri birtist á nokkrum stöðum í fornum heimildum eins og áður hefur verið vísað í. Árið 1545 er jörðin nefnd í reikningsskaparbréfi Gizurar biskups við Arnór Eyjólfsson, en Arnór tók út kúgildi á Háeyri.<sup>178</sup> Nokkrum árum síðar eða árið 1558 kemur Háeyri aftur fyrir í heimildum en þá segir frá skiptabréfi Eyjólfssonar sýslumanns sem gaf Ísleifi syni sínum nokkrar jarðir og þar á meðal Háeyri á Eyrarbakka.<sup>179</sup> Um 1560 er síðan skráður vitnisburður um landamerki Hrauns og Háeyrar og er þá Margrét Pálsdóttir sögð eiga Háeyri.<sup>180</sup> Í bændatali eru þó ekki skráðir þar ábúendur fyrr en árið 1681 en það voru þau Þorsteinn Eyjólfsson lögréttumaður og Guðrún Einarsdóttir.<sup>181</sup>

Vigfús Guðmundsson bendir á að í útgáfu *Njálu* frá árinu 1894 sé getið um Þorkel Háeyrartyrðil í því samhengi að trúboðinn Þangbrandur kristnaði Ingjald son Þorkels fyrir árið 1000.<sup>182</sup> „Af þessu mætti hugsa sér, að Þorkell hafi ekki viljað blóta heiðnu goðin, og fengið af því tyrðilsnafnið í vanvirðuskyni. En feðgarnir báðir hallast fremur að guðstrúnni og kristnum sið. Nú fullyrðir Njála, að um þetta bil hafi Kári Sölmundarson átt bú í Dyrhólma og haft þar ráðsmann, en setið löngum sjálfur með tengdafólki sínu að Bergþórshvoli. Kynni því Ingjaldur að hafa verið þar ráðsmaður Kára, en Þorkell bóndi á Háeyri um líkt leyti eða litlu fyrr. Vegna lendingarstaðar og viðskipta á Eyrum, gat verið vinfengi milli Kára og Háeyrarfeðga (og jafnvel trúhneigða samlyndi).“<sup>183</sup> Hann bætir því þó við að Þorkell sé nefndur Heyjartyrðill í útgáfu *Njálu* frá árinu 1943 en það telji menn að sé réttara.<sup>184</sup>

<sup>174</sup> Ásdís Egilsdóttir. 2002, bls. XXXII.

<sup>175</sup> Biskupa sögur II. 2002, bls. 281.

<sup>176</sup> Guðrún Ása Grímsdóttir. 2006, bls. 33.

<sup>177</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 133.

<sup>178</sup> *Diplomatarium islandicum*. ... XI. bindi, 2 (1544-1546). 1916, bls. 449-450.

<sup>179</sup> *Diplomatarium islandicum*. ... XIII. bindi, 3 (1557-1559). 1935, bls. 326.

<sup>180</sup> *Diplomatarium islandicum*. ... XIII. bindi, 5 (1560-1561). 1937, bls. 562.

<sup>181</sup> Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. [Ártal vantar], [bls.tal vantar].

<sup>182</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 133, neðanmál.

<sup>183</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 133, neðanmál.

<sup>184</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 133, neðanmál.

Um nafngift Háeyrar hefur ekki margt verið ritað en þó hafa menn velt henni töluvert fyrir sér. „Austan Ölfusár hefur strandlengjan öll allt til Þjórsár verið nefnd *Eyrar* einu nafni. Þrjár eyra þessara fengið sérstakt nafn, Óseyri, Háeyri og Stokkseyri, ...“<sup>185</sup> „Svo er með Háeyri sem með Stokkseyri, að þar sést nú engin *eyri*, sem bærinn geti haft nafn af. En fyrrum hafa þar hlotið að vera *eyra-myndanir*.“<sup>186</sup> Vigfús Guðmundsson segir: „Þó að nú sé naumast sýnilegur hæðarmunur á Háeyri og annarri þyrpingu á Bakkanum, hefur hún þó verið rétt nefnd eins og flest önnur hin ljóslifandi og rökréttu nöfn í voru ágæta forn máli.“<sup>187</sup>

Stóra-Háeyri hefur löngum verið stór jörð og mannmörg. Árið 1703 var þar einbýli en heimilisfólk 12 talsins,<sup>188</sup> sem er nokkuð stórt sé miðað við önnur býli á sama tíma. Árið 1788 töldust á allri Háeyrartorfunni 16 heimilisfeður og 62 menn.<sup>189</sup> Árið 1801 var jörðin skráð tvíbýli<sup>190</sup> og sömuleiðis árið 1845.<sup>191</sup> Árið 1910 var aftur orðið einbýlt á Stóru-Háeyri og voru þá 5 taldir þar til heimilis.<sup>192</sup> Vigfús Guðmundsson gerði úttekt á fjölda heimila og manna á Háeyri í bók sinni *Saga Eyrbakka*, en þar kemur fram að árið 1703 voru heimilin 20 og þar bjuggu 108 manns, árið 1801 voru heimilin jafnmörg en 79 manns. Árið 1850 voru heimilin 18 og 75 manns, árið 1870 voru heimilin 27 og 132 manns. Árið 1890 voru heimilin orðin 86 og 356 manns, árið 1900 voru heimilin 70 og þar bjuggu 353 manns. Árið 1910 voru heimilin 87 og 426 manns en árið 1920 voru þar skráð flest heimili hingað til, eða 96 talsins og þar bjuggu 444 manns. Árið 1930 voru heimilin 74 og 363 manns og loks árið 1940 voru 73 heimili á Háeyri og 310 manns sem þar bjuggu.<sup>193</sup> Eins og glögglega má sjá á Töflu I voru flestir taldir til heimilis á Háeyri á öðrum og þriðja áratug síðustu aldar.

Tafla 2. *Fjöldi heimila og heimilismanna á Háeyri á árunum 1703 til 1940.*

Ár	Fjöldi heimila	Fólksfjöldi
1703	20	108
1801	20	79
1850	18	75
1870	27	132
1890	86	356
1900	70	353
1910	87	426
1920	96	444

<sup>185</sup> Einar Arnórsson. 1950, bls. 332.

<sup>186</sup> Brynjúlfur Jónsson. 1981, bls. 12.

<sup>187</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 10-11.

<sup>188</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 511.

<sup>189</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 148.

<sup>190</sup> *Manntal á Íslandi 1801*. *Suðuramt*. 1978, bls. 210.

<sup>191</sup> *Manntal á Íslandi 1845*. *Suðuramt*. 1982, bls. 216.

<sup>192</sup> *Manntal á Íslandi 1910*. *III Árnessýsla*. 1997, bls. 94-97.

<sup>193</sup> Vigfús Guðmundsson. 1949, Tafla: Fólkstal [bls. 209].

1930	74	363
1940	73	310

Eins og áður kemur fram er í sögu Þorláks biskups helga nefnd kirkja á Háeyri [386].<sup>194</sup> „En ekkert annað þekkist um kirkju þá, og hefur hún því varla staðið þar lengi, eða verið meira en lítil hálfkirkja eða bænhús.“<sup>195</sup> „Kirkja þessi er ekki nefnd í kirknatali Páls biskups, um 1200, og hvergi finnst hennar getið á öðrum stöðum. Og ekkert á kirkja þessi skylt við bænahúsið á Háeyri [388], ....“<sup>196</sup>

Bænhús [388] var á Háeyri byggt um miðja 17. öld og „... og voru tíðir veittar þegar heimafólk meðtók sacramento um 6 eður 8 ár, og var þetta sjerdeilis gjört fyrir bæn ábúandans, sem var háöldruð kvennpersóna Rannveig Jónsdóttir. En síðan hún andaðist, vita menn ei að hjer hafi tíðir veittar verið.“<sup>197</sup> Rannveig Jónsdóttir var dóttir Jóns sýslumanns Björnssonar Jónssonar biskups Arasonar. Þó svo hún hafi haft bænhús á jörðu sinni þá var hún jörðuð „í Stokkseyrarkirkju að norðan“.<sup>198</sup>

Eyrarbakkakirkja [165871-130-2] var byggð á landi Skúmsstaða og var vígð 14. desember 1890, en áður var Eyrbekkingum þjónað um aldir frá Stokkseyri og þar var einnig kirkjugarður þeirra [165571-151-2 ] (Páll Lýðsson. 2003:11-13). Við kirkjuna var ekki rými fyrir kirkjugarð og var honum því fundinn staður á landi Háeyrar. Hann var vígður 27. nóvember 1894.<sup>199</sup>

Þorleifur „ríki“ Kolbeinsson er sennilega þekktasti ábúandi Stóru-Háeyrar en hann bjó þar á árunum 1841-75. Þorleifur var ásamt því að vera bóndi, kaupmaður, hreppstjóri o. fl. Hann var fæddur árið 1799 samkvæmt *Sögu Eyrarbakka*,<sup>200</sup> en árið 1798 samkvæmt Jóni Pálssyni í *Austantórum*.<sup>201</sup> Hann bjó á Stóru-Háeyri allt til dauðadags 1882. Í hreppstjóratið hans græddi hreppurinn mikið fé en auk þess gaf hann hreppnum stórgjöf, „er Þorleifssjóður nefndist eða Gjafasjóður Þorleifs Kolbeinssonar. Gjöfin var hálf Hæringsstaðatorfan, 15 hndr. og 20 al. að dýrleika, og skyldi nokkurum hluta vaxtanna verja til þess að verðlauna dugnaðarmönnum fyrir framfarir í búnaði.“<sup>202</sup> Þorleifur eignaðist fjölda jarða um ævi sína. Hann átti m.a. Stóru-Háeyri ásamt öllum hjáleigum, 27 hundruð og 96 al. að dýrleika. Jarðeignir Þorleifs námu alls rúmlega 344 hundruðum, en alls voru jarðir hans og jarðapartar 50 að tölu.<sup>203</sup> Hann gaf

<sup>194</sup> Biskupa sögur II. 2002, bls. 281.

<sup>195</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 52.

<sup>196</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 133.

<sup>197</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981, bls. 72-74.

<sup>198</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 136.

<sup>199</sup> Páll Lýðsson. 2003, bls. 11-13.

<sup>200</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 151-152.

<sup>201</sup> Jón Pálsson. 1945, bls. 43.

<sup>202</sup> Jón Pálsson. 1945, bls. 48.

<sup>203</sup> Jón Pálsson. 1945, bls. 71.

sömuleiðis barnaskólanum á Eyrarbakka 3,57 hundraða jörð eftir sinn dag, en hann hafði verið einn af stofnendum skólans árið 1852<sup>204</sup> ásamt þeim Guðmundi Thorgrímsen og séra Páli Ingimundarsyni í Gaulverjabæ. Skólinn var á Stóru-Háeyri þar til hann var fluttur á Skúmsstaðalóð haustið 1877 á 25 ára afmælisári skólans.<sup>205</sup> Þar var hann til húsa fram til ársins 1913, þegar hann fluttist í nýtt steinsteypt hús á Háeyrarflötum, sem enn er í notkun.<sup>206</sup>

Á Háeyri hafa auk bænhúsa, hjáleigna, þurrabúða og annarra húsa staðið verslunarhús. Þorleifur Kolbeinsson rak lengi verslun á jörð sinni, fyrst verslaði hann í lítilli og mjög lélegri búð, en síðar (líklega eftir 1870) byggði hann laglegt hús austan við bæinn og hafði þar verslun í stofuhúsi a.m.k um lestatíma.<sup>207</sup> „Húsið var byggt eins og góð baðstofa, með standþili og timburþaki.“<sup>208</sup> Guðmundur Ísleifsson, tengdasonur Þorleifs, tók við rekstri verslana hans. Hann byggði búð árið 1883 og þótti hún mikil. Eftir að Guðmundur hætti rekstri var enn verslað í búð þessari. Jóhann V. Daníelsson keypti húsið u.þ.b. 1914 og verslaði uns hann flutti það með sér til Reykjavíkur 1927 og setti hana upp við Skerjafjörð, en þar var húsið nýtt sem íbúðarhús.<sup>209</sup>

Guðmundur Ísleifsson átti pakkhús sem nú er horfið en það stóð sunnan við húsið Reginn [417], sem stendur þétt norðan við Eyrargötu og er lóðin nr. 30. Reginn var byggt árið 1907 og hýsti járn- og gullsmíðaverkstæði.<sup>210</sup> „Það stendur á steinsteyptum kjallara og mun hann vera sá fyrsti sinnar tegundar a.m.k. á Suðurlandi. ... Í húsinu var fyrsta landssímastöð á Eyrarbakka, eftir að sími var lagður þangað 1909.“<sup>211</sup>

Um skuldir, kvaðir, stærð og ábúendur jarðarinnar segir í *Jarðabókinni*:

Jarðardýrleiki xv [hundruð] og so tíundast fjórum tíundum. Eigandinn prófastekkjann Sigríður Hákonardóttir að Rauðamel í Hnappadalssýslu. Ábúandinn lögrjettumaðurinn Þorsteinn Eyjólfsson. Landskuld vi [hundruð] inn til 1702. En síðan bygt með sömu skilmálum, er þó ábúanda eftir gefið árlega í [hundruð]. Betalast með 12 ríxdölum in specie tilskildum og í sama máta eru áskildar 6 tunnur mjöls; iiii af þeim leysast með landaurum eður peningum uppá fiskatal, uppá alþing, til landsdrottins meðtökumanns. ii tunnur kvittar gefnar af landskuld sem áður segir. Leigukúgildi engin í næstu 40 ár eður lengur, en þar fyrir segja menn hjer verið hafa v, og ekki vita nálægir að undirretta, í hverjum

<sup>204</sup> Jón Pálsson. 1945, bls. 48.

<sup>205</sup> Jón Pálsson. 1952, bls. 102-103.

<sup>206</sup> Inga Lára Baldvinsdóttir. [1998], bls. 22.

<sup>207</sup> Vigfús Guðmundsson. 1949, bls. 189.

<sup>208</sup> Vigfús Guðmundsson. 1949, bls. 189.

<sup>209</sup> Vigfús Guðmundsson. 1949, bls. 189.

<sup>210</sup> Lilja Árnadóttir. 1989, bls. 52.

<sup>211</sup> Lilja Árnadóttir. 1989, bls. 52-53.

aurum leigur guldust. Kvaðir öngvar. Kvikfje vi kýr, i kvíga tvævetur geld, ix ær, i sauður tvævetur, v veturgamlir, xii lömb, iii hestar. Fóðrast kann i kýr, i hestur. Hitt alt, sem meira er af kvikfje, fóðrast á tilfengnum heyjum, sjerdeilis af Flóagafli og öðrum kríngliggjandi jörðum í Flóa.<sup>212</sup>

Í *Jarðatali á Íslandi* sem gefið var út árið 1847 er dýrleiki jarðarinnar sá sami, eða 15 hundruð og landskuldin 4,110. Einn eigandi var skráður á hálfri torfunni og hjáleigurnar taldar vera níu.<sup>213</sup>

### Náttúrufar og jarðabætur

Ýmsar náttúruhamfarir hafa valdið Eyrbekkingum og öðrum íbúum við suðurströndina erfiðleikum í aldanna rás. Mörg sjávarflóð hafa skolið á Eyrarbakka, en það fyrsta sem skráð hefur verið varð árið 1316.<sup>214</sup> Háeyrarflóðið 2. jan 1653 er þó „[e]itt hið mesta flóð, sem sögur fara af ...“<sup>215</sup> Brynjúlfur Jónsson taldi ástæðuna fyrir því að flóðið var kallað Háeyrarflóðið þá að flóðið skemmdi hús og tún á Háeyri og því hafi bærinn verið fluttur. „Gamla bæjarstæðið [389] er fyrir löngu af brotið og staður þess gleymdur. Það tel eg nokkurn veginn víst, þó ekki hafi eg heyrt sögn um það, að það hafi verið þetta sama flóð, sem olli því, að Hraun var fært þaðan sem Gamla-Hraun [165861-145] er þangað sem Stóra-Hraun [182310-133] er, ... Og ekki er efamál, að „Háeyrarflóðið“ er sama stórflóðið, sem getið er um 1653, því þó önnur stórflóð hafi komið áður, - sem víst má telja, - þá eru þau nú fallin í gleymsku fyrir löngu.“<sup>216</sup> Í *Annálum* er flóði þessu lýst:

Þann 9. jóla kom flóð mikið og óvenjulegt á Eyrarbakka suður um kveldið, svo gekk yfir tún og laskaði víða bæi, drukknuðu sumstaðar inni kýr og færleikar og sumt úti, en hvað inni var í húsum spilltist alltsaman, en fólkið hjálpaði sér á hæðum og húsum, meðan það sjávarfall yfirstóð, með hræddum huga; gerði það mestan skaða á Hrauni og Háeyri, svo þaðan flutu kistur og önnur eign langt upp í Flóa, brotnuðu og skemmdust; búðir Danskra röskuðust einninn, sérdeilis ein; úr henni flutu trén allt upp að Flóagafli, því hana tók alla í burtu. Drukknun 9 manna á Eyrarbakka; það skip átti Rannveig Jónsdóttir Björnssonar Jónssonar biskups Arasonar. Voru þar á hennar heimili 20 börn föðurlaus.<sup>217</sup> „Á Hrauni og Háeyri á Eyrarbakka varð mestur skaði. Þar tók alla skemmuna burt með öllu því í henni var og bar upp í tjarnir.“<sup>218</sup> „Ekkert flóð virðist hafa valdið jafnmiklum skemmdum á jörðum sem Háeyrarflóðið ...“<sup>219</sup> Mörg fleiri flóð hafa valdið

<sup>212</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981, bls. 73.

<sup>213</sup> Johnsen, J. 1847, bls. 59.

<sup>214</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 30.

<sup>215</sup> Guðni Jónsson. 1960, bls. 22.

<sup>216</sup> Brynjúlfur Jónsson. 1981, bls. 14.

<sup>217</sup> *Annales islandici posteriorum sæculorum. Annálar 1400-1800*. Fyrsta bindi. 1922-1927, bls. 303.

<sup>218</sup> *Annales islandici posteriorum sæculorum. Annálar 1400-1800*. Fjórða bindi. 1940-1948, bls. 292.

<sup>219</sup> Guðni Jónsson. 1960, bls. 21-23.

skemmdum á Háeyri og má þar m.a. nefna Öskudagsflóðið árið 1779,<sup>220</sup> flóðið 31. janúar og 1. febrúar 1779<sup>221</sup> og Básendaflóðið 9. janúar 1799.<sup>222</sup>

Hvort Háeyri hafi verið flutt af sínum upprunalega stað eftir Háeyrarflóðið er ekki vitað og um það eru skiptar skoðanir. Brynjúlfur Jónsson telur að svo hafi verið, eins og áður hefur komið fram.<sup>223</sup> Vigfús Guðmundsson sagði í þessu samhengi: „Reynslan sannar, að sjórinn brýtur ekki alltaf svo af landinu eða jarðveginum á Eyrarbakka, sem sumir álíta.“<sup>224</sup> Hann sagði jafnframt: „Eigi veit eg til, að þetta hafi við nokkur rök að styðjast. Jarðabók Árna Magnússonar nefnir ekki bæjarflutning á Háeyri, eins og hún gerir þó á öðrum stöðum. En þá, eftir aðeins 55 ár, gat þó hvorki eldra bæjarstæði verið alveg gleymt eða týnt. Hins vegar hefur það verið nóg ástæða fyrir fjarlægagan annálsritara að kenna flóðið við Háeyri, að þar varð tjón mikið hjá þeim ábúanda, sem út á við var lang nafnkenndastur á Eyrarbakka. En það var höfðings- og rausnarkonan Rannveig mjóa, sonarsonar dóttir Jóns biskups Arasonar.“<sup>225</sup> Síðar bætir hann við: „Yfirflæði sjávarins hefur valdið meira tjóni á Eyrarbakka en landbrotinu nemur. Auk fénaðar þess, húsa og fjármuna, sem farizt hafa í ofsaflóðunum, hefur upprótaða grjótið, mölin og foksandurinn gert þar mestan usla.“<sup>226</sup> Loks segir hann: „Um Háeyri er þess áður getið, að engar líkur séu til þess, að bær sá hafi fluttur verið, svo að teljandi sé, frá sjóróti eða landsspjöllum. Er og skiljanlegt, að í minna lagi hafi mætt á háu eyrinni. Þó má telja víst, að sjórinn hafi einnig þar étið allmikið framan af túni og engjum þeim, er á flötum lágu á bakkanum austur frá bænum. Grundir þessar frá Háeyri og Hrauni voru mjög spilltar orðnar af bakkabroti og áhlaði, áður en sjógarður var byggður þeim til varnar. Síðan er þar samfelld slægja, og túnblettir talsverðir eru enn í Háeyrarhverfinu og kálgarðar geysimiklir um bæði þorpin.“<sup>227</sup> Guðmundur Þórarinsson virðist vera sannfærður um að bærinn hafi aldrei verið fluttur. „Nafn sitt mun jörðin hafa fengið af háu eyrinni er bærinn stóð á, enda mun hann aldrei hafa verið fluttur af henni, uns hún lagðist niður sem sérstök jörð.“<sup>228</sup>

Jarðskjálftarnir árið 1896 ollu miklum skemmdum um allt Suðurland og var Háeyri þar ekki undanskilin. Í bók Þorvaldar Thoroddsen, *Landskjálftar á Íslandi*, kemur fram að bæjarhúsin á Stóru-Háeyri voru sex talsins [391] [392] [393] [394] [395] [396] og peningshúsin jafnmörg [397] [398] [399] [400] [401] [402] fyrir skjálftana en áhrif þeirra urðu þau að tvö bæjarhús skemmdust mjög mikið og tvö lítið. Tvö peningshús skemmdust jafnframt mjög mikið í skjálftunum og

<sup>220</sup> Guðni Jónsson. 1960, bls. 21-23.

<sup>221</sup> *Annales islandici posteriorum sæculorum. Annálar 1400-1800*. Fimmta bindi. 1955, bls. 393.

<sup>222</sup> Guðni Jónsson. 1960, bls. 21-23.

<sup>223</sup> Brynjúlfur Jónsson. 1981, bls. 14.

<sup>224</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 35.

<sup>225</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 22.

<sup>226</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 35.

<sup>227</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 51-52.

<sup>228</sup> Guðmundur Þórarinsson. 1997, bls. 12.

fjögur lítið. Tvö timburhús stóðu uppi óskemmd eftir skjálftana. Alls má sjá að Þorvaldur telur 59 bæjarhús og 12 peningshús á Háeyrarlandi ef hjáleigurnar eru undanskildar. Ekkert þeirra gjörféll, en sex bæjarhús skemmdust mikið og 44 lítið. Tvö peningshús skemmdust mikið og fimm þeirra lítið.<sup>229</sup> Stutt Minjalýsing er til á áhrifum skjálftana á Stóru-Háeyri: „Á Stóru-Háeyri [þann 5. september] hjá Ásgeiri Blöndal héraðslækni [477] færðist ofn í stofu 2 þumbl. til suðausturs, stór bókaskápur uppi á lofti datt niður, eins steinolúlampi í stofunni og margt brotnaði smálegt; svo var brakið mikið, að ekki heyrðist það sérstaklega þegar skápurinn féll. Engar stærri skemdir urðu á Eyrarbakka þó hristingurinn væri mikill, en margt smálegt brotnaði innan húss, grjótgarðar féllu þar ekki algjörlega, en hér og hvar hrundi úr þeim, ...“<sup>230</sup>

Um íbúðarhús Háeyrar [385] eru ekki til miklar heimildir en þann 28. nóvember 1812 var gerð úttekt á Háeyri. Af úttektinni má ráða að hús Háeyrar hafi þá ekki verið í góðu ásikkomulagi en þar segir: „Baðstofa, 4 stafgólf, 1 þeirra undir fúinni („funiri“) reisifjöl, með fúnu þili í kring og slagsyllur fúnar á endunum, með 5 sperrum, ein þeirra brotin, tveir bitar, annar fúinn, tíu stafir, flestir fúnir á endunum, 3 langbönd á hverja síðu, flest fúin, 3 brotin, raftur sumur brotinn og fúinn. Fylgir og einn rúmstokkur með lítilfjörlegum bríkum, engum botni. Einn lítilfjörlegur dyraumbúningur með mjög fánýtri hurðarmynd, járna og læsingarlausri. Enginn gluggi fylgir. Skáli, 1 stafgólf, 2 sperrur, 2 bitar, 3 langbönd á þaklið og raftar góðir, 1 hurð, engin læsing. Veggir nokkurn veginn stæðilegir. Svo voru og bæjardyr, göng, eldhús og fjós, fyrir 5 dýr, skárna en baðstofan.“<sup>231</sup> Næsti ábúandi, Kristján Bergar, lét gera myndarlega jarðarbaðstofu [390] á Stóru Háeyri en „[h]ann hefur sennilega þá þegar, er hann kom að Háeyri, húsað vel bæ sinn og hresst upp baðstofuna úr því eyndaröngþveiti, sem hún þá var komin í.“<sup>232</sup> Um bú hans og baðstofu segir: „12 álna löng [jarðarbaðstofa], 7 undir súð og 5 með góðu árefti. Glergluggar þrír og allt í góðu lagi. Árið 1817 voru á búi hans 7 menn, 3 kýr, 5 hross, 27 kindur, 1 bátur og 1 kálgarður [404].“<sup>233</sup> Árið 1910 var timburhús með 18 herbergjum á Stóru-Háeyri.<sup>234</sup>

Árið 2008 eru engin mannvirki skráð undir heitinu Stóra-Háeyri,<sup>235</sup> en eitt af þekktustu húsum sem nú er á Háeyrarlandi er án efa fangelsið sem kennt er við Litla-Hraun. Hús þetta stendur þar sem áður stóð kotið Fæla en húsið sem hýsir fangelsið var byggt á árunum 1919-1927 og átti upphaflega að vera spítali en

<sup>229</sup> Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905, bls. 184.

<sup>230</sup> Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905, bls. 58-59.

<sup>231</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 148-149.

<sup>232</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 149.

<sup>233</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 149.

<sup>234</sup> *Mannatal á Íslandi 1910. III Árnassýsla*. 1997, bls. 94-97.

<sup>235</sup> Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. *Landskrá fasteigna. Stóra-Háeyri. Sveitarfélagið Árborg*.



vegna fjárskorts var því breytt í fangelsi. Jarðirnar Litla-Hraun [165868-144] og Stóra-Hraun [182310-143] voru lagðar til fangelsisins.<sup>236</sup>

Samkvæmt bókinni *Sunnlenskar byggðir* var jarðarmat Háeyrar hæst árið 1681 eða 40 hundruð<sup>237</sup> og fimm árum síðar var dýrleikinn enn sá sami.<sup>238</sup> 22 árum síðar var jörðin hins vegar ekki nema 15 hundruð<sup>239</sup> og það var hún enn árið 1874.<sup>240</sup> Um dýrleika jarðarinnar er fjallað nánar í *Sögu Eyrarbakka*, en þar segir: „Þó að Háeyrin hafi tapað nokkru landi og slægjur spillzt vafalaust mikið af yfirróti sjávarflóða, þá er samt óskiljanlega lágur „jarðadýrleikinn“ 1708, aðeins 15 hundruð á allri torfunni. Bæði er það óeðlilega lágt og í miklu ósamræmi við afgjaldið. Og því andstæðara er það fyrri alda venju um mjög hátt mat á öllum stórum jörðum. Þó er það svo, að 1558 er Háeyri líka talin 15 hundr., og 16 hundr. fyrir miðja 17. öld. En síðar á sömu öld, 1681, er Háeyri talin 40 hundruð. Eftir það fer þó matið mikið niður, en svo aftur upp eins og víða hvar. Matið var árið 1721 talið 12 hundr. með 16 rd. afgjaldi, eins og af margfalt stærri jörð, 1760 22 hundr., 1861 27,8 hundr., 1922 er landsverðið 74900 kr. og 1932 er landsverðið með 10 hjáleigum 78200 krónur.“<sup>241</sup>

Á túnakortum Stóru-Háeyrar, sem sennilega voru teiknuð á öðrum áratug 20. aldar, eru skráð fjögur tún. Tún I var heimatúnið en það var 1,6 ha að stærð, tún II hét Simbakotstún og var 0,8 ha, tún III kallaðist Sandvíkurtún og var 2 ha og tún IV kallaðist Heklutún og var 0,4 ha. Samtals voru því tún Stóru-Háeyrar 4,8 ha. Öll voru tún þessi slétt nema Simbakotstúnið, af því var u.þ.b.  $\frac{3}{4}$  slétt. Matjurtagarðar voru 71445 m<sup>2</sup>. Engin hús eru sögð vera á þessum tünnum, utan að á heimatúninu eru skráð íbúðarhúsin. Fjöldi þeirra er þó ekki tilgreindur og engin útihús skráð.<sup>242</sup> Á öðru túnakorti sem einnig tilheyrði Stóru-Háeyri má sjá bæ [408] og sjógarð. Það tún var útgræðsla á Háeyrarvöllum (Stóru-Háeyrarlóð). Útgræðslan var 7,7 ha á stærð, öll slétt og að mestu komin í fulla rækt.<sup>243</sup> Auk þess tilheyrði 0,5 ha tún Merkisteini sem allt var slétt<sup>244</sup> og Merkisteinsvelli tilheyrði 1,8 ha tún sem sömuleiðis var allt slétt.<sup>245</sup> Um lóðir húsa á Eyrarbakka segir í sögu þorpsins: „Grund („lóð“) eða landblettur lítill fylgir húsi hverju á Bakkanum, en mjög eru þeir misstórir, og mun engin regla hafa verið þar um ákveðna stærð, eða þá minnstu sem ætla má nýju húsi til íbúðar. Oftast hefur víst handahóf ráðið stærðinni, eftir atvikum og útrými þar í kring. Og frá fornu fari

<sup>236</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 285.

<sup>237</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 279.

<sup>238</sup> Guðrún Alda Gísladóttir. 2002, bls. 17; Björn Lárússon. 1967, bls. 104.

<sup>239</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981, bls. 72-4.

<sup>240</sup> Johnsen, J. 1847, bls. 59.

<sup>241</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 53.

<sup>242</sup> Túnakort. [1920.] *Stóra-Háeyri. Eyrarbyggðahreppur, Árnessýsla*.

<sup>243</sup> Túnakort. [1920.] *Tún-útgræðsla á Háeyrarvöllum (Stóru-Háeyrarlóð). Eyrarbyggðahreppur, Árnessýsla*.

<sup>244</sup> Túnakort. [1920.] *Merkisteinn. Eyrarbyggðahreppur, Árnessýsla*.

<sup>245</sup> Túnakort. [1920.] *Merkisteinsvöllur. Eyrarbyggðahreppur, Árnessýsla*.

hefur byggingin verið sett bæði þétt og óreglulega, einkum í Skúmsstaða þyrpingunni ... Auk þurrabýlanna á Háeyri, eru þar nokkrar gömlu hjáleigurnar sérstaðar og með dálitlum túnblettum (0,5-1,5 ha.).<sup>246</sup> Árið 1932 var tún Stóru-Háeyrar 7 ha.<sup>247</sup>

Víða á Eyrarbakka, sem og annars staðar við ströndina, byggði fólk garða, bæði umhverfis hús og tún. Á Eyrarbakka og á Stokkseyri voru sömuleiðis byggðir stórir og miklir sjóvarnargarðar með fram strandlengjunni [165871-130]. Með fram sjónum á Háeyrarlandi voru graslendisbakkar, nema við Eyfakot [182305-134] en þar var lægð þar sem sandur og mól gat borist upp.<sup>248</sup> Einar borgari Jónsson, sem hóf verslunarrekstur árið 1868<sup>249</sup> setti flóðgarð þar fyrir verslunarlóð sína. Verslunarland hans náði vestur frá Gónhól [165871-130-] og austur um rúma 30 faðma. Á svipuðum tíma virðist Þorleifur Kolbeinsson hafa látið hlaða sjóvarnargarð fyrir „ábýlishluta sinn“. Um aldamótin 1900, lét svo Guðmundur Ísleifsson hefja byggingu sjóvarnargarðs til varnar landi sínu, því verki var lokið við ársbyrjun 1904. Garður Guðmundar náði allt vestan frá garði Einars og austur að landamerkjum.<sup>250</sup> „Hefir eigi sjávangangur spilt Eyrarbakka síðan þeir garðar voru settir.“<sup>251</sup> Árið 1904 fékk Guðmundur heiðursgjöf úr styrktarsjóði Kristjáns konungs níunda fyrir frumkvæði sitt til framfara á Eyrarbakka. Framkvæmdum Guðmundar var lýst þannig í *Búnaðarritinu* 1906: „Eitt hið stærsta mannvirki hans er garður úr grjóti fyrir öllu Háeyrarlandi, 823 farmar á lengd, 8 fet á breidd að neðan, 4 fet að ofan og 5 fet á hæð til jafnaðar. Garðurinn hefur stórum bætt land Háeyrartorfunnar og Eyrarbakka yfir höfuð, varnað skemdum af sjávangangi og sandfoki og í skjóli garðsins er mjög mikil matjurtarækt. Af öðrum jarðabótum eru helztar túnauki 12 dagsl., matjurtareitir 6 2/3 dagsl., girðingar um tún og sáðreiti yfir 1600 faðmar, 280 faðma engjabrú, miklir varnar- og vatnsveitu-skurðir og flóðgarðar, og fást þar nú 4-500 hestar sem áður var óræktaður forarflói, sem aldrei var sleginn.“<sup>252</sup>

Landamerki Háeyrar og Hrauns eru sögð vera þessi árið 1560: „Jtem effter sögn Grijms Biarnarsonar og Þorunar heitinnar Simonardottur. sögdu þaug. ad Margret heitin Pálsdotter. sem átte Hæyre. hefdi halldid þesse fiórumörk i millum Hrauns og Hæirar. ad su hella sem kóllud hefur verid Lijkhella [482]. og liggur austur og vestur i einu loni skule ræda landamerkium. e ñ Stærraskier ættu hælfft hvörier. og so Þufuskier sitt hvörier. því lon gange i millum sagdra Þufuskeria.“<sup>253</sup> Í *Örnefnaskrá* Eyrarbakkahepps eru landamerki Háeyrar skráð

<sup>246</sup> Vigfús Guðmundsson. 1949, bls. 215-216.

<sup>247</sup> *Fasteignabók*. 1932, bls. 12.

<sup>248</sup> Brynjúlfur Jónsson. 1981, bls. 15.

<sup>249</sup> Jón Pálsson. 1945, bls. 52.

<sup>250</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 79.

<sup>251</sup> Brynjúlfur Jónsson. 1981, bls. 15.

<sup>252</sup> Þórhallur Bjarnason. 1906, bls. 5-6.

<sup>253</sup> *Diplomatarium islandicum*. ... XIII. bindi, 5 (1560-1561). 1937, bls. 562.

svo: „Landamerki Háeyrar eru að austan sjónhending frá Markakletti í sjó framan í Smalaskála [182310-143-48], er áður getur, að norðan er svo Markaskurður frá Smalaskála til Efri-Einbúa, en að vestan sjónhending úr Efri-Einbúa um húsin Mörk og Merkigarð [445] á Eyrarbakka.“<sup>254</sup>

Í bókinni *Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi* segir að hlunnindi Stóru-Háeyrar hafi verið laxveiði, reki og útræði.<sup>255</sup> Þá er sölvatekjan ótalin, en söl voru mikil búbót til matar og lækninga.<sup>256</sup> Jörðin var þekkt „vegna geysimikillar sölvatekju“ en sölin voru metin á 15 hundruð árið 1708, eða jafn hátt og jörðin sjálf. Sölvatekjan var um 7200 kg á ári.<sup>257</sup> Í *Sunnlenskum byggðum* eru hlunnindi jarðarinnar talinn upp. Þar segir að þau hafi verið söl, reki, útræði, selveiði og þang.<sup>258</sup> Um rekann sagði Jón Pálsson: „Háeyrartorfunni fylgdi gott rekaland, strandlengja, nokkur hundruð metra á lengd.“<sup>259</sup>

Um gæði jarðarinnar er mikið fjallað í heimildum en í *Sögu Eyrarbakka* er fjallað um fyrirskipun yfirvalda 17. maí 1762 um að í þingsókn Stokkseyrar ætti að byggja fjóra kálgarða og átti einn þeirra að vera á Háeyri. Ef bóndi gæti ekki framvísað plægðum og sáðum kálgarði innan árs yrði hann sektaður um 5 álnir ef hann tíundaði 5 hundruðum, 10 álnir ef hann tíundaði 10 o.s.frv. Árið 1788 var ekki enn kominn kálgarður á Háeyri og tíu árum síðar voru einungis tveir kálgarðar á Eyrarbakka, en hvorugur á Háeyri. Árið 1820 voru kálgarðarnir orðnir 100 í hreppnum en ekki er þess getið sérstaklega að kálgarður hafi verið á Háeyri. Árið 1870 er kominn rófugarður á Háeyri en það ár kom flóð á Eyrarbakka og spillti rófum Þorleifs Kolbeinssonar Háeyrarbónda. Á þessum árum var rófnaræktun orðin nokkuð almenn á Eyrarbakka. Um og eftir 1900 óx garðyrkjan til muna á Eyrarbakka og varð framförin helst í kartöflurækt, en rófnaræktunin fór minnkandi.<sup>260</sup> Guðmundur Ísleifsson bóndi á Háeyri á árunum 1875-1931, bætti jörð sína, stækkaði og lét hlaða 823 faðma sjóvarnargarði um jörð sína. Eftir það margfölduðust á Háeyri tún, engjar og kálgarðar.<sup>261</sup> Um jörð Háeyrar, í byrjun 18. aldar, er fjallað í *Jarðabókinni*:

Afrjettur ut supra. Torfrista og stúnga mjög lök og erfið til að sækja, so brúa þarf yfir fen og foröð. Elt er þáangi mestan part af fjöru fyrir heimalandi, og taði, þá þáng þrýtur. Selveiðivon nokkur, brúkast stundum, heppnast allsjaldan. Sölvafjara gagnvæn, og selur ábúandi stundum sjer til gagns, sem vera kann í meðallagi fyrir ii [hundruð] árlega. Fjörugrös lítil. Ætiþönglar, kjarnar og

<sup>254</sup> Guðmundur Þórarinsson. 1997, bls. 12.

<sup>255</sup> Lárus Ág. Gíslason. 1982, bls. 292.

<sup>256</sup> Vigfús Guðmundsson. 1949, bls. 114-115.

<sup>257</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 279.

<sup>258</sup> *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 279.

<sup>259</sup> Jón Pálsson. 1945, bls. 55-6.

<sup>260</sup> Vigfús Guðmundsson. 1949, bls. 122-139.

<sup>261</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 157.

kellingareyru brúkast ei, nema í húngurstíð. Rekavon nokkur og leggjast viðir til húsabótar. Túninu granda sjáfarflæður með sands og grjóts áburði og stórum landbrotum til stórskaða. Engjar eru allar eyðilagðar fyrir sjóargangi með grjóti og sandi. Vatnsból þrýtur sumar og vetur í þurkum og frostum, og fellur stundum sjór yfir og spillir vatninu með sandi og seltu, og verður þá í Skúmstaða land vatn að sækja. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum, og þarf hirðir jafnan þess að gæta, annars er stórskaða von. Að bænum leggjast stórfannir um vetur, sem spillir húsum með vatnsgangi í leysíngum.<sup>262</sup>

Í *Jarðabókinni* eru jafnframt taldir upp ókostir jarðarinnar: „Átroðningur af þeim, er kaupstefnu sækja, er á þessari jörðu sem á öðrum nálægum til stórskaða. Ísinn af Ölvessá, sem hún ber á sjó út í ruðningum, rekur hjer á fjöruna með sjáfangangi og gjörir þá oft skaða mikinn á kvikfjarbeitinni og jafnvel stundum á kvikfje.“<sup>263</sup>

Í *Sögu Eyrarbakka* er hlunnindum og göllum jarðarinnar lýst lítillega: „Svo mikil var sölvatekjan á jörð þessari, að 1803 er hún talin 180 vættir (7200 kg.), og sölin ein metin til 15 hundraða eða jafnt og jörðin öll 1708. Hvergi á Eyrarbakka var nærri svo mikið sölvanám, en trjáreki áætlaður 1 hestburður eins og á flestum jörðum þar. Sandfok er talið mest til spjalla á jörðinni á þeim árum. Með girðingum og uppgræðslum er nú að mestu lokið þess háttar stórspjöllum. Allt svæðið þar á Bakkanum innan sjógarðs er sundurgirt í túnbletti og kálgarða auk nýrra túna ofar.“<sup>264</sup> Jörðinni var sömuleiðis lýst lítillega í *Örnefnaskrá Eyrarbakka* en þar segir: „Landið er mjög flatlent og má segja að það sé allt marflatt. Fremst er sandbakkinn, sem Sjóvarnargarðurinn stendur á með görðum fyrir ofan hann og framan þá taka við tún með nokkrum flóðum, að austanverðu er svo smá hraun, en síðan víðáttumiklar mýrar.“<sup>265</sup>

Heimræði var forðum stundað frá Háeyri en um það var ritað í *Jarðabókinni*: „Heimræði er hjer sæmilegt um vertíð, sem byrjast um kyndilmessu á vetur og varir til Hallvarðsmessu á vor. Ekki er hjer venja að brúka sjóróðra á öðrum tímum ársins, því mönnum þykir ei aflast. Lending með viðlíka móti sem áður segir um Stokkseyri, þó eru hjer sund óglöggvari og því hættusamari. Skip gengur hjer eitt, sem heimabóndinn á, tekur hann af því tvo hluti og eina skipsleigu, og leggur ekki til þess nema nauðsynlegan farvið. Inntökuskip hefur hjer gengið stundum eitt til sjóar, og hefur heimabóndinn tekið toll þar fyrir, ýmist xxx álnir eður xl eftir því sem skipið hefur verið stórt til. Húsmenn ii, Álfur Ólafsson og Bjarni Jónsson, eiga hjer tveggjamannafar hver, því fleyta þeir ár um kríng utan vertíðar, þá þeir vilja og geta, þykist heimabóndinn ekki skaðlaus, ef hann fái minna fyrir þetta leyfi en xx álnir af hverjum. En áðurnefndum bátaeigendum

<sup>262</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981, bls. 73-74.

<sup>263</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981, bls. 78.

<sup>264</sup> Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 53.

<sup>265</sup> Guðmundur Þórarinnsson. 1997, bls. 12.

þykir sá kostur of þungur, og er enn nú ekki millum þeirra og heimabóndans úttalað, hverninn þessu miðla skuli til einíngar.“<sup>266</sup>

### Munnmæli

Nokkrar munnmælasögur tengjast Háeyri. Sú elsta er væntanlega frá árinu 1594, en í *Annálum* segir svo frá: „Í þessum sömu stormum var brimgangur ógurlegur. Sást þá á Eyrarbakka, á Háeyri og Skúmsstöðum skrímsl; það var ferfætt og hábeinótt, selhært, hafði annaðhvort svo sem hundshöfuð eður hérahöfuð, en eyru svo stór sem íleppar, lágu þau á hrygginn aptur; bolurinn var svo sem folaldskroppur og nokkuð styttri; hvít gjörð var yfir um það hjá bógunum, en var grátt eða svo sem mólalótt aptur frá; rófa var löng og stór, kleppur sem á leónshala á endanum, frátt sem hundur; sást á kveldin.“<sup>267</sup>

Önnur saga er um nykur. „Blakktjarnir heita tjarnir tvær til vesturs frá Stokkseyrarseljunum [165542-171-1] [165573-170-1], önnur minni og önnur stærri. Þorna þær aldrei upp. Það eru gömul munnmæli, að í stærri tjörninni sé nykur annað hvort ár, en hitt árið í Traðarholtsvatni.“<sup>268</sup>

Loks er sagan um Mundakotsdrauginn:

Fjánhús frá Stóru-Háeyri voru fyrrum þar, sem Þorleifstóft heitir, langt uppi á mýri, um klukkustundar gang frá bænum. Er það austur undir Hraunsmörkum í vestur frá Stokkseyrarseljunum [165542-171-1] [165573-170-1]. Önnur fjárhústóft gömul er góðum spöl framar. Nefnist hún Bárðartóft [182310-143-44] og er kennd við Bárð, sem einu sinni bjó á Litla-Hrauni [165868-144]. Enn framar og austar eru þrjár tóftir, sem Hraunsborgir [182310-143-64, -65 og -66] eru nefndar. Voru þar fjánhús frá Stóra-Hrauni [182310-143] á fyrri tíð.

Einu sinni bar svo við, að smali frá Stóru-Háeyri, sem gegndi fé uppi á mýri, fór á beitarhúsin á aðfangadagskvöld jóla. Kom hann ekki heim aftur um kvöldið. Var hans víða leitað á jóladaginn, en árangurslaust. Á annars dags morgun fannst hann dauður og illa útleikinn niður við sjó í Mundakotslendingu [480], beint niður undan Mundakotsvörðu [481].

Litlu síðar dreymir húsmóður smalans, að hann kemur til hennar og segir henni, hvernig farið hafi fyrir sér. Þegar hann var á heimleið frá beitarhúsunum, hefði draugur eða einhver óvættur slegið sér að honum, sótt að honum og villt hann, svo að hann var lengi nætur að ráfa um mýrina. Loks hefði hann með naumindum komizt fram í Fælu, sem þá var fjárrétt Bakkamanna og legið þar, það sem eftir var nætur og allan jóladaginn og hvergi mátt sig hræra. Hann kvaðst hafa séð, þegar fólk var að fara til kirkju austur að Stokkseyri [165571-151-2], og eins, er

<sup>266</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981, bls. 78.

<sup>267</sup> *Annales islandici posteriorum sæculorum. Annálar 1400-1800*. Fyrsta bindi. 1922-1927, bls. 177.

<sup>268</sup> Guðni Jónsson. 1944, bls. 50.

Það kom aftur, en svo hefði þá verið af sér dregið, að hann gat hvorki staðið á fætur né gefið hljóð frá sér til þess að gera vart við sig. Nóttina eftir hefði draugurinn komið að honum aftur, hálfu verri en fyrr, tætt hann fram í sjó og gert þar út af við hann.

Þess varð fljótlega vart, að smalinn lá eigi kyrr. Urðu margir varir við afturgöngu hans, skyggir menn og jafnvel óskyggir. Leitaðist hann einkum við að villa menn, ef þeir voru einir síns liðs seint á ferð og teygja þá út í ófærur. Komust þannig margir í hann krappan af völdum draugs. Þótti ekki sízt verða vart við hann í Mundakoti [165869-141-1], helzt í fjárhúsunum þar, og frammi við vörðuna [481], og var hann því ýmist kallaður Mundakotsdraugur eða Vörðudraugur. Skammt fyrir austan vörðuna er Steinskotsrétt sem kölluð er, og bar oft við, að menn villtust þar.<sup>269</sup>

---

<sup>269</sup> Guðni Jónsson. 1944, bls. 48-49.

## Fornleifaskráning Háeyri

385

**Sérheiti:** Stóra-Háeyri.

**Hlutverk:** Bústaður - býli.

**Tegund:** Bæjarhóll.

**Horfið:** Já.

**Staðsetning:** A394340, N375048.

**Staðhættir:** „Háeyri liggur að Hraunslandi og er næst austasta jörð í Eyrarbakkahreppi.“ (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:12). „Ekki er langt frá Húsinu [165871-130-19] austur að nýju hraðfrystihúsi, sem stendur sunnan megin götunnar, og er dráttarbraut fyrir mótorbáta austan þess. Andspænis hraðfrystihúsinu norðan götu stóð Háeyrarbærinn.“ (Gísli Gestsson. 1956:60). „Háeyrarbærinn stóð þar sem nú er hús Jóhanns Loftssonar, sem Anton Halldórsson byggði.“ (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:12). Hús Jóhanns er nr. 28 við Eyrargötu og stendur á horni Eyrargötu og Háeyrarvegar. Það var byggt árið 1937 (Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí).

Um íbúðarhús Háeyrar eru ekki til miklar heimildir en þann 28. nóvember 1812 var gerð úttekt á Háeyri. Af úttektinni má ráða að hús Háeyrar hafi þá ekki verið í góðu ásigkomulagi en þar segir: „Baðstofa, 4 stafgólf, 1 þeirra undir fúinni („funiri“) reisifjöl, með fúnu þili í kring og slagsyllur fúnar á endunum, með 5 sperrum, ein þeirra brotin, tveir bitar, annar fúinn, tíu stafir, flestir fúnir á endunum, 3 langbönd á hverja síðu, flest fúin, 3 brotin, raftur sumur brotinn og fúinn. Fylgir og einn rúmstokkur með lítilfjörlegum bríkum, engum botni. Einn lítilfjörlegur dyraumbúningur með mjög fánýtri hurðarmynd, járna og læsingarlausri. Enginn gluggi fylgir. Skáli, 1 stafgólf, 2 sperrur, 2 bitar, 3 langbönd á þakhlíð og raftar góðir, 1 hurð, engin læsing. Veggir nokkurn veginn stæðilegir. Svo voru og bæjardyr, göng, eldhús og fjós, fyrir 5 dýr, skárra en baðstofan.“ (Vigfús Guðmundsson. 1945:148-149).

Jarðskjálftarnir árið 1896 ollu miklum skemmdum um allt Suðurland og var Háeyri þar ekki undanskilin. Í bók Þorvaldar Thoroddsen, *Landskjálftar á Íslandi*, kemur fram að bæjarhúsin á Stóru-Háeyri voru sex talsins [391] [392] [393] [394] [395] [396] og peningshúsin jafnmörg [397] [398] [399] [400] [401] [402] fyrir skjálftana en áhrif þeirra urðu þau að tvö bæjarhús skemmdust mjög mikið og tvö lítið. Tvö peningshús skemmdust jafnframt mjög mikið í skjálftunum og fjögur lítið. Tvö timburhús stóðu uppi óskemmd eftir skjálftana (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:184).

Árið 1910 var íbúðarhúsið á Stóru-Háeyri 18 herbergja timburhús [403] (*Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla*. 1997:94-97). Ljóst er að það er ekki sama byggingin og lýst um 100 árum áður. Á túnakortum Stóru-Háeyrar, sem sennilega

voru teiknuð á öðrum áratug 20. aldar, eru skráð fjögur tún. Engin hús eru skráð á þessi tún, utan að á heimatúninu eru íbúðarhúsin sýnd. Fjöldi þeirra er þó ekki tilgreindur og engin útihús skráð (Túnakort. [1920.]).

### Heimildir:

Fasteignamat ríkisins. 2007, 16. maí. Landskrá fasteigna. Eyrargata 28, Sveitarfélagið Árborg. Sótt 3. júní 2008 af <http://www3.fmr.is/?pageid=313&heitnr=1077033&landnr=165929&streetname=Eyrargata28&sveitarfelag=Sveitarf%C3%A9lagi%C3%B0%20%C3%81rborg>.

Gísli Gestsson. 1956. Árnassýsla milli Hvítár og Þjórsár. Árbók MCMLVI. [Reykjavík:] Ferðafélag Íslands.

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbakkaheppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. [Eyrarbakki:] Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Manntal á Íslandi 1910. III Árnassýsla. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið.

Túnakort. [1920.] Stóra-Háeyri. Eyrarbakkaheppur, Árnassýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Vigfús Guðmundsson. 1945. Saga Eyrarbakka. Fyrra bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. Landskjálftar á Íslandi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

### 386

**Sérheiti:** Háeyrarkirkja.

**Hlutverk:** Kirkja.

**Tegund:** Heimild.

**Horfið:** Já.

**Staðhættir:** Í sögu Þorláks biskups helga nefnd kirkja á Háeyri [386]. Frásögn þessi fjallar um það þegar Jörundur bóndi á Drepstokki óttaðist um bát sinn í aftakaveðri, en „... þá hét hann orðs á hinn heilaga Þorlák byskup, til þess at bátrinn með öllu því sem í var fyndisk, at ljá hest upp í Skálholt undir klyfjum ok gefa rapt til kirkjunnar á Háeyri.“ (Biskupa sögur II. 2002:281). „En ekkert annað þekkest um kirkju þá, og hefur hún því varla staðið þar lengi, eða verið meira en lítil hálfkirkja eða bænhús.“ (Vigfús Guðmundsson 1945:52). Vigfús Guðmundsson telur að kirkjan hafi verið á Háeyri á 13. öld, en Þorlákur helgi var biskup í Skálholti 1174 til 1193 og byrjað var að skrá sögu hans um eða upp úr 1200 (Guðrún Ása Grímsdóttir. 2006:32-33). En kafli sá sem Vigfús styðst við er varðveittur í handritum að sögu Þorláks frá lokum 14. aldar til 17. aldar (Ásdís Egilsdóttir. 2002:XXXII). Því er rétt að taka tímasetningu Vigfúsar með varúð, en vissulega er hugsanlegt að Jörundar hafi búið á Drepstokki í biskupstíð Þorláks,



en vert að minna á að það var ekki fyrr en fimm árum eftir andlát hans að leyfð voru áheit á hann (Guðrún Ása Grímsdóttir. 2006:32-33) og einnig er rétt að hafa í huga að ekki finnast neinar aðrar heimildir um kirkju á Háeyri (Vigfús Guðmundsson 1945:133). „Kirkja þessi er ekki nefnd í kirknatali Páls biskups, um 1200, og hvergi finnst hennar getið á öðrum stöðum. Og ekkert á kirkja þessi skylt við bænahúsið á Háeyri [388], ....“ (Vigfús Guðmundsson 1945:133). Ekki er vitað hvar kirkja þessi stóð.

### Heimildir:

Ásdís Egilsdóttir. 2002. Þorláks saga biskups. Í Jónas Kristjánsson (ritstjóri), Biskupa sögur II. Íslenzk fornrit XVI. bindi. Ásdís Egilsdóttir gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Biskupa sögur II. 2002. Íslenzk fornrit XVI. bindi. Ritstjóri: Jónas Kristjánsson. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Guðrún Ása Grímsdóttir. 2006. Biskupsstóll í Skálholti. Í Gunnar Kristjánsson (aðalritstjóri), Saga biskupsstólanna. Skálholt 950 ára – 2006 – Hólar 900 ára (bls. 21-243). [Akueyri:] Bókaútgáfan Hólar.

Vigfús Guðmundsson. 1945. Saga Eyrarbakka. Fyrra bindi, fyrra hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

### Utan svæðis

387

**Sérheiti:** Eyrarbyggjakirkjugarður.

**Hlutverk:** Kirkjugarður.

**Tegund:** Kirkjugarður.

**Staðsetning:** A394692, N374713.

**Staðhættir:** Eyrarbyggjakirkja [165871-130-2] var vígð 14. desember 1890, en áður var Eyrbyggjum þjónað um aldir frá Stokkseyri og þar var einnig kirkjugarður þeirra [165571-151-2] (Páll Lýðsson. 2003:11-13). „Fjögur



**Mynd 185.** Kirkjugarðurinn á Eyrarbakka. Ljósmynd G.V.

ár voru liðin frá vígslu Eyrarbyggjakirkju þegar hún fékk öll réttindi sem sóknar- og graftarkirkja. Ekki varð þess auðið að gera kirkjugarð við kirkjuna. Á því svæði var allt fullbyggt. Fékkst þá land á Háeyri. Var það framundir sjógarði ..... fyrir neðan Mundakot [165869-141]. Grafreiturn var byggður í ferhyrning, 60 álnir á hverja hlið. Um hann var fyrst gerður tvíhlaðinn grjótgardur á allar hliðar. Á vesturvegg miðjum var þá góður steypdur búnaður um sáluhlið og klukku. Kirkjugarðurinn var vígður 27. nóvember 1894.“ (Páll Lýðsson. 2003:12-13). Jón Jónsson sterki, formaður á Litlu-Háeyri [165867-135] er vökumaður garðsins, en hann var þar jarðsettur fyrstur manna þegar garðurinn var vígður (Páll Lýðsson.

2003:13). Garðurinn hefur tvisvar verið stækkaður, á 4. og 6. áratugum síðustu aldar. Þar hvíla nú um 900 manns (Eyrarbakki.is. (Engin dags.)).

